

**SKOÐUN** Nýta á sameiningarmátt tónlistarinnar, skrifar Arna Kristín Einarsdóttir. 30



**MENNING** Auður, Eyrún og Kristín eru tilnefndar til Fjöruverðlaunanna fyrir skáldsögur sínar. 54



**SPORT** Norska kvennalandsliðinu í handbolta undir stjórn Þóris Hergeirssonar gengur vel á EM í Serbíu. 78





NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
13. desember 2012
293. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Ákært í Aurum-málinu

Sérstakur saksóknari gaf í gær út ákæru á hendur fjórum mönnum, meðal annars Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Lárusi Welding, í svonefndu Aurum-máli. 2

**Ógnar tærleika** Aukin mengun í Þingvallavatni ógnar tærleika vatnsins. Unnið er að úttekt á ástandi rotþróa við sumarhús. 4

**Háir tollar** Tollar eru tæplega þrefalt hærri á Íslandi en í helstu nágrannalöndunum samkvæmt úttekt Viðskiptaráðs Íslands. 6

**Dregið úr valdi** Fulltrúar í sérfræðinganefnd hallast að því að ný stjórnarskrá dragi úr valdi forseta Íslands. Enn sé þörf á að skýra hlutverk hans. 12




26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | A | 3 |
| Akureyri | -6° | SA | 4 |
| Egilsstaðir | -4° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | A | 8 |
| Reykjavík | -1° | A | 10 |

**AUSTAN** 8-15 m/s við S-ströndina og lítils háttar él, annars hægari vindur og víða bjartviðri. Frost 0-12 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Snjallsímar




# Langt á eftir í skólphreinsun

Fjórðungur landsmanna er án lágmarks skólphreinsunar. Tímamörk til að koma upp slíkri hreinsun runnu út fyrir sjö árum. Kostnaður við hreinsimannvirki er það mikill að sveitarfélög treysta sér ekki í framkvæmdir.

**UMHVERFISMÁL** Mörg stærri sveitarfélögin á landsbyggðinni hafa ekki lokið við uppsetningu hreinsimannvirkja fyrir skólp þrátt fyrir að tímamörkin til þess séu löngu runnin út. Fyrst og síðast stendur mikill kostnaður í vegi fyrir því að kröfum laga og reglugerða sé framfylgt, en hann hleypur á milljörðum hjá stærri sveitarfélögum.

Íslensk löggjöf og reglugerðir um skólp- og fráveitumál eiga rætur sínar í tilskipun Evrópusambandsins en meginmarkmið hennar er að vernda yfirborðsvatn fyrir skólpmengun.

„Það má lesa út úr reglugerðinni og lögunum að mikilvægt sé að fráveitumál séu í lagi og fráveitur standist ströngustu kröfur. Það þarf að standa vörð um mikilvægustu auðlindir Íslendinga, sem eru hafið og ferskvatnið, og tryggja heilnæmt umhverfi fyrir framleiðslu matvæla," segir Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Öll þéttbýlissvæði á Íslandi áttu að vera komin með fráveitu og einhvers konar skólphreinsun í lok árs 2005, segir í reglugerð. Samkvæmt nýjustu tölum frá Umhverfisstofnun hafa um 75% íbúa landsins skólphreinsun. Er það fyrst og fremst vegna þess að stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið til hendinni en önnur minni á landsbyggðinni hafa einnig gert gangskör í sínum málum. Kostnaður stendur hins vegar í mörgum sveitarstjórnum sem hafa ákveðið að ýta vandanum á undan sér.

Tryggvi bendir á að gögn á bak við upplýsingar um skólphreinsun séu gróf, því gengið sé út frá því að rotþrær séu við öll hús í dreifbýli. Engar staðfestingar liggja þó fyrir um slíkt og hugsanlegt að hlutfall íbúa með skólphreinsun sé lægra en 75%. Eins er víða um land erfitt að meta skólplosun frá atvinnustarfsemi.

Þegar litið er til nágrannalandanna kemur í ljós að Íslendingar standa öllum Norðurlandaþjóðunum langt að baki hvað varðar skólphreinsun. - shá / sjá síður 16 og 18

### Hlutfall íbúa með skólphreinsun 2005






**12.12.12.** Litla stúlkan kom í heiminn í gær þann 12.12.12. Hún hefur ekki fengið nafn en hér er hún með mömmu sinni og pabba og Sögu stóru systur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftirsóttur leikstjóri:

## Baltasar velur úr tilboðum

**BÍÓ** „Ég er búinn að fá nokkur tilboð eftir sýningar á henni [Djúpinu]. Risatilboð frá Warner Brothers og fleirum, þannig að hún mælist rosalega vel fyrir," segir leikstjórinn Baltasar Kormákur.



BALTASAR KORMÁKUR

Hann getur valið úr tilboðum eftir frábært gengi Hollywood-myndarinnar Contraband og vel heppnaðar sýningar á Djúpinu erlendis.

„Þetta er eitthvað sem ég er að skoða, m.a. tilboð frá framleiðandanum að Sherlock Holmes-seríunni um að gera stóra mynd, hugsanlega byrjunina á myndaflokki í svipuðum stíl og Sherlock Holmes-dæmið," segir leikstjórinn, sem leikstýrir líklega næst sannsögulegu myndinni Everest sem mun kosta yfir sjö milljarða króna í framleiðslu - fb / sjá síðu 82

Fyrripartur kennitölunnar verður 121212 hjá stúlku sem kom í heiminn í gær:

# „Ætlaði að eiga á þessum degi"

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég var búin að segja öllum að ég ætlaði að eiga á þessum degi en það var meira sagt í gríni en alvöru," segir Ásta Axelsdóttir, sem eignaðist stúlkubarn á Landspítalanum í gærmorgun, þann 12. desember eða 12.12.2012.

Að sögn Ástu bar fæðinguna brátt að. „Ég vaknaði klukkan fjögur um morguninn með verki. Þá reyndum við að hringja í tengdó, sem ætlaði að passa hina stelpuna okkar, en hún svaraði ekki. Við náðum hins vegar að vekja mömmu sem brunaði til okkar. Við vorum komin upp á spítala um sex og ég átti stelpuna tuttugu mínútum síðar," segir Ásta.

Ásta viðurkennir að hún hafi verið orðin stressuð þegar tengdamamman svaraði ekki símanum enda verkirnir farnir að ágerast. Spurð hvort hún hugsi tengdó ekki þegjandi þörfina fyrir að sofa fæðinguna af sér segir hún: „Jú!" og skellir svo upp úr. „Nei, alls ekki. Þetta gekk allt svo vel og stelpan dafnar vel."

Ásta og maður hennar, Eyþór Ívarsson, eiga fyrir Sögu en hún fæddist í júní fyrir tveimur árum. - kh










## SPURNING DAGSINS



Sveinn, viljið þið rauð jól?

**„Veðurstofa Blóðbankans spáir hvítum jólum en vill fá rauða poka frá þjóðinni í skóinn.“**

Blóðbankinn biðlar til fólks að vera duglegt að gefa blóð þótt bankinn sé óvenju mikið lokaður vegna frídaga yfir hátíðarnar. Sveinn Guðmundsson er yfirlæknir Blóðbankans.

Sérstakur saksóknari ákærir fjóra vegna sex milljarða kaupa Glitnis á skartgripakeðjunni Aurum:

# Jón Ásgeir og Lárus ákærðir vegna Aurum

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari gaf í gær út ákæru á hendur fjórum mönnum vegna svokallaðs Aurum Holdings-máls. Á meðal ákærðra eru athafnamaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson og Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

DV.is greindi fyrst frá því í gærkvöldi að ákæran hefði verið gefin út. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var ákæran send Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og höfðu ákærðu eða verjendur þeirra ekki fengið hana í hendur í gærkvöldi. Fréttablaðið hefur ekki fengið staðfest hverjir eru ákærðir ásamt Jóni Ásgeiri og Lárusi.

Slitastjórn Glitnis stefndi sex manns árið 2010 vegna Aurum-málsins og krafðist sex milljarða í skaðabætur. Hinir stefndu voru Jón Ásgeir, Lárus, Pálmi Haraldsson og þrír starfsmenn Glitnis: Guðný Sigurðardóttir, Magnús Arnar Arngrímsson og Rósant Már Torfason.

Málið snýst um kaup Glitnis á skartgripakeðjunni Aurum af Pálma á sex milljarða króna í maí 2008. Slitastjórnin heldur fram að greitt hafi verið margfalt yfirverð fyrir keðjuna og að sinn milljarðurinn hvor hafi runnið til Pálma og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem þá átti stóran hlut í Glitni og tölvupóstsamskipti sýna að hlutaðist til um viðskiptin. - sh



**TVEIR AF FJÓRUM** Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hina tvo sem sæta ákæru í málinu.



**EINAR SVEINSSON** Að venju vakti hann mikla athygli á sjúkrahúsinu. NORDICPHOTOS/AFP

Íslenskur jólasveinn lætur gott af sér leiða í El Salvador:

# Kætti veik börn á spítala

**EL SALVADOR Íslendingurinn Einar Sveinsson heldur áfram að gleðja börnin í El Salvador með því að klæðast jólasveinabúningi og gefa þeim gjafir í aðdraganda jólanna.**

**Síðan 2001 hefur hann heimsótt sjúkrahús í höfuðborginni San Salvador í jólasveinabúningnum, spjallað þar og spaugað við börnin og jafnan vakið mikla kátínu.**

**Einar býr í El Salvador, og skartar þar dagsdaglega miklu skeggi sem kemur sér einstaklega vel í jólatíðinni.** - gb

Fjórir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í kjölfar rassíu í spilavíti í Skeifunni. Lagt hald á búnað og hundruð þúsunda króna í reiðufé. Grunur um himinháa veltu í lengri tíma. Mennirnir sakaðir um brot á ákvæðum um fjárhættuspil og peningaþvætti.

# Stjórn spilaklúbbs í varðhald eftir rassíu

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn á fertugsaldri voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gærkvöldi grunaðir um að hafa um nokkurt skeið starfrækt ólöglegt spilavíti í Skeifunni í Reykjavík þar sem háar fjárhæðir hafi skipt um hendur.

Lögregla réðst til inngöngu í spilavítið í fyrrakvöld, handtók átta manns og lagði hald á búnað sem notaður hafði verið til fjárhættuspila – meðal annars póker- og rúllettuborð – og nokkur hundruð þúsund krónur af spilafé.

Spilavítið hefur verið starfrækt fyrir ofan aðra atvinnustarfsemi í Skeifunni 19, steinsnar frá lögreglustöðinni á Grensásvegi, og var á vegum pókerklúbbsins P&P (Poker and Play) í um tvö ár.

Í stjórn klúbbsins, sem skráður er sem áhugamannasamtök, eru þrír menn sem voru allir úrskurðaðir í varðhald í gær. Dómari féllst á að þeir, auk fjórða mannsins, skyldu sæta varðhaldi til föstudagsins 21. desember á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Einn þeirra hefur hlotið dóm fyrir að brugga áfengi en hinir hafa lítið sem ekkert komið við sögu lögreglu.

Mennirnir eru, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, grunaðir um brot á 181., 183. og 184. grein almennra hegningarlaga, sem allar fjalla um fjárhættuspil, auk peningaþvættis og brots á lögum um veitinga- og gististaði.

Aðgerðirnar voru mjög umfangsmiklar, tugir lögreglumanna tóku þátt í þeim og leitað var á heimilum stjórnarmannanna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þennan þunga megi rekja til fjárhæðanna sem lögregla telur að hafi skipt um hendur í klúbbnum, sem séu mun hærri en þekkst hafi í öðrum málum af þessu tagi. Er talað um tugi og jafnvel hundraða milljóna veltu í því samhengi.

Hinum fjórum sem voru handteknir var sleppt úr haldi síðdegis í gær. Lítill hópur annars fólks sem var á staðnum í fyrrakvöld var sleppt þá þegar.

stigur@frettabladid.is

**2 ára** fangelsisdómur liggur við brotum á 181. grein almennra hegningarlaga, sem kveður á um að ekki megi afla sér framfærslu af fjárhættuspili.





## Fyrstu rassíurnar í þrjú ár

Lögregla gerði rassíu á pókerklúbbnum Kojack í Ármúla í október síðastliðnum. Þá hafði ekki verið látið til skarar skríða gegn spilavíti síðan árið 2009, þegar spilamennska í klúbbnum Casa í Aðalstræti var stöðvuð og stuttu síðar var pókerborð gert upptækt á skemmtistað í Bolungarvík.

Hvorugt þessara tveggja mála endaði með dómi eða ákæru. Lögregla hafði áður gert rassíu á 150 manna pókermóti verslunarinnar Gizmo í júní 2007 og sent það mál til ríkissaksóknara, en saksóknari felldi það niður í mars 2009.

Bífræfinn smyglari á Spáni:

# Með kókaín í brjóstafyllingu

**SPÁNN, AP** Tæplega eitt og hálft kíló af kókaíni fannst í brjóstum konu einnar sem var handtekin á flugvellinum í Barselóna fyrir skemmstu. Konan, sem er frá Panama, flaug til Spánar frá Kólumbíu.

Tollverðir á Spáni tóku eftir nýlegum örum og blóðugum grisjum á brjóstum konunnar, og afar fölum blettum undir húð. Hún bar því við að vera nýkomin úr brjóstastækkun, en tollverðir grunuðu hana um græsku og sendu á sjúkrahús þar sem efnin uppgötvuðust og voru fjarlægð. - þj

Ungir Akurnesingar dæmdir:

# Börðu fólk með járnstöngum

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt þrjá Akurnesinga á aldrinum 22 til 24 ára í átta til tólf mánaða fangelsi fyrir líkamsárás í maí í fyrra.**

**Mennirnir eru sakfelldir fyrir að hafa ruðst inn á heimili á Akranesi, allir vopnaðir járnstöngum, og látið högg dynja á manni sem þar var innandyra, auk þess sem þeir veittust að konu sem var á staðnum. Allir mennirnir eiga sér afbrotasögu.**

**Dómurinn var kveðinn upp 20. nóvember síðastliðinn en ekki birtur fyrr en nú í vikunni.** - sh






Skipulagsfulltrúi bendir á þrjú torg til úrvinnslu fyrir arkitektanema í Ósló:

# Mandelatorg fær byr í borginni

**SKIPULAGSMÁL** Embætti skipulagsstjóra í Reykjavík leggur til að borgin taki jákvætt í ósk Arkitektur- og designhögskolen í Ósló og úthluti skólanum svæði til að útfæra torg tileinkað Nelson Mandela.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu ætlar norski arkitektaskólinn útskriftarnemum sínum það verkefni að hanna Mandelatorg í Reykjavík. Að því er segir í umsögn skipulagsfulltrúa getur skólinn á þessu stigi hvorki sagt til um hvernig verkefnið verði fjármagnað né hvernig torgið eigi að líta út – enda er hönnun torgsins einmitt markmið verkefnisins sjálfs. Norðmennirnir segjast þó munu kosta gerð torgsins en til þess að geta aflað fjár þurfi þeir fyrst að fá úthlutað reit í Reykjavík.

Í umsögn skipulagsfulltrúa eru settir fram þrír kostir fyrir Mandelatorgið; Vitatorg, Óðinstorg og Káratorg sem er við norðurenda Kárastígs. „Farið yrði með tillöguna eins og önnur skipulagsmál þar sem ráð borgarinnar geta haft áhrif á málið,“ segir skipulagsfulltrúi, sem tiltekur sérstaklega að ekkert annað Nelson Mandelatorg sé á Norðurlöndunum.

Skipulagsráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi í gær. - gar



**ÓÐINSTORG** Meðal annars er bent á Óðinstorg sem reit fyrir Nelson Mandelatorg í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI Á AÐVENTUNNI
VERSLANIR
13. – 15. des fim – lau 10 - 22
16. des sun 13 – 22
17.– 22. des mán – lau 10 - 22
23. des Þorláksmessa 10 - 23
24. des Aðfangadagur 10 - 13
Sjá nánar á kringlan.is
ÆVINTÝRALAND
Barnagæsla
13. – 14. des fim – fös 14 – 20
15. des lau 11 – 20
16. des sun 13 – 20
17.– 19. des mán – mið 15 – 20
20.– 21. des fim – fös 14 – 20
22. des lau 11 – 20
23. des Þorláksmessa 13 – 22
24. des Aðfangadagur Lokað
JÓLAGJAFA-
HANDBÓK KRINGLUNNAR
Yfir 1000 hugmyndir
að jólagjöfum
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

**GENGIÐ**
**12.12.2012**

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,75 | 127,35 |
| Sterlingspund | 204,56 | 205,56 |
| Evra | 165,00 | 165,92 |
| Dönsk króna | 22,114 | 22,244 |
| Norsk króna | 22,467 | 22,599 |
| Sænsk króna | 19,136 | 19,248 |
| Japanskt jen | 1,529 | 1,538 |
| SDR | 194,58 | 195,74 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
227,7182

Á ráðstefnu „Vina Sýrlands“, sem haldin var í Marokkó, var rætt um aðstoð við andstæðinga Assads:

# Uppreisnarmenn fá víðtækan stuðning

**SÝRLAND, AP** Meira en hundrað ríki, þar á meðal Bandaríkin og öll Norðurlöndin, hafa viðurkennt nýtt bandalag sýrlenskra stjórnarandstæðinga. Jafnframt var á ráðstefnu „Vina Sýrlands“, sem haldin er í Marokkó, rætt um að útvega uppreisnarmönnum í Sýrlandi frekari mannúðaraðstoð, og hugsanlega jafnvel hernaðaraðstoð.

Stjórnarandstaðan í Sýrlandi hefur skipst í marga hópa sem hafa átt erfitt með að starfa saman. Hart hefur verið lagt að þessum hópum að koma sér saman um forystu, sem gæti orðið fulltrúi uppreisnaraflanna út á við.

Litlar líkur þykja þó á að Bandaríkin og fleiri vestræn ríki geti hugsað sér að útvega uppreisnarmönnum vopn, ekki síst vegna þess að hryðjuverkasamtök hafa tekið þátt í baráttunni gegn Assad og gætu komist til valda að honum föllnum.

Bandaríkin hafa þó hótað að gera árásir á stjórnarher Assads láti hann verða af því að beita efnavopnum í átökunum við uppreisnarmenn. **- gb**



**MISSTU HEIMILI SITT** Mæðgur í borginni Aleppo bera eignir sínar á höfðinu eftir að heimili þeirra eyðilagðist í átökum uppreisnarmanna og stjórnarhersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SJÓNARSPIL** Geminítar eru kenndir við Tvíburana þar sem þeir virðast koma úr þeirri átt á austurhimninum. NORDICPHOTOS/AFP

Geminídar gleðja landann:

## Loftsteinaregn á austurhimni

**NÁTTÚRA** Eina tilkomumestu loftsteinadrífu ársins má sjá á austurhimni í kvöld og annað kvöld hér á landi, ef veður leyfir.

Um er að ræða fyrirbæri sem kallast geminítar og er kennt við stjörnumerkið Tvíburana.

Á bloggsíðu Stjörnufræðivefsins segir að loftsteinadrífur megi flestar rekja til ísagna á stærð við sandkorn eða steinvölu, sem hafa losnað af halastjörnum og gufa upp í lofthjúpnum þegar jörðin gengur í gegnum agnaslóðina. Sérstaða geminítanna felst hins vegar í því að þeir eru frá smástirni að nafni 3200 Phaethon. Geminítar eru einna þéttasti efnastraumurinn sem jörðin gengur í gegnum og því eru stjörnuhröpin svo mörg. **- þj**

**REYKJAVÍKURBORG**

### Vitahverfi frestað

Skipulagsráð borgarinnar frestaði í gær að afgreiða umsókn fyrirtækjaeigenda um að nágrenni Vitastígs verði sérstakt Vitahverfi.

**SKÓLAMÁL**

### Skólamatur hækkar í verði

Gjaldskrá skólamáltíða í Reykjavík hækkar um áramótin. Frá og með 1. janúar kosta skólamáltíðir 6.600 krónur á mánuði í stað 6.200 króna. Foreldrar greiða fyrir tvö börn en önnur fá ókeypis.

# Hraðfara breytingar ógna tærleika Þingvallavatns

Unnið er að úttekt á ástandi rotþróa við sumarhús á Þingvöllum til að freista þess að koma í veg fyrir að mengun berist út í Þingvallavatn. Aukin mengun frá umferð við vatnið og á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig áhrif.

**UMHVERFISMÁL** Aukin mengun í Þingvallavatni býr til kjöraðstæður fyrir þörungagróður og ógnar þar með tærleika vatnsins. Mengunin gæti að hluta til tengst slæmu ástandi rotþróa við sumarbústaði á Þingvöllum.

„Því er ekki að leyna að það eru að verða hraðfara breytingar á Þingvallavatni,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. „Auðvitað er vatnið í mjög góðu ástandi en það eru merki um hraðfara breytingar.“

Unnið hefur verið að úttekt á ástandi rotþróa við þau 80 sumarhús sem eru á Þingvöllum til að rannsaka þátt þeirra í aukinni mengun, segir Ólafur Örn. Niðurstöður rannsóknarinnar eru væntanlegar í kringum áramót.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að niðurstöður hjá þeim hluta sumarhúsa sem búið er að vinna úttekt á bendi til þess að talsverðar úrbætur þurfi að gera víða, enda rotþrær víða komnar til ára sinna.

„Sumarbústöðum hefur fjölgað gríðarlega við vatnið, en einnig hefur dvöl lengst og viðvera aukist í bústöðunum. Þetta eru orðin svo vegleg hús og vel búin að fólk er þarna meirihluta ársins,“ segir Ólafur Örn. Þetta gæti haft áhrif á mengun frá rotþróm.

Í drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasafn Íslands, sem Umhverfisstofnun hefur nú gert opinber, er vitnað til rannsóknar á Þingvallavatni sem gerð var á fimm ára tímabili. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna aukinn styrk köfnunarefnis í vatninu. Ólafur Örn segir að þegar köfnunarefni aukist í vatninu á sama tíma og hitastig þess hækki vegna hnattrænnar hlýnunar hafi það svipuð áhrif á þörungagróðurinn og áburður hafi á sprettu túna.

Þingvallavatn hefur hingað til verið afar tært vegna lítils þörungagróðurs. Aukist hann verulega mun það hafa þau áhrif að tærleiki vatnsins minnkar, segir Hilmar Malmquist, vatnalíffræðingur og forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, sem vann að rannsókn á Þingvallavatni.

Ljóst þykir að aukin mengun í Þingvallavatni eigi rætur að rekja til fleiri þátta en mengunar frá rotþróm. Köfnunarefni berst einnig í vatnið vegna umferðar um þjóðgarðinn, sem hefur aukist verulega vegna nýlegra vegbóta á Lyngdalsheiði. Mengunin berst líka með veðri og vindum, frá umferð og iðnaði á höfuðborgarsvæðinu og meginlandi Evrópu. **brjann@frettabladid.is**




**EITTHVAÐ ROTIÐ** Rotþró er tankur eða röð tanka sem hægir á flæði skólps. Þar brotna lífræn efni upp. Óuppleyst efni setjast á botninn, lofttegundir fara út í andrúmsloftið, og vökvi rennur í gegnum þróna í siturlögn þaðan sem það lekur út í umhverfið án þess að menga. Seyru þarf að dæla reglulega úr rotþrónum þar sem hún nær ekki að brotna algerlega niður.

## Þingvallavatn einstakt á heimsvísu

„Þingvallavatn er ekki bara merkilegt á íslenskan mælikvarða. Á heimsmælikvarða er þetta stórmerkilegt vatn vegna tærleikans og þar með blámans á vatninu,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Hann segir að vatnið sé líka einstakt vegna lífríkisins, fjögurra tegunda af bleikju og eina af urriða, auk marflóa sem hafa lifað ótrúlega langan tíma.

Þingvellir eru á heimsminjaskrá UNESCO á menningar- og sögulegum grundvelli og mengun mun engin áhrif hafa á það. Ólafur Örn bendir þó á að áhugi sé á því að vinna að því að Þingvellir og Þingvallavatn komist á heimsminjaskrá á náttúrufræðilegum forsendum. Komi það til greina muni mengun og viðbrögð við henni skipta verulegu máli.



**TÆRT** Tær blár litur Þingvallavatns gæti heyrt sögunni til takist ekki að draga úr köfnunarefnismengun sem kemst í vatnið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÍÐA BJART** Lítið að gerast í veðrinu þar til annað kvöld, en þá hvessir heldur um landið suðaustanvert og á laugardag lítur út fyrir allhvassan vind í flestum landshlutum og éljagang norðan og austan til.




**Á morgun**
Vaxandi NA-átt.




**Laugardagur**
10-20 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | -1° | Gautaborg | -3° | London | 4° | Orlando | 23° | San Francisco | 12° |
| Basel | 2° | Frankfurt | -3° | Kaupmannahöfn | -3° | Mallorca | 18° | Ósló | -7° | Stokkhólmur | -7° |
| Berlín | -2° | Friedrichshafen | 1° | Las Palmas | 22° | New York | 7° | París | 4° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# JÓLA TAX FREE

**ALLAR JÓLAVÖRUR OG JÓLAGJAFIR**

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI

**TAX FREE*** ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI

**TAX FREE*** SMÁRAFTÆKI

**TAX FREE*** VERKFÆRI

**TAX FREE*** BÚSÁHÖLD

**TAX FREE*** FATNAÐUR

**TAX FREE*** LEIKFÖNG



**TAX FREE JÓLATRÉ***

blómaval

HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" eða tilboðsvörum.
Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver líkti Facebook-notkun Íslendinga við njósnaranet Stasi?
**2.** Hvað er Blóðbankinn opinn í marga daga milli jóla og nýárs?
**3.** Hver er nýráðinn bæjarstjóri á Akranesi?

**SVÖRIN**

**1.** Julian Assange. **2.** Einn dag, fimmtudaginn 27. desember. **3.** Regína Ásvaldsdóttir.

Íslendingar bera mest traust til fréttastofu RÚV af fréttamiðlum landsins samkvæmt könnun MMR:

# Traust til Fréttablaðsins eykst umtalsvert

**FJÖLMIÐLAR** Traust til Fréttablaðsins vex umtalsvert, samkvæmt könnun MMR á trausti almennings til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla. Nú segjast 40,6% bera frekar eða mjög mikið traust til Fréttablaðsins, en hlutfallið var 37,3% í síðustu könnun.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 44,8% bera mikið traust til Morgunblaðsins. Hlutfallslega fleiri sögðust bera lítið traust til Morgunblaðsins en Fréttablaðsins.

Svarendur báru mest traust til fréttastofu RÚV, eða 75,3%. Fréttastofa Stöðvar 2 er þriðja val svarenda sem traustverðugasti fréttamiðillinn; sögðust 45,5% bera mikið traust til fréttastofunnar.

Traust til Visir.is hefur aukist mikið frá maí 2009 þegar 24,4% þeirra sem tóku afstöðu sögðust bera mikið traust til Visir.is, borið saman við 34,8% nú. Í flokki netfréttamiðla var Mbl.is sá fréttamiðill sem naut mest trausts meðal almennings.

DV og Pressan.is eru þeir miðlar sem flestir vantreysta.

### TRAUST TIL ÍSLENSKRA FJÖLMIÐLA





FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**






KASTANÍA

Opið mán - fös 11-18 - lau 12-16
Frá og með 17.desember 11-21 Aðfangadagur 10-13



**Minnum á desember-uppbótina**

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti







# Neysluskattar háir og óskilvirkir hér á landi

Tollar eru tæplega þrefalt hærri á Íslandi en í helstu nágrannalöndunum, þá eru neyslustýringaráhrif meiri og skilvirkni minni. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri úttekt Viðskiptaráðs. Framkvæmdastjórinn segir endurskoðunar þörf.

**EFNAHAGSMÁL** Tollar hér á landi eru tæplega þrefalt hærri en þeir eru að meðaltali á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Þá eru neyslustýringaráhrif þeirra meiri hér og skilvirkni minni. Þetta er niðurstaða Viðskiptaráðs Íslands sem hefur gert úttekt á umhverfi tolla, vörugjalda og neysluskatta á Íslandi.

Úttektin ber yfirskriftina „Neysluskattar komnir á síðasta söludag“ og kemur út í dag. Haraldur I. Birgisson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir hana leiða í ljós að kerfi neysluskatta hér á landi sé flókið og óskilvirkt þrátt fyrir að skila hinu opinbera tiltölulega litlum tekjum.



HARALDUR I. BIRGISSON

„Niðurstaðan er því sú að þetta kerfi er óskilvirkt og þungt í vöfum. Það er ekki í takti við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og það mismunar bæði atvinnuvegum og fólki eftir neysluhegðun. Þar að auki skapar það hindranir fyrir alþjóðaviðskipti,“ segir Haraldur og heldur áfram: „Við teljum því að það þurfi að endurskoða þetta kerfi frá grunni.“

Í úttektinni er fjallað um neysluskatta á Íslandi en þeim má skipta í þrennt; virðisaukaskatt, tolla og vöru- og þjónustugjöld og skatt á vörur sem valda ytri áhrifum. Ekki er hins vegar fjallað sérstaklega um síðasta flokkinn en dæmi um vörur sem valda ytri áhrifum eru áfengi, tóbak og eldsneyti.

Um hina flokkana er það að segja að Ísland er undir meðaltali OECD-ríkja þegar kemur að skilvirkni virðisaukaskattkerfisins. Þá eru tollar hérlendis hærri, mismuna í meiri mæli og eru þar að auki óskilvirkari en í nágrannaríkjunum.

Haraldur bendir á að í nágrannaríkjunum séu tollar og vörugjöld nær einungis lögð á vörutegundir sem valda samfélagslegum kostnaði og landbúnaðarvörur. Hérlendis séu slík gjöld hins vegar lögð á fjölmarga vöruflokka sem engin slík áhrif hafa, eins og byggingarefni, heimilistæki og raftæki.

Í skýrslunni er tekið dæmi af heimilis- og raftækjum sem oft bera 7,5% toll, 20 til 25% vörugjald og 25,5% virðisaukaskatt. Heildarskattlagning er því um 62% til 69%, svo há að skatttekjurnar eru minni en sá hagræni kostnaður sem hlýst af skattlagningunni.

Loks er í úttektinni varað við því að mismunað sé á milli neysluvara í virðisaukaskattkerfinu. Almennt sé betra að ná fram pólitískum markmiðum, til að mynda því að auka kaupmátt tekjulægri hópa, með beinum aðgerðum fremur en krókaleiðum. **magnusl@frettabladid.is**

### ➜ Samanburður við nágrannalönd, margfeldi




### Hægt að lækka virðisaukaskatt í 20%

Í úttekt Viðskiptaráðs segir að hægt sé að bæta umhverfi tolla, vörugjalda og neysluskatta þannig að það hætti að mismuna neysluhegðun en auki alþjóðaviðskipti og lífskjör. Með það fyrir augum leggur Viðskiptaráð til eftirfarandi. Í fyrsta lagi að allir tollar og vörugjöld, sem ekki er ætlað að draga úr samfélagslegum kostnaði, verði afnumin. Í öðru lagi að yfir tíma verði ólík virðisaukaskattsþrep sameinuð og undanþágur frá virðisaukaskatti afnumdar. Í þriðja lagi að hið almenna virðisaukaskattsþrep verði lækkað úr 25,5% í 20%. Samkvæmt reikningum Viðskiptaráðs myndu slíkar breytingar ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs en skapa skilvirkara og hlutlausara skattkerfi.

Vextir gætu hækkað hækki laun of mikið við endurskoðun kjarasamninga:

# Stýrivöxtum haldið óbreyttum

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að halda nafnvöxtum bankans óbreyttum. Í yfirlýsingu nefndarinnar segir að efnahagsþróun hafi að undanförnu verið í samræmi við nýjustu spá Seðlabankans.

„Enn og aftur ítrekum við að þróun vaxta ræðst af framvindu verðbólgunnar sem aftur ræðst aðallega af þróun gengis krónunnar og launaákvörðunum,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á kynningarfundi vegna vaxtaákvörðunarinnar í gær. Þá bætti Már við að það hvort nafnvextir bankans haldist óbreyttir á næstunni sé háð því að endurskoðun kjarasamninga á nýju ári samrýmist hjöðnun verðbólgu.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar kom ekki á óvart en allir greiningaraðilar höfðu spáð óbreyttum vöxtum. Mátti ekki síst rekja það til síðustu yfirlýsingar nefndarinnar þar sem sterklega var gefið til kynna að vaxtahækkunum væri lokið um sinn.

Sem fyrr eru svokallaðir virkir nafnstýrivextir 5,735% en tólf mánaða verðbólga mælist 4,5% sem er umtalsvert yfir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans. - mþl



**SEÐLABANKANUM Í GÆR** Þeir Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu vaxtaákvörðunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SNYRTIVÖRU

GJAFAKÖSSUM

**AÐEINS Í DAG!**




Gildir aðeins 13. desember.

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OG
Í SMÁRALIND
TIL JÓLA

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Tekið hefur lengri tíma að vinna frumvarpið:

# Ný útlendingalög lögð fram á nýju ári

**STJÓRNMÁL** Ný lög um málefni útlendinga verða ekki lögð fram í þinginu á þessu ári, eins og vonast hafði verið til. Vinna við frumvarpsgerð hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir en stefnt er að því að frumvarp að nýjum útlendingalögum verði lagt fram í ríkisstjórninni strax eftir áramót.

Áður hafði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagt að reynt yrði að leggja frumvarpið fram á haustþingi.

Starfshópur um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins vann skýrslu fyrir innanríkisráðuneytið þar sem settar voru fram tillögur að breytingum á lögum. Skýrslan var kynnt í júní síðastliðnum, en hópurinn hafði þá starfað í tæpt ár. Ein tillagan var sú að ein heildarlög um málefni útlendinga yrðu sett, og tækju til dvalar- og atvinnuleyfa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður ekki af þessari sameiningu laga í ein heildarlög nú.

Meðal annarra tillagna nefndarinnar voru að hætta ætti að refsa hælisleitendum fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum og koma á fót sjálfstæðri úrskurðarnefnd í málefnum hælisleitenda, eins og gert hefur verið í nágrannaríkjum Íslands.

- þeb

### FYRIRKOMULAIGÐ Á ÍSLANDI GAGNRÝNT

- Meðal stærstu breytinga, sem nefnd um málefni útlendinga utan EES lagði til í sumar, var stofnun sjálfstæðrar úrskurðarnefndar í hælismálum. Þessi úrskurðarnefnd á sér fyrirmyndir á hinum Norðurlöndunum.
- Nú eru ákvarðanir Útlendingastofnunar kæranlegar til innanríkisráðuneytisins, en þessu yrði breytt með úrskurðarnefnd.
- Núverandi fyrirkomulag hefur líka verið gagnrýnt á alþjóðavettvangi, meðal annars af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi.

Reykjavík staðfestir þátttöku í atvinnuátaki:

# Virkja þá sem missa bætur um áramótin

**VINNUMARKAÐUR** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, undirrituðu í gær fyrsta samninginn um þátttöku sveitarfélags í þjóðarátakinu *Vinna og virkni – átak gegn atvinnuleysi árið 2013*.

Við sama tækifæri var undirrituð yfirlýsing allra þeirra sem koma að átakinu, sem snýst um að virkja þá sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. desember 2013, þannig að þeim verði öllum boðin vinna eða starfsendurhæfing á næsta ári.

Áætlað er að samtals fái 3.700 atvinnuleitendur boð um vinnu eða starfsendurhæfingu á grundvelli átaksins, þar af 2.200 í tengslum við samninginn við Reykjavíkurborg.

Að viljayfirlýsingunni standa velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, ASÍ, BHM, BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga, SA, Vinnumálastofnun, VIRK starfsendurhæfingarsjóður og Starf vinnumiðlun og ráðgjöf.

- þj

**3.700** atvinnuleitendur munu fá boð um vinnu eða starfshæfingu á grundvelli Vinnu og virkni - átaks gegn atvinnuleysi árið 2013

## Hæsta hengibrú heims opin ferðalöngum í Ölpunum





**EKKI FYRIR LOFTHRÆDDA** Nýja hengibrúin á Titlis-fjalli er 100 metra löng og í þriggja km hæð yfir sjávarmáli. NORDICPHOTOS/AFP

**SVISS Fyrir skemmstu opnaði ný göngubrú í svissnesku Ölpunum. Það heyrði ef til vill ekki til tíðinda nema að brúarsmiðirnir segja að um sé að ræða hæstu hengibrú í heimi. Brúin, sem liggur utan með klettaveggnum á Titlis-fjalli, í nágrenni vinsæls skíðasvæðis, er í yfir þriggja kílómetra hæð yfir sjávarmáli.**

**Hún er hreint ekki við hæfi lofthræddra, enda er hún einn metri á breidd, hundrað metra löng og af henni er 500 metra fall. Í frétt Spiegel segir að þó hafi smiðirnir reynt að búa svo um að brúin geti ekki hrunið niður og sveiflist sama og ekki neitt miðað við þá sterku vinda sem jafnan eru þar ríkjandi.**

- þj

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# Opið til 22 fram að jólum



Ávallt næg bílastæði

Jólagleðin er í fullum gangi í Smáralind og fallegar jólavörur í hverri verslun. Jólasveinar ganga um gólf kl. 17.00 í dag og jólastemmningin lifir langt frameftir kvöldi.

Sjáumst, Smáralind

**Pakkajól Bylgjunnar og Smáralindar**
Settu aukagjöf undir jólatréð í Smáralind

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM55691

smaralind.is Opið til 22 alla daga til jóla og til 23 á Þorláksmessu Finndu okkur á Facebook

# PIZZASTAÐUR

## Einn vinsælasti pizzastaður landsins til sölu

Um er að ræða vinsælan og vel staðsettan ítalskan pizzastað. Staðurinn er vel tækjum búinn og tekur um 80 manns í sæti en er auk þess með heimsendingarþjónustu. Staðurinn er í góðum rekstri og skilaði góðum hagnaði árið 2011 en þó hefur orðið mikil aukning á sölu og hagnaði á árinu 2012.
Gott tækifæri fyrir öfluga einstaklinga, hjón eða fyrirtæki, sem vilja takst á við skemmtilegan rekstur og gera gott fyrirtæki enn betra.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 12.12


Finnar eiga fleiri bíla en Íslendingar, 650 á móti 640 á hverja þúsund íbúa:

# Útblástur á mann er mestur hér

**UMFERÐ** Næstum helmingi fleiri nota nagladekk undir bíla sína í Jönköping í Svíþjóð en í Reykjavík, eða 60 prósent á móti 34 prósentum í Reykjavík. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslunni „Samanburður á umhverfisstjórnun vega- og gatnagerðar á Norðurlöndunum 2012“ sem út kom fyrr á árinu hjá Vegagerðinni.

Þar kemur líka fram að losun koltvísýrings vegna bílaumferðar sé mest á hvern íbúa hér í samanburði Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Losunin nemur 2,4 tonnum koltvísýringsígildis á mann í tölum yfir síðasta ár, 2,3 tonnum í Danmörku, 2,1 tonni í Finnlandi og 2,0 tonnum í Noregi.

„Það kemur ekki á óvart að Ísland sé með mesta losun enda landið dreifbýlt auk þess sem Íslendingar hafa lengi verið hrifnir af stórum bílum,“ segir í skýrslunni. Mikil losun í Danmörku er aftur á móti sögð koma á óvart, enda sé landið þéttbýlt, fólksbílaeign hlutfallslega minnst og hjólreiðar mjög almennar. Þá er í skýrslunni einnig sagt koma á óvart að hlutfallsleg bílaeign sé ekki mest hér á landi, þrátt fyrir fámenni, strjálbýli og skort á lestarsamgöngum. Bílaeign er almennust í Finnlandi þar sem eru 650 fólksbílar á hverja þúsund íbúa, en næstmest hér, 640 bílar. Í Noregi eru 543 bílar á hverja þúsund íbúa og 389 í Danmörku. - óká



**BÍLAR** Skýrsluhöfundar Vegagerðarinnar furða sig á að bílaeign skuli vera almennari í Finnlandi en hér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**2,4** tonn af koltvísýringsígildi á hvern Íslending fara út í andrúmsloftið á ári hverju vegna bílaumferðar.


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

# VINNINGASKRÁ

Vinningaskrá - hausthappdrætti 2012. Dregið 10. desember 2012

**1. vinningur:**
**Chevrolet CRUZE station LTZ 1,8l. Sjálfskiptur, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 3.990.000**
94544

**2. vinningur:**
**Chevrolet Aevo LT, 1,6l, sjálfsskiptur, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 2.990.000**
125191

**3. vinningur:**
**Chevrolet Spark LS, 1,2l, beinskiptur, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 1.990.000**
77854

**4. - 33. vinningur**
**Ferðavinningar að með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1696 | 22481 | 60872 | 87088 | 98552 | 129094 |
| 11038 | 41627 | 60924 | 88541 | 110066 | 138462 |
| 13852 | 42315 | 68210 | 91076 | 110466 | 139996 |
| 15651 | 47027 | 85317 | 94342 | 111306 | 142139 |
| 17008 | 53406 | 85569 | 95734 | 122464 | 145897 |

**34. - 83. vinningur:**
**Ferðavinningar með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 250.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 551 | 16360 | 31320 | 38353 | 55571 | 65529 | 91988 | 100466 | 118461 | 133151 |
| 3136 | 18613 | 31524 | 41897 | 56597 | 69560 | 95199 | 100631 | 119133 | 138231 |
| 4996 | 20214 | 32212 | 44418 | 58012 | 75497 | 95898 | 100654 | 128506 | 141585 |
| 10228 | 22557 | 32846 | 50697 | 58129 | 82745 | 97937 | 107139 | 130361 | 142934 |
| 12750 | 28756 | 33754 | 54153 | 62756 | 89904 | 98317 | 113719 | 132514 | 146501 |

**84.- 183. vinningur**
**Samsung Galaxy SIII farsímar sem styðja íslenska talgervilinn, Karl og Dóru. Hver að verðmæti kr. 114.900**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1091 | 10083 | 23124 | 34194 | 49557 | 65477 | 82604 | 96605 | 109569 | 129039 |
| 1760 | 10729 | 24147 | 36002 | 52493 | 68558 | 85827 | 97586 | 109838 | 132953 |
| 2394 | 11456 | 26341 | 36363 | 57026 | 69124 | 87467 | 97698 | 112955 | 133512 |
| 2844 | 14226 | 26717 | 39624 | 57930 | 70816 | 89026 | 98900 | 113068 | 135849 |
| 3365 | 15013 | 27101 | 40338 | 60234 | 71825 | 89092 | 99589 | 114514 | 139299 |
| 4476 | 15949 | 28460 | 41778 | 61121 | 77331 | 90843 | 103671 | 114585 | 140547 |
| 6041 | 18288 | 32250 | 42784 | 61520 | 78454 | 93688 | 104439 | 117355 | 142028 |
| 6122 | 18579 | 33042 | 44225 | 61793 | 79426 | 94997 | 106156 | 118098 | 144233 |
| 6142 | 20666 | 33045 | 45507 | 63829 | 80343 | 95364 | 108052 | 120645 | 144793 |
| 9754 | 22687 | 33985 | 47813 | 64591 | 81753 | 96039 | 108394 | 121671 | 151286 |

**184. - 243. vinningar**
**Gjafakort Kringlunnar, hvert að verðmæti kr. 30.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2160 | 16739 | 33891 | 49316 | 67543 | 82155 | 93442 | 107937 | 128547 | 147991 |
| 2399 | 20313 | 33998 | 53044 | 68227 | 84860 | 94686 | 110211 | 133069 | 148264 |
| 2814 | 20367 | 40199 | 55800 | 69938 | 85787 | 95106 | 110895 | 135036 | 149599 |
| 4516 | 22570 | 41098 | 57896 | 72350 | 87993 | 97198 | 113537 | 139885 | 150075 |
| 10915 | 28587 | 45056 | 60045 | 74879 | 88706 | 98361 | 117807 | 144827 | 150145 |
| 12969 | 33823 | 48084 | 63772 | 76051 | 90173 | 103629 | 127093 | 147611 | 153488 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000*
*Birt án ábyrgðar*


## HEIMURINN




### Pútín hafnar leiðbeiningum



**1** **RÚSSLAND** Vladimír Pútín frábiður sér íhlutun að utan eða leiðbeiningar um iðkun lýðræðis frá Vesturlöndum og segir að Rússar muni halda sínu striki. „Þeir sem þiggja peninga að utan og þjóna erlendum hagsmunum ættu ekki að taka þátt í stjórnmálum í Rússlandi,“ sagði hann í stefnuræðu sinni í gær, þeirri fyrstu frá því hann tók aftur við forsetaembætti.

### Hvetja kjósendur til að fella stjórnarskrána

**2** **EGYPTALAND** Stjórnarandstaðan í Egyptalandi hvetur nú kjósendur til að fella stjórnarskrárfrumvarpið, sem borið verður undir atkvæði þjóðarinnar á laugardaginn. Spenna hefur vaxið hratt í landinu síðustu vikur vegna frumvarpsins, sem mörgum þykir bera of sterk einkenni íslamista.



### Serbi dæmdur fyrir þjóðarmorð

**3** **HOLLAND** Serbneski herforinginn **Zdravko Tolimir** var í gær dæmdur sekur um þjóðarmorð fyrir hlut sinn í fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995. Tolimir var á sínum tíma hægri hönd Ratko Mladic, yfirmanns serbneska herliðsins í Bosníu, en réttarhöld yfir Mladic standa enn yfir við Alþjóðasakadómstólinn í Haag.

### Páfinn kominn á Twitter

**4** **PÁFAGARÐUR** Benedikt sextándi páfi var ekki fyrr byrjaður að „tísta“ á samskiptasíðunni Twitter en fylgjendur hans á síðunni voru komnir yfir eina milljón. Hann tók þessa tækni í notkun í gær, fyrstur páfa, og fyrstu skilaboðin voru þau að hvetja lesendur sína til að hlusta á Jesús.

### Mandela hressist



**5** **SUÐUR-AFRÍKA** **Nelson Mandela**, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, er heldur að hressast, að sögn lækna á sjúkrahúsinu í Jóhannesarborg, þar sem Mandela liggur. Mandela er orðinn 94 ára og var lagður inn á sjúkrahúsið á laugardag vegna lungnasýkingar, sem getur verið lífshættuleg á hans aldri.



AAB EINKUNN

1400 SNÚNINGA

HRAÐVAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**109.900**
SPARAÐU 30.000

# AEG

**L-60460FL Þvottavél**
**1400 snúninga** með OptiSense þvottatækni
- LCD tímaskjár - sýnir lengd kerfis
- Sérkerfi fyrir blettaþvott
- 30 cm hurðarop með 170° opnun
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi** og 20 mínútna hraðkerfi
- **Seinkun** á gangsetningu 3/6/9 klst.
- Ofnæmisskolun möguleg
- **A++/A/B toppeinkunn** fyrir orkunýtni & þvottagæði og þeytivindu
- Fullt verð kr **139.900**

# ZANUSSI

**ZWG-6160P Þvottavél**
Frábær **1600 snúninga** heimilisvél frá Zanussi, dótturmerki Electrolux.
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **1600 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Mörg sérkerfi þ.á.m. ullarkerfi og **handþvottakerfi** og ofnæmisskolun
- **Seinkun** á gangsetningu 3-6-9 klst.
- **Áfangaþeytivinda**
- Einföld og auðveld í notkun
- **Mishleðslusklynjun**
- Fuzzy Logic þvottatækni
- **A+/A/A einkunn** fyrir orkunýtni þvott og vindu
- Fullt verð kr. **109.900**



1600 SNÚNINGA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**89.900**
SPARAÐU 20.000

AAA EINKUNN

HRAÐVAL

# Electrolux

**EHF-16240FOK Keramik helluborð**
Flott keramik helluborð með stálkanti og snertitökkum
- **Fjórar Hi-light** hraðhellur þ.á.m. ein
- **XXL** 21 cm hella
- Snertitakkar og LED stjórnborð
- Barnalæsing
- Fullt verð kr. **89.900**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 20.000

SNERTIVAL

BARNALÆSING

HI-LIGHT



# Electrolux

**EOB-53003X Ofn**
Flottur innbyggður ofn í burstuðu kámfríu stáli með klukku, blæstri og grilli
- **8 eldunarkerfi** þ.á.m. undir- og yfirhiti, grill og blástur
- Forritanleg **klukka** með hringingu og/eða framstilltri ræsingu
- Air Control blástursstækni
- **Tvöfalt gler** í ofnhurð
- Fullt verð **99.900**

BLÁSTUR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 30.000

KÁMFRÍTT STÁL

# Electrolux

**ESF-63012 Uppþvottavél**
Vönduð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** og góðri innréttingu
- 30 mín. hraðkerfi og öflugt pottakerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Fullt verð kr. **87.900**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 18.000

AAA EINKUNN

HRAÐVAL

70° KERFI



AAA EINKUNN

HRAÐVAL

KÁMFRÍTT STÁL

70° KERFI

45 EÐA 60 CM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**89.900**
SPARAÐU 30.000

# exquisit

**GSP-9253 & 9254 Uppþvottavél**
Flott uppþvottavél með földu stjórnborði og stál framhlið. Fáanleg **45 eða 60 cm** breið
- Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- 30 mín. hraðkerfi og öflugt pottakerfi
- Framstillt ræsing möguleg 0-24 klst.
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Fullt verð **119.900**

# HELGAR SPRENGJA

## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

# Electrolux

**ZEO-5410 Ryksuga Essensio**
Kraftmikil **1800W ryksuga** með stillanlegum sogkrafti og hægræsingu sem sprengir ekki öryggið
- Innbyggð fylgihlutageymsla
- Stór **S-Bag** örtrefjapoki
- Air Clean óragnasía
- Fullt verð kr. **19.990**



1800W MÓTOR

8M VINNURADÍUS

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**12.990**
SPARAÐU 7.000

MEST SELDI!



# Electrolux

**EKF-7000 Kaffivél**
Alvöru kaffivél sem **hitar 96°C**. Fékk bestu gæðaeinkunn sænsku neytendasamtakanna TestFakta. **1400W hraðhitaelement**, timer & klukka, AutoOff 120 mín. og aroma bragðstilling. Flott burstað stál.



**15.990**
SPARAÐU 4.000

BEST Í TEST

# Electrolux

**ESB-4400 Blandari**
Byltingarkenndur **ofurhljóðlátur** blandari með kraftmiklum 600W mótor. **Þríhyrningslöguð** glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís léttilega. Verð áður kr **19.990**

MALAR ÍS

HLJÓÐLÁTUR

**12.990**
JÓLAVERÐ!

# Electrolux

**EMS-21400W Örbylgjuofn**
Flottur 800W 21 lítra örbylgjuofn með 6 stillingum
- 27 cm snúningsdiskur
- **Afþíðing**
- Verð áður kr. **29.990**



21 LÍTRAR

1000W GRILL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**19.990**
SPARAÐU 10.000



# TRISTAR

**GR-2846 Nett mínútugrill með riffluðum grillfleti**
Tilvalið til að steikja hamborgara, steikur, samlokur, pylsur & pannini. Lagar sig að þykkt og formi.
Fullt verð kr. **7.990**

**4.990**
38% AFSLÁTTUR



# TRISTAR

HÁLFVIRÐI!

**PZ-2963 Rafmagnspanna**
30 cm rafmagspanna með hitastilli og glerloki.
Fullt verð kr. 5.990



**2.495**
50% AFSLÁTTUR

**3.990**
34% AFSLÁTTUR

# TOPCOM

**10001898 Eyrnahitamælir**
Hárnákvæmur hitamælir. Mælir líkamshita á aðeins tveimur sekúntum.
Fullt verð kr. **4.990**

# Rafha ehf

**Opið**
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

Pioneer HLJÓMTÆKI
– FYRIR JÓLIN!

Pioneer HLJÓMTÆKI BDP-150-S
3D Blu-ray spilari
DLNA vottaður · Horfðu á YouTube, Picasa eða Netflix í gegnum spilarann · Netútvarpput, RCA, 2x USB (Front & Back)
Verð kr. 44.900,-
Frábær 3D Blu-ray spilari með nettengingu

Pioneer HLJÓMTÆKI VSX-422-S
Heimabíómagnari
5x130 RMS @ 6 Ohm · FM/AM útvarp með RDS · Inngangar: 4x HDMI, 2x Composit, 1x Coaxial, 1x Digital Optical · Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout
Verð kr. 69.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI BCS-222
3D Blu-ray heimabíóstæða
5.1 rása 3D Blu-ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150w / Sub 250w) · Spilar; BD-R/RE, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengi: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hljóð inn Composite, Component og fl.
Verð kr. 94.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM10
Hljómtækjastæða
FM útvarp með 40 stöðva mynni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW · USB, RCA · 2 x 15W hátalarar 4 Ohm · Heyrnartól
Verð kr. 29.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI DV-2022
DVD spilari
Spilar DVD, CD, CD-R/RW og DVD-R/RW, DivX, MP3, VMA og JPEG · Uppfærir mynd í HD upplausn Tenglar: USB, Component, Coaxial, Video, Audio
Verð kr. 12.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI PL-990
Plötuspilari
33 & 45 snúninga
Reimdrifinn · Alsjálfvirkur
Stillanlegur hraði · Innbyggður formagnari
Verð kr. 39.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI PIX-SMC1
iPod vagga
Frábær hljómburður!
FM útvarp · Spilar og hleður iPod og iPhone · Spilar DVD og CD, MP3, DivX, JPEG · HDMI, USB, Audio in, Composite og fl. · Möguleiki á Blue-tooth · 2 x 20W hátalarar 8 Ohm
Verð kr. 34.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
Heimabíókerfi
5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, styður 1080p (HD upscaling)
Verð kr. 49.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ721
Heyrnartól af bestu gerð
Tíðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd 156 gr
Verð kr. 9.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI X-DS301-K
Útvarpsvekjari með iPod/iPhone vöggu
FM útvarp með 20 stöðva minni
Hleður iPod/iPhone
Fjarstýring með „Snooze" takka.
Verð kr. 18.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI VSX-922-K
Heimabíómagnari
7 x 150 RMS @ 6 ohm, FM/AM útvarp, Internet útvarp, nettenging · Inngangar 6x HDMI, 4x composite, 1x coaxial, 1x component, 1x Digital optical, USB · Útgangar 1x HDMI, 1x composite, 2x subwoofer ·Bluetooth port
EISA VERÐLAUN 2012-2013
Verð kr. 127.900,-

Birt með fyrirvara um prentvillur

ORMSSON
// LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
VERSLANIR UM LAND ALLT

Cameron segir lítt eftirsóknarvert að yfirgefa ESB en vera áfram í EES:

# Yrði stjórnað með faxi frá Brussel

**BRETLAND** „Ég vil ekki að Bretland fari úr Evrópusambandinu," segir David Cameron, forsætisráðherra Bretlands. Og ástæðan: „Ég tel að sá hagur sem við höfum af innri markaðnum ráði úrslitum."

Þetta sagði Cameron á hádegisverðarfundi í breska þinghúsinu nú í vikunni, að sögn The Daily Telegraph. Blaðið segir að Cameron muni á næstu dögum flytja ræðu um framtíð Bretlands og ESB. Á fundinum sagði hann að færi Bretland úr ESB en yrði áfram á Evrópska efnahagssvæðinu kæmust Bretar í sömu stöðu og Noregur [og Ísland], nefnilega að hafa fullan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins en ráða engu um þær reglur sem sá markaður lýtur.

„Í Noregi kalla menn þetta stundum „stjórnun með faxi", vegna þess að menn taka bara við fyrirmælum frá Brussel um hverja einustu reglu innri markaðarins án þess að hafa neitt að segja um það hverjar þessar reglur eru," er haft eftir Cameron.

- gb



**DAVID CAMERON** Vill að Bretar verði áfram í Evrópusambandinu. NORDIC PHOTOS/AFP



**RÍKISRÁÐ** Dregið er úr formlegum völdum forseta í frumvarpi um stjórnarskrá. Meðal annars er ríkisráð aflagt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Telja að dregið sé úr valdi forsetans

Fulltrúar í sérfræðinganefnd hallast að því að ný stjórnarskrá dragi úr valdi forseta Íslands. Ekki hafi tekist að skýra hlutverk hans skilmerkilega í endurskoðuninni. Þversögn sé í að forseti með sterkt lýðræðislegt umboð hafi fá verkefni.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

**FRÉTTASKÝRING**
Hver er staða forsetaembættisins samkvæmt frumvarpi um nýja stjórnarskrá?

Heldur dregur úr valdi forsetaembættisins frá því sem nú er í frumvarpi um nýja stjórnarskrá, að mati lögfræðinganna Páls Þórhallssonar og Hafsteins Þórs Haukssonar. Þeir sátu í sérfræðingahópi sem fékk það hlutverk að rýna drög stjórnlagaráðs að stjórnarskrá og ræddu kafla tengda forsetanum á fundi nefndarinnar á þriðjudag.

Páll Þórhallsson, formaður hópsins, segir að sérkennilegt sé að þjóðkjörinn forseti með sterkt lýðræðislegt umboð hafi í raun fá verkefni, samkvæmt drögunum. Vitnar hann þar í álit Feneyjanefndarinnar, ráðgjafanefndar Evrópuráðsins um stjórnarskrármál, um finnsku stjórnarskrána, en svipað háttar til um finnska forsetann.

„Það er svolítið þversagnakennt að vera með þjóðkjörinn forseta með sterkt lýðræðislegt umboð og svo ákaflega fátt sem hann hefur í raun að gera. Að vísu má gera ráð fyrir að það sé ýmislegt, eins og varðandi samskipti við erlend ríki og þjóðhöfðingjahlutverkið, sem getur þróast áfram þó það sé ekki útlistað í stjórnarskránni."

Úr þessari þversögn mætti bæta með því að forseti væri þingkjörinn, eins og víða í Evrópuríkjum, eða því að fela honum valdheimildir sem gera honum betur kleift að sinna aðhaldshlutverki í stjórnskipaninni, ef kreppa kemur upp.

Páll sagði að í frumvarpinu væri flest af formlegu valdi forsetans afnumið og þá væri í raun lítið eftir. Eftir stæði þó þrennt; málskotsréttur, embættisskipanir og aðkoma að stjórnarmyndunum.

Málskotsrétturinn væri betur rammaður inn en í núgildandi stjórnarskrá. Möguleikinn á að ákveðinn hluti kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu drægi einnig úr mikilvægi hans.

Skipan embættismanna væri sömuleiðis rækilega römmuð inn og forsetinn kæmi á milli þings og ráðherra varðandi skipan dómara og saksóknara. Hann skipaði þó formann hæfisnefndar.

Það væri helst varðandi stjórnarmyndun þar sem hlutverk forsetans væri skilgreint upp á nýtt. Nefndarmenn spurðu hann út í áhyggjur varðandi misnotkun á þeim heimildum. Páll sagðist skilja þær, en ekki treysta sér til að hafa skoðun á þeim.

„Mín tilfinning hefur frekar verið í þá átt að það sé heldur dregið úr völdum og þá er ég að vísa til þessara formlegu valda sem gætu haft þýðingu við óvenjulegar aðstæður."



**SÉRFRÆÐINGARNIR** Hafsteinn Þór Hauksson og Páll Þórhallsson gerðu grein fyrir athugasemdum sérfræðingahóps um drög að stjórnarskrá á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki skorið úr um eðli embættisins

Hafsteinn Þór Hauksson sagði að Íslendingar hefðu í mörg ár deilt um hvert eðli forsetaembættisins væri. Hvort hér ríkti einhvers konar forsetaþingræði þar sem forsetinn væri leikmaður í stjórnskipuninni, ætti að veita aðhald og vera einn af lykilaðilunum innan stjórnskipunarinnar, eða hvort um væri að ræða embætti sem væri í raun arfur frá konungsveldinu þar sem konungurinn hefði verið fjarlægður úr íslenskri stjórnskipan og annar tignarmaður settur í staðinn.

„Auðvitað vonaðist ég eftir því það yrði höggvið á þennan hnút í heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Ég er ekki viss um að það sé gert og held að við munum halda aðeins áfram þessari deilu."

# DEBENHAMS




## Frábært úrval jólagjafa

## 30% AFSLÁTTUR

- Valdar dömukápur
- Valdir dömu- og herranáttsloppar
- Valdar barna- og herraúlpur
- Barna- og herra vatteruð vesti

## 20% AFSLÁTTUR

- Leikföng
- Snyrtivörugjafakassar*
- Leðurhanskar
- Töskur
- Húfur, vettlingar og treflar

Gildir út sunnudag

Opið til kl. 22:00
öll kvöld til jóla

*Ekki af MAC

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# iPad 4 Retina



iPad með Retina skjá hefur að geyma einstaka eiginleika í alla staði. Ótrúlega afkastagetu með nýja A6X örgjörvanum, ofurhraða þráðlausa tækni, 10 tíma rafhlöðu og stórkostlegan 9,7" Retina skjá með 3,1 milljóna pixla upplausn.

Verð frá: **89.990.-**

# iPad mini



Allt sem þú kannt vel við í iPad er líka í iPad mini; skarpur og fallegur skjár, hraði og mikil afkastageta, iSight og FaceTime myndavél, hundruð þúsunda forrita, 10 klst. rafhlöðuending og hann fer vel í lófa.

Verð frá: **59.990.-**



## iPod shuffle 2GB

iPod shuffle fæst nú í nýjum og flottum litum og er enn sem áður einfaldur og þægilegur í notkun. Tilvalinn í skokkið eða ræktina.

Verð: **8.490.-**



## iPod nano 16GB

Nýi iPod nano hefur verið algjörlega endurhannaður með stærri og lengri snertiskjá og orðinn mun þynnri en fyrri gerð.

Verð: **39.990.-**



## Apple TV

Apple TV gerir þér m.a. kleift að streyma efni þráðlaust úr iTunes, iPad, iPhone og iPod touch beint í sjónvarpið. Meðal annars tónlist, kvikmyndum og ljósmyndum.

Verð: **26.990.-**



## All Star Guitar

Vertu eins og rokkstjarna á örskotstundu! Undirbúðu sjálfan þig fyrir nýjan hljóm með All-Star Gítarnum frá ION. Virkar með helling af iPad og iPhone forritum eins og GarageBand og WI Guitar.

Verð: **19.990.-**



## iLuv hátalarar - Vibro

Góður hátalari með útvarpi og vekjaraklukku, hægt að láta vekja sig með tónlist eða titring.

**Kemur í 9 litum**

Verð: **17.990.-**



## Wacom Bamboo Pen

**teikniborð**

Bamboo teikniborð, verkfæri sem fullkomna stafræna lífið

Verð: **12.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu.

# Nýr **iMac**



Tryggðu þér eintak fyrir jól

## Komdu og skoðaðu

Þegar talað er um byltingu í tækni og hönnun þá er bara um eitt að ræða, nýja iMac frá Apple.

Stór skjár, öflugur fjögurra-kjarna Intel örgjörvi og ný kynslóð skjákorta gerir hana að alvöru vinnuþjarki, og fallega í alla staði.

5 mm
á brún

Verð frá: **269.990.-**

Aðeins **23.550.- á mánuði**
m.v. vaxtalaust lán* til 12 mán.

Nánari upplýsingar finnurðu á:
www.epli.is/imac

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330
Jólaopnun auglýst nánar á www.epli.is

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

SKÓLPHREINSUN Á ÍSLANDI

## SKÓLPHREINSUN Í ÞÉTTBÝLI 2010




Svæði með yfir 500 íbúa

Skýringarmyndin er byggð á bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfisstofnun.

## HLUTFALL ÍBÚA MEÐ SKÓLPHREINSUN




HEIMILD: UMHVERFISSTOFNUN EVRÓPU

## Hreinsun skólps – skilgreiningar

Skipta má hreinsun skólps samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins í þrennt:

- **Engin hreinsun:** Skólp rennur óhreinsað til sjávar eða í ferskvatn.
- **Eins þreps hreinsun:** Felur í sér grófhreinsun auk þess sem svifagnir eru fjarlægðar úr skólpinu með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum, t.d. með síun.
- **Tveggja þrepa hreinsun:** Einnig nefnd lífræn hreinsun. Þar eru örverur nýttar til þess að brjóta niður lífrænt efni í skólpi sem er svo fínt að það getur ekki sest af sjálfsdáðum. Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t.d. vera tveggja þrepa hreinsun.
- **Frekari hreinsun:** Einnig nefnd þriðja stigs hreinsun. Venjulega hreinsun á næringarefnum eins og nitri og fosfór úr skólpinu en í vissum tilvikum öðrum skaðlegum efnum. Aðferðin er notuð þar sem viðtaki er viðkvæmur fyrir viðkomandi efnum.

## Nágrannar standa okkur framar

Þótt allnokkur árangur hafi náðst í hreinsun skólps á Íslandi á síðasta áratug standa Íslendingar ekki jafnfætis nágrannaþjóðum í þeim málum. Í skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu frá árinu 2010 um stöðu skólpmála í álfunni kemur fram að árið 2007 hafi um 80% prósent íbúa verið tengd skólphreinsun í Norður- og Suður-Evrópu. Hlutfallið var enn hærra í Mið-Evrópu, eða um og yfir 90%. Á þeim tíma var hlutfallið á Íslandi tæp 70%, eða svipað og í Austur-Evrópu.

➜ Þegar skoðað er hvers konar hreinsun nágrannaþjóðirnar beita kemur í ljós að langstærstur hluti skólps í þéttbýli á Norðurlöndum fer í þriðja stigs hreinsun, sem felur í sér lífræna hreinsun og hreinsun hluta næringarefna, eins og niturs og fosfórs, til þess að koma í veg fyrir ofauðgun næringarefna.

➜ Skýringa á þessum mun milli Íslands og hinna norrænu ríkjanna er að finna í mismunandi viðtökum skólpsins frá þéttbýli. „Ástæðan fyrir háu hlutfalli eins þreps hreinsunar hér á landi er einfaldlega sú að viðtakar okkar eru betri, við eigum ekki í sömu vandræðum með mengun í þeim og hin ríkin og við losum almennt ekki frá þéttbýli í slæma viðtaka eins og stöðuvötn og ár,“ bendir Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, á.

➜ Hann bendir einnig á að Norðursjór og Eystrasalt séu grunnhafsvæði og í þau séu losaðir tugir milljóna persónueininga af skólpi. „Þar eru ekki sömu möguleikar frá náttúrunnar hendi til að taka við lífrænum efnum og næringarefnum frá þéttbýlisskólpi án neikvæðra umhverfisáhrifa eins og hér þar sem stutt er í opið haf og nær undantekningarlaust má telja góða blöndun í strandsjó, jafnvel inni í fjörðum. Það má því segja að við séum sérstök miðað við flest önnur Evrópuríki í því að geta notað sjóinn sem viðtaka fyrir hreinsað skólp án þess að óttast neikvæð áhrif þess og án þess að þurfa almennt að eyða fjármunum í ítarlega hreinsun,“ segir Tryggvi.







# Fjórðungur með óhreinsað skólp

Fjórðungur landsmanna er án lágmarksskólphreinsunar. Sjö ár eru liðin síðan sveitarfélögin áttu að koma upp slíkri hreinsun. Íslendingar eru langt á eftir öllum Norðurlöndunum þegar kemur að skólphreinsun.

Að minnsta kosti fjórðungur íbúa á Íslandi býr ekki við lágmarksskólphreinsun, sjö árum eftir að tímamörk til að koma upp slíkri hreinsun runnu út. Mörg stærri sveitarfélögin á landsbyggðinni hafa ekki lokið uppsetningu hreinsimannvirkja og er ástæðan fyrst og síðast mikill kostnaður við framkvæmdir.

Íslensk löggjöf og reglugerðir um skólp- og fráveitumál eiga rætur sínar í tilskipun Evrópusambandsins (ESB) en meginmarkmið hennar er að vernda yfirborðsvatn fyrir skólpmengun. Þær kröfur sem lagðar eru á herðar sveitarfélaga í þessum málaflokki er að finna í reglugerð um fráveitur og skólp frá árinu 1999 og lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna frá árinu 2009. „Það má lesa út úr reglugerðinni og lögunum að mikilvægt sé að fráveitumál séu í lagi og fráveitur standist ströngustu kröfur. Það þarf að standa vörð um mikilvægustu auðlindir Íslendinga, sem eru hafið og ferskvatnið, og tryggja heilnæmt umhverfi fyrir framleiðslu matvæla,“ segir Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Eftirlit með fráveitumálum og veiting starfsleyfa er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga en Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með eftirlitinu.

Í lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna frá árinu 2009 kemur fram að í þéttbýli skuli sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu, en þar er átt við leiðslukerfi og búnað til að meðhöndla og hreinsa skólp. Heimild er þó til þess að beita öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki á þeim þéttbýlisstöðum þar sem losun skólps er undir tilteknum mörkum. Þar er miðað við svokallaðar persónueiningar sem eru mælikvarði á það magn skólps sem einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Þegar ríkar ástæður mæla með getur heilbrigðisnefnd heimilað aðrar lausnir en fráveitu og sameiginlegt hreinsivirki á þeim þéttbýlisstöðum þar sem losunin er undir 2.000 persónueiningum.

Í reglugerð um fráveitur og skólp er kveðið á um að ef losun skólps er undir 2.000 persónueiningum í ferskvatn eða undir 10.000 einingum í strandsjó eigi að vera svokölluð viðunandi hreinsun. Viðunandi hreinsun er hins vegar ekki skilgreind nákvæmlega en talað er um hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði svo að gæðamarkmið náist. „Það er gert ráð fyrir að viðunandi hreinsun geti verið grófhreinsun, eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun eða jafnvel frekari hreinsun, allt eftir því hvernig viðtakinn hefur verið skilgreindur, hver gæðamarkmiðin eru og hve mikið og hvers eðlis skólpið er,“ segir Tryggvi.

### Átak á höfuðborgarsvæðinu

Segja má að allmikill árangur hafi náðst í skólphreinsun á Íslandi á síðasta áratug. Samkvæmt nýjustu tölum frá Umhverfisstofnun hafa um 75% íbúa landsins skólphreinsun. Er það fyrst og fremst vegna þess að stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið til hendinni en þar býr jafnframt stærstur hluti landsmanna. Tryggvi bendir þó á að gögn á bak við þessar upplýsingar séu gróf því gengið sé út frá því að rotþrær séu við öll hús í dreifbýli. Engar staðfestingar liggja þó fyrir um það og því er hugsanlegt að hlutfall íbúa með skólphreinsun sé allnokkru lægra en 75%.

> **Það þarf að standa vörð um mikilvægustu auðlindir Íslendinga, sem eru hafið og ferskvatnið, og tryggja heilnæmt umhverfi fyrir framleiðslu matvæla.“**
>
> *Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.*

Öll þéttbýlissvæði á Íslandi áttu að vera komin með fráveitu og einhvers konar skólphreinsun í lok árs 2005, segir í reglugerð. Í skýrslu Umhverfisstofnunar um stöðu skólphreinsunar frá árinu 2003 er varað við því að markmiðum verði ekki náð í tæka tíð. „Það að allt að 80% sveitarfélaga séu vart byrjuð að taka til hendinni í úrbótum í þéttbýli er óviðunandi ástand því ekki verður séð hvernig þessi sveitarfélög hyggjast ná að uppfylla [kröfur reglugerðar] innan tilskilinna tímamarka,“ segir þar.

Svo virðist sem þessi viðvörun Umhverfisstofnunar hafi ekki náð eyrum fjölmargra sveitarfélaga því í dag, sjö árum eftir að tímamörkin runnu út, vantar ▶

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

IBTGCAI094R

## TOPPLYKLASETT 96 STK.

Toppar 1/4" og 1/2"
4 - 32mm
Sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



GOTT VERÐ

**16.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGAAI4201

## TOPP, OG FASTLYKLASETT 42 STK.

1/4" 5,5 - 13 mm
1/2" 10 - 24 mm
Fastir lyklar 8 - 22 mm
Sterk plasttaska



**14.900** m/vsk
Fullt verð 22.239

TILBOÐ

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

TILBOÐ

IBTGCAI8002

## VERKFÆRASETT 80 STK.

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bitar, tangir
og skrúfjárn.
Sterk plasttaska



**21.900** m/vsk
Fullt verð 36.052

**SKÓTÖNG**



9.900 kr.

**SKRÚFBITASETT**



1.290 kr.

**VERKFÆRATASKA (TÓM)**



9.900 kr.

**TOPPLYKLASETT 1/4"**



6.900 kr.

IBTDJAC0106

## SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"
Opnun 6"



**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007

TILBOÐ

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900




vnr: IBTGT-28305

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás







**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SKÓLPHREINSUN Á ÍSLANDI



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

▶ enn töluvert upp á að öll þéttbýlissvæði hafi komið sér upp lágmarksskólphreinsun.

Höfuðborgarsvæðið hefur sérstöðu í þessu tilliti, en þar fellur langstærsti hluti skólpsins til. Ýmis minni þéttbýlissvæði inn til landsins, eins og Flúðir, Borg í Grímsnesi og litlir byggðakjarnar í Borgarfirði, auk Hveragerðis og Egilsstaða, hafa komið upp skólphreinsun. Víða annars staðar á landsbyggðinni er hins vegar engin viðunandi hreinsun samkvæmt gögnum sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa látið Umhverfisstofnun í té.

**Skortur á gögnum um skólphreinsun**

Gögn um losun skólps eru fjarri því að vera fullkomin, að sögn Tryggva. Sums staðar hafi ekki tekist að meta hversu mikið skólp frá atvinnustarfsemi komi inn á sameiginlegt fráveitukerfi. „Þegar það vantar upplýsingar um hversu margar persónueiningar skólps eru losaðar er stuðst við íbúafjölda og það gefur náttúrulega ekki rétta mynd. Í slíkum tilvikum höfum við ekki aðrar tölur að styðjast við,“ segir Tryggvi.

Þannig er þessu til dæmis farið í tilviki Ísafjarðar og Egilsstaða, en þar liggja tölur um skólplosun frá atvinnustarfsemi enn ekki fyrir. Ljóst má vera að íbúafjöldi einn og sér segir ekki alla söguna um skólplosun tiltekins þéttbýlissvæðis og má því til staðfestingar benda á Þórshöfn á Langanesi. Þar búa tæplega 400 manns en skólplosun nemur nærri 16.000 persónueiningum.

Fjölmörg sveitarfélög losa yfir 10 þúsund persónueiningar af skólpi. Það þýðir að algjör lágmarkshreinsun er fyrsta stigs hreinsun líkt og tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim hópi sem ýmist hefur ekki komið upp neinni hreinsun eða hreinsun að litlu leyti eru Akureyri, Grindavík, Selfoss, Vestmannaeyjar og Húsavík. Við vinnslu fréttaskýringarinnar voru spurningar um skólpmál sendar á forráðamenn nokkurra af þessum sveitarfélögum. Í þeim svörum sem bárust kom fram að helsta ástæða þess að ekki hefði verið farið að reglugerðinni væri kostnaður við uppsetningu hreinsistöðva.

Hjá Akureyrarbæ fengust þau svör að kostnaðarsöm framkvæmd eins og skólphreinsun hefði ekki rúmast á framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins en lokið hefði verið við hönnun hennar og útboðsgögn liggi fyrir. Áætlaður kostnaður við hreinsimannvirki væri 1,3-1,5 milljarðar króna. „Í núgildandi áætlun er gert ráð fyrir að byrjað verði á útrásarlögn árið 2014 og vænta má að bygging hreinsistöðvar hefjist á árinu 2017 og verði lokið á árinu 2019,“ segir enn fremur í svari bæjarins.

Þá kom fram í svörum frá Vestmannaeyjabæ, þar sem unnið hefur verið að úrbótum á síðustu árum, að um 300 milljónum hefði verið varið í framkvæmdir í fráveitumálum á síðustu fjórum árum og áfram verði haldið á næstu misserum.

**Naumur tími**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar, segir að sá tímarammi sem sveitarfélögum hafi verið gefinn til þess að uppfylla kröfur hafi verið naumur en Sveitarfélagið Árborg hefur á síðustu árum framkvæmt fyrir á annan milljarð í sniðræsum og nýjum lagnakerfum. Sveitarfélagið Árborg hefur ekki séð sér fært að ráðast hraðar í framkvæmdir en fjárhagslegir burðir þess leyfa og því mun það taka nokkur ár til viðbótar að ná til lands í þessu umfangsmikla verkefni, segir Ásta og bendir á að byggingarkostaður vegna hreinsistöðvar við Selfoss hafi verið metinn á bilinu 2,2 til 3,4 milljarðar króna. Þá segir Ásta að í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins sé gert ráð fyrir fjármunum til undirbúnings og byggingar á 1. áfanga eins þreps hreinsistöðvar. Fjármagn verði sett í hönnun á næsta ári og framkvæmdir séu fyrirhugaðar árin á eftir.

Á það má þó benda að kostnaður hefur ekki verið hindrun í ýmsum sveitarfélögum, þar á meðal Hveragerði, sem rekið hefur tveggja þrepa skólphreinsistöð í um áratug. Fram kom í máli Guðmundar F. Baldurssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar, á málþingi um líffræðilega hreinsun á Íslandi á dögunum að byggingarkostnaður við stöðina eina og sér hefði numið tæpum hálfum milljarði á núvirði og rekstrarkostnaður á ári væri um 24 milljónir króna fyrir þetta 2.300 manna sveitarfélag. Á það má einnig benda að kostnaður virðist heldur ekki hafa komið í veg fyrir uppbyggingu skólphreinsistöðva í nágrannaríkjunum.

> **Í núgildandi áætlun er gert ráð fyrir að byrjað verði á útrásarlögn árið 2014 og vænta má að bygging hreinsistöðvar hefjist á árinu 2017 og verði lokið á árinu 2019.**
>
> *Skriflegt svar Akureyrarbæjar.*

## Hafið tekur lengi við

Við mat á lágmarkshreinsun skólps í þéttbýli er einkum horft til þriggja þátta; hversu mikið skólp er losað, hvort skólpið er leitt í ferskvatn eða strandsjó og hvort svæðið sem tekur við skólpinu, svokallaður viðtaki, er skilgreint venjulegt, viðkvæmt eða síður viðkvæmt. Viðtaki telst viðkvæmur ef hann gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða. Hann telst hins vegar síður viðkvæmur þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Þar er t.d. átt við ármynni og strandsjó þar sem straumar eru sterkir.

Fram kemur í skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins frá árinu 2003 að við undirbúning innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um skólp- og fráveitumál hafi verið ákveðið að líta svo á að Ísland væri sem heild skilgreint sem síður viðkvæmt hafsvæði, en einstakir staðir, eins og vötn og ár, sem taka við skólpi geta engu að síður verið skilgreindir sem viðkvæmir.

## ➜ Fréttir af saurmengun tíðar

- Reglulega berast fréttir af skólp- eða saurmengun í landinu. RÚV sagði frá því fyrr á þessu ári að saurgerlamengun hefði mælst yfir viðmiðunarmörkum við smábátahöfnina og í Pollinum á Akureyri. Aðalástæða þess var sú að aðalskólplögn bæjarins lá of skammt út fyrir hafnarsvæðið.
- Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við frárennslismál á Ísafirði árið 2010 þegar bærinn óskaði eftir því að Skutulsfjörður yrði skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki. Fram kom í Bæjarins besta í júní 2010 að Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við það að ekki væri ljóst á gögnunum frá Ísafjarðarbæ hversu langt og djúpt útrásir bæjarins næðu og þá væru ekki fullnægjandi upplýsingar um hreinsun skólps, hvorki frá íbúum eða iðnaði. Taldi stofnunin að öll útrásarop bæjarins væru innan hafnarsvæðis en það væri óheimilt.
- Dæmi eru um skólpmengun á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að þar hafi verið komið á hreinsikerfi. Þar hefur þó yfirleitt verið um að ræða tilvik þar sem lagnir hafa verið vitlaust tengdar, samanber í Bryggjuhverfinu í Reykjavík í ágúst.
- Fréttablaðið sagði frá því nýlega að rannsókn meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands leiddi í ljós að saurmengun mældist sjöföld í Elliðavatni, auk þess sem lítilsháttar mengun mældist á nokkrum stöðum í Elliðaánum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Greinin er hluti af samstarfsverkefni Fréttablaðsins og nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

**Umsjón:** Svavar Hávarðsson, svavar@frettabladid.is
**Höfundur:** Björn Gíslason, bgisla@hi.is





Kia Sorento EX Luxury

Árgerð 2012, 197 hestafla dísilvél, 2199 cc, ekinn 20.000 km, 6 ár eftir af ábyrgð.

Bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar, íslenskt leiðsögukort, heilsársdekk, 17" álfelgur, Bluetooth, hleðslujafnari að aftan, hraðastillir, rafdrifnir speglar, leðuráklæði og margt fleira.
Eyðir frá aðeins 7,4 l/100 km í blönduðum akstri.*

Ásett verð: 6.990.000 kr.
▶ Tilboðsverð: 6.690.000 kr.
Mánaðarleg afborgun: 54.900 kr.**

ergo

*Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.
**Miðað við 3.500.000 kr. útborgun í peningum eða með uppítökubíl ásamt láni frá ERGO til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,64%. Vextir: 9,70%.

Gæðabíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR Klettháls 2 · Sími 590 2160 · notadir.is Opið frá kl.10-18 ASKJA

ÓDÝRARI RAFBÆKUR Á SKINNA.IS

SKINNA styður Galaxy iPad, Kindle, SONY og aðrar spjaldtölvur

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## STÓRKOSTLEGT GJAFABRÉF FRÁ SKINNU SEM VEX

Þeir sem nýta gjafabréf Skinnu frá 25. des. 2012 til 31. jan 2013 fá 10% kaupauka.
**Dæmi:** Gjafabréf fyrir 5.000 kr. verður 5.500 kr. virði ef nýtt á tímabilinu.



## JÓLAPOTTUR SKINNU

Allir sem kaupa rafbók/gjafabréf á **Skinna.is** fyrir jól fara í pott og eiga möguleika á að vinna iPad Mini 64GB að verðmæti 105 þús. krónur. **Dregið á aðfangadag.**

## STÆRSTA ÍSLENSKA RAFBÓKABÚÐIN

Á Skinnu finnur þú langmesta úrval íslenskra rafbóka fyrir allar tegundir rafbókalesara.

GLEÐILEG RAFBÓKAJÓL!

ÚTIBÚ UM LAND ALLT

ÍSLENSKU JÓLA-BÆKURNAR

SKINNA
*Íslenska rafbókabúðin*

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

# Dýrara að senda jólapóstinn



**Þeir sem senda vinum og kunningjum aðeins bréf með pósti fyrir jólin komust að því á dögunum að póstburðargjaldið er hærra í ár en í fyrra en nú er hægt að velja um tvo kosti þegar send eru bréf í lægsta þyngdarflokki, A-póst eða B-póst. Í fyrra var gjaldið fyrir bréf í lægsta þyngdarflokki 97 krónur. Núna er verð á A-pósti, sem fer í dreifingu fyrsta virka dag eftir póstlagningu, 120 krónur. Verð á B-pósti, sem dreift er að hámarki þremur virkum dögum eftir póstlagningu, er 103 krónur.**

**Gjaldið hækkaði 1. júlí síðastliðinn. Bréfum innan svokallaðs einkaréttar, 0 til 50 g, hefur fækkað um 38 prósent frá 2000 og spáð er áframhaldandi magnminnkun og þar með minni tekjum. Íbúum hefur hins vegar fjölgað og reglur um bréfadreifingu kveða á um dreifingu í öll hús á landinu alla virka daga. Verðbreyting þótti þess vegna nauðsynleg.**

## NEYTANDINN VALDIMAR GUÐMUNDSSON



Tónlistarmaðurinn Valdimar Guðmundsson segist eiga það til að taka skyndiákvarðanir þegar hann sér eitthvað sem hann langar í og hefur efni á.

„Ég er stundum svolítið fljótfær, ég get ekki neitað því. Þetta er kannski eitthvað sem er í fjölskyldunni því að systir mín er líka gjörn á þetta."

Valdimar hikar þó ekki þegar hann er spurður um bestu kaup sem hann hefur gert.

„Það er fartölvan mín, Macbook Pro, sem hefur reynst mér afar vel bæði í vinnunni og svona almennt við leik og störf. Verstu kaupin held ég hins vegar að séu þráðlaus heyrnartól. Þau hélt ég að yrðu voðalega hentug, en komst svo að raun um að voru bara meira vesen en þessi hefðbundnu. Ég notaði þau kannski tvisvar eða þrisvar. Ætli þau séu ekki týnd einhvers staðar, allavegana sakna ég þeirra ekki."

## GÓÐ HÚSRÁÐ VAXLITAVANDRÆÐI AÐ BAKI



Börn hafa gaman af vaxlitum. Þetta vita foreldrar jafn vel og að slysin geta gerst í notkun þeirra. Hafi verið litað á vegg eða annars staðar utan blaðs þá eru nokkur ráð til að ná litnum af. Eitt er að hita svæðið með hárblásara, en þá á að vera auðvelt að þurrka litinn af. Aðrir hafa prófað, með góðum árangri, að væta tusku með þynni og nota til að hreinsa. Óvíst er samt að allir veggir þoli þá meðferð. Sama á við um notkun WD-40 spreysins sem sumir segjast hafa notað með góðum árangri til að hreinsa vaxliti af veggjum. Fitubrák sem eftir situr á máluðum veggjum á samt að vera hægt að hreinsa burt með mildu sápuvatni.

## VERÐ Á NETNOTKUN Á FLUGVÖLLUM




# Víða frítt á netið á erlendum flugvöllum

Í flugstöð Leifs Eiríkssonar þarf enn að greiða fyrir aðgang að netinu. Verðið á netnotkun í erlendum flugstöðvum er mismunandi. Fyrstu mínúturnar ókeypis.

Það kostar ekkert að nota netið í Flugrútunni út á Keflavíkurflugvöll en á brottfararsvæðinu í flugstöð Leifs Eiríkssonar kosta fyrstu 60 mínúturnar á netinu 490 krónur. Fjögurra klukkustunda notkun kostar 990 krónur samkvæmt upplýsingum á vefnum Kefairport.is.

Í sumum erlendum flugstöðvum er nettenging endurgjaldslaus en í öðrum er upphæðin sem greiða þarf fyrir netnotkun talsvert há samkvæmt könnunum danska fjölmiðilsins Berlingske og norska ríkisútvarpsins. Sums staðar eru aðeins fyrstu 15 eða 30 mínúturnar án endurgjalds eða fyrsta klukkustundin.

Á Gardermoen í Ósló er hægt að vera tvær klukkustundir á netinu án þess að greiða fyrir það en til þess að það sé hægt þarf að panta ákveðið lykilorð sem farþegar fá sent.

Á vefsíðunni Turisti.is er greint frá því að ekki þurfi að borga fyrir netaðgang á flugvöllum í Finnlandi og Svíþjóð. Til þess að fá ókeypis aðgang að netinu á Kastrup í Kaupmannahöfn í símanum sínum eða tölvu þurfa farþegar að skrá sig í fríðindaklúbb flugvallarins, CPH advantage, og er aðildin ókeypis.

Auk nettengingar fá félagar í honum til dæmis ýmis tilboð. Þetta fyrirkomulag var tekið upp í fyrra og samkvæmt dönskum fjölmiðlum gerðust yfir 150 þúsund manns félagar í fríðindaklúbbnum á 10 mánuðum. Þeir sem ekki vilja vera í fríðindaklúbbnum þurfa að greiða fyrir netnotkun. Gjaldið er 900 krónur fyrir fyrstu 30 mínúturnar.

Á Charles de Gaulle flugvellinum í París eru fyrstu 15 mínúturnar á netinu ókeypis. Eftir það kosta 30 mínútur á netinu 315 krónur.

ibs@frettabladid.is







**Þú finnur mikið úrval jólagjafa hjá okkur á frábæru verði. Komdu til okkar og fáðu hugmynd að snjallri jólagjöf!**




SPARAÐU 25%

GJAFASETT
MEÐ AUGNBRÚNAPLOKKARA, SNYRTISPEGLI OG MANICURE-PENNA
VERÐ ÁÐUR 3.995,- NÚ 2.995



SPARAÐU 24%

NUDDTÆKI MG-48
VERÐ ÁÐUR 8.500,- NÚ 6.500,-



SENNHEISER HENTAR FLESTUM!

SENNHEISER HEYRNARTÓL Í MIKLU ÚRVALI
JÓLAGJÖF SEM HENTAR FLESTUM! VERÐ FRÁ 1.795,-



HITAPÚÐI FYRIR HÁLS OG BAK
VERÐ 7.995,-



SENNHEISER PC 330 GAME
FYRIR KRÖFUHARÐA LEIKJAUNNENDUR
VERÐ 18.900,-



FÓTVERMIR
- ALDREI FRAMAR KALDIR FÆTUR
VERÐ 6.995,-



SPARAÐU 20%

NUDDPÚÐI
VERÐ ÁÐUR 9.900,- NÚ 7.900,-



VÖÐVABÓLGUBANINN
VERÐ 13.900,-

DYNAMO REYKJAVÍK



NUDDSESSA MG-240
VERÐ 29.900,

NUDDSESSA MG-290
VERÐ 42.900,



SENNHEISER HD 419
FRÁBÆR HLJÓMUR!
VERÐ 9.700,-



HITAPÚÐAR
VERÐ FRÁ 4.995,-



SPARAÐU 40%

SNYRTISPEGILL
MEÐ LJÓSI OG STÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 4.995,- NÚ 2.995,-



SPARAÐU 15%

BRAUN RAKVÉL 190
VERÐ ÁÐUR 10.900,-
NÚ 8.900,-

SPARAÐU 15%

BRAUN RAKVÉL 330
VERÐ ÁÐUR 18.900,- NÚ 15.900,-

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

## Besta íslenska skáldsagan

1. ILLSKA




2. UNDANTEKNINGIN




3. ÓSJÁLFRÁTT




## Besta þýdda skáldsagan

1. NÚTÍMINN ER TRUNTA




2. KORTIÐ OG LANDIÐ




3. HIN ÓTRÚLEGA PÍLAGRÍMSGANGA...




## Besta ævisagan

1. GÍSLI Á UPPSÖLUM




2. Ð ÆVISAGA




3. NONNI



## Besta ljóðabókin

1. MEGAS



2. LITLIR SOPAR




3. STRANDIR




## Besta handbókin/ fræðibókin

1. STUÐ VORS LANDS




2. HÁRIÐ




3. HVER ER ÉG...



# Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2012 bókaverslana

## Besta íslenska barnabókin

RANDALÍN OG MUNDI




1.

FLÓÐHESTURINN...




2.

SKRÍMSLAERJUR



3.

## Besta íslenska táningabókin

HRAFNSAUGA



1.

AÞENA




2.

SPÁDÓMURINN




3.

## Besta þýdda barnabókin

ÓTRÚLEG SAGA...




1.

ÞYTUR Í LAUFI



2.

GRIMMSYSTUR



3.

## Besta þýdda táningabókin

HRINGURINN



1.

HEIMILI FRÖKEN...



2.

ÞRETTÁN ÁSTÆÐUR




3.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Suður-Kringla
Norður-Kringla
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Hafnarfirði, Strandgötu 31
Reykjanesbær - Sólvallagötu 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4
Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára

**5,9** milljarðar króna eru lán Gaums sem voru á gjalddaga á árunum 2009 og 2010.

**54,9** milljarðar króna er sú upphæð sem Gaumur var í ábyrgð fyrir í árslok 2008.

**1,7** milljarðar króna er virði eigna Gaums í árslok 2008.

**2** milljarðar króna er sú upphæð sem eigendur Gaums greiddu sér í arð 2007 og 2008.

**7,3** milljarðar króna er yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í lok árs 2008.

# Gaumur tapaði 53 milljörðum 2008



**EIGANDI** Gaumur er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, foreldra hans og systur. Fréttablaðið hefur ársreikning félagsins undir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Gaumur, sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu, átti að greiða tæpa sex milljarða króna af lánum sínum á árunum 2009 og 2010. Félagið var auk þess í ábyrgð fyrir um 55 milljörðum króna í lok árs 2008. Eignir Gaums á þeim tíma voru 1,7 milljarðar.**



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Fjárfestingafélagið Gaumur átti að borga 5,9 milljarða króna til lánardrottna sinna á árunum 2009 og 2010, var í ábyrgð fyrir 54,6 milljörðum króna og eignir þess skruppu saman úr um 60 milljörðum króna í 1,7 milljarða króna á árinu 2008. Tap félagsins fyrir skatta nam 52,8 milljörðum króna á sama ári.

Eigendur Gaums greiddu sér tvo milljarða króna í arð út úr félaginu á árunum 2007 og 2008 vegna frammistöðu félagsins á árunum 2006 og 2007. Þeir eru Jón Ásgeir Jóhannesson (41 prósent), foreldrar hans, Jóhannes Jónsson og Ása Karen Ásgeirsdóttir (22,5 prósent hvor), og systir hans, Kristín Jóhannesdóttir (tíu prósent). Fimmti hluthafinn, sem á fimm prósenta hlut, er óþekktur. Þetta kemur fram í ársreikningi fjárfestingafélagsins Gaums fyrir árið 2008, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Reikningnum, sem er óendurskoðaður, hefur ekki verið skilað inn til ársreikningaskrár og hann hefur aldrei verið birtur opinberlega. Í skýringu endurskoðanda félagsins á því að hann gefi ekki álit sitt á reikningnum segir að „fjárhagsstaða félagsins er með þeim hætti að verulegur vafi er á áframhaldandi rekstri þess en eigið fé þess í árslok 2008 var neikvætt um 4.917 millj. kr.“

### Lánin færð til þrotabús Kaupþings

Gaumur er enn starfandi þrátt fyrir að hafa verið í þessari stöðu. Félagið gerði kyrrstöðusamning við Arion banka á árinu 2010, en bankinn hélt á 54,6 milljarða króna láninu sem Gaumur var í ábyrgð fyrir. Það var veitt til 1998 ehf. þegar það félag keypti smásölurisann Haga á vormánuðum 2008 af Baugi. Stærsti einstaki eigandi 1998 ehf. var Gaumur, en félagið átti 82,3 prósenta hlut. Aðrir eigendur voru eignarhaldsfélagið ISP, sem er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs, með 8,9 prósenta hlut og Bague S.A., sem er meðal annars í eigu Hreins Loftssonar, með 8,8 prósenta hlut.

Kyrrstöðusamningur Gaums við Arion banka rann úr gildi snemma á árinu 2011. Fréttablaðið leitaði upplýsinga um hvort greitt hefði verið af þeim lánum sem voru á gjalddaga á árunum 2009 og 2010 án árangurs. Samkvæmt upplýsingum blaðsins voru lán Gaums færð aftur til þrotabús Kaupþings sumarið 2011. Í ársreikningnum segir að á Gaumi hvíli „sjálfsábyrgðir að fjárhæð 54.556 millj. kr. vegna ábyrgða sem félagið hefur tekist á hendur“. Þar er um að ræða ábyrgð vegna 1998 ehf.

Arion banki afskrifaði 21,6 milljarða króna af skuldum 1998 í lok árs 2010. Árið eftir voru Hagar seldir að mestu. Salan á Högum mun skila Arion banka tæpum 15 milljörðum króna. 1998 ehf. var síðan afskráð í lok árs 2011, en ábyrgðir á lánum félagsins lifa hins vegar áfram.

### Keyptu bréf í Baugi sumarið 2008

Í ársreikningi Gaums fyrir árið 2008 kemur fram að eignir Gaums hafi rýrnað úr 60 milljörðum króna í 1,7 milljarða króna á árinu 2008. Rúmlega 600 milljónir króna af eignum Gaums voru kröfur á dótturfélög eða tengda aðila. Sá samdráttur var að mestu vegna þess að eignarhluti Gaums í Baugi varð að engu. DV greindi frá því í september að Gaumur hefði keypt hlutabréf í Baugi af ISP, eignarhaldsfélagi Ingibjargar Pálmadóttur, á 2,8 milljarða króna í júní 2008 með láni frá Kaupþingi. Skuldir félagsins drógust að sama skapi saman úr 15,5 milljörðum króna í 6,6 milljarða króna.

Alls tapaði Gaumur 52,8 milljörðum króna fyrir skatta en nýtanlegt skattalegt tap skilaði hins vegar jákvæðum tekjuskatti upp á 4,4 milljarða króna. Alls nam yfirfæranlegt skattalegt tap Gaums 7,3 milljörðum króna í lok árs 2008. Gaumur hafði hagnast um 5,4 milljarða króna árið 2007.

Fréttablaðið sendi Jóni Ásgeiri fyrirspurn í fimm liðum um ársreikninginn og um starfsemi Gaums á síðustu árum. Hann svaraði ekki fyrirspurn blaðsins.

## Eignartilfærslur 23. október 2008

Í ársreikningi Gaums segir að „[Þ]ann 23. október 2008 var gerður samningur milli félagsins og Baugs Group hf. um að félagið keypti alla eignarhluti Baugs Group hf. í BG Danmark A/S og fasteignir. Kaupin á fasteignunum gengu til baka. Í framhaldi af gjaldþroti Baugs Group hf. í mars 2009 hefur bústjóri Baugs Group hf. tilkynnt félaginu að hann hafi í hyggju að rifta ýmsum samningum sem félagið hefur gert og krefja það um endurgreiðslur“.



Þrotabú Baugs rekur nokkur mál fyrir dómstólum gegn Gaumi og eigendum félagsins. Fyrirtaka í riftunarmáli gegn Gaumi, ISP, Bague S.A., Banque Havilland og Pillar Securitisation (sem áður mynduðu Kaupþing í Lúxemborg) fór fram í gær. Það mál snýst um söluna á Högum til 1998 ehf. Þá er fyrirhuguð fyrirtaka í skaðabótamáli þrotabús Baugs gegn Jóni Ásgeiri þann 29. janúar næstkomandi. Þar krefur búið hann um 15 milljarða króna.



# ORÐ SKULU STANDA!

Við gerð kjarasamninga í maí 2011 gaf ríkisstjórnin loforð um mikilvægar aðgerðir sem innlegg í það að ná sátt á vinnumarkaði. Veigamikil atriði hafa ekki verið efnd.

**ASÍ hvetur Alþingi til að standa með íslensku launafólki.**

- Hækkun atvinnuleysisbóta til jafns við hækkun lægstu launa – **ekki efnt**
- Hækkun bóta almannatrygginga til jafns við hækkun lægstu launa - **ekki efnt**
- Fyrstu skref stigin í jöfnun lífeyrisréttinda fólks á almennum markaði til jafns við opinbera starfsmenn - **ekki efnt**
- Afnám laga um skattlagningu á lífeyrisréttindi fólks á almennum markaði - **ekki efnt**
- Gengi krónunnar styrkt - **ekki efnt**
- Verðbólga í takt við verðbólgumarkmið Seðlabankans (2,5%) - **ekki efnt**
- Rammaáætlun afgreidd í samræmi við tillögu sérfræðinganefndar - **ekki efnt**
- Róttækar aðgerðir í atvinnumálum og auknar fjárfestingar - **ekki efnt**

Alþýðusamband Íslands

Öryggi ferðamanna á hálendinu að mestu undir sjálfboðaliðum komið:

# Hægri höndin og sú vinstri

Ferðamönnum á hálendi Íslands fjölgar ört, sérstaklega á sumrin en einnig á öðrum árstímum. Þorri Íslendinga þekkir að skjótt getur veður skipast í lofti þannig að aðgát verður að viðhafa í samræmi við það. Þeir þekkja líka strjálbýli landsins. Erlendir ferðamenn hafa ekki forsendur til að átta sig á þessu enda koma flestir frá þéttbýlum stöðum þar sem veður er mun stöðugra en hér.

Erlendir ferðamenn geta því hæglega komist í hann krappan á ferðum sínum á íslensku hálendi. Engu að síður er það svo að öryggi ferðamanna á hálendi Íslands er að langmestu leyti undir sjálfboðaliðum komið því þótt lögreglan reyni sums staðar að sinna gæslu inni á hálendi þá hefur hún alls ekki til þess fjárhagslegt bolmagn.

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Í fréttaskýringu sem Olga Björt Þórðardóttir, meistaranemi í blaða- og fréttamennsku, vann undir handleiðslu Svavars Hávarðssonar blaðamanns og birtist hér í blaðinu í gær kemur fram að álagið á 200 manna hálendisvakt Landsbjargar eykst ár frá ári. Um er að ræða fjölgun útkalla sem nemur tugum prósenta og suma daga sinnir vaktin tugum útkalla.

Fram kemur einnig að sjálfboðaliðar sinni sífellt fleiri verkefnum sem eru í verkahring lögreglu og það í raun án þess að hafa til þess heimild.

Verkefni hálendisvaktarinnar felast annars vegar í almennri aðstoð, svo sem leiðbeiningum um leiðaval og hjálp varðandi minniháttar bilanir. Hins vegar er um að ræða útköll sem hvort sem er hefðu komið til kasta björgunarsveita að sinna. Í sumar sem leið var hálendisvaktinni sinnt af nærri 200 björgunarsveitarmönnum frá 28 björgunarsveitum.

Enginn vafi er á því að tilkoma hálendisvaktarinnar eykur öryggi ferðamanna verulega. Hins vegar er umhugsunarefni hversu mikill þungi hvílir á sjálfboðaliðum varðandi öryggi ferðamanna og björgun þegar óhapp ber að höndum. Ástæðan er auðvitað sá mikli niðurskurður sem hefur verið hjá lögreglu þegar þörf hefði einmitt verið á að byggja upp og efla öryggisgæslu á hálendinu innan vébanda hennar samfara fjölgun ferðamanna.

Spyrja má hvort ekki sé óábyrgt af yfirvöldum að verja miklum fjármunum til þess að laða hingað til lands aukinn fjölda ferðamanna, árið um kring, án þess að byggja samhliða upp öryggisþjónustu á þeim stöðum sem ferðamennirnir sækja.

Björgunarsveitirnar vinna framúrskarandi starf á hálendisvaktinni eins og annars staðar. Spurningin er hvort ekki sé verið að leggja allt of mikið á þessa viljugu sjálfboðaliða að halda úti þessari þjónustu í sumarleyfum sínum.

Hægri höndin verður að vera meðvituð um hvað sú vinstri gerir og bregðast við því. Ef markmiðið er að laða hingað stóraukinn fjölda ferðamanna, og það árið um kring, þá verður að bregðast við því með því að verja fé til þess að tryggja öryggi þessara ferðamanna með því að byggja upp öfluga hálendissveit sem skipuð er launamönnum í vinnunni. Verkefni sjálfboðaliðanna í björgunarsveitunum verða eftir sem áður ærin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óöryggi á Austurvelli

Vigdís Hauksdóttir spurðist nýverið fyrir um öryggi þingmanna. Hún var ekki hrifin af því að þurfa að ganga yfir myrkvaðan Austurvöllinn að vetri til, á milli skrifstofu sinnar og þinghússins. Og hún var með lausnina á reiðum höndum: „Hvað kostar að flytja allar skrifstofur alþingismanna í þau hús sem Alþingi á sem standa næst þinghúsinu og að flytja skrifstofur starfsmanna þingsins í skrifstofur þingmanna?" spurði hún.



### Ekki hægt

Svarið barst frá Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þingforseta í gær og var nokkuð einfalt: „Engir útreikningar hafa farið fram á því hvað slíkir flutningar mundu kosta, enda væru þeir ekki framkvæmanlegir." Ástæðan er einfaldlega sú að á skrifstofum þingmanna starfa 73, en bara 40 á skrifstofum þingsins. Þar að auki þarf að vera rýmra um þingmennina.



### Árangurslausir fundir

Hins vegar er athyglisvert sem fram kemur í svarinu, að forseti þingsins og starfsfólk þess situr alls ekki auðum höndum þegar kemur að því að tryggja öryggi þingmanna á Austurvelli. Haldnir hafi verið fundir með fulltrúum Reykjavíkurborgar til að þrýsta á um „viðunandi lýsingu", eins og það er kallað, á Austurvelli og í nágrenni hans, en þeir hafi engan árangur borið. Vonandi stendur það til bóta – það er öllum í hag að Austurvöllur sé bjartur og fallegur.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Varnarsigur í Doha

LOFTSLAG



Svandís Svavarsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Árleg þing loftslagssamnings SÞ eru viðamiklar samkomur, enda er verkefnið tröllaukið. Ríki heims taka þar ákvarðanir um bókhald yfir losun, loftslagsvæna tækni og hvernig hægt sé að aðstoða ríki sem verst standa vegna breytinga á loftslagi og lífsskilyrðum. Umfram allt er rætt um leiðir til að ráðast að rót vandans og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kýótóbókunin, sem setur töluleg markmið fyrir nær 40 auðug ríki, átti að vera fyrsta skrefið til að koma á bindandi losunarskuldbindingum á heimsvísu. Nú stefnir hins vegar í öfuga átt. Ríkjum með skuldbindingar fer fækkandi, en fjölgar ekki eins og að var stefnt.

Á nýloknum fundi í Doha í Katar var samþykkt að Kýótó-bókunin yrði framlengd um annað tímabil, frá 2013 til 2020, en því fyrsta lýkur nú á gamlársdag. Eingöngu Evrópuríki taka á sig skuldbindingar á nýju tímabili, ásamt Ástralíu, en ríki með 85% heimslosunar verða án alþjóðlega bindandi losunarmarkmiða. Vonir eru bundnar við nýjar samningaviðræður um losunarmarkmið fyrir öll ríki, sem til stendur að ljúka árið 2015, þótt markmiðin sjálf eigi ekki að taka gildi fyrr en 2020.

Þótt viðræður gangi hægt er mikilvægt að ríki heims haldi áfram að vinna

**➜ Þótt horfurnar í loftslagsmálum séu fjarri því að vera bjartar, þá vannst mikilvægur varnarsigur í Doha. Nú þarf að snúa vörn í sókn og takast af krafti á við þessa stærstu áskorun samtímans …**

saman undir regnhlíf loftslagssamningsins. Í Kýótó-bókuninni hefur bókhaldið verið þróað lengst. Þar eru gefnar út losunarheimildir og settar reglur sem eiga að gera ríkjum kleift að ná árangri á hagkvæman hátt. Þótt kvarnast hafi úr Kýótó-hópnum í Doha var líf hans framlengt. Það er mikilvægt að einhver ríki standi vaktina og þrói og efli kerfi til að draga úr losun, sem getur gagnast í víðtækara samkomulagi síðar. Ísland má vera stolt af því að vera í þeim hópi ríkja sem mest leggja af mörkum varðandi skuldbindingar og leiðir að lausnum.

Þótt horfurnar í loftslagsmálum séu fjarri því að vera bjartar, þá vannst mikilvægur varnarsigur í Doha. Nú þarf að snúa vörn í sókn og takast af krafti á við þessa stærstu áskorun samtímans svo að unnt sé að hlúa að forsendum lífs og velsældar á jörðinni fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Rökkurtími risaveldis

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



„Það er alltaf morgunn í Bandaríkjunum,“ sagði sá vinsæli forseti Ronald Reagan og víst er margt þar vestra sem minnir á bjart árdegi. Nú húmar hins vegar hratt að kvöldi fyrir heimsveldi Bandaríkjanna. Það er niðurstaða nýrrar skýrslu sem samin var fyrir Bandaríkjaforseta af sérfræðingum frá sextán stofnunum sem vinna að upplýsingaöflun og njósnum í þágu öryggis og utanríkisstefnu landsins. Þetta varðar alla því Bandaríkin hafa verið akkeri heimsmála í marga áratugi og sá aðili sem öllum öðrum fremur hefur mótað dagskrá alþjóðamála.

### Alger sérstaða

Hvað sem mönnum sýnist um nýja og gamla hegðun Bandaríkjanna sem heimsveldis þá hefur afl landsins og vilji ráðamanna til að beita því skipt sköpum. Bandaríkin ein voru helmingur af hagkerfi heimsins fyrir sextíu árum og eru enn ríflega fimmtungur þess. ESB er heldur stærra. Nú segja menn að Kína verði komið fram úr báðum innan fimmtán ára. Bandaríkin nota hins vegar nærri eins mikið fé til hermála og allar aðrar þjóðir á jörðinni til samans. Sumir telja líka landið öflugasta heimsveldi allra tíma vegna getu þess til að verja margvíslega hagsmuni sína samtímis um allan hnöttinn. Stundum með hernaði, oftar með hótunum en þó langoftast með óhemju stóru og þéttu neti áhrifa. Aðdráttaraflið eitt og sér er líka gild rót áhrifa.

### Stjórnleysi og ofurvald

Alþjóðakerfið hefur um aldir einkennst af spennu á milli stjórnleysis og vilja til stöðugleika. Stjórnleysi er innbyggt í kerfi þar sem öll ríki eru fullvalda og ekkert miðstjórnarvald er til. Ofurvald eins ríkis er ein fárra leiða fram hjá stjórnleysinu. Þannig var um breska heimsveldið sem mótaði alþjóðakerfið með hagmunum sínum og afli en tryggði líka oft sæmilegan frið og opin viðskipti. Þannig var þetta líka, og er að einhverju leyti enn, með heimsveldi Bandaríkjanna. Menn kalla þessi tvö tímabil stundum Pax Britannica og Pax Americana í minningu um rómverska friðinn sem auðvitað var alls ekki friður fyrir alla, frekar en sá breski eða bandaríski. Nú segja menn að Pax Americana sé að líða undir lok og að innan nokkurra ára verði heimurinn svo breyttur að ekkert eitt ríki beri ægishjálm yfir önnur.

### Minni hroki

Skýrslan sem Obama fékk í hendur nú í vikunni er ólík þeim plöggum sem Bush forveri hans fékk frá sömu aðilum. Þá ríkti sannfæring um algera og varanlega yfirburði Bandaríkjanna. Rætt var um getu Bandaríkjanna til að heyja styrjaldir til

> Plögg frá nýliðnum tíma eru vitnisburður um það sem valdinu verður oftast að falli …

varnar þeim hagsmunum sem þau kynnu að telja sig hafa, jafnvel tvær styrjaldir samtímis á ólíkum svæðum heimsins og af ólíku tilefni ef svo vildi til. Stjórn á heiminum var spurning um hvernig blokkir Bandaríkin mynduðu í hverju máli. Eftir hrakfarirnar í Írak, forystuleysi í umhverfismálum, uppgang annarra ríkja og einangrun Bandaríkjanna í mörgum heimsmálum er þetta breytt. Plögg frá nýliðnum tíma eru vitnisburður um það sem valdinu verður oftast að falli, þetta sem Grikkir kölluðu húbris og við þýðum, þó ekki vel, sem hroka eða dramb.

### Innsýn

Mikilvægi skýrslunnar nýju er ekki fólgið í þeim upplýsingum sem þar er að finna. Fræðimenn hafa áður bent á allt sem þar er sagt. Sumir hafa þusað um þessa hluti lengi. Það skiptir hins vegar máli hver segir þetta og við hvern hann talar. Þetta er skýrsla færustu embættismanna stofnana ríkisins til forsetans sjálfs. Þarna fæst innsýn í hugarheim og stöðumat þeirra fjölmörgu sem móta utanríkisstefnu Bandaríkjanna, því það gerir forsetinn ekki einn. Sá heimur hefur breyst og um leið matið á möguleikum, viðfangsefnum og stefnu Bandaríkjanna.



### Nýtt valdajafnvægi

Stöðugleiki í alþjóðakerfinu hefur aðeins náðst með einu öðru formi en ofurvaldi eins ríkis. Það er með valdajafnvægi stórvelda. Margar af stærstu spurningum tímans snúa því að rísandi stórveldum, hagsmunum þeirra og afli. Og svo að því hvernig Bandaríkjunum muni takast að vinna með þeim. Það samstarf yrði á miklu meiri jafnréttisgrundvelli en kynslóðir bandarískra ráðamanna hafa tamið sér eða þurft að þekkja.

### Öðruvísi

Það má líka spyrja hvort eðlisbreyting verði á alþjóðakerfinu við þá gífurlegu tilfærslu á auði, völdum og áhrifum sem á sér stað þessi árin frá vestri til austurs í heiminum og með brotthvarfi Bandaríkjanna úr hlutverki ofurveldis. Alþjóðakerfið er skilgetið afkvæmi engilsaxnesku stórveldanna sem hafa ráðið því í tvær aldir. Þar tók sonur við af móður. Nýju stórveldin eru öðruvísi ríki. Þau hafa líka annan skilning á sögu síðustu alda.

### Neysla og ójöfnuður

Eitt verður þó æ líkara. Það er neyslumynstur þjóða. Millistéttir eru í slíkri sókn um alla jörðina að fátt er að breyta heiminum eins mikið. Keimlíkir draumar neytenda þjappa kannski heiminum saman. En búa líka til aðra vá, umhverfiseyðingu og auðlindaátök. Það sýnir stóraukna samtengingu heimsins yfir landamæri ríkja að skýrslan telur vöxt millistétta vera eitt af stóru heimsmálunum. Um leið bendir hún á að óstöðugleiki og ófriður getur hlotist af vaxandi ójöfnuði innan einstakra samfélaga heimsins.


Veglegar verðlaunabækur

Starfsfólk bókaverslana – Bókmenntaverðlaun 2012










Besta handbókin / fræðibókin
„Feikivel heppnuð bók... stuð á hverri síðu.“
Jón Agnar Ólason, Mbl.
★★★★★ Fbl.

Besta ævisagan
„Ég drakk þessa bók í mig og fékk sting í hjartað.“
Guðrún Karítas, Eymundsson.
Mest selda bók landsins!
#1 Metsölulisti Félags íslenskra bókaútgefenda 2. – 8. des.
#1 Metsölulisti Eymundsson 5. des. – 11. des.

Besta þýdda barnabókin
„Saga um vináttu ... Vegleg bók, óskaplega falleg.“
Þorgeir Tryggvason, Rás 2.
★★★★ Fbl.

Við segjum sögur
Bækur/Tónlist/Myndbönd
www.sogurutgafa.is
sögur ÚTGÁFA

# Blekkingar í skammdeginu

FJÁRLÖG



**Tryggvi Þór Herbertsson**
prófessor í hagfræði og þingmaður

Hann var brattur fyrrverandi fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hér í blaðinu í gær þegar hann tíundaði stórkostlegan árangur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í bland við gamla sveitarómantík og ljóðlínur hrærir hann hagtölum sem standast ekki neina skoðun. Hann segir ríkisstjórnina – þá helst hann sjálfur einn og óstuddur ef marka má ummæli hans í Viðskiptablaðinu á dögunum – hafa snúið fjárlagahallanum úr 216 milljarða halla árið 2008 í áætlaðan 2-4 milljarða halla á næsta ári. Það er vel að verki staðið ef rétt væri.

Árið 2008 var hallinn á rekstri ríkissjóðs um 24 milljarðar króna. Við þá tölu bættust síðan óreglulegir liðir – einsskiptistap – sem námu um 192 milljörðum króna. Þessa gríðarlegu upphæð má að mestu rekja til þess að kröfur á viðskiptabankana sem voru að handveði í endurhverfum viðskiptum í Seðlabankanum töpuðust að stórum hluta í hruninu.

Svipuð staða er uppi á teningnum hvað varðar fjárlög næsta árs þótt smærri sé. Ríkisjóður áætlar að þurfa að greiða 13 milljarða til að styrkja eigið fé Íbúðalánasjóðs vegna taps sem annars vegar má rekja til þess að margir lántakendur geta ekki staðið við lán sín og hins vegar til þess að sjóðurinn getur ekki greitt upp skuldbindingar sínar þegar íbúðareigendur greiða upp lán við sjóðinn. Það myndar neikvæðan vaxtamun fyrir sjóðinn. Íbúðalánasjóður hefur tapað miklum fjármunum vegna þess.

### Frumleg nálgun

Fjármálaráðherrann fyrrverandi segir að þar sem 13 milljarðarnir muni mynda eigið fé í Íbúðalánasjóði þá séu þetta ekki útgjöld fyrir ríkisjóð og því bæti framlagið ekki við halla ríkissjóðs. Það er óneitanlega frumleg nálgun.

Nú er það svo í bókhaldi að þar sem er kreditfærsla þá er debetfærslan ekki langt undan. Tap Íbúðalánasjóðs þarf að færa til gjalda hjá ríkissjóði. Svo einfalt er það.

Augljóst er að færsla ríkissjóðs í bókhaldi vegna taps Íbúðalánasjóðs er algjörlega sambærileg við færsluna sem gerð var vegna taps Seðlabankans. Hallinn á ríkissjóði á næsta ári verður því 15 til 17 milljarðar, ekki 2 til 4 milljarðar, þegar sömu uppgjörsaðferð er beitt og notuð var árið 2008. En þetta er bara byrjunin.

Áætlaður munur á eignum og skuldbindingum A-deildar LSR nemur um 54 milljörðum króna. Þetta gat myndaðist vegna taps lífeyrissjóðsins. Það þarf að fjármagna og eðlilegt væri að gera ráð fyrir tapinu í fjárlögum. Ef það er gert verður hallinn á fjárlögum 69 til 71 milljarður á næsta ári en ekki 2 til 4 milljarðar.

**➜ Hallinn á ríkissjóði á næsta ári verður því 15 til 17 milljarðar, ekki 2 til 4 milljarðar, þegar sömu uppgjörsaðferð er beitt og notuð var árið 2008. En þetta er bara byrjunin.**

Hér er ekki tekið tillit til þess hér að útgjaldaþrýstingurinn á ríkissjóð er gríðarlegur. Engar líkur eru því á að ríkisútgjöld á næsta ári verði þau sem að er stefnt. Það er ekki hægt lengur að svelta heilbrigðisstarfsmenn, löggæsluna og aðra grunnþjónustu eins og nú er gert. Jafnframt er ekki tekið tillit til þess að um 373 milljarða vantar í B-deild LSR. Ég er reyndar ósammála þeim sem segja að taka þurfi tillit til þessarar upphæðar í fjárlögum þar sem B-deild LSR byggir á gegnumstreymisfyrirkomulagi – þeir sem eru á vinnumarkaði borga lífeyri fyrir hina eldri.

Ég er þeirrar skoðunar að fjárlög næsta árs séu blekking og eigi miklum mun meira skylt við grískt bókhald en þau vönduðu fjárlög sem ráðherrann gumar af. Það er mikilvægt að sópa ekki vandanum undir teppið eins og nú er gert. Það vita búmennirnir sem hafast við í gangnakofunum á haustin. En það sem ég sakna helst úr grein ráðherrans er að skáldskapurinn skuli ekki vera í bundnu máli. Það hefði verið viðeigandi fyrst ráðherrann kaus að láta þekktar ljóðlínur fylgja.

# Ólögmætir fjármálagerningar og bótaréttur fyrirtækja

FJÁRMÁL



**Páll Rúnar Mikael Kristjánsson**
lögmaður Félags atvinnurekenda

Á síðastliðnum árum hefur mikið verið deilt um uppgjör á gengistryggðum lánum, þ.e. skuldbindingum í íslenskum krónum sem bundnar hafa verið við gengi erlendra gjaldmiðla. Ótal mál hafa verið rekin fyrir dómstólum þar sem reynt hefur á margvíslegar málsástæður deilenda. Eftir mikla fyrirhöfn er nú svo komið að Hæstiréttur hefur varpað ljósi á fjölmörg álitamál er þetta varðar og þannig svarað mörgum spurningum þeirra skuldara sem í hlut eiga.

Það er hins vegar langur vegur frá því að önnur mál sem tengjast fjármögnun og fjármálagerningum á árunum fyrir hrun séu leyst. Vega þar þyngst mál sem tengjast afleiðum og öðrum fjármálagerningum sem hinir föllnu bankar buðu viðskiptavinum sínum á árunum í kringum hrun. Um slíka gerninga, og fyrirtækin sem bjóða þá, gilda strangar reglur en svo virðist sem hinir föllnu bankar hafi í mörgum tilfellum sniðgengið þær reglur. Þá virðist sem frágangur þessara gerninga hafi oft ekki hafa verið mjög ítarlegur. Það er því eðlilegt að margir spyrji sig að þeirri spurningu hvaða áhrif framangreint hefur á stöðu þeirra sem urðu fyrir tjóni í þessum viðskiptum.

### Vafi um lögmæti

Sá vafi sem leikur á lögmæti margra þeirra gerninga sem um ræðir undirstrikast m.a. í nýlegum dómum Hæstaréttar þar sem slitastjórnir hafa freistað þess að innheimta kröfur á grundvelli gjaldeyrisskiptasamninga og annarra fjármálagerninga. Þær mótbárur sem skuldarar hafa teflt fram í slíkum uppgjörum snerta m.a. stöðu þeirra sem almennra fjárfesta (en ekki fagfjárfesta) og mögulegan skaðabótarétt skuldara í þessum viðskiptum en slíkar kröfur gætu komið til skuldajafnaðar á móti tapi af viðskiptunum. Þá eru í ákveðnum tilfellum sterk rök fyrir því að atvik að baki viðskiptunum eða háttsemi kröfuhafans geti leitt til ógildingar gerninganna eða þess að það teljist ósanngjarnt af kröfuhafanum (í flestum tilvikum slitastjórnir bankanna) að bera þá fyrir sig. Byggist sú niðurstaða bæði á lögum frá Alþingi og ólögfestum reglum fjármunaréttar. Það er því margt sem þarf að íhuga áður en slíkar kröfur eru greiddar.

**➜ Hafi forsvarsmenn fyrirtækja það á tilfinningunni að viðskipti hafi leitt til ósanngjarnar niðurstöðu er sú tilfinning ein og sér næg til þess að kanna rétt sinn frekar.**

### Skaðabótaskylda

Í þeim dómum sem fallið hafa til þessa hefur Hæstiréttur staðfest að meðferð almenns fjárfestis sem fagfjárfestis hafi ekki ein og sér þau áhrif að samningar hans við fjármálafyrirtæki séu ógildir. Hins vegar er ljóst af þeirri dómaframkvæmd sem nú liggur fyrir að Hæstiréttur hefur opnað á mögulega skaðabótaskyldu vegna rangrar flokkunar fjárfesta sem og mögulega ógildingu fjármálagerninga, eins og afleiðna, vegna annarra atvika. Þá kann það í ákveðnum tilfellum að teljast ósanngjarnt af kröfuhafa að bera slíka samninga fyrir sig gagnvart skuldara. Í ljósi alls þessa er mikilvægt fyrir þá sem tóku þátt í slíkum viðskiptum við hina föllnu banka og aðrar fjármálastofnanir að kanna vel rétt sinn og lagalega stöðu. Hafi forsvarsmenn fyrirtækja það á tilfinningunni að viðskipti hafi leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu er sú tilfinning ein og sér næg til þess að kanna rétt sinn frekar. Sá sem telur sig hafa verið órétti beittur á oftar en ekki rétt samkvæmt lögum jafnvel þótt hann þekki þau lagaákvæði ekki sjálfur.

Í hnotskurn þá eru ákveðin lögfræðileg rök fyrir því að þeir sem hafa gert ólögmæta afleiðusamninga þurfi ekki að þola tjón sitt óbætt. Þá gæti staða þeirra verið með þeim hætti að það væri ósanngjarnt af kröfuhafanum að bera samninginn fyrir sig. Það er því mikilvægt að allir þeir sem gert hafa slíka samninga skoði vel lagalega stöðu sína. Þá er ekki loku fyrir það skotið að hluthafar í fyrirtækjum sem gerð hafa verið gjaldþrota á grundvelli slíkra krafna kunni að eiga bótarétt ef ráð er í tíma tekið.

# Sérstakur saksóknari slær skjaldborg um bankana

FJÁRMÁL



**Ólafur Hauksson**
almannatengill

Samanburður á vinnubrögðum sérstaks saksóknara í tveimur kærumálum sýnir ótrúlegan undirlægjuhátt embættisins við bankana, á meðan „venjulegt“ fólk má éta það sem úti frýs.

Ég hef áður minnst á þessi tvö mál hér í Fréttablaðinu, en tel rétt að sýna nánar fram á muninn á vinnubrögðum embættisins.

Annars vegar er þetta kæra bankanna á hendur Aroni Karlssyni og hins vegar kæra mín og félaga minna á hendur Pálma Haraldssyni og vitorðsmönnum hans.

Bankarnir kærðu Aron fyrir að blekkja þá um verðmæti fasteignar í tengslum við skuldaskil, jafnvel þó fáir viti meira um verðmæti fasteigna í Reykjavík en bankamenn. En saksóknari ákvað samt umsvifalaust að hefja opinbera rannsókn.

Ég og félagar mínir kærðum Pálma og vitorðsmenn hans fyrir að blekkja okkur um verðmæti Iceland Express við sölu síðustu hluta okkar í félaginu. Okkur hafði verið sýnt falskt verðmat frá Deloitte sem hafði afgerandi áhrif á það að við seldum Pálma hlutina langt undir raunvirði. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, sem síðan rann inn í embætti sérstaks saksóknara, vísaði kærunni frá án rannsóknar. Taldi að þetta hefðu einfaldlega verið viðskipti.

Saksóknari réðst hins vegar umsvifalaust í húsleit hjá Aroni til að afla sönnunargagna um meintar blekkingar hans gagnvart bankamönnum. Eitt mikilvægasta sönnunargagnið taldi embættið vera afrit af textaspjalli Arons við bróður hans á Skype, tæpu hálfu ári áður en blekkingarnar áttu að hafa gerst.

### Sönnunargögn

Loks eftir að við höfðum sjálfir aflað sönnunargagna frá Deloitte var fallist á að rannsaka kæruna á hendur Pálma og félögum. Rannsóknin fór þannig fram að hringt var í lögmann Pálma, sem hafði annast samningagerðina. Lögmaðurinn var spurður hvort hann hefði umrætt falskt verðmat í fórum sínum (hann hafði neitað að afhenda það á sínum tíma). Nei, hann sagðist ekki finna það. Takk fyrir, vertu blessaður. Þar með var skjalið ekki til að mati rannsakenda. Húsleit? Ekki í boði fyrir venjulegt fólk, bara banka.

Þrátt fyrir að öll gögn í máli Arons sýndu að hann hafði hagnast um 10-15% á því að selja húseign við Skúlagötu eftir að hafa gengið frá samningum við bankana, þá ákærði sérstakur saksóknari hann fyrir að hafa haft af þeim 300 milljónir króna. Sérstakur saksóknari hélt fast við fullyrðinguna um að Aron hefði blekkt bankamennina um verðmæti fasteignarinnar, jafnvel þó að bankarnir hefðu sjálfir gert Aroni tilboð um fullnaðargreiðslu á veðskuldunum sem á endanum var samið var um – og fengið allt greitt. Og dómarinn féllst á að þessi viðskipti væru refsiverð.

Í okkar tilfelli sýndum við sérstökum saksóknara skýr gögn um blekkingar Pálma og félaga. Samkvæmt hinu falska verðmati Deloitte var hagnaður Iceland Express sagður 89 milljónir króna, meðan hann var í raun 290 milljónir króna. Fyrirtækið var því í raun þrisvar til fjórum sinnum verðmætara en fullyrt var við samningagerðina. En sérstakur saksóknari taldi svoleiðis sannanir ekkert gildi hafa, a.m.k. ekki í samanburði við textaspjall á Skype.

### Rán verður að viðskiptum

Aron bauð bönkunum að taka húsið við Skúlagötu til sín, en þeir höfnuðu því og vildu frekar selja það á nauðungaruppboði. Þeir gerðu þó ekkert í því og hvöttu Aron til að kaupa upp veðskuldirnar, sem hann gerði. Bankarnir fengu þannig mun hærri greiðslur en við nauðungarsölu og voru meira en sáttir. En þegar Aron seldi svo húsið með hagnaði eftir að hafa fallist á tilboð bankanna um skuldauppgjör, þá ærðust þeir og hlupu í fangið á saksóknara, sem tók að sér innheimtustörf með refsivöndinn á lofti.

**➜ Ég og félagar mínir kærðum Pálma og vitorðsmenn hans fyrir að blekkja okkur um verðmæti Iceland Express við sölu síðustu hluta okkar í félaginu. Okkur hafði verið sýnt falskt verðmat frá Deloitte sem hafði afgerandi áhrif á það að við seldum Pálma hlutina langt undir raunvirði.**

Endalok samskipta okkar venjulegra manna af götunni við sérstakan saksóknara, eftir margra ára þref, voru hins vegar þau að hann henti okkur út. Sagðist ekki skipta sér af viðskiptum.

Þegar þessi tvö kærumál eru borin saman, þá er atgangurinn gegn Aroni ekkert annað en ósmekklegt grín sem Hæstiréttur hlýtur að leiðrétta. Þjónkun sérstaks saksóknara við bankana í því máli er ámátleg. Bankarnir eru sérfræðingar, alltaf í yfirburðastöðu gagnvart fólki og verða fráleitt blekktir af skuldunautum sínum. Einnig er ljóst að bankarnir högnuðust stórlega, því þetta var krafa sem þeir höfðu fengið fyrir slikk frá föllnu bönkunum.

Við vorum rændir, en sérstakur saksóknari kallar það viðskipti. Aron og bankarnir áttu í viðskiptum, en sérstakur saksóknari kallar það rán.

Engin furða þó að orðræða Jóns Hreggviðssonar í Íslandsklukkunni sé mörgum hugleikin: „Vont er þeirra ránglæti, verra þeirra réttlæti.“

# Nú erum við að tala saman

FJÁRFESTINGAR



**Bjarni Gíslason**
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

Ég þakka Vilhjálmi Egilssyni fyrir góða grein í Fréttablaðinu 6. desember sem var skrifuð í framhaldi af grein minni í sama blaði 27. nóvember. Í minni grein var ég helst að finna að orðalagi þar sem heil heimsálfa er sett undir einn hatt og ein fullyrðing látin gilda fyrir öll lönd álfunnar.

Nú tekur Vilhjálmur fyrir nokkur lönd Afríku og einmitt kemur í ljós að þau eru ekki öll á sama stað, eru samkvæmt einum lista frá 40. sæti niður í 121. sæti og á öðrum lista frá 32. niður í 143. Það er meiri munur á löndum innan Afríku en á Íslandi og Túnis. Það er miklu málefnalegra að bera saman lönd og lönd en ekki land og heimsálfu. Nú erum við að tala saman. Og svo er ég mjög ánægður með að við erum báðir sammála um að vilja velgengni Afríku sem mesta.

**➜ Það er miklu málefnalegra að bera saman lönd og lönd en ekki land og heimsálfu.**

Að lokum dæmisaga: Tveim skóframleiðendum í Evrópu hafði farnast vel og vildu báðir færa út kvíarnar og fjárfesta í Afríku. Báðir sendu fulltrúa sína til ónefnds svæðis í ónefndu landi til að kanna fjárfestingamöguleika. Annar sendi tölvupóst til baka: Vondar fréttir. Litlir möguleikar til fjárfestinga, hér notar enginn skó! Hættum við fjárfestingar. Hinn sendi líka tölvupóst: Góðar fréttir. Miklir möguleikar til fjárfestinga, hér notar enginn skó! Fjárfestum strax áður en aðrir gera það!

# @ HARÐIR PAKKAR

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

## LEIKJAMÚS



Razer

**Razer DeathAdder**

Mögnuð leikjamús, Optical 3,5G, 3500dpi.

**8.950**

## LEIKJALYKLABORÐ



**Razer Arctosa**

Sérhannað lyklaborð fyrir tölvuleikina með forritanlegum hnöppum ofl.

Razer

**8.450**

## ÞRÁÐLAUS STÝRIPINNI



**Logitech F710**

Þráðlaus 2.4GH stýripinni fyrir leikina með Nano sendi, tvöföldu titrings feedback, fljótandi örvatakka og USB tengi. Stillanleg með hugbúnaði.

Logitech

**8.950**

## HEYRNARTÓL



PHILIPS

**Philips SHP1900**

Lokuð heyrnartól með 20Hz - 20kHz tíðnisviði, 32 Ohm og 98dB/1mW næmni. 2m kapall.

**2.950**

## LEIKJATÖLVA

COOLER MASTER · intel CORE i5 inside



### INTEL TÖLVA 4

- CoolerMaster Elite K350 leikjaturn m/glugga
- Intel Core i5 IvyBridge 3450örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 1600MHz vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 2TB SATA3 harður diskur
- Geforce N650GTX OC 1GB GDDR5 skjákort
- Windows 8 64bita

Windows 8

**149.950**

## HEIMILISTÖLVA

COOLER MASTER · A6 AMD



120GB SSD DRIF

### AMD TÖLVA 2

- CoolerMaster Elite 342 mini turn
- AMD Trinity A6 5400K DualCore örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 120GB OCZ Agility 3 SSD drif
- Radeon HD7540D 2GB skjákjarni
- Windows 8 64bita

Windows 8

**89.950**

## 7" SPJALDTÖLVA



nextbook

Android 4.0

**Nextbook Premium 7**

Létt og nett spjaldtölva með ARM Cortex-A8 örgjörva, 512MB minni, 4GB geymslupláss, 7" WideScreen skjá og Android 4.0 stýrikerfi.

**13.950**

## 15,6" FARTÖLVA



**Acer Aspire AE1531**

acer

- Intel B830 Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB SATA harðdiskur
- DVD ±RW og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel HD skjákort
- HD vefmyndavél í skjá
- Windows 8 64-BIT

15,6"

Windows 8

**89.950**

## 24" LED SKJÁR



24"

**AOC E2450SWDA**

LED LCD TN skjár með 1920x1080 upplausn, 5ms svartíma, VGA og DVI tengi.

AOC

**28.950**

## 1TB TV FLAKKARi

1080P HDMI



UNITED

**United 9560**

3.5" Full HD margmiðlunarspilari með HDMI, Composite og Optical tengjum, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**1TB**

**29.950**

## VEFMYNDAVÉL



Logitech

**Logitech WebCam C170**

Einföld vefmyndavél með 1024x768 XGA upplausn.

**2.750**

## TÖLVUVIÐGERÐASETT



MANHATTAN

**Manhattan TOOLKIT**

13 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

**1.750**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# Lífeyrissjóðirnir: Skylda, frelsi og ábyrgð

LÍFEYRISSJÓÐIR



Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri SA

Samkvæmt lögum eru allir á vinnumarkaði skyldugir til þess að greiða í lífeyrissjóð. Um þessa skyldu er víðtæk samstaða. Í löndum þar sem lífeyrissjóðir hafa lítið hlutverk fara skattar síhækkandi vegna fjölgunar aldraðra. Kosturinn við sjóðssöfnun lífeyrissjóða er að stór hluti lífeyrisins er uppsafnaðar fjármagnstekjur. Skylduþátttaka í lífeyrissjóði er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að þeir sem koma sér undan iðgjöldum fái fullar greiðslur úr almannatryggingum. Ef sá möguleiki væri fyrir hendi gæti fólk velt byrðum yfir á samborgarana án þess að leggja eðlilegt framlag af mörkum.

Skipulag lífeyrissjóða er sífellt til umræðu enda eru sjóðirnir með mikilvægustu stofnunum samfélagsins. Meðal álitamála er hvernig fólk uppfyllir greiðsluskyldu sína, rétt til að velja sjóð og stjórnun sjóðanna. Í lögum um lífeyrissjóði er annars vegar frelsi til að velja tiltekinn sjóð og hins vegar frelsi til að gera kjarasamninga um stofnun og rekstur lífeyrissjóða. Sjóðirnir hafa sjálfir vald til þess að ákveða um stjórnskipan sína og stjórnir eru einkum skipaðar af aðstandendum þeirra en nokkrar kosnar af sjóðsfélögum.

### Meðal öflugustu í heimi

Lífeyrissjóðirnir hafa verið í uppbyggingu í langan tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa verið í fararbroddi. Stefna stéttarfélaganna er að tengja uppbyggingu lífeyrisréttinda við gerð kjarasamninga og kveða þar á um iðgjöld í lífeyrissjóðina. Þróun lífeyrismála hefði orðið allt önnur ef aðilar vinnumarkaðarins hefðu ekki tekið að sér þetta hlutverk. Þá hefði lífeyrissjóðakerfið mótast fyrst og fremst í gegnum stjórnmálakerfið. Niðurstaðan af forystu aðila vinnumarkaðarins er hins vegar sú að íslensku lífeyrissjóðirnir eru meðal þeirra öflugustu í heiminum og eitt af því sem hvað best hefur tekist í íslensku samfélagi.

Aðilar vinnumarkaðarins axla ábyrgð á stjórn lífeyrissjóða á samningssviði þeirra. Samtök atvinnulífsins og stéttarfélögin tilnefna í stjórnir sjóðanna á almenna vinnumarkaðnum og sambærilegt gildir fyrir sjóði opinberra starfsmanna. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og stéttarfélaganna hafa þau hlutverk í stjórnum sjóðanna að gæta þess að vel sé farið með fé þeirra og starfsemin sé í samræmi við það sem til er ætlast. Hagsmunir viðkomandi sjóða eru í fyrsta og eina sætinu. Sjóðirnir eru ekkert annað en lífeyrisréttindi sjóðsfélaganna í nútíð og framtíð.

### Lykilspurningar

Stundum heyrast efasemdir um það fyrirkomulag að Samtök atvinnulífsins eða atvinnurekendur skipi fulltrúa í stjórnir lífeyrissjóða til jafns við stéttarfélögin. Rökin fyrir því eru þau að uppbygging og rekstur

**➜ Sjóðirnir hafa sjálfir vald til þess að ákveða um stjórnskipan sína ...**

lífeyrissjóðanna er sameiginlegt verkefni fyrirtækjanna og starfsfólksins og framlög í lífeyrissjóðina tengjast þátttöku á vinnumarkaði. Fyrirtækin standa frammi fyrir því að kröfur um launakostnað og framlög í lífeyrissjóði fara eftir því hvernig til tekst í uppbyggingu þeirra. Hagsmunir fyrirtækjanna og Samtaka atvinnulífsins í stjórnum lífeyrissjóða eru alfarið þeir að sem best takist við rekstur og uppbygginguþeirra. Slakur árangur kallar á meiri kostnað allra fyrirtækja og rýrir hag þeirra. Það er því skýr afstaða Samtaka atvinnulífsins að taka þátt í stjórn lífeyrissjóðanna meðan þeir eru á annað borð viðfangsefni kjarasamninga.

Það er óhjákvæmilegt að spyrja nokkurra lykilspurninga þegar efast er um aðkomu aðila vinnumarkaðarins að lífeyrissjóðunum. Verður sjóðunum stýrt af meiri ábyrgð ef stjórnmálamenn verða í aðalhlutverki í þróun og uppbyggingu lífeyriskerfisins? Er tryggingafræðilegur halli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kannski dæmi um ábyrgð og framsýni í lífeyrismálum? Hvaða afl hefðu lífeyrissjóðirnir til að standa gegn tillögum, tilraunum og aðgerðum ríkisstjórnar og þingmanna til að rýra sjóðina með skattlagningu eða öðrum byrðum óskyldum hlutverki þeirra ef aðilar vinnumarkaðarins væru ekki bakhjarlar þeirra?




# Næsta kynslóð nái samhljómi

MENNING



Arna Kristín Einarsdóttir
tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Þau eru ekki há í loftinu þar sem þau rogast með hljóðfærin sín inn í Hljómskálann. Þau eru að mæta á sína fyrstu hljómsveitaræfingu í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar og byrjuðu í haust að læra á hljóðfæri. Þau taka upp hljóðfærin sín, hita sig upp og koma sér fyrir á efri hæð skálans. Eflaust eru þau með smá fiðring í maganum. Klukkan er líka margt, það er algjört myrkur úti og flest þeirra búin að eiga langan dag. Hljómsveitarstjórinn fer yfir helstu atriði í samspili. Hann lyftir upp tónsprotanum og þó að einhverjir spili kannski vitlausa nótu, eða týnist í smá tíma og stundum ískri í hljóðfærunum, þá gerist kraftaverk. Það kemur lag. Í ólíkum röddum leika þau saman, sama lagið. Og saman hljóma þau svo miklu magnaðri en þegar þau eru ein að æfa sig heima.

Eftir æfingu spjalla þau saman meðan þau pakka niður hljóðfærunum. Það er augljóst að á milli þeirra hefur þegar myndast strengur. Þau eru komin með sameiginlegt markmið og munu leika á jólatónleikum á aðventunni.

### Sameinumst um næstu kynslóð

Frambjóðendum í forsetakosningum síðastliðið vor var tíðrætt um að þjóðin væri sundruð og það þyrfti að sameina hana aftur. Nú í aðdraganda alþingiskosninga hljómar þetta þema aftur. Frambjóðendur í prófkjörum boða breyttar áherslur, samræðu- og samvinnupólitík og reyna allt til að endurvekja traust til að ná inn á þing.

En hvernig sameinar maður sundraða þjóð þar sem almenningur hefur misst trúna á kerfið? Þar sem vantraust ríkir milli ólíkra þjóðfélagshópa enda sumir þurft að sjá á eftir aleigunni meðan aðrir sluppu. Hversu oft heyrast ekki orð eins og hrun, eignabruni, forsendubrestur og gjaldþrot? Þegar orð eins og hagvöxtur og batnandi afkoma fara að slæðast inn í umræðuna kallar það fram óþægindа- og óraunveruleikatilfinningu því að fólki finnst að í raun hafi ekkert breyst.

Við erum enn að sleikja sárin og leita að sökudólgum. Við treystum engum og engu því á Íslandi geta forsendur breyst á augabragði og framtíðin er óviss.

### Tónlistin megnar að sameina

Þessa óvissuframtíð felum við næstu kynslóð sem tekur við af okkur. Hennar verkefni verður að byggja framtíðarlandið. Um þá kynslóð þurfum við að sameinast. Við verðum að færa henni ný tæki og tól til uppbyggingar. Fjárfesta í menntun hennar á öllum stigum, leggja áherslu á skapandi námsgreinar, íþróttir og allt það sem eflir og þroskar manneskjuna.

Árið 1975 stofnaði hagfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Jose Abreau hljómsveitarskóla, El Sistema, í Venesúela. Skólinn byggði á þeirri hugmyndafræði að hægt væri að nota tónlist sem tæki til samfélagslegrar uppbyggingar. Í lauslegri þýðingu segir Abreau:

**➜ Viðurkenna verður tónlistina sem yfirburða hreyfiafl í samfélagslegri þróun vegna þess að hún miðlar hinum æðstu gildum.**

„Viðurkenna verður tónlistina sem yfirburða hreyfiafl í samfélagslegri þróun vegna þess að hún miðlar hinum æðstu gildum – samstöðu, samhljómi og umhyggju. Og vegna þess að hún megnar að sameina samfélög og tjá dýpstu tilfinningar."

Með þessi orð að leiðarljósi hefur El Sistema starfað og haft áhrif um allan heim. Í dag er Venesúela ekki lengur þekkt fyrir stjórnmálakreppur, spillingu og fátækt heldur fyrir tónlistarbyltinguna. Hún fylgdi í kjölfar þess að Jose Abreu stofnaði skólahljómsveitirnar, setti hljóðfæri í hendurnar á börnum úr fátækrahverfum Carracas og kenndi þeim að spila saman. Í dag hafa hundruð þúsunda barna farið í gegnum tónlistarkerfið í Venesúela. Gustavo Dudamel, einn kunnasti hljómsveitarstjóri heims, hlaut sína tónlistarmenntun í El Sistema. Þekktasta æskuhljómsveit í heimi er Simon Bolivar-hljómsveitin. Hún er á stöðugum tónleikaferðum og flytur hróður þjóðar sinnar víða. Aðrar þjóðir hafa fylgt í kjölfarið og nú má meira segja læra aðferðafræði El Sistema í virtum vestrænum tónlistarháskólum, enda þykir hún einn magnaðasti vaxtarbroddur síðasta áratugar í klassískri tónlist.

### Samhljómur ólíkra radda

Í Venesúela sækja um 350.000 börn hljómsveitarskóla El Sistema. Námið er frítt en því fylgir mikil skuldbinding.

Í samanburði við Venesúela erum við rík þjóð, þrátt fyrir efnahagshrunið. Sem betur fer glímum við ekki við sömu eymd og ríkir í fátækrahverfum Venesúela. Við glímum hins vegar við tiltekið samfélagslegt rof sem elur á vantrausti og vanlíðan hjá mörgum.

Á Íslandi eru tæplega 50.000 grunnskólabörn á aldrinum 6-16 ára. Ef það er í alvöru vilji til að sameina þjóðina á ný þá sýnir El Sistema fram á færa leið. Nýtum sameiningarmátt tónlistarinnar. Með því að gefa hverju íslensku barni möguleika á að læra á hljóðfæri og spila í hljómsveit má mögulega byggja aftur upp samhljóminn sem þjóðina skortir. Það þarf sterka sýn og hugrekki til að hrinda slíku verkefni af stað en það má líka telja öruggt að það muni skila árangri.

Fyrsta æfingin í skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar sýndi að samhljómurinn var strax til staðar. Auðvitað á eftir að samæfa miklu betur og fínpússa. Krakkarnir verða öll að vera dugleg að æfa sig eigi tónleikarnir að takast vel. En upplifunin af því að vera hluti af stærri hljómi, þar sem allir skipta máli og hver rödd verður að heyrast, er nú hluti af reynslu þeirra. Það ætti hvert barn á Íslandi að fá að upplifa.

## AF NETINU

### Vill opna á herskyldu

Dæmigert fyrir fýlu lagatækna út í uppkastið að stjórnarskrá er ákvæðið um bann við herskyldu. Er það þó í samræmi við grundvallarsjónarmið allt frá stofnun lýðveldis, að Ísland taki ekki þátt í stríði. Ákvæðið er einfalt og fríar borgarana einfaldlega við herskyldu. Engu máli skiptir þótt önnur ríki hafi ekki slík ákvæði. Þau hafa öll verið meira eða minna í styrjöldum um aldir. Þar er herskylda talin nauðsynleg til að treysta öryggi ríkisins. Hér eru aðstæður aðrar og sjónarmiðin önnur.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*


Fyllum hátíðina af samtölum
og sérblönduðu gæðakaffi.
GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA
Gevalia gæðakaffi,
svo hrífandi að það talar sínu máli.
GEVALIA
HELA BÖNOR
NY!
ESPRESSO
GEVALIA
Original

# Er reglugerðin tilbúin?

BYGGINGARREGLUGERÐ



**Aðalsteinn Snorrason**
arkitekt og markaðsfræðingur

Talsverðar umræður hafa átt sér stað upp á síðkastið vegna nýrrar byggingarreglugerðar. Mikil vinna hefur verið lögð í verkefnið og er hún langt komin en engan veginn lokið. Að skrifa nýja byggingarreglugerð af þeim metnaði sem hér er að finna er mikið og þarft verk og gerir miklar kröfur til þeirra er að málinu standa. Sem betur fer hafa hæfir menn valist til verksins og er mikið og gott starf í gangi. Það sem hins vegar skortir á er að mönnum sé gefinn nægur tími til að klára viðfangsefnið því mikil ábyrgð fylgir því að innleiða nýjungar á þessu sviði.

Ný byggingalög tóku gildi þann 1. janúar 2011, „Lög um mannvirki, nr. 160 28. desember 2010“. Reglugerðin til að framfylgja lögunum var hins vegar óunnin og tók ný byggingarreglugerð gildi þann 8. febrúar 2012, „Byggingarreglugerð nr. 112/2012“. Útfærsla reglugerðarinnar byggir á leiðbeiningarblöðum Mannvirkjastofnunar og enda fjölmargar greinar reglugerðarinnar á orðunum „Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar“. Leiðbeiningarblöðin til að framfylgja reglugerðinni þurfa alls að vera 120 og þegar er búið að gefa út 50 þeirra. Að lokum þarf að lesa saman reglugerðargögnin og eyða ósamræmi sem kann að hafa komið upp milli hinna mismunandi ákvæða í reglugerðinni og leiðbeininga vegna þeirra. Af þessum sökum er bráðabirgðaákvæði í gildi sem gefur kost á að miða við ákvæði eldri reglugerðar og rennur það út um næstu áramót.

**Staða reglugerðarinnar**

Föstudaginn 23. nóvember var haldinn fundur á Grand Hóteli undir yfirskriftinni „Samstarf lykill að árangri“ og verður það ekki dregið í efa. Frummælendur voru þeir Friðrik Ágúst Ólafsson, forstöðumaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins, Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, Jóhannes Þórðarson, arkitekt FAÍ, og Magnús Sædal, formaður félags byggingafulltrúa og fyrrverandi byggingafulltrúi í Reykjavík. Skemmst er frá því að segja að ekki var annað að sjá en að enn ættu menn langt í land með að klára þá miklu og góðu vinnu sem hér er í gangi. Verður vart annað séð en að ósk Samtaka iðnaðarins og annarra sem eiga hagsmuni af framgangi byggingariðnaðarins um framlengingu á bráðabirgðaákvæði sem gefur kost á að byggja eftir eldri reglugerð, sé óumflýjanleg.

**Óheppileg tímasetning**

Nú er ekki bara það til að taka að ný reglugerð sé ekki tilbúin heldur eru fleiri rök sem hníga að því að skynsamlegt sé að fresta innleiðingu og jafnvel að taka hana í einhverjum skrefum. Byggingariðnaðurinn er í sögulegu lágmarki og íbúðabyggingar fóru niður fyrir það sem sást í kreppunni miklu um 1930 í Reykjavík. Því lengur sem byggingarmarkaðurinn er frosinn, því meiri líkur eru á byggingarsprengju eftir að hann loks tekur við sér. Því er tímasetning innleiðingar á nýrri byggingarreglugerð ekki skynsamleg sé horft til þessa þar sem augljós kostnaðarauki fylgir innleiðingu hennar. Taldir eru upp þeir þættir sem meðal annars hafa orsakað stöðnun markaðarins frá árinu 2008:

- Kaupmáttur hefur almennt rýrnað.
- Lóðarverð hefur staðið í stað en markaðsverð íbúða hefur lækkað. Sveitarfélög eiga erfitt með að lækka lóðarverð sökum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og reglugerðar 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.
- Krafa um eigið fé hefur aukist frá því að vera 0-10% upp í um 30%.
- Fjármagnskostnaður hefur hækkað.

Þetta eru þættir sem þegar blasa við og verður ekki hjá vikist á einfaldan hátt. Ákvörðun um að innleiða nýja byggingarreglugerð í skynsamlegum áföngum er hins vegar ákvörðun sem hægt er að taka og með því gæfist ómetanlegur tími fyrir þá sem að verkefninu vinna að ljúka því góða starfi og sannreyna ákvæði reglugerðarinnar og kostnaðarmeta. Heppilegur tími gæti verið að innleiða nýja reglugerð í áföngum á tveimur til fimm árum.

**➜ Það sem hins vegar skortir á er að mönnum sé gefinn nægur tími til að klára viðfangsefnið því mikil ábyrgð fylgir því að innleiða nýjungar á þessu sviði.**

# Vel farið með opinbert fé?

FJÁRMÁL



**Kjartan Örn Kjartansson**
fv. forstjóri

Á meðan að fólk er enn þá í biðröðum eftir matargjöfum, öryrkjar og aldraðir á hungurmörkum og heilbrigðiskerfið tækjasnautt á horriminni, þá tilkynnti fjármálaráðherra á dögunum að til stæði að hækka framlög ríkisins til fæðingarorlofs um tvo milljarða króna og að heildarframlögin yrðu vel yfir tíu milljarða króna á næsta ári. Það mætti halda að ríkissjóður væri hallalaus og að allt fljóti þar í annarra manna peningum. Á tímum þegar verið er að leita að því hvar megi spara, þá finnst mér að setja megi spurningarmerki við svona lagað og hvort slíkt sé skynsamlegt.

**Hverjir eru þurfandi?**

Það fólk sem ekki fær viðlíkan viðgjörning en þarf að borga fyrir hann ásamt öðrum er það sem fæddi og ól upp börn sín án sérstaks frís. Það tókst og þótti eðlilegur gangur lífsins. Þegar fólk vill eignast börn þá er það að sjálfsögðu á ábyrgð þess sjálfs, en ekki annarra.

Þau sem eiga að njóta þessara sporslna eru yngsta og hraustasta fólkið sem flesta kostina hefur og minnst þarf aðstoðar við. Þessu fyrirkomulagi hefur væntanlega verið komið á í einhverju bríeríi eyðslusamra stjórnmálamanna, þegar e.t.v. var meira um aurana, en sama fólk virðist ekki meta fjármálastöðu landsins meira en það að það vill enn spreða harðunnu skattfé almennings í vinsældakaup. Það má vel vera að mörgum finnist það gott að njóta slíks eða jafnvel að einhverjir þurfi það af einhverjum ástæðum, en fyrr má nú rota en dauðrota. Ef ekki að skera burtu þessa eyðslu að fullu og öllu leyti, þá má að ósekju iðka meiri hófsemi og stytta slíkt orlof og spara þannig milljarðagjöld. Er þetta virkilega sú forgangsröðun á verkefnunum, sem fólk vill sjá? Ég spyr hvort aðstoðin eigi ekki frekar að fara til þeirra, sem eru meira og eða reglulega þurfandi. Ég hygg að þeir sem eldri eru, eru öryrkjar eða þá heilbrigðiskerfið mundu þiggja eitthvað af þessum peningum, ef þeir eru þá til.

**Það þarf að fara vel með**

XG – Hægri grænir, flokkur fólksins, hefur markað sér stefnu um niðurskurð og sparnað á útgjöldum hins opinbera við gæluverkefni og rekstur ýmiss konar, sem e.t.v. gaman væri að geta haft og sum stór lönd hafa efni á, en sem er vel hægt að minnka eða að vera án á núverandi Íslandi.

**➜ Þau, sem eiga að njóta þessara sporslna, eru yngsta og hraustasta fólkið, sem flesta kostina hefur og minnst þarf aðstoðar við.**




# LIFANDI JÓLATRÉ ERU KOMIN Í BYKO

OPIÐ TIL 22 TIL JÓLA
Í JÓLATRJÁASÖLU Í BREIDD

**Sölustaðir:**

**Timburverslun Breidd**
Virka daga: kl. 8 -22
Laugardaga: kl.10 -22
Sunnudaga: kl.11 -22

**Grandi**
Virka daga: kl. 8 -19
Laugardaga: kl.10 -19
Sunnudaga: kl.10 -18

**Selfoss**
Virka daga: kl. 8 -18
Laugardaga: kl.10 -18
Sunnudaga: kl.12 -16

## BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉR-VALIN JÓLATRÉ

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: normannsþin, íslenska furu og blágreni.

### LIFANDI JÓLATRÉ

**Íslensk fura**

| | |
|---|---|
| Vnr. 41140101 | 100-125 cm |
| Vnr. 41140102 | 125-150 cm |
| Vnr. 41140104 | 150-175 cm |
| Vnr. 41140106 | 175-200 cm |
| Vnr. 41140107 | 200-250 cm |

**Normannsþinur**

| | |
|---|---|
| Vnr. 41140108 | 100-125 cm |
| Vnr. 41140110 | 125-150 cm |
| Vnr. 41140112 | 150-175 cm |
| Vnr. 41140114 | 175-200 cm |
| Vnr. 41140116 | 200-225 cm |

**Blágreni**

| | |
|---|---|
| Vnr. 41140131 | 100-125 cm |
| Vnr. 41140132 | 125-150 cm |
| Vnr. 41140134 | 150-175 cm |
| Vnr. 41140136 | 175-200 cm |
| Vnr. 41140138 | 200-250 cm |

Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

# LÁGT VERÐ – ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50


Vnr. 88470317
Jólakúlur, silfurlitaðar, 10 stk. 6 cm.
550 kr.


Vnr. 88470266
Jólasveinapoki, 97x60 cm.
1.490 kr.


Vnr. 88167118
Stjarna á topp á jólatré með 10 ljós, 20 cm.
1.990 kr.


Vnr. 88470259-60
Jólatrésfótur, 5", grænn eða rauður.
3.990 kr.


Vnr. 88165550
Kertasería með 16 ljósum.
1.290 kr.


KLÚBB verð 3.750 kr.
Vnr. 88166922
Jólatrésdúkur með 20 LED ljósum, 90 cm.
4.630 kr.

## GERVIJÓLATRÉ


Vnr. 88968024-31
90 cm 1.270 kr.
120 cm 2.950 kr.
150 cm 4.470 kr.
180 cm 6.990 kr.
210 cm 8.790 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

# Harðir við skjáinn – huglausir heima í stofu

SAMFÉLAGSMÁL



Steinunn Halla McQueen
nemi

Kæru lesendur.

Ég er nýútskrifaður nemandi úr Borgarholtsskóla þar sem ég lærði margt sem ég er mjög þakklát fyrir, en ég er þó sérstaklega þakklát fyrir eina námsgrein sem opnaði augu mín og það er kynjafræði. Kynjafræðin kenndi mér ekki bara um femínisma og baráttu kvenna heldur einnig gagnrýna hugsun, sem hefur gert það að verkum að ég sé heiminn í allt öðru ljósi. Með gagnrýninni hugsun hef ég lært að kafa dýpra í hlutina og sætti mig ekki bara við það sem er á yfirborðinu. Ég ætla samt ekki að tala um kynjafræðina sem slíka, þó hún tengist vissulega viðfangsefninu.

Athugasemdakerfi á heimasíðum fréttamiðla er frábær vettvangur fyrir umræðu um hin ýmsu málefni sem getur verið gaman og fræðandi að fylgjast með. Umræðan þar getur þó orðið neikvæð með særandi og jafnvel niðrandi athugasemdum sem oftar en ekki opinbera vanþekkingu á málefninu. Málgleði þessara einstaklinga er sprottin af sömu þörf og minni til að skrifa þessa grein. Það er innbyggt í okkur sem manneskjur að þurfa að tjá okkur. En innihaldslaus hatursáróður frá sjálfskipuðum sérfræðingum hefur gert það að verkum að ég fæ mig ekki lengur til þess að skoða athugasemdir við ákveðnar fréttir.

Þessar öfgafullu umræður hafa fengið mig til að hugsa vel og lengi um mikilvægi þess að afla sér þekkingar um hlutina áður en farið er að mynda sér skoðanir á almennum vettvangi. Sé áhugi fyrir því að tjá sínar skoðanir hlýtur það að vera á ábyrgð viðkomanda að fræðast og byggja sínar skoðanir upp á málefnalegum rökum.

**➜Við ættum öll að hugsa okkur tvisvar um áður en við förum að koma með niðrandi athugasemdir …**

### Veikur grunnur

Oft þegar röksemdafærslan byggir á veikum grunni vill umræðan snúast upp í persónulegar árásir á einstaklinga með aðrar skoðanir. Það er mikilvægt að átta sig á því að maður ber ábyrgð á því sem maður setur frá sér og muna að það er alltaf manneskja hinum megin við skjáinn með tilfinningar alveg eins og allir aðrir. Það er auðvelt að vera harður við skjáinn, en það lýsir þó ekki endilega hugrekki. Ef eitthvað umræðuefni skiptir okkur svo miklu máli að við viljum taka þátt, þá er ábyrgðin okkar. Við þurfum að kynna okkur málefnið og ýta undir upplýsta umræðu. Tökum femínisma sem dæmi. Það myndast alltaf gríðarlega heitar umræður þegar fréttir tengdar femínisma eru birtar á veraldarvefnum. Við búum núna á tímum þar sem við höfum aðgang að nánast öllum upplýsingum í heiminum ef tölva og nettenging er til staðar. Af hverju ekki að gefa sér smá tíma og afla sér upplýsinga og skoða allar hliðar með opnum huga? Það er ekki nauðsynlegt að vera sammála því sem við lesum, maður þarf ekki að gerast femínisti eða líka við þeirra sjónarmið, en það er nokkuð augljóst að umræðan verða málefnalegri og áhugaverðari ef við vitum og sýnum að við vitum um hvað við erum að tala. Oft og tíðum rekst ég á athugasemdir við femínískar fréttir sem eru órökréttar eða einfaldlega óskiljanlegar. Ég get vel skilið af hverju einstaklingur heldur að þetta sé rökrétt. Ástæðan er að ég hafði mjög svipaðar skoðanir á þessu máli áður en ég kynnti mér hugmyndafræði femínista og fræddi mig um jafnréttisbaráttu kvenna. Ég hafði mjög neikvæða sýn á femínisma almennt og tók oft sjálf þátt í rökræðum um þessa hluti. Kynjafræðin opnaði hins vegar augu mín.

Með þessari hugleiðingu minni vildi ég hvetja okkur sem notum veraldarvefinn sem vettvang fyrir umræður til að nota þær til upplýstrar umræðu með ábyrgð. Það er ekki nóg að hlusta bara á aðra skiptast á skoðunum um málefnið. Við verðum að kynna okkur efnið og mynda okkar eigin ákvörðun án áhrifa frá öðrum. Við lifum í stórum heimi þar sem allir hafa rétt á sinni skoðun og rökræðan er mikilvæg. En við megum aldrei missa sjónar á því að við berum ábyrgð á okkar orðum og skoðunum. Við ættum öll að hugsa okkur tvisvar um áður en við förum að koma með niðrandi athugasemdir gagnvart einstaklingi á netinu, fyrir það einfaldlega að vera ekki sammála. Það er auðvelt að vera harður við skjáinn en það krefst mun meira hugrekkis að standa við sínar sjálfstæðu skoðanir.

# Foreldrar og forvarnir

FORVARNIR



Björn Rúnar Egilsson
verkefnastjóri hjá Heimili og skóla

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra standa nú að útgáfu nýs Foreldrasáttmála en hann er sá leiðarvísir sem nýtist einna best til að koma af stað umræðum um uppeldishlutverk foreldra barna á grunnskólaaldri. Foreldrasáttmálinn eflir skilning á mikilvægi samstarfs heimila og skóla og virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi. Hann byggir á þeirri hugmynd að foreldrar í hverjum bekk séu virkjaðir til þess að hittast á foreldrafundi og ræða uppeldisleg viðmið sem þeir geti komið sér saman um að halda í heiðri heima fyrir og staðfesta með undirskrift.

### Gildi foreldrasáttmála

Sáttmálanálgun sem þessi hefur reynst afar árangursrík í Svíþjóð í því augnamiði að sporna við áfengisnotkun unglinga, þrátt fyrir að verkefnið sé einfalt í framkvæmd og kostnaður mun minni en við að standa fyrir fræðsluátaki meðal nemenda. Reynsla Svía sýnir að skýr afstaða foreldrasamfélagsins gegn áfengisnotkun barna og ungmenna á aldrinum þrettán til sextán ára hefur veruleg áhrif á á unglingadrykkju miðað við skóla sem vinna undir formerkjum annarra forvarnarverkefna auk þess sem afleidd áhrif eru greinanleg í formi fækkaðra afbrota og spellvirkja í þessum aldurshópi.

Öflugt stuðningstæki við uppeldi

Foreldrasáttmáli Heimilis og skóla byggir á sömu hugmynd hvað þennan málaflokk varðar en þeir foreldrar sem undirrita sáttmálann sameinast um að kaupa hvorki tóbak, áfengi eða önnur vímuefni fyrir börn sín né leyfa þeim að neyta þeirra á heimilinu, hvað þá að leyfa eftirlitslaus partí. Íslenski sáttmálinn er í ofanálag mun umfangsmeiri og nær til fleiri atriða en vímuefnaneyslu og er gefinn út sérstaklega fyrir hvert stig grunnskólans auk leiðbeininga og ítarefnis. Foreldrar heita því einnig að standa vörð um lögboðinn útivistartíma, láta skólagöngu barna sinna sig varða, leggja sitt af mörkum til foreldrastarfs, vera meðvitaðir um félagslega stöðu barnsins og gæta þess að það hafi aðeins aðgang að afþreyingarefni sem hæfir aldri þess og þroska, svo fátt eitt sé nefnt. Þannig getur sáttmálinn, ef breið samstaða næst innan foreldrasamfélagsins um að halda hann í heiðri, nýst sem öflugt stuðningstæki í uppeldinu. Ég hvet því alla foreldra og forráðamenn grunnskólabarna sem og áhugafólk um skóla- og uppeldismál að kynna sér Foreldrasáttmálann, en hægt er að nálgast sáttmálann, ítarefni og leiðbeiningar á fræðsluskrifstofu Heimilis og skóla á Suðurlandsbraut 24 eða hala niður af heimasíðu samtakana, www.heimiliogskoli.is.

**➜Reynsla Svía sýnir að skýr afstaða foreldrasamfélagsins gegn áfengisnotkun barna og ungmenna á aldrinum þrettán til sextán ára hefur veruleg áhrif á unglingadrykkju.**





víb

**HLUTABRÉFASJÓÐURINN ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA***
**HEFUR TEKIÐ ÞÁTT Í ÚTBOÐUM NÝRRA FÉLAGA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS**

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er í örum vexti og undanfarin misseri hafa Icelandair, Hagar, Reginn og Eimskip skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands. Fleiri áhugaverð fyrirtæki hafa tilkynnt skráningar á næstunni og þú getur tekið þátt í þeirri uppbyggingu í gegnum sjóðinn.

**Úrval innlendra hlutabréfa**
Sjóðurinn er góður valkostur fyrir þá sem vilja fjárfesta á innlenda hlutabréfamarkaðnum. Hann er stýrður sjóður sem hefur heimildir til þátttöku í útboðum og fjárfestir í úrvali innlendra hlutabréfa. Hann veitir því mun meiri áhættudreifingu en fjárfesting í einstökum félögum. Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna og hentar þeim sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur.

**Meðal félaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í eru:** Marel, Eimskip, Hagar, Össur, Icelandair, Reginn.

**Árleg ávöxtun sjóðsins**
Skv. sjodir.is 30. nóvember 2012

| 1 ár | 2 ár | 3 ár | 4 ár | 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| 21,9% | 16,8% | 20,3% | -24,8% | -30,6% |

**Atvinnugreinaflokkun sjóðsins**




**Nánari upplýsingar á www.vib.is**
**Pantaðu viðtal við ráðgjafa í 440 4900**

ENNEMM / SÍA / NM55230

*Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða, www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is


ÆVINTÝRALEG VERÐ Á JÓLABÓKUM
UPPHAFIÐ
10.199.-
STAFRÆN LJÓSMYNDUN SKREF FYRIR SKREF
5.899.-
FERÐA ATLAS
5.599.-
BÍLAR
6.599.-
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
3.989.-
Málarinn
4.724.-
Bill Bryson
STIKLAÐ Á STÓRU UM BÝSNA MARGT
3.499.-
JÓN GNARR
SJÓRÆNINGINN
4.724.-
ÍSLAND í aldanna rás 2001-2010
11.299.-
Eldað og bakað í ofninum heima
4.999.-
KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR
HVÍTFELD
4.499.-
HÉR LIGGUR SKÁLD
4.929.-
Verslaðu jólabækurnar í Griffli og þú átt möguleika á að vinna GoBook rafbókarlesara!
Dregið verður úr pottinum 22. desember.
OPIÐ ALLA DAGA TIL 22
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI
BT
Jólapappír frá 199.-
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝR
OPIÐ TIL KLUKKAN 22.00 • SKEIFUNNI 11
Verðin gilda til og með 18.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenglanir.

# TROÐFULL VERSLUN AF JÓLATILBOÐUM

**4.989**



MELISSA

**Melissa 646170**
Töfrasproti með skál, mæliglasi og þeytara. 2 hraðar.

**269.989**




**Panasonic TXP50ST50Y**
50" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D. 2000Hz Focused Field Drive. 2D-3D breytir. VIERA CONNECT og opinn netvafri. Stafr. háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/Android App, Skype. Wi-Fi. Kortalesari o.fl.

**4.989**



Ariete

**Ariete 2952**
Poppvél.

**1.989**



PRINCESS

**Princess 142008**
870w 2ja sneiða brauðrist með 7 tímastillingum. Endurhitun og afþýðing. Mylsnubakki.

**14.989**



PRINCESS

**Princess 202041**
Hljóðlát 150w VitaPure safapressa sem tekur hart grænmeti og ávexti. Stiglaus hraðastillir. 1L safakanna.

**2.989**



tasco

**Tasco 168RB**
Ferðasjónauki með 10x stækkun og 25mm glerjum. Taska fylgir.

**4.989**



MEDISANA® made for Life

**Medisana 51067**
Einfaldur mælir á úlnlið sem sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt.

**4.989**



**EcoMed 23010**
Vandað hitateppi fyrir axlir og bak. 3 stillingar. Slekkur á sér eftir 90 mín. 41 x 62 sm. 100 wött. 3ja ára ábyrgð.

**9.989**



PHILIPS

**Philips AZ102**
Einfalt ferðatæki með geislaspilara og útvarpi.

**19.989**



PHILIPS Blu-ray Disc

**Philips BDP2900**
Full HD Blu-ray spilari með 1080p DVD uppskölun. 24FPS fyrir kvikmyndahúss upplifun. Dolby True HD, Dolby Digital Plus, DTS, Dolby Digital. Audio L/R, Ethernet, Composite, Digital Coaxial, USB og HDMI.

**399.989**




**Finlux 65FLHSR995LP**
Vandað 65" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 upplausn og stafrænum DVB-T+C móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. 2x USB, 4x HDMI o.fl.

**8.989**



**EINFALDUR OG NETTUR PRENTARI**

EPSON **Epson SX30**

Einfaldur, smár og öflugur prentari sem hentar vel í allt smærra umhverfi. Ódýrari rekstur með stökum hylkjum fyrir hvern lit svo aðeins þarf að skipta um það hylki sem klárast.

**LENDIR Á MORGUN**

**19.989**



**10" SPJALDTÖLVA MEÐ TÖSKU**

**Sharper Image M18A**
10" spjaldtölva með 1.2GHz Cortex A8 örgjörva, 8GB minni, 4GB Flash minni og 4GB MicroSD minniskorti sem fylgir. Snertiskjár með 1024x600p upplausn. Android 4.0 Ice Cream Sandwich. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 klst. á rafhlöðu. Taska og heyrnartól fylgja.

**89.989**

**INTEL PENTIUM WINDOWS 8**



TOSHIBA **TOSHIBA SAT C850-1C8**
15,6" fartölva með 2,2GHz Intel Pentium örgjörva, Intel HD 3000 Graphics skjákorti, stórum 500GB hörðum diski og 4GB vinnsluminni.

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

# 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

*Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði*


ÍSLENSK TÓNLIST
1.989
Ásgeir Trausti
Dýrð í dauðaþögn
SVERRIR BERGMANN
MAGNI
OF MONSTERS AND MEN
Helgi Björns
MANNAKORN
RAGGI BJARNA
DÚETTAR
VETUR
VALDIMAR
Skálmöld
A rómantískum nótum
GEISLADISKAR MEÐ DVD 2.989
Elly Vilhjálms
1CD/1DVD
STUÐMENN
1CD/1DVD
40
2CD
Jet Black Joe
2CD/1DVD
2CD/1DVD
RÍÓ
3CD/1DVD
PS3
9.989
FIFA 13
CALL OF DUTY
BLACK OPS II
9.989
THE BOURNE LEGACY
1.989
BRAVE
1.989
PS3
DVD
MAX
RAFTÆKI
OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA

# Hin „afskaplega takmarkaða þekking“ Bjarna Benediktssonar

PALESTÍNA



**Hjálmtýr Heiðdal**
kvikmyndagerðarmaður

Nú ríkir aftur vopnahlé milli Ísraelsstjórnar og stjórnvalda á Gasa. Þetta vopnahlé er eitt af ótal mörgum sem þessir aðilar hafa samið um, en reynslan kennir okkur að nýja vopnahléið mun brátt falla úr gildi og átök hefjast á ný. Það er vegna þess að það hefur ekkert breyst, það er enn stefna síonistanna sem stjórna Ísrael að Palestínumenn skulu aldrei eignast eigið ríki. Enn eru við völd í Ísrael yfirvöld þar sem innanríkisráðherrann vill „sprengja Gasabúa aftur til steinaldar“ og Ísraelsher mun halda áfram umsátri sínu um Gasaströndina svo lengi sem Ísrael fær stuðning frá ríkisstjórnum og stjórnmálaflokkum á Vesturlöndum.

Ef síonistar hefðu aðrar áætlanir en að gera líf Palestínumanna að helvíti á jörð og hrekja þá burt, þá gætu þeir snúið við blaðinu á morgun, hætt byggingu landtökubyggða og samið um landamæri. En síonistar ætla að yfirbuga þjóðina sem átti landið og stela því litla sem eftir er. Það þarf ekki annað en að lesa nýjar tilkynningar þeirra um auknar landræningjabyggðir á Vesturbakkanum og Jerúsalem til að sjá hvert þeir stefna.

Vopnahléið er ekki heilagt í augum síonista, það er aðeins hlé á stórárásum og fjöldamorðum. Áfram halda þeir sínum daglegu drápum, bæði á Gasa og Vesturbakkanum. Daginn eftir að nýjasta vopnahléið gekk í gildi þá drápu ísraelskir hermenn Anwar Qadiah, 20 ára gamlan Gasabúa. Hans dauðasök var að veifa fána. Og á öðrum degi drápu þeir enn einn ungan vopnlausan Palestínumann.

### Hverjir styðja síonista?

Á Íslandi eru það fyrst og fremst talsmenn Sjálfstæðisflokksins sem túlka sjónarmið síonista. Í umræðum á Alþingi um viðurkenningu Íslands á ríki Palestínumanna í fyrra sagði Bjarni Benediktsson „að við Íslendingar hefðum afskaplega takmarkaða þekkingu og takmarkaða getu til þess að fara að blanda okkur inn í þær erjur sem þarna eru“.

Í janúar 2009, þegar Ísraelsher myrti 300 börn á Gasa, var Bjarni formaður utanríkismálanefndar. Þá vissi hann „að það þarf auðvitað ávallt í umræðunni um þessi mál að taka tillit til þarfa Ísraelsmanna til að verja ísraelska borgara“.

Og nýlega, þegar Ísraelsher gerði enn eina árásina á Gasaströndina, sagði hann í ræðustól Alþingis „Við skulum hafa það í huga, til þess að allt sé haft með sem máli skiptir í þessari umræðu, að þessu sinni kom neistinn sem kveikti í púðurtunnunni frá Hamas-samtökunum, sem hafa lýst því yfir að það er þeirra stefna að það þurfi að þurrka út Ísraelsríki“.

Þessar þrjár tilvitnanir sýna að Bjarni styður Ísraelsríki. Þegar rætt er um réttindi Palestínumanna þá bregður hann fyrir sig þekkingarleysi. Þegar Ísraelsher gerir stórárásir þá segir hann upptökin hjá Palestínumönnum og að taka verði tillit til varnahagsmuna Ísraelsstjórnar.

Þekkingarleysið sem Bjarni reynir að eigna öllum Íslendingum er pólitískt bragð, ætlað til stuðnings glæpaverkum síonista.

Bjarni velur vandlega þær stundir þegar „takmarkaða þekkingin“ skal ráða og hins vegar þegar hann treystir sér til að segja okkur nákvæmlega hvernig atburðirnir þróast og hver á upptökin. Það sýnir sig að þekking Bjarna fylgir taktfast afstöðu stjórna Bandaríkjanna og Ísraels.

Hamas vill „þurrka út Ísraelsríki“, segir Bjarni. Ísraelsríki hefur stækkað jafnt og þétt frá 1948. Hver er að eyða Palestínu, sem hefur nánast horfið á þessu sama tímabili?

Þekkir Bjarni sögu síonismans? Árið 1897 samþykktu WZO, heimssamtök síonista, að stefna á yfirtöku Palestínu. Og það hefur gengið eftir. Samt telur Bjarni aðalatriðið óraunhæfar yfirlýsingar Hamas. Samtök sem hafa enga möguleika til þess að sigra Ísraelsher. Er það „takmörkuð þekking“ sem stýrir hugsun Bjarna? Eða er hann að reyna að blekkja Íslendinga?

**➜ Þekkingarleysið sem Bjarni reynir að eigna öllum Íslendingum er pólítískt bragð…**

Hamas „kveikti neistann“ að þessu sinni, segir Bjarni. Hefur hann betri upplýsingar en Gershon Baskin, ísraelskur samningamaður, sem tók þátt í vopnahlésviðræðum Hamas og Ísraelsstjórnar? Baskin o.fl. hafa lýst aðdraganda síðustu átaka. Það var Ísraelsher sem hóf árásir og var búinn að drepa tvo drengi og einn foringja Hamas áður en þeir svöruðu með flugskeytum.

„Taka verður tillit“ til varnarhagsmuna Ísraels, segir Bjarni. Hvað er Ísraelsher að verja? Herinn er að verja hernám, landrán og herkvína sem Gasabúar búa við. Hvernig getur íslenskur stjórnmálamaður varið slíka hagsmuni? Á rúmum sextíu árum hafa Palestínumenn misst fósturjörð sína í hendur innflytjendum, nýlendusinnum, sem komu frá Evrópu með þá yfirlýsingu að þeir ættu þarna einhvern landskika. Vel vopnaðir og með stuðningi helstu hervelda heims hafa draumar þessara landtökumanna hægt og bítandi orðið að martröð frumbyggjanna og alls heimsins í raun.

Og Palestínumenn hafa mátt sitja nánast aðgerðarlausir – öll mótspyrna þeirra hefur verið barin niður með sífellt fullkomnari vopnum og auknu mannfalli og landamissi. Þeir eru ófrjálsir í eigin landi og njóta ekki þeirra mannréttinda sem Íslendingar telja sjálfsögð.

Ætlar Bjarni Benediktsson og flokkur hans að halda áfram að styðja landaránið og ófrelsið?

# Draumurinn um veginn

MENNING



**Páll Steingrímsson**
kvikmyndagerðarmaður

Nú hef ég séð alla fimm þætti heimildarmyndarinnar Draumurinn um veginn, eftir Erlend Sveinsson. Það er langt síðan ég áttaði mig á því að Erlendur hefur sérstaka sýn á kvikmyndina sem tjáningarmiðil. Myndir hans eru mjög persónulegar. Þetta á sjálfsagt við um aðra hluti sem hann tekur sér fyrir hendur.

Erlendi er margt vel gefið. Hann hefur allt það til að bera sem gerir einyrkja í kvikmyndagerð stóra. Næmt myndskyn, tilfinningu fyrir flæði og einstakt lag á að segja sögu, texti og málfar mjög í takti við myndina. Annað sem maður tekur eftir er notkun tónlistar, þannig að hún gerir hvert myndskeið ríkara. Sama er að segja um hljóðbrigði eins og vind í grasi og trjám, skóhljóð í mölinni, andardrátt og takt göngustafsins sem er svo lifandi að í huganum er maður við hlið skáldsins. Ekki spillir að hafa Sigurð Sverri bak við myndavélina. Hann skaraði strax fram úr þegar hann hóf ferilinn og enn hefur ekki komið upp tökumaður sem leysir hann af hér heima.

Sögupersóna myndarinnar, Thor Vilhjálmsson rithöfundur, var vinur minn. Hann var fyrir mér einhver mesti stílsnillingur sem ég hafði lesið. Þegar við fundum stund las hann gjarnan fyrir mig úr verkum sem hann var að glíma við. Þá var tíminn fljótur að líða og gjarnan komið undir morgun þegar lestri og tilskyldri umræðu lauk. Fyrir mér var Thor stærri og magnaðri eftir því sem á leið ferilinn.

### Tveir eldhugar

Það gladdi mig þegar ég heyrði að Erlendur ætlaði að gera mynd um Thor. Ég vissi að þarna voru tveir eldhugar með persónulegar skoðanir og því líklegt að einhvers staðar í ferli kæmu upp álitamál sem þyrfti að kryfja. Þess vegna var ég feginn þegar ég heyrði undir lokin að eining væri um verkið. Engum nema Ella dytti í hug að gera rúmlega átta klukkustunda langa heimildarmynd, allavega ekki að framkvæma slíkan gerning. Þetta samsvarar því að skrifa bók upp á fimmtán hundruð blaðsíður eða semja fimmtán klukkustunda langt tónverk (jú, reyndar gerði Wagner slíkt). Hvað um það, þetta er ópraktískt fyrir nútímanjótanda, sem sjaldan sér eða heyrir verk lengra en eina og hálfa klukkustund. Sjálfsagt verður myndin sýnd í fimm hlutum. Eftir á að hyggja dvínaði aldrei áhuginn hjá mér fyrir myndinni og boðskapnum. Ég hefði ekki viljað missa af nokkru myndskeiði. Sagan um þessa göngu Thors er ótrúleg. Hann er að nálgast áttrætt þegar hann tekst ferðina á hendur. Ég vissi að hann var vel á sig kominn. En var líka meðvitaður um að átta hundruð kílómetra ganga um hálendi á ruddum stígum hlaut að taka í. En pílagrímsferðin var köllun Thors og henni varð hann að fylgja eftir. Vegur heilags Jakobs liggur eftir endilöngum Norður-Spáni. Fólk sem við veginn býr tekur gestum vel og þeir sem um hann ferðast ganga með opnum huga. Samskipti Thors við göngufólkið sem hann hittir verður nánara þar sem hann bregður fyrir sig fimm tungumálum.

**➜ Það gladdi mig þegar ég heyrði að Erlendur ætlaði að gera mynd um Thor.**

### Skemmtilegt sögugildi

Uppbrot á göngunni þar sem horfið er til baka til Íslands eða á annan hátt vitnað í forsögu voru snyrtilega gerð. Hvort það var tilviljun eða ásetningur þegar Atli Heimir og Thor skiptust á símboðum meðan á göngunni stóð, veit ég ekki en þau, eins og uppbrotin, höfðu skemmtilegt sögugildi. Tengsl Thors og Páls á Húsafelli voru órjúfanleg. Oft hef ég velt því fyrir mér hvað batt þá þessum böndum. Glíman á listasviðinu leiðir þá sjálfsagt saman, en það er eitthvað í lundarfari þeirra sem gerir þá svo nána. Samspil þeirra með texta og mynd, sem birtist svo í bók þeirra, er afsprengi þessara nánu tilfinninga.

Thor var upptekinn af kvikmyndinni sem listgrein. Hann átti sín átrúnaðargoð meðal leikstjóra og sat um myndir þeirra þegar tækifæri gáfust. Hann hafði ótrúlegt myndminni. Eftir sýningar var gaman að sitja með honum þar sem hann krufði verkin. Brátt áttaði maður sig á því hann mundi öll senuskipti og leikræna tjáningu í hverju atriði. Ekki bara aðalleikaranna heldur líka þeirra sem fóru með veigaminni hlutverk.

# Til Ögmundar

SAMFÉLAGSMÁL



**Einar Kr. Þorleifsson**
félagsráðgjafi og strætóbílstjóri

Sæll Ögmundur.

Kona mín er kínversk. Við buðum 22ja ára gömlum syni hennar, sem búsettur er í Kína, til Íslands í þrjá mánuði. Við unnum að því að fá svokallaða ferðamannavegabréfsáritun fyrir hann hjá íslenska sendiráðinu í Peking, en þar vorum við stödd. Þessi afgreiðsla tók langan tíma og við biðum milli vonar og ótta. Að lokum kom svarið, hann fengi áritun en starfsmaður sendiráðsins sagði að það væri háð því að hann sækti ekki um framlengingu, þegar til Íslands væri komið, þetta væru skilaboð frá Útlendingastofnun.

Hér er komið að kjarna þessa greinarkorns: Er hægt í lýðræðisþjóðfélagi að meina einhverjum um að sækja um eitthvað til yfirvalda? Ég veit að þú ert mér sammála að svo er ekki. En þetta lýsir varnarstöðu Útlendingastofnunar, sem óneitanlega kemur oft skringilega út gagnvart okkur, sem þurfum að leita á náðir hennar.

Það var mjög óþægilegt að taka við þessu símtali frá sendiráðinu, en ég ákvað að þegja. Valgerður Bjarnadóttir skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið um hræðslu almennings við að gagnrýna opinbert stjórnvald. Óttinn er fyrir hendi, að það komi okkur í koll í meðferð stjórnvaldsins á máli okkar.

**➜ Það var mjög óþægilegt að taka við þessu símtali frá sendiráðinu…**

Þú hefur sýnt að þú vilt standa vörð um réttindi fólks. Hvað er hægt að gera til að bæta þetta erfiða ástand? Annars vegar er stofnun sem lítur á það sem hlutverk sitt – og að sumu leyti skiljanlega – að vera á bremsunni gagnvart því að of margir útlendingar setjist hér að. Hins vegar erum við aðstandendur sem eigum svo mikið undir því komið að Útlendingastofnun sýni okkur skilning og upplifum að það sé heflað yfir okkur í okkar persónulegu málum.

Ég vek athygli á grein í Fréttablaðinu nýlega eftir Kristján Sturluson hjá Rauða krossinum og Margréti Steinarsdóttur hjá Mannréttindaskrifstofunni. Þau benda á að tryggja þurfi réttaröryggi útlendinga utan EES-svæðisins og að þeir fái heildstætt mat hjá Útlendingastofnun með tengsl þeirra við landið í huga. Ég vona líka að nefnd sem þú skipaðir muni þoka málum áleiðis.


## Auglýsing um útboð á rekstri tjaldsvæðis við Austurveg í Grindavík

Grindavíkurbær auglýsir til leigu aðstöðu og rekstur tjaldsvæðis í Grindavík í fjögur ár, eða frá 1. febrúar 2013. Gert er ráð fyrir að leigutaki taki við aðstöðunni og sjái um allan daglegan rekstur svæðisins og umhirðu að hluta, ásamt markaðssetningu þess.

Ætlast er til að bjóðendur kynni sér vel allar aðstæður á staðnum. Boðið er upp á vettvangsskoðun fimmtudaginn 20. desember kl. 13:00. Tilboðsfrestur er til kl. 11.00, fimmtudaginn 10. janúar 2013.

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, Grindavík, kl. 11.00 þann 10. janúar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þeir sem áhuga hafa á að gera tilboð í leigu tjaldsvæðisins geta nálgast útboðsgögn með því að senda beiðni um gögn á netfangið *thorsteinng@grindavik.is*. Óski bjóðendur að fá útboðsgögn á pappírsformi verða þau seld í afgreiðslu sveitarfélagsins fyrir kr. 2.000.-

Veittur er fyrirspurnarfrestur til kl. 11.00 þann 28. desember 2012. Öllum fyrirspurnum verður svarað skriflega til þeirra sem tekið hafa gögn. Tilboði skal skila í lokuðu umslagi þannig merktu:
**„ÚTLEIGA Á REKSTRI TJALDSVÆÐISINS Í GRINDAVÍK - TILBOÐ"**

Á umslaginu skal koma greinilega fram nafn og heimilisfang tilboðsgjafa.Tilboð skulu send til:
**Grindavíkurbær, Víkurbraut 62, 240 Grindavík.**

Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Gunnarsson, upplýsinga- og þróunarfulltrúi, á skrifstofu sveitarfélagsins, í síma 420 1100 eða netfang *thorsteinng@grindavik.is*

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Öllum tilboðum verður svarað skriflega eftir að ákvörðun bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar liggur fyrir.

GRINDAVÍKURBÆR
www.grindavik.is


Nú er jólafjör til klukkan 21 á kvöldin
1.990,-
GOTTIS skál á fæti
Ø18, H15cm. Rautt
Einnig til glært
395,-
JULFINT kanna
21cl. H8cm. Glært gler
Verslun opin 11-21 til 22. desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Það verður ekki búandi hér lengur!

FJÁRMÁL



**Ólafur Sigurðsson**
matvælafræðingur í framkvæmdaráði Dögunar, stjórnmálasamtökum heimilanna

Sunnudaginn 2. desember var viðtal við Elviru Mendez Pinedo, prófessor við Háskóla Íslands og sérfræðing í Evrópurétti í Silfri Egils. Hún talaði hreint út um hvernig bankar og fjármálastofnanir hafa tekið yfir samfélagið og unnið gegn almenningi ásamt stjórnmálamönnum sem þó hefðu átt að gæta hagsmuna kjósenda. Lýðræðið, eins og það er á Vesturlöndum, er ekki að virka, allavega ekki fyrir fólkið, vildi Elvira meina. Kjörnir fulltrúar starfa ekki í umboði almennings sem kaus þá, heldur hagsmunaafla.

Stórvarasamt samband banka og stjórnmálamanna hefur orðið til þess að hagsmunir ráða en ekki fólkið. Gunnar Tómasson og ýmsir aðrir hagfræðingar hafa varað við því að núverandi rekstur íslenska hagkerfisins gengur ekki upp.

En á meðan eigendur bankanna geta enn rukkað og milliliðir og hagsmunaaðilar halda sínu þá gengur þetta upp hjá þeim en ekki okkur. Ríkistjórnin hefur ekki staðið við sínar skyldur að vernda okkur gegn þessu og því miður verður það einn megineftirmáli þessarar stjórnar að hafa svikið loforð sín. Samfélagssáttin hefur verið rofin.

Svo mörg dæmi eru um birtingarmyndir þessa „efnahagshryllings“ að mann sundlar. Margir hafa einfaldlega fengið nóg af þessari þrætupólitík, enda hefur það verið stundað að þvæla hlutum fram og til baka til þess eins að stöðva umræðuna. Og enn lengist röðin hjá Fjölskylduhjálpinni.

### Án nokkurrar þekkingar

Samt skulu nokkur dæmi nefnd: Snjóhengjan, ólögleg gengislán sem vart fást leiðrétt, ólögleg(?) verðtrygging sem étur upp eignir og sparifé fólks, lífeyrissjóðir sem eru ósjálfbærir, spilling innan bankakerfisins sem afskrifar stórskuldir en leyfir þeim sömu að halda áfram, óhóflega dýr fyrirgreiðslupólitík, grímulausar hótanir útgerðarmanna gegn veiðigjaldi, hermdarverk á Íbúðalánasjóð o.fl. o.fl. Einnig vekur það athygli í þessu samhengi hversu margir sjálfstæðis- og framsóknarmenn hafa verið í forystuhlutverki stofnana ríkis og sveitarfélaga án þess að hafa nokkra menntun eða þekkingu á rekstri og umsýslu þeirra.

Því miður er eins og þeir sem eiga að vinna fyrir fólkið hafi margir notað stöðuna til að þjóna hagsmunum annarra en fólksins sem kaus þá. Einstaklingar fá launað fyrir vinnu sem oftar en ekki er beint gegn hagsmunum almennings. Jatan þolir ekki meir, þetta er svívirða sem við höfum ekki efni á lengur. Þetta er sambærilegt við að færa þorpsbúum í ónefndum frumskógi perlur og sælgæti á meðan löndum og landgæðum er rænt af þeim. Stundum heyrist sagt: „Þetta er eins og í bananalýðveldi“ en þetta er að gerast á Íslandi.

Stjórnvöldum til hróss átti að rétta af þennan lýðræðishalla gagnvart almenningi og áttum við loks að fá nýja stjórnarskrá til að setja traustari leikreglur. Sérstaka athygli vakti þegar stjórnmálasamtökin Dögun keyptu rútu til að ferðast um allt land og kynna nýju stjórnarskrána fyrir landsmönnum. Þó fjölluðu erlendir fjölmiðlar meir um þá ferð en innlendir og er það ekki ný upplifun.

### Hermdarverk á þingi

Á Alþingi gera hagsmunagæslumenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar allt hvað þeir geta til að koma í veg fyrir að þjóðin fái nýja stjórnarskrá. Hermdarverk þeirra á þinginu eru jafn augljós og hroki LÍÚ gegn þjóðinni sem verður að fá til sín hluta af hagnaði auðlindanna. Hótun Guðmundar í Brimi um að hér fari allt á hausinn ef gengið verður að útgerðinni er sjálfsagt sögð í krafti þess að útgerðarmenn muni sjá til þess að svo fari. Hagsmunaaðilar hafa svo mikil ítök að meira að segja háskólafólk er fengið til að tala þeirra máli og halda ráðstefnur til að velta upp hörmungum þeim sem verða ef þeir missa tökin. Og umræðan fer einn hringinn enn.

**➜ Einstaklingar fá launað fyrir vinnu sem oftar en ekki er beint gegn hagsmunum almennings. Jatan þolir ekki meir, þetta er svívirða sem við höfum ekki efni á lengur.**

Áhugaleysi almennings á prófkjörum fjórflokksins er skiljanlegt. Fólk er búið að fá nóg og eiginlega getur fólk ekki meir, það er komið að þolmörkum almennings gagnvart fjármálastofnunum og stjórnmálamönnum. Það hefur orðið siðrof í samfélaginu gagnvart Alþingi og bönkunum. Það er orðið ljóst í prófkjörum flokkanna að þar er engra breytinga að vænta, engra! Þar mun verða áframhaldandi hagsmunagæsla og vel klæddir stjórnmálamenn munu reyna að sannfæra okkur um að best sé að fela þeim völdin enn á ný. Ef það er eitthvað sem við eigum að hafa lært þá er það þetta: „Dæmið þá ekki eftir því sem þeir segja heldur því sem þeir gera.“

Ef ekki kemur fram nýtt stjórnmálaafl sem ekki er þjakað af hagsmunatengslum og spillingu, þá mun ekkert nýtt gerast og þá verður ekki búandi áfram í þessu skuldafangelsi.

# Hugleiðing um starf sjúkraliða

MENNTAMÁL



**Jóhanna Þorleifsdóttir**
formaður deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra

Starf sjúkraliða er gefandi og skemmtilegt. Námið veitir aukið starfsöryggi og þokkaleg laun miðað við það launaumhverfi sem kvennastéttir á Íslandi búa við. Sjúkraliðar hafa getað stýrt starfshlutfalli sínu og á hvaða tíma starfið er unnið, allt eftir þörfum fjölskyldunnar. Starfsmöguleikar eru góðir, fjölbreytilegir og krefjandi. Starfskrafta sjúkraliða er óskað víða, enda eftirsóttir starfsmenn um land allt. Sjúkraliðanámið er góður undirbúningur undir lífið, uppeldi, samskipti við annað fólk og gerir einstaklinginn færan um að meta sjálfur þörf fjölskyldunnar á heilbrigðisþjónustu.

Sjúkraliðanámið er á heilbrigðis-, náttúru- og félagssviði og er einnig góður undirbúningur fyrir þá sem huga að lengra námi í háskóla.

### Af hverju sjúkraliðabrú?

Á árunum í kringum tvítugt eða jafnvel fyrr kemur að því að flestir velja sér sitt ævistarf og fara þá sumir út á vinnumarkaðinn en aðrir fara í áframhaldandi nám. Það starf sem valið er, er líklegt til að standa undir þeim lífsgæðum sem hver og einn ætlar sér og er innan hans áhugasviðs. Ekki eru þó allir sem njóta þeirra forréttinda að geta stundað það nám og þá vinnu þar sem áhugasviðið er. Þó hafa þeir möguleikar aukist til muna nú á dögum með tilkomu fjarnáms.

Árið 1993 bauðst okkur, nokkrum konum á besta aldri sem unnu á sjúkrahúsi á Norðurlandi, að taka sjúkraliðanám í fjarnámi frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Með fjarnáminu komu möguleikarnir til að ná sér í réttindi til sjúkraliðastarfsins en við höfðum unnið inni á stofnuninni sem ófaglærðar, möguleikar sem voru ekki fyrir hendi á yngri árum eða ekki nýttir. Það má segja að þetta hafi verið fyrsti vísirinn að sjúkraliðabrú. Með góðum stuðningi Fjölbrautaskólans, samstarfsfélaga og þeirrar stofnunar sem við unnum hjá útskrifuðust fjórir sjúkraliðar árið 1996. Það voru stoltar konur sem settu upp merki Sjúkraliðafélagsins á þessum tímamótum.

**➜ Sjúkraliðanámið er gott og fjölbreytt nám sem veitir góðan faglegan grunn…**

Árið 2000 var sjúkraliðabrúin lögfest í aðalnámskrá framhaldsskóla. Það nám stendur einstaklingum til boða sem hafa náð 23 ára aldri, hafa fimm ára starfsreynslu og meðmæli frá sínum vinnuveitanda. Auk þess þarf viðkomandi að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga og/eða annarra aðila með það að markmiði að auka kunnáttu og færni til starfa á hjúkrunarsviði.

Ekki voru allir sammála um ágæti þessa náms, en miðað við mína reynslu er þetta frábært námstækifæri fyrir þá sem ekki höfðu tækifæri til náms á sínum yngri árum en vinna inni á heilbrigðissviði.

Ef ég væri í þeirri stöðu í dag að hafa starfað sem ófaglærð við aðhlynningu inni á heilbrigðisstofnunum myndi ég ekki hika við að nýta mér möguleika brúarnámsins eða setjast á skólabekk ef mögulegt væri. Sjúkraliðanámið er gott og fjölbreytt nám sem veitir góðan faglegan grunn og veitir þeim sem starfa við aðhlynningu/hjúkrun aukið sjálfstraust í starfinu.

Sjúkraliðastarfið gefur í allar áttir, er faglegt og traust starf sem við erum stolt af að sinna.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN



Gljáð hátíðarlamb
MEÐ PISTASÍUHNETUM, HUNANGI, ANANAS OG RAUÐUM PERLUM

FYRIR 10-12 MANNS
2 lambalæri
4 dl hunang, 4 dl vatn
200g pistasíuhnetur
krydd á hnífsoddi: Malaðar kardímommur, kanill, pipar, malað og ristað kúmen, karrí,
10 msk hakkaður eða saxaður ananas, 1 msk sjávarsalt,
1 msk heill rósapipar (rauðar perlur)

Eplaturn á blöðrukáli
12 smá epli, hrátt hangikjöt 2-3 sneiðar í hvert epli, 400 g rjómaostur, 3-4 greinar fersk mynta, 2 msk rifin piparrót, 2 msk hunang, smjör, sykur og blöðrukál

Trönuberjasósa
1 l trönuberjasafi, kanilstöng, 1 l kjötsoð, 2 dl rauðvín, 100 g trönuber

Skerið gróft munstur í lærið í líkingu við taflborð. Nuddið með salti og pipar. Bakið við 180 °C í 20 mín. Takið lærið út og látið standa í 15-20 mín. Saxið pistasíuhnetur (ekki of smátt). Sjóðið vatn og hunang í potti ásamt kryddi og ananas. Setjið pistasíur og sjávarsalt útí í lokin. Dreifið helmingnum ofan á lærið og bakið lærið áfram í 30 mín. eða þar til kjarnhiti er orðinn 58-61°. Leyfið lærinu að hvíla í minnst 10 mín. Smyrjið svo með afganginum af vökvanum og berið fram.

Eplaturn á blöðrukáli (1 turn á mann)
Skerið toppinn af epli, kjarnhreinsið og skerið restina í þrjár til fjórar sneiðar og steikið í smjöri og smá sykri. Blandið saman rjómaosti, piparrót, hunangi og saxaðri myntu og smyrjið á 3 eplasneiðar. Leggið hangikjöt á milli og raðið upp, efst kemur eplalokið með stöngli. Einnig má setja salat með.

Skerið blöðrukálið hringlaga og sjóðið í saltvatni í 3 mín. Snöggkælið og hitið svo upp með góðri olíu.

Trönuberjasósa
Sjóðið niður safa og vín með kanilstöng þar til 1/3 er eftir af vökvanum, bætið kjötsoði við og sjóðið áfram þar til góðu bragði er náð. Bætið trönuberjunum í sósuna rétt áður en borið er fram. Sjóðið ekki.

LAMBAKJOT.IS



ALLT Í PAKKANN
CASALL
YOGA DÝNA
5.490 KR.
TEYGÐU LÍKAMANN OG STYRKTU.
SKÍÐAPAKKAR
20% AFSLÁTTUR
ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÍÐASKÓR.
POLAR FT7
PÚLS-ÚR
19.990 KR.
MEÐ PÚLS- OG BRENNSLUMÆLI
SPORTBAKPOKAR
FRÁ 4.990 KR.
MIKIÐ ÚRVAL. MARGIR LITIR.
BOLTAR
FRÁ 1.990 KR.
HANDBOLTAR, KÖRFUBOLTAR OG FÓTBOLTAR.
MEINDL GÖNGUSKÓR
20% AFSLÁTTUR
GÆÐI Í GEGN – MIKIÐ ÚRVAL.
THE NORTH FACE
MCMURDO DÚNÚLPA
68.990 KR.
HENTAR SÉRLEGA VEL FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR. HYVENT ÖNDUNARFILMA VEITIR GÓÐA VATNSVÖRN.
BRETTAPAKKAR
20% AFSLÁTTUR
ÞEGAR KEYPT ERU BRETTI, BINDINGAR OG BRETTASKÓR.
LEKI
GÖNGUSTAFIR
9.990 KR.
TRAUSTIR OG VANDAÐIR.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

✝



Okkar ástkæru foreldrar, tengdaforeldrar, afi og amma og langafi og langamma,

**SIGRÍÐUR GUÐNADÓTTIR OG GUY DE BISSCHOP**

létust í Marseille, Frakklandi, 4. og 7. desember síðastliðinn.

**Isabelle de Bisschop**
**Eric de Bisschop**
**Frédéric Leplat**
**Kiran de Bisschop**
**Adrien de Bisschop**
**Axel de Bisschop**
**Kristján Magnússon**
**Manuela Magnúsdóttir**
**Kári Guðlaugsson**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL MAGNÚS JÓNSSON**
**frá Klettstíu,**

verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 14. desember kl. 11.00.

**Lára Margrét Benediktsdóttir**
**Jón Karlsson** **Ingrid Karlsson**
**Áslaug Lára Jónsdóttir** **Scott Lamb**
**Axl, Lilý**
**Birgitta Sif Jónsdóttir** **Borgþór Ásgeirsson**
**Sóley Sif**
**Louise Karlsson Jónsdóttir**
**Deisa G. Karlsdóttir Holl** **Tommy Holl**
**Hanna Närhi**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum þann 1. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristján Freyr Karlsson**
**Úlfar Karlsson** **Erna Sæbjörnsdóttir**
**Steinunn, Alda og Þórey**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR JÓNA ÁRNADÓTTIR**
**Framnesvegi 20, Keflavík,**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar sunnudaginn 9. desember á krabbameinslækningadeild 11E á LSH. Jarðarförin fer fram í Keflavíkurkirkju mánudaginn 17. desember kl. 13.00.

**Sæmundur Hinriksson**
**Eðalrein M. Sæmundsdóttir** **Hafliði R. Jónsson**
**Kristín A. Sæmundsdóttir** **Gunnar V. Ómarsson**
**Lilja D. Sæmundsdóttir** **Davíð Heimisson**
**Íris D. Sæmundsdóttir** **Vignir Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra móðir, amma og langamma,

**UNNUR ÞÓRA ÞORGILSDÓTTIR**
**ljósmóðir,**
**síðast til heimilis að Hrafnistu Laugarási,**

áður búsett í Sandgerði og Kópavogi, lést 2. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. desember kl. 13. Starfsfólki hjúkrunardeildar A-4 á Hrafnistu eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Hrafnistu eða önnur líknarfélög.

**Þorgils Baldursson** **Inga Jónsdóttir**
**Sigurbjörg Baldursdóttir** **Ásgeir Beinteinsson**
**Hallur Andrés Baldursson** **Kristín Sædal Sigtryggsdóttir**
**Sigurður Baldursson** **Borghildur Sigurbergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörnin.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Ævintýraleg sýning

Norski ævintýrasagnahöfundurinn Thorbjörn Egner hefði fagnað 100 ára afmæli í gær. Í tilefni þess hefur verið opnuð sýning honum til heiðurs á Landsbókasafni Íslands, Háskólabókasafni í Þjóðarbókhlöðunni, þar sem hann og verk hans eru skoðuð.

„Thorbjörn Egner sá um barnatímann í norska ríkisútvarpinu frá árinu 1946. Það var þar sem hann gæddi persónur sínar lífi og raddir Karíusar, Baktusar, Soffíu frænku, Lilla klifurmúsar og Mikka refs heyrðust fyrst og urðu frægar,“ segir Ólafur Engilbertsson.

Ólafur er sýningarstjóri sýningar um ævintýrasagnahöfundinn Thorbjörn Egner sem var opnuð í aðalsýningarrými Þjóðarbókhlöðunnar í gær. Tilefni hennar er 100 ára afmæli Egners en hann fæddist í Ósló 12. desember 1912 og lést á aðfangadag jóla árið 1990. Hann skrifaði yfir tuttugu barnabækur á ferlinum og eru þeirra frægastar sögurnar af Karíusi og Baktusi, Dýrunum í Hálsaskógi og Kardimommubænum sem allar lifa góðu lífi enn þann dag í dag. Egner var ungur að árum þegar hann byrjaði að skrifa sögur þó sú fyrsta hafi ekki komið út fyrr en 1949. „Það var sagan um Karíus og Baktus en hann hafði skrifað hana mörgum árum áður en hún kom út,“ segir Ólafur. Egner var menntaður í myndlist og sá sjálfur um að myndskreyta bækur sínar. Einnig samdi hann tónlist og texta sem tengdust verkunum en hann var kominn af afar tónelsku fólki. Þegar sögurnar hans fluttust svo á leiksvið á síðari hluta sjötta áratugar síðustu aldar tók hann virkan þátt í öllu því er sneri að uppsetningunni og hellti sér í leikmyndir, hönnun, búninga, auglýsingar og í raun hvað eina sem þurfti að gera.

Egner hafði mikil tengsl við Ísland og átti í nánu og góðu samstarfi við Þjóðleikhúsið í fjölda ára. Sýningin Dýrin í Hálsaskógi var til að mynda heimsfrumsýnd þar fyrir fimmtíu árum, í nóvember 1962. „Fram að því hafði hún bara verið sett upp sem brúðuleikrit svo það er í raun óhætt að tala um heimsfrumsýningu á leikritinu eins og við þekkjum það í dag,“ segir Ólafur. Egner kom sjálfur að uppsetningu sýningarinnar að miklu leyti og teiknaði leikmyndir og búninga sem hann sendi yfir frá Noregi. Það sama hafði hann gert þegar Kardimommubærinn var settur á svið í Þjóðleikhúsinu þremur árum áður, 1959.

Á sýningunni er skoðuð saga Egners, tengsl hans við Ísland og frægustu verk hans. Þar er einnig boðið upp á hljóðstöð með snertiskjá þar sem hægt er að hlusta á hans frægustu leikrit í fullri lengd, en það er nýjung hjá safninu. Það var leikarinn Ævar Þór Benediktsson sem mætti í gervi Lilla klifurmúsar og opnaði sýninguna í gær, en Lilli er ein frægasta persóna Egners. „Það er mikill ævintýrabragur yfir sýningunni og hún er miðuð að því að öll fjölskyldan geti komið og fræðst um ævintýraheim Egners,“ segir Ólafur.

tinnaros@frettabladid.is



**50 ÁRA BÚNINGAR** Hér er Ólafur með búningum Lilla klifurmúsar og Mikka refs frá uppfærslu á Dýrunum í Hálsaskógi árið 1962. Búningarnir eru til sýnis á sýningunni um ævintýrasagnahöfundinn Thorbjörn Egner. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

---

✝



Hjartkæra móðir og amma,

**MÁLFRÍÐUR (FRÍÐA) JÓNSDÓTTIR**
**húsmóðir, Sólheimum 8, Reykjavík,**

er látin. Bálförin hefur farið fram. Þökkum velvild og elsku sem okkur var sýnd við jarðsönginn. Elsku Fríða okkar, kærleikur þinn og elska verða okkur ætíð til eftirbreytni. Hvíl í friði.

**Margrét og Alexander**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð þann 25. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðjón Guðmundsson** **Helga Rut Eysteinsdóttir**
**Gunnar Lár Gunnarsson** **Hlín Magnúsdóttir Njarðvík**
**Hlynur Lár Gunnarsson**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og tengdadóttir,

**INGIBJÖRG ERLA JÓSEFSDÓTTIR**
**Þrastarási 16, Hafnarfirði,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 10. desember 2012.

**Torfi Karl Antonsson**
**Jósef Trausti Magnússon** **Sarah Knappe**
**Sveinhildur Torfadóttir** **Rodolfo Varea**
**Erla Hjördís Torfadóttir**
**Alexander Birgir, Rakel Anna, Natan Oliver, Maximiliano Andrés**
**Aðalheiður Helgadóttir**
**Sveinhildur Torfadóttir**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

**WILLIAM ÞÓR HAGALÍN**
**Háeyrarvöllum 54, Eyrarbakka,**

sem lést fimmtudaginn 6. desember, verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 15. desember klukkan 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Sigríður Óskarsdóttir**
**Unnur Huld Hagalín** **Elías Ívarsson**
**Þórhildur Ósk Hagalín** **Tobias Fuchs**
**Guðmundur Gísli Hagalín**
**Ívar Þór, Rúnar Orri, Ari Hrafn og Karítas**
**Óskar Magnússon** **Þórunn Vilbergsdóttir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HVÍT JÓL

**Það eru sjötíu ár frá því að Bing Crosby söng jólalagið White Christmas fyrst inn á plötu en hún var hljóðrituð í maí 1942. Enginn hefur slegið sölumetið á þessari plötu en hún hefur selst í meira en 50 milljónum eintaka. Fyrst söng hann lagið í sjónvarpi á jólum 1941.**


Glæsilegur, létt fylltur

Misty - fyrir allar konur

teg 301048 -
fæst í B,C skálum
á kr. 5.800,-
buxur á
kr. 1.995,-



Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laug. 15.des. Opið kl. 10-18

Vertu vinur



Ný sending kemur á föstudag. Pantanir óskast sóttar.

Eirberg



NÝTT

Blóðrásarörvun fyrir fætur

Opið kl. 9 -18 • laugard. 11 -16 • sunnud. 13 -17 • Stórhöfða 25 • eirberg.is





20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚLPUM OG KÁPUM

Stærðir 34-46

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# EINS OG ALVÖRU EGG

**FALLEGT SKART** *Telma Magnúsdóttir er mikill náttúruunnandi sem hannar falleg hálsmen og eyrnalokka sem eru eftirlíkingar af fuglseggjum.*

Eggin sem Telma Magnúsdóttir hannar eru það raunveruleg að fólk heldur að þau séu ekta og þorir varla að koma við þau af ótta við að þau brotni. „Eggin eru hins vegar mjög harðgerð enda gerð úr leir, máluð með olíumálningu og svo lökkuð. Fyrstu línuna sem ég gerði kalla ég Kríuvarpið og nýjasta línan er Rjúpnavarpið. Þetta eru hálsmen sem hanga í síðri keðju og eyrnalokkar. Ekkert egg er eins að stærð, gerð, lit og mynstri,“ segir Telma.

Hugmyndina að eggjunum fékk Telma fyrir þó nokkru en vann ekki úr henni fyrr en fyrir ári þegar hún var í fæðingarorlofi. „Ég og vinkonur mínar höldum „litlu jólin“ hátíðleg og þá er skylda að koma með heimagerða jólagjöf. Í fyrra ákvað ég að láta loksins verða af því að gera egg og gefa það.“

„Ég er mikill náttúruunnandi og ólst upp í sveit þar sem var mikið kríuvarp. Ég hef lengi haft dálæti á kríunni og finnst hún töff fugl. Það var ekki ósjaldan sem ég þurfti að hlaupa dauðhrædd undan henni með spýtu yfir höfðinu eða rífa mig úr bolnum og veifa honum,“ segir Telma og hlær. „Mér finnst egg beggja fugla falleg eins og svo mörg önnur. Teistuegg eru líklega næst á dagskrá. Þau er hvít með svörtum og gráum slettum og ólík hinum sem ég hef áður gert.“

Eggin koma í glærum öskjum sem Telma setur furunálar, melgresi og fleira í þannig að líkast er að eggið sé í hreiðri. „Ég hef föndrað og málað alla tíð og fæ útrás fyrir sköpunarþörfina í gegnum þetta,“ segir Telma sem vinnur í banka og segir eggjagerðina mótvægi við það. Skartgripina má sjá á Facebook undir Varpið, hönnun.

■ lilja.bjork@365.is

**TELMA MAGNÚSDÓTTIR**
Varpið-skartgripir íslensk hönnun.






2x90x200 cm með okkar bestu IQ heilsudýnu Verð aðeins kr. 349.900

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Hafðu það gott um jólin!

Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.

20% afsláttur



Jólagjöfin í ár
Hágæða sængurverasett og sloppar - Mikið úrval

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum









ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


MOSCHINO


MOSCHINO

# KARLAR MEÐ HATTA

**FLOTTIR GAURAR** *Hvernig væri að setja upp hatt á aðventunni og fylgja nýjustu tísku? Tískukóngarnir eru að minnsta kosti á þeirri skoðun að enginn sé karl án hatts. Þeir eru þó frekar sjaldséðir á götum hérlendis.*

Þrátt fyrir að helstu tískuhönnuðir heimsins hafi boðað mikla hattatísku fyrir karlmenn í haust- og vetrartískunni 2012-2013 eru ekki margir sem fara eftir því. Aðeins fáeinir sérvitringar ganga um götur Reykjavíkur með hatt á höfði. Höfuðfötin sem tískuhönnuðir sýndu eru margvísleg, allt frá sixpensurum til glæsihatta. Sumir litríkir og skrautlegir en aðrir einfaldir.

Hatta þarf ekki lengur að nota við jakkaföt eða frakka, eins og tíðkaðist fyrr á tímum. Nútímahattar passa við allan sportlegan fatnað. Þeir sem velja sér hatt til að ganga með eiga meðal annars möguleika á að kaupa hatt í Al Capone-stíl, rómantískan hatt eða kúrekahatt.

Kaskeiti eru sömuleiðis alltaf vinsæl en tískan er sótt til flugmanna, hermanna, lögreglumanna eða þeirra sem ganga í einkennisbúningum. Þá eru sixpensarar út leðri eftirsóttir núna og sömuleiðis derhúfur. Huguðustu karlarnir velja hatta eða húfur í litríkum litum en flestir velja sér svart, grátt eða brúnt höfuðfat.


DIOR


**SKUGGALEGUR**
Frá Jean-Paul Gaultier.


BURBERRY


**RAUÐUR OG GLÆSILEGUR**
Frá franska hönnuðinum Jean-Paul Gaultier.

**NÝTT**
Hvers kyns höfuðföt fyrir karla eru í tísku um þessar mundir, hattar, húfur og kaskeiti.


BURBERRY


DIOR

**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Jólatilboð

## 15-30% afsláttur af völdum vörum




Birki rúmföt -15%

Áður 11.980 kr, núna 10.183 kr



Blómahaf NÝTT -15%




Allar jólavörur -30%




Handklæði - 25%




Klifurrós - 15% afsláttur



Stafrófið - 20% afsláttur




Stök koddaver - 20%




Rókókó rúmföt -15%




Hestarúmföt
9.990 kr (áður 12.790 kr)




Dúkar 25-30% afsláttur



Baðsloppar - 15%




Gleym mér ei -15%

## *Mjúka jólagjöfin fyrir alla fjölskylduna*

**Opnunartími**
fimmtudag & föstudag: 11-18
laugardag & sunnudag: 11-16

**Tilboðin gilda til kl 16 á sunnudag (16.12)**

Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is**

# DJÁSN ÚR AUSTRI

**MADE IN CHINA** *Margir tengja merkimiðann við fjöldaframleiðslu, eftirlíkingar og óvönduð efni en vandað handverk og hefðir finnast enn í Kína.*

Innan um óvandað dót og eftirlíkingar uppgötvaði ég smátt og smátt að finna mátti raunveruleg verðmæti í Kína,“ segir Elsa Ævarsdóttir innanhússarkitekt sem undanfarin sjö ár hefur verið búsett í Sjanghæ og lærði fljótt að tortryggja kínverskan varning. „Handverk og hefðir hafa því sem betur fer ekki glatast að fullu þótt á ýmsu hafi gengið í stjórnmálasögu Kína.“

Með aukinni þekkingu og reynslu opnaðist Elsu nýr heimur af verðmætum efniviði.

„Heimamenn frá héruðum þar sem perlurækt, kasmírgeitur og silkigerð eiga sér rætur hafa á undanförnum áratugum streymt til stórborganna. Upp hafa sprottið saumaverkstæði, prjónastofur og markaðir sem selja silkivörur, kasmírull, perlur og náttúrusteina. Tengsl eigenda við upprunann og þekking þeirra á hráefni og handverki gerir viðskiptin áhugaverð og fræðandi,“ segir Elsa sem á www.munir.is býður fágæta kínverska dýrgripi sem framleiddir eru í smáum stíl.

„Perlur, náttúrusteinar, kasmírull og silki eru dásamlegt hráefni í fallega hluti. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvað ein kona getur átt mikið af fallegum munum og fljótlega eftir komuna til Kína fór ég að dreifa hlutum sem ég uppgötvaði í kringum mig. Gjafirnar vöktu lukku en ég fann fljótt að þeim þurftu að fylgja útskýringar um raunveruleg verðmæti vörunnar. Ekta perlur og steinar, silki og kasmírull eru dýrmæt. Þeir sem nota verðmætt hráefni eru yfirleitt framleiðendur rándýrrar merkjavöru. Fæstir hafa efni á að eignast slíkar vörur og finnst liggja beinast við að halda að það sem fæst á góðu verði sé ekki ekta,“ útskýrir Elsa sem vill deila áhugaverðu hráefni og vörum frá Kína með löndum sínum.

„Á Munir.is leitast ég við að miðla fróðleik, fallegum hlutum og hönnun. Úrvalið samanstendur af munum sem hafa heillað mig. Þar er að finna handverk og hönnun heimamanna en einnig vörur sem ég hef hannað sjálf og eru sérframleiddar. Markmiðið með síðunni er að bjóða gæðavörur á einstökum kjörum; að opna milliliðalausa gátt að gersemum úr austri.“

thordis@365.is




**JÓLASTUÐ Í SJANGHÆ** Elsa og fjölskylda eiga jólin á Íslandi í ár. Hún segir jól ekki haldin í Kína en að jólaskraut verði sífellt fyrirferðarmeira í Sjanghæ sjá henti efnahagslífinu vel að markaðssetja jól sem kauphátíð. Hér situr Elsa við gott dæmi um slíkt, jólatré skreytt alvöru Mini-bílum.



**PERLUR OG KASMÍR** „Ég er hrifin af skarti þar sem efniviður fær að njóta sín án viðbóta. Þegar ég finn fallegar perlur og steina gríp ég tækifærið og kaupi; ekki er víst að hið sama verði aftur vegi manns.“

# GLÆSILEGIR FRIÐARTÓNLEIKAR

*Leikkonan fræga úr þáttunum Sex and the City, Sarah Jessica Parker, var kynnir á tónleikum í Ósló í fyrrakvöld í tengslum við friðarverðlaun Nóbels ásamt skoska leikaranum Gerard Butler.*

Parker, sem er 47 ára, vakti mikla athygli Norðmanna. Sjálf sagðist leikkonan hrifin af borginni þótt hún væri ekki búin að sjá mikið af henni. Sagðist hún þó hafa smakkað mjög gott kebab á veitingahúsi og graflax.

Tónleikarnir voru einstaklega vel heppnaðir en þar komu fram listamennirnir Kylie Minogue, Seal, Jennifer Hudson, Ne-Yo, Karpe Diem, Laleh, Milow, Il Volo, Oquestrada, Susanne Sundfør, Fanfare Ciocarlia, Nick Davies og Kringkastingsorkesteret.

Mikill fjöldi var í salnum en meðal gesta voru Mette Marit og Hákon krónprins ásamt syni hennar, Maríusi, sem öll virtust skemmta sér vel. Við hlið þeirra sátu æðstu menn Evrópusambandsins.



**FRÆGIR KYNNAR** Sarah Jessica Parker og Gerard Butler voru flott á sviðinu. MYND/AFP


LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

basic
Sími 571-5671
Háholti 13 - 15 / 270 Mosfellsbæ
Jólagjöfin hennar fæst hjá okkur.
Basicplús
OPIÐ
Virka daga kl. 12 -18
Laug. í des kl. 11-16

Erum á facebook Basicplus Mosfellsbæ


Allt til sundiðkunar!
Sundfatnað, sundfit, sundhettur, sundgleraugu, korka og kúta.
Einnig sundbuxur og leikföng fyrir yngri börnin.
Neopren sundhettur, hanska og sokka fyrir sjósundfólk.
Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur, sími 5640035 eMail: aquasport@aquasport.is

# SNJALLSÍMAR

FIMMTUDAGUR 13. DESEMBER 2012 | **Kynningarblað** Breytt samskiptamunstur, fylgihlutir, tækniundur og tíska.

# Apple-draumar rætast hjá iStore

**iStore** í Kringlunni svarar öllum óskum Apple-unnenda fyrir jólin. Þar fæst Apple-tölvu- og símabúnaður sem hingað til hefur verið ófáanlegur hérlendis í bland við glitrandi Swarovski-símahulstur, baðvogir, leikföng og myndavélaútbúnað fyrir Apple-vörur.

Draumurinn hefur ræst með iStore í Kringlunni og viðtökur ánægðra viðskiptavina hafa farið fram úr björtustu vonum," segir Sigurður Helgason um glæsilega verslun sem hann opnaði í Kringlunni í október.

„iStore er Apple-sérverslun með mikið úrval af símahulstrum og spennandi fylgihlutum. Verslunin hefur sérstöðu á meðal Apple-búða því hér fást heildarvörulínur Apple-tölva, spjaldtölva og síma."

Af iPhone-símum sem fást í iStore má nefna iPhone 4, iPhone 3GS og 16, 32 og 64 GB iPhone 5.

„iStore er himnasending fyrir unnendur Apple því hún sérhæfir sig í vörumerkjum og vörutegundum sem annars eru ófáanleg hérlendis. Þá erum við dugleg að hlusta á óskir viðskiptavina og mæta eftirspurn þeirra að vörmu spori," segir Sigurður.

### Þyrla, baðvigt og aðdráttarlinsa

Í iStore fást ótal skemmtilegir fylgihlutir fyrir iPad og iPhone.

„Allt eru það vörur sem ekki hafa áður sést á Íslandi og eru nú að slá í gegn í jólapakkana," upplýsir Sigurður.

Þar má nefna aðdráttarlinsur og þrífætur, litlar og stórar leikfangaþyrlur sem stýrt er þráðlaust úr síma og búnar eru myndavélum.

„Við erum einnig með leikfangaskriðdreka sem stýrt er úr síma og er útbúinn myndavél. Notkunarmöguleikar tölvu- og símabúnaðar Apple eru stöðugt að aukast og til dæmis hægt að fljúga stærri þyrlunum í 50 metra hæð og sjá í rauntíma það sem linsa þyrlunnar sér á skjá símans."

Að sögn Sigurðar eru baðvogir vinsæl jólagjöf fyrir þá sem eiga iPhone og aðhyllast heilbrigðan lífsstíl.

„Vogirnar þekkja eiganda sinn og mæla þyngd hans, fituprósentu og BMI-stuðul. Allt er það svo sent þráðlaust yfir í iPhone. Þá er ógleymdur púlsmælir fyrir iPhone og ekkert meira hvetjandi en að fá staðfestingu á góðum árangri í símann sinn og línurit sem sýnir hvernig framfarir batna dag frá degi."

### Viðgerð samdægurs

Í iStore í Kringlunni er verkstæði sem býður þjónustu sem þekkist ekki annars staðar.

„Allar viðgerðir á verkstæði okkar fara fram samdægurs og oft er biðtími ekki nema hálftími til klukkutími," segir Sigurður. Verkstæðið er opið sjö daga vikunnar og klárlega þægilegt að geta kíkt í búðir eða á kaffihús á meðan viðgerð fer fram.

„Ef svo óheppilega vill til að sími lendir ofan í vatni skiptir höfuðmáli að koma sem fyrst með hann í viðgerð. Þá er gott að vita til þess að verkstæði iStore er líka opið um helgar."

### Heitustu jólagjafirnar

Sigurður staðfestir að margir óski sér iPhone eða iPad um jólin enda hefur hann vart undan að panta inn nýjar vörur.

„Allra vinsælustu Apple-vörurnar til jólagjafa nú eru Apple TV, iPad Mini og iPad 4 sem er fjórða kynslóð iPad. Þá njóta hulstur og fylgihlutir mikilla vinsælda en iStore býður allt frá einföldum hulstrum yfir í íburðarmeiri lúxushulstur úr Swarovski-kristal. Það var ein vinsælasta jólagjöfin til kvenna í fyrra og hefur ekkert slegið af enda handunnin úr ekta kristöllum sem skína og glitra af mikilli fegurð."



iStore býður upp á allar tegundir og stærðir af iPhone eins og sjá má á símanum sem Sigurður Helgason spjallar í á þessari mynd.

MYND/VALLI

## TRAUSTUR OG ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGI

**ZooGue-hulstur** er ómissandi fyrir iPad. Þar er spjaldtölvan örugg og lendir hvergi á punkti sem er berskjaldaður fyrir höggi. Nýjasta hulstrið Prodigy er stílhreint og faglegt í útliti og tilvalið fyrir þá sem nota iPad í vinnunni. Hægt er að hafa nær hvaða halla sem er á tækinu ólíkt Smart Cover og Smart Case frá Apple. Ólíkt gamla Genius-hulstri ZooGue notast Prodigy við segla en ekki franskan rennilás. Það er bæði hagkvæmara og flottara.



iJól í Kringlunni

Góð þjónusta og góð verð

Nýr iMac
Þynnri, öflugri og fallegri.
**Væntanlegur á næstu dögum**



iPhone 5
Þynnri, léttari og öflugri
**Frá kr. 159.900**



Nýr iPad Mini
Snilld í hendi



iStore í Kringlunni
istore.is · 566 8000

Gert í svona tölvu

# Svissneskur vasahnífur og vinur í vasanum

Snjallsíminn hefur breytt aðgengi okkar að upplýsingum, samskiptamynstri okkar og hvernig við neytum ólíkrar afþreyingar.



„Það er ekki hægt að láta sér leiðast lengur með snjallsíma við höndina," segir Soffía Kristín Þórðardóttir, hópstjóri á vef- og sérlausnasviði hjá TM Software. MYND/ANTON

Snjallsímar hafa valdið miklum breytingum á daglegu lífi fjölda fólks undanfarin ár. Iphone frá Apple kom fyrst á markað árið 2007 og olli straumhvörfum í lífi margra. Snjallsímar voru dýrir í upphafi en á síðustu 2-3 árum hefur úrval þeirra stóraukist og verðið lækkað mikið. Í nýlegri könnun fyrirtækisins MMR sögðust 54% Íslendinga eiga snjallsíma og á sú tala vafalaust eftir að hækka mikið á næstu árum.

Soffía Kristín Þórðardóttir, hópstjóri á vef- og sérlausnasviði hjá TM Software, segir snjallsímann hafa gjörbreytt aðgangi okkar að upplýsingum auk þess sem hann leysi af hólmi mörg önnur eldri tæki og virki þannig eins og svissneskur vasahnífur. „Snjallsímar hafa til dæmis myndavélar, myndbandsupptökutæki og tónlistarspilara. Aðgangur fólks að netinu hefur líka vaxið gríðarlega og um leið hvernig það sækir sér upplýsingar þangað. Í raun er síminn orðinn eins og alfræðiorðabók eða aðstoðarmaður í vasanum."

### Frá morgni til kvölds

Snjallsíminn er orðinn órjúfanlegur hluti lífsins hjá mörgum. Hann vekur okkur á morgnana og er það síðasta sem við skoðum áður en við förum að sofa. Þess á milli höldum við á honum í hendinni. „Snjallsíminn hefur líka gjörbreytt samskiptum okkar og gert okkur að mörgu leyti að meiri félagsverum og þrýstir á aukin samskipti. Þannig erum við stöðugt til taks allan sólarhringinn og það þýðir varla lengur að segja að slökkt hafi verið á símanum ef einhver er að reyna að ná í okkur." Meðal nýjunga sem notendur snjallsíma munu sjá fljótlega nefnir Soffía sjónræna og hljóðræna leit gegnum símann. „Þannig verður hægt að taka mynd með myndavél símans sem vinnur úr þeirri fyrirspurn og sendir notandanum niðurstöðu. Sama á við um hljóð. Ef maður heyrir gott lag í útvarpinu er hægt að taka það upp og síminn sendir þér upplýsingar um flytjanda og heiti lags. Um leið gefa þeir símaeigendum tækifæri til að kaupa viðkomandi vörur. Fyrirtækin eru eðlilega mjög spennt fyrir þessum möguleika sem við eigum eftir að sjá þróast enn frekar. Við munum því sjá enn frekari vöxt í verslun og viðskiptum gegnum snjallsíma á næstu árum."

### Spennandi tímar fram undan

Framboð ýmiss konar afþreyingar á líka eftir að vaxa enn frekar næstu árin að sögn Soffíu og símnotendur munu í æ ríkari mæli sækja slíkt efni þangað. „Það er ekki hægt að láta sér leiðast lengur með snjallsíma við höndina. Þannig er síminn ekki bara aðstoðarmaður heldur líka vinur manns þegar maður hefur engan til að tala við." Auk þess mun þróunin verða meira í þá átt að ólíkir miðlar og tæki munu tala meira saman. Þannig nýti fólk sér til dæmis ólík tæki og miðla til að neyta afþreyingar. „Þú byrjar kannski á því að kynnast bíómynd á Facebook, sem vinur þinn hefur mælt með, gegnum símann þinn. Þaðan ferðu inn á kvikmyndavef í símanum og skoðar nánari upplýsingar. Setur myndina í bókamerki og nærð í það í sjónvarpinu heima og horfir á myndina."

Næstu ár eiga eftir að verða mjög spennandi þegar kemur að þróun snjallsíma, að sögn Soffíu. Hún segir fyrirtæki þurfa að vera á tánum gagnvart nýjungum sem séu að koma fram og nefnir sem dæmi fyrirtækið Square sem gerir söluaðilum kleift að nota iPhone-símann sem posa og losna þannig við að kaupa hefðbundna posa og kaupa þjónustu hjá þjónustuaðilum korta. „Mikil tækifæri eru til staðar fyrir öll fyrirtæki sem búa til þægilegar lausnir fyrir neytendur og hjálpa þeim í hinu daglega lífi við að leysa ólík verkefni."

# Rafbók í kaupbæti

Rafbók fylgir snjallsímum og spjaldtölvum á jólatilboði hjá Símanum.

Síminn býður upp á ríkulegt úrval af snjallsímum en þar er lögð mikil áhersla á að fólk læri að nota þá og kynnist þeim möguleikum sem þeir hafa upp á að bjóða. „Þess vegna fannst okkur sniðugt að láta rafbók fylgja tækjum á jólatilboði í ár. Við tókum upp samstarf við Ebækur.is og varð bókin Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason fyrir valinu. Þá fylgir gagnamagn til að nota netið í símanum líka. Rafbókina er hægt að lesa í snjallsímum, spjaldtölvum og tölvum og er frábær leið til að prófa að nota snjallsímann í eitthvað annað en að hringja. Fyrir þá sem vilja læra meira býður Síminn sömuleiðis upp á snjallsímanámskeið," segir Helga Lilja Gunnarsdóttir, markaðsstjóri einstaklingssviðs Símans.



Bókin Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason kemur sem kaupauki með tækjum á jólatilboði hjá Símanum. MYND/GVA

Hún segir sjaldan hafa verið jafn auðvelt og skemmtilegt að skoða úrval tækja á jólatilboði en nýr jólavefur Símans, www.jol.siminn.is, leit dagsins ljós fyrir skömmu. „Þetta er í raun vefútgáfa af jólabæklingnum okkar en þar er hægt að skoða öll tilboð og fylgihluti. Þar er sömuleiðis að finna ýmiss konar skemmtiefni og má þar nefna myndband þar sem Þorsteinn J. fjallar um tilurð bókarinnar Reykjavíkurnætur. Hann skoðar bakgrunn sögunnar og ræðir meðal annars við leikarann Ingvar E. Sigurðsson og fleiri. Þá er matarblogg Ólínu S. Þorvaldsdóttur, sem bloggar beint úr snjallsímanum á síðunni Eldum.is, á vefnum. Hún gefur góðar jólauppskriftir og hægt er að skoða myndbönd og myndir af Instagram.




Á vefnum má sömuleiðis finna nýtt jólalag Símans með þeim Sigurði Guðmundssyni, Sigríði Thorlacius og Memfismafíunni og fleira skemmtilegt.

Tónlistarþjónustan Plötur vikunnar í Sjónvarpi Símans er í boði til áramóta og er að sögn Helgu Lilju sérstaklega vinsæl um þessar mundir. „Þar erum við í samstarfi við Tonlist.is og gefst fólki kostur á að hlusta á fjölmargar íslenskar plötur sem auðveldar valið úti í búð.

Síðast en ekki síst má svo nefna nýja símaappið sem er frábær viðbót við þjónustu Símans. Það er bæði í boði fyrir Android og iPhone og gefur fullkomna yfirsýn yfir símanotkunina. Þar er hægt að skoða sundurliðaða notkun, sjá stöðu á gagnamagni, sjá hvaða vinanúmer eru skráð og fylla beint á frelsi svo eitthvað sé nefnt. Appið má nálgast í App store eða Google play store undir heitinu Síminn en auk þess með meðfylgjandi QR-kóða.



Falleg minnisbók gæti orðið að sniðugu hulstri utan um síma.

Leynihólf innan í bók er sígild aðferð til að fela verðmæta hluti.

# Kápan segir ekki allt

Símar og spjaldtölvur eru dýr tæki sem geta freistað fingralangra. Til að blekkja þjófótta er ráð að pakka svo dýrum hlutum inn í eitthvað sem gefur innihaldið ekki beint til kynna.

Með smá handlagni má til dæmis breyta gamalli bók í tösku undir spjaldtölvu eða hulstur utan um síma. Á vefsíðunni www.snapguide.com er að finna leiðbeiningar að einni slíkri aðgerð sem hægt er að styðjast við.

- Finnið gamla, fallega bók og passið að hún sé nógu stór utan um tölvuna. Skemmtileg minnisblokk ætti að passa utan um símann.
- Leggið spjaldtölvuna eða símann á fyrstu síðuna og teiknið meðfram með blýanti. Skerið svo eftir línunni með beittum hníf.
- Fjarlægið úrskurðinn og límið saman blaðsíðurnar sem eftir standa svo hólf myndast sem tækið fellur ofan í.
- Klæðið hólfið að innan með því að líma niður mjúkt efni og klippið burt það sem stendur út af.
- Nú mætti klæða bókina að utan með slitsterku efni, svo sem leðri, nema þú hafir valið bókina sérstaklega vegna kápunnar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Iphone 5 er tækniundur ársins

Frá því að fyrsti iPhone-síminn kom á markað árið 2007 og ruddi brautina fyrir tækni snertiskjásíma hefur hann ætíð verið í broddi fylkingar. Iphone 5 er enn ein rósin í hnappagatið hjá Apple. Síminn er minni, tvöfalt hraðvirkari, skýrari, skarpari og betri en forveri hans iPhone 4S.



Nýi iPhone 5 er 18 prósentum minni og 20 prósentum léttari en forverinn, tvöfalt hraðvirkari og rafhlaðan endist lengur. MYND/GVA

Iphone kom fyrst á markað árið 2007 og ruddi brautina fyrir nýja kynslóð síma. Iphone er án efa vinsælasta varan frá Apple og nú er komin ný kynslóð sem nefnist iPhone 5.

„Það ótrúlega við iPhone 5 er hvernig Apple hefur tekist að búa til síma sem er átján prósentum minni og tuttugu prósentum léttari en forverinn , 4S, en samt hlaðinn nýjungum. Margir myndu áætla að það væri á kostnað einhvers annars, en svo er þó ekki. Þetta er betri sími í alla staði," segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is.

### Stórbætt útgáfa

Helstu nýjungar í iPhone 5 eru stærri og betri skjár, þynnri og léttari umgjörð, nýr og öflugur A6-örgjörvi og endurbætt iSight-myndavél. Auk þess styður hann LTE-tækni eða 4G sem er fjórða kynslóð farsímanetkerfa.

### Örgjörvinn

A6-örgjörvinn er þróaður og hannaður af Apple og stórlega endurbættur frá forvera sínum, A5. „Þó svo að síminn og örgjörvinn sé minni þá vinnur örgjörvinn í iPhone 5 tvöfalt hraðar en sá í iPhone 4S. Þetta þýðir einfaldlega að þegar forrit eru ræst í símanum opnast þau nánast samstundis, auk þess sem örgjörvinn skilar mun betri og hraðvirkari grafík. Hægt er að nota smáforrit, skoða myndir, spila leiki og fleira á mun hraðvirkari hátt en áður og í betri gæðum."

### Betri rafhlaða

Við öll þessu auknu gæði mætti ætla að rafhlaðan entist skemur. Raunin er hins vegar allt önnur. „Þar sem að nýi örgjörvinn er sparneytnari, þýðir það einfaldlega lengri rafhlöðuendingu, eða allt að átta klukkustundir í taltíma eða í netnotkun og allt að tíu tímar í vídeóspilun."

### Skjárinn

Skjárinn á iPhone 5 er fjórar tommur að stærð og jafn breiður og á iPhone 4S. iPhone 5 er samt sem áður 9 millimetrum lengri. „Þetta auðveldar notkun með annarri hendinni. Auk þess er litadýpt skjásins 44 prósentum meiri en 4S og upplausnin 1136 x 640 punktar."

### Þráðlausar tengingar

„Í nútímanum eru snjallsímar orðnir nokkurs konar framlenging af fólki sem tengir það við umheiminn; tölvupóst, fréttaveitur, dagatöl, Facebook og svo mætti lengi telja. Því betri sem síminn er því fleiri og betri notkunarmöguleika býður hann fólki til að tengja sig."

IPhone 5 er búinn allra nýjustu tækni í tengingum og styður LTE (4G)-tæknina, sem er nýjasta kynslóð farsímanetkerfa. „Með þeirri tækni nær síminn allt að 100Mbps nethraða. Wi-fi tengingin er ótrúlega öflug og getur skilað allt að 150Mbps hraða. Til samanburðar má geta þess að gagnahraði ljósleiðarans er 100Mbps."



### Ótrúleg myndavél

„Það er ekki að ástæðulausu að myndavél iPhone 5 er ein vinsælasta myndavél heims. Enda á fólk oft erfitt með að trúa því að myndirnar hafi verið teknar á símamyndavél." ISight-myndavél iPhone 5 er með 8MP upplausn, ótrúlega linsu og býr yfir tækni sem tekur skýrari og bjartari myndir en áður. ISight er með panorama-eiginleika með allt að 28MP upplausn, en auk þess tekur myndavélin 1080p háskerpumyndbönd og er með enn betri hristivörn en áður. „Myndavél iPhone 5 er það góð að atvinnuljósmyndarar eru farnir að nota símann til að taka myndir og hægt er að fá aukalinsur á símann."

### Tilboð og aukahlutir

iPhone 5 kemur með nýja Lightning-tenginu og háþróuðum EarPods-heyrnartólum frá Apple. 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði hjá NOVA fylgir iPhone 5. Gildir í frelsi og áskrift. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.epli.is eða í verslunum Epli.is á Laugavegi 182 og í Smáralindinni.



## BREYTA NEYSLUMYNSTRI

**Snjallsímar eru** orðnir ómissandi þáttur í daglegu lífi margra og sumir eru einfaldlega orðnir háðir þeim. 59 prósent snjallsímanotenda fara á netið daglega í gegnum símann og flestir yfirgefa aldrei heimilið án hans.

Snjallsímar hafa breytt neyslumynstri fólks. Um 95 prósent snjallsímanotenda hafa kannað vöru eða þjónustu fyrirtækis í gegnum símann og 31 prósent þeirra hefur notað hann til að versla. Af þessu leiðir að fyrirtæki sem tengjast væntanlegum viðskiptavinum sínum í gegnum snjallsíma auka líkur á að ná til þeirra verulega. 84 prósent snjallsímanotenda taka eftir auglýsingum sem koma í símana og 56 prósent þeirra hafa farið á netið og leitað á netinu eftir að hafa séð ákveðna vöru auglýsta.

## HVAÐ Á SKJÁRINN AÐ VERA STÓR?

**Við val** á snjallsíma velta margir fyrir sér skjástærðinni. Það er freistandi að kaupa síma með stórum skjá en valið þarf að taka mið af notkuninni. Gengur þú með símann í buxnavasanum, úlpunni eða töskunni? Situr þú reglulega löngum stundum í strætó eða sem farþegi í bíl og vilt geta horft á myndir eða myndbönd eða kemur þú aðallega til með að nota símann til að kíkja á Facebook eða tölvupóst?

Ef iPhone er efst á óskalistanum er valið ekki flókið því hann kemur með 3,5 tommu skjá. Steve Jobs heitinn lét hafa það eftir sér að skjárinn ætti ekki að vera stærri því þá væri erfitt fyrir flesta að stjórna honum með annarri hendinni. Vinsælir Android-símar síðustu ára hafa margir verið með 3,7 tommu skjá þó símarnir hafi verið svipaðir að stærð og iPhone að öðru leyti. Í dag er algengt að dýrir Android-símar séu með 4,3 tommu skjá. Má þar nefna HTC Sensation og Samsung Galaxy S2.



# TÍSKAN Í SÍMANN

**Helstu tískuvörumerki** heims flykkjast nú á samfélagsmiðilinn Pinterest, sem er sá samfélagsmiðill sem vex hraðast á netinu í dag. Hann er aðgengilegur í snjallsímum og er byggður upp eins og nokkurs konar myndræn korktafla þar sem notendur deila ljósmyndum og myndböndum eftir ólíkum efnisflokkum. Þótt notendur hans séu í dag að mestu leyti konur eru mörg tískumerki sem einblína á unga karlmenn farin að nýta samfélagsvefinn til markaðssetningar og sölu á vörum sínum. Þar er í flestum tilfellum bæði hægt að skoða mikið úrval fallegra tískuvara og festa kaup á þeim um leið gegnum vefi fyrirtækjanna. Bandaríska tískumerkið Stussy er komið á Pinterest og þar er hægt að skoða fjölda ljósmynda af fallegum fatnaði og öðrum vörum fyrirtækisins. Slóðin er Pinterest.com/stussy. Fatamerkið Volcom er einnig bandarískt og stílar inn á bæði unga karlmenn og konur. Á slóðinni Pinterest.com/volcom má finna úrval af vörum fyrirtækisins og kaupa þær um leið. Carhartt hefur lengi verið vinsælt meðal ungra manna en upphaflega framleiddi fyrirtækið vinnuföt fyrir verkamenn sem unnu við lagningu járnbrautar. Seinna meir hóf fyrirtækið framleiðslu tískufatnaðar fyrir ungt fólk og deilir nú miklu magni ljósmynda á Pinterest-síðu sinni, Pinterest.com/Carhartt.









**VINNUR MEÐ ÓLÍK EFNI** Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður blandar saman messing og bútasaumsefnum í nýjustu skartgripalínu sinni. MYND/ANTON

# SKART Í ANDA LIZ

**SKART** *Gullsmiðurinn Helga Ósk Einarsdóttir hafði stórleikkonuna Elizabeth Taylor í huga er hún hannaði nýjustu línu sína. Skartið er sýnt á Skörinni.*

Nýja línan samanstendur af svolítið yfirdrifnum drottningarskartgripum í anda Elisabeth Taylor. Ég vildi gera venjulegum konum kleift að nota slíkt drottningarskart og blanda saman messing og textíl í stað gulls og eðalsteina," segir Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður en hún opnaði sýninguna Meira og minna skartgripir á Skörinni í Aðalstræti 10 nú fyrir helgi. Þar er nýja línan til sýnis auk fleiri muna sem Helga hefur smíðað síðustu ár.

En af hverju Elizabeth Taylor? „Ja, kannski má tengja það við glamúrinn í Los Angeles en ég bjó þar síðastliðin tvö ár," útskýrir Helga. Hún segist þó ekki hafa látið heillast af glamúrnum og með útfærslunni á skartgripunum sé hún jafnvel að gera góðlátlegt grín. „Í Bandaríkjunum fá konur demant við trúlofun og eftir því sem demanturinn er stærri því flottara er það. Mér finnst það frekar púkó og er hálfpartinn að gera grín að þeirri hugmynd með því að nota messing og bútasaumsefni," segir Helga. Þessi nálgun er þó gegnumgangandi í allri hönnun Helgu.

„Ég spila á ákveðið jafnvægi og hef til dæmis notað gull og plast saman. Ég hef gaman af tvöfeldni og því sem kemur á óvart, að ekki sé allt sem sýnist. Ég nostra alveg eins við ódýrari efnin og vanda mig við hvern hlut. Þetta er engin fjöldaframleiðsla."

Helga rekur vinnustofuna Agor í Súðavogi 48 ásamt fjórum öðrum gullsmiðum. Hægt er að fylgjast með Agor á Facebook en nánar má forvitnast um hönnun Helgu á síðunni www.milla.is.

Sýningin stendur til 23. desember.



**DROTTNINGARSKART** Í anda Liz Taylor.



**HANDGERT** Helga nostrar við hvern hlut.

# LITRÍK JÓLABINDI

**GERA LÍFIÐ SKEMMTILEGRA** *Litrík bindi og hálstau geta svo sannarlega lífgað upp á tilveruna. Jólin og aðventan eru einmitt tíminn til að bera slíkt.*

Það vekur jafnan lukku að lífga upp á jólin með sérstökum og jólalegum fatnaði. Þótt fatnaðurinn sé jafnvel ljótur, þá er sumt svo ljótt eða hallærislegt að það fer hringinn og verður flott. Keppnir eru haldnar víðs vegar um heim um hver geti komið í ljótustu jólaflíkinni. Fatnaður sem er tengdur jólum þarf þó ekki endilega að vera ljótur eða hallærislegur og margt fallegt og rómantískt er að finna.



**JÓLA JÓLA** Það gerist nú varla jólalegra en þetta.

**EKTA SILKI** Einkar fallegt silkibindi með teiknaðri mynd af jólasveininum.




**DISNEY** Mikki mús og Plútó hafa öðlast sess á jólunum og ófáir jólaþættirnir sem þeir hafa birst í.



**SNÆFINNUR** Snjókarlar eiga ekki bara heima úti og una sér vel á bindum.



**SLEIKJÓSLAUFA** Litrík slaufa með girnilegum jólastöfum.

Glæsilegur fatnaður á MJÖG góðu verði



Prjónakjóll á 11.900 kr.



Kápa á 12.900 kr.



Skokkur á 17.900 kr.
Bolur á 5.900 kr.



Toppur á 6.900 kr.



Tvær í einni á 7.900 kr.



Trefill á 2.500 kr.

„Kryddaðu fataskápinn ..."

black pepper FASHION

Við erum á Facebook

Opið mán.-miðv. kl. 11-18
Opið fimmt.-föst. kl. 10-18
Opið laugardaga kl. 10-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**DÍSEL**
HYUNDAI TUCSON 4X4. Árgerð 2005,ekinn aðeins 116.þ km,lítur sérlega vel út,er á staðnum,sjálfskiptur.Verð 1.680.000. Rnr.103026.Sími:562-1717.



**GLÆSILEGUR JEPPI.**
VOLVO XC 90 V8.Árgerð 2005,ekinn 147.þ km,sjálfskiptur,einn með öllu,er á staðnum.Verð 3.590.000. Rnr.103085. Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S.567 2000



**7 MANNA !**
Nissan Qashqai + 2 árg. 07/2012 ek. 12 þ.km 18" felgur, glerþak, 7 manna ofl Glæsilegur jepplingur Verð 5450 (skipti möguleg)



**18 MANNA !**
Ford Transit BUS 425 (18 manna) Diesel , 6 gira, árg 10/2010 ek 57 þ.km verð 6.790 þús með VSK



**GOTT VERÐ !**
VW Crafter Háþekja Diesel 08/2007 ek 220 þ.km Klæddur kassi , litur mjög vel út, er á staðnum verð aðeins 2290 með VSK !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

100 bílar.is



ARCTIC CAT F8 SNO PRO . Árg 2007, ek 6 Þ.KM, 800cc, 144hö, 264kg, Sleðinn lítur mjög vel út, í topp standi og með neglt belti, Ásett verð 890.000. Rnr.140587. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM L200 Dísel 32" Árgerð 11/2009, ekinn 31þ.km, ssk, pallhús, sumar/ vetrardekk o.m.fl.. Er á staðnum. Tilboð 3.590þ.kr. Raðnr 131223. Sjá nánar á www.stora.is



BMW X5 4.4 Árgerð 2000, ekinn 147þ. km, ssk, leður, lúga. Mjög flott eintak sem er á staðnum! Verð 1.890þ. kr. Raðnr 153863. Sjá nánar á www. stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



JEEP Grand cherokee limited 4x4. Árgerð 2006, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.990042. TILBOÐSVERÐ kr. 1.990.000,-



HONDA Cr-v panorama. Árgerð 2007, ekinn 102 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.990074.



CHEVROLET Lacetti station. Árgerð 2010, ekinn 26 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.140219. TILBOÐSVERÐ kr. 1.690.000,- Möguleiki á 100% láni.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HÖFÐAHÖLLIN



SUZUKI SWIFT GL 05/2011, ekinn 39 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 2.160.000. Raðnr. 282804 - Bíllinn er á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



MMC MONTERO LTD. Árg 2004, ek 145 Þ.KM,7manna. bensín. sjálfskiptur. Leður. Lúga. Samlitur. Heilsársdekk Ný tímareim. Nýtt í bremsum framan. Topp bíll!!!! TILBOÐSVERÐ 1.690þ áhvl 1.275þ afb 55þ Rnr.154149. Er á staðnum!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



INFINITI Qx56 4x4. Árgerð 2005, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.900.000.stgr. ásett verð 3490 þús., góð jeppakaup!! Rnr.175808.



NISSAN Patrol gr common rail 35". Árgerð 2008, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000.stgr allt að 80% lán Rnr.175952.



SUBARU Forester. Árgerð 2006, ekinn 73 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Jólatilboð Verð 1.650.000.stgr allt að 80% lán Rnr.147912.



JEEP Grand cherokee laredo 4x4. Árgerð 2005, ekinn 149 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000.stgr allt að 80% lán Rnr.110291.



PEUGEOT 407 sr 2.0i. Árgerð 2008, ekinn 78 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Jólatilboð Verð 1.490.000.stgr allt að 80% lán Rnr.110054.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2006, ekinn 137 Þ.KM, bensín, 5 gírar.Jólatilboð Verð 1.290.000. stgr Rnr.132211.



RENAULT Laguna berline. Árgerð 2005, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Jólatilboð Verð 690.000 stgr Rnr.110893.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



Einn með öllu!! Lexus jeppi ,04 ek.178þús. Dökkgr. í toppstandi-tilboð. S.6980001



Nissan Patrol GR árg. 2006 Ekinn aðeins 107.000km einn eigandi Glæsilegt eintak tilboðsverð 3.490.000kr Uppl. Óskar 8244043.



KIA Clarus ,00. Sk. ,13. Ek. 129þ. Talsvert endurn., sparneytinn m.v. stærð, ásett V. 195þ.kr S. 892-4808

## 0-250 þús.



**GÓÐUR BÍLL**
**100% VISA/EURO**
Nissan Almera árg. ,97 ekinn 214 þ. km 5 gíra 5 dyra CD skoðaður 2013 ný vetrardekk verð aðeins 199.000- möguleiki á 100% VISA/EURO raðgreiðslum uppl. í síma 861-7600.



**TILBOÐ 199 ÞÚS!**
OPEL CORSA-B 1,2 16v árg. 2000 ek. 162 þús, sko ,13, filmur cd álfelgur flottur bíll, lakk gott, eyðir engu! aðeins 5,4 ltr/100 ásett verð 380 þús. TILBOÐ 199 ÞÚS. stgr! s.841 8955.

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUK**
Nissan micra 1.2 ssk 00" Ek. aðeins 103þ! 3d Sk 13". Heilsársdekk Nýtt í bremsum ofl! Verð 350þ gæti útvegað Visa/euro lán þá 13þ á mán S. 777 3077



**TILBOÐ 385 ÞÚS**
WV pólo árg. 2001 beinsk 1,4 ek. 158 þús. ný tímareim ,vetrardekk, reyklaus, toppbíll. Verð 385 þús. gsm 868 2352.



**EK.140 ÞÚS - TILBOÐ 350 ÞÚS!**
VOLVO S40 1,8 16 v árg'98 ek. 140 þús, bs, sko ,13, ný tímareim, hiti í sætum ofl. gott og ryðlaust eintak! ásett verð 520 þús TILBOÐ 350 ÞÚS! s.841 8955

## 500-999 þús.



**BULL VERÐ !!!!!**
Peugeot 407 S/D 2.0 bensín árgerð 2004, 5 gíra ekinn 144 þ km ný nagladekk góður bíll verð 1.190.000- TILBOÐ NÚ 699.000- mikið endurnýjaður uppl. í síma 861-7600.

## Bílar óskast

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

**0-200 Í PENING STRAX!**
óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús stgr, helst ekki eldri en 98 fólksbíl,smábíl eða jeppling skoða allt! má þarfnast lagfæringa, er með pening og pappira klara og get gengið frá því strax ef mér líst á S. 691 9374

## Lyftarar




## Varahlutir




**VARAHLUTAVAKTIN**
**SÍMI 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARVINNA**
Herbergi-stigahús-hurðir og fleira. Arnar málari. Sími: 8935537.

**PARF AÐ FRÍSKA UPP FYRIR JÓLIN?**
20% afsláttur fyrir alla. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Tek að mér að mála, flísa, og ýmisl. fl. Vönduð vinnubrögð. Gott verð. S. 866 9784.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 862 6653. Irena

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. S. 690 9274 Zanna Volkova.

## Spádómar



## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Til sölu

**JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR**

Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskápar, 5 sófar og fl. Opið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

Til sölu, lager af bæði garni og annari smávöru tengdri hannyrðum.~~Lager er úr Apenu Grindavík. Uppl. í síma 893 1754.~~

BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Golf Cruiser golfhjólið er komið í hús. Létt og meðfæríleg rafmagns skutla sem hentar vel á golfvöllinn. Verð aðeins 359 þúsund. VDO. Borgartúni 36. S: 588 9747 www.vdo.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Fáðu ókeypis söluverðmat frá fagmönnum án nokkurra skuldbindinga
WWW. EIGNAVERDMAT.IS
Vernharð 699 7372 Vernni@remax.is
Ástþór Reynir Lögg. fasteignasali 4144700

Tilboð dagsins
Bolir kr.1.500
Mikið úrval!
Betrikaup.is
Gerðu betri kaup á netinu
Lagersala Gnoðavogi 44, kjallari

Start hnakkurinn
Gæði á góðu verði
tilboð 199.900 kr.
Vertu vinur okkar á Facebook, það borgar sig
TOP REITER
Ögurhvarfi 2, Kópavogi s. 565 5151

Vorum að taka upp nýja náttkjóla
Verð frá 7.990,-
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

GJAFABRÉF
ÝMIS NÁMSKEIÐ Í BOÐI.
MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás
Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

SteypuÍhlutir
Mikið úrval af steypuíhlutum
Járnabakkar Undirlegg Vatnsþéttiborðar
Plötustólalengjur Bindivír Sökkuldúkur Ofl.
KVARNIR Akralind 8
► www.kvarnir.is ► Sími: 564 6070

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR Akralind 8
► www.kvarnir.is ► Sími: 564 6070

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Höfum opnað nýtt og glæsilegt hjólbarðaverkstæði í Dalbrekku kópavogi (gamla Toyota) fullt af opnunartilboðum.
Láttu sjá þig.
Dekkjahúsið
Dalbrekku 17 Kóp • S: 553 3100 • www.dekkjahusid.is

Húsfélög og fasteignaeigendur.
NBV
• Gluggar og gler
• Þakviðgerðir
• Rennur og niðurföll
• Utanhússklæðningar
• Tilboð að kostnaðarlausu
Nýbyggingar og viðhald ehf.
S: 699-2919

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða hjá okkur að kostnaðarlausu!

Vorum að fá nýja sendingu af
Vision Wheel
8" breiðum felgum.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka


# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**

Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is



**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




## Verslun




**ÍSLENSK HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI**

Verð frá 990 til 5990 kr. Peysur, húfur, jakkar, buxur og allt þar á milli. Opið virka daga 14:00 - 19:00 og laugardaga 12:00 - 16:00. Lokum 23. Des.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Fallegar og vandaðar vörur Opið alla virka daga fram að jólum frá 13-18. sími 695-6679




## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659-9277.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM**

Hefst 7.janúar, skráning á www.flugskoli.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn



Gamaldags eikarkista meter á lengd með kúptu loki. Svartmáluð á 35þ - eik á 40þ. S. 554-1690

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**2JA HERB. ÍBÚÐ**

Laus nú þegar 60fm íbúð í Orrahólum. Leiga 90þús. 1 mán. fyrirframgr. og tr.víxill. Dýr ekki leyfð. Uppl. í s.8961123 eftir kl.17

## Fasteignir




## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 - 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Bílskúr

30fm Bílskúr til leigu á svæði 105. Rafmagn og hiti. Leigist til 1. apríl 2013. Uppl í síma: 8677979.

## Atvinna í boði

Markaðs og þróunarst. í ferðaþj. Leitum af skapandi og sjálfst. einstakl. s. 696 9696

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535. Bókakjallarinn í Brynjuportinu Laugavegi 29.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Reyndur húsasmiður óskar eftir vinnu eða sjálfstæðum verkefnum. Uppl. í s. 865 0777, Reynir.

## Tilkynningar

**KRISTALL OG POSTULÍN**

Lagersala á kristal og postulíni. Opið virka daga frá 16-18. Laugardaga 12-16. Víkurhvarf 2, Kópavogi.

## Einkamál




# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

## Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Vegna nýlegrar niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála hefur komið í ljós að auglýsa þarf að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 nokkurn fjölda deiliskipulagsáætlana sem tóku gildi eftir gildistöku nýrra skipulagslaga 1. janúar 2011. Allar þessar skipulagsáætlanir hafa áður verið auglýstar og samþykktar í sveitarstjórn en eru hér auglýstar að nýju.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

1. Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5 í Hrunamannahreppi. Íbúðarhús, vélageymsla, Korngeymsla o.fl.
2. Deiliskipulag um 4 ha frístundabyggðarsvæði, Vesturhlið, úr landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi. Frístundabyggð.
3. Deiliskipulag Garðyrkjubýlisins Götu í Hrunamannahreppi. Gróðurhús og starfsmannahús.
4. Deiliskipulag frístundar- og skógræktarsvæðis úr landi Grafar við Flúðir í Hrunamannahreppi. 6 frístundahúsalóðir á 5,6 ha svæði.
5. Deiliskipulag frístundabyggðar á spildunni Hveramýri úr landi Garðs í Hrunamannahreppi. 7 frístundahúsalóðir.
6. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Högnastaða í Hrunamannahreppi. 22 nýjar frístundahúsalóðir sunnan Bræðratunguvegar.
7. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Dalabyggð úr landi Reykjadals í Hrunamannahreppi. Fækkun lóða og breyting á afmörkun lóða.
8. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar á Flúðum, Hrunamannahreppi. 2. áfangi íbúðarsvæðis
9. Breyting á skilmálum frístundabyggðar við Árveg 1-12 úr landi Kringlu II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Stærð húsa, efnisval, mænishæð og þakhalli
10. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Baulurima úr landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sameining lóða og skilmálar um stærðir húsa.
11. Breyting á deiliskipulagi 16 ha svæðis sem kallast Hesthagi úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lögbýli í stað frístundabyggðar.
12. Deiliskipulag frístundahúsalóða við Hvítárbraut í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi.
13. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðanna Farborgir og Miðborgir úr landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þakhalli.
14. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi. Setberg.
15. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Norðurkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Stærðir frístundahúsa og aukahúsa.
16. Breyting á deiliskipulagi Reykjaness í Grímsnes- og Grafningshreppi. Garðyrkjubýlið Reykjalundur
17. Breyting á deiliskipulagi Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ný íbúðarhúsalóð, Hrísbrú 1.
18. Breyting á deiliskipulagi við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Færsla á nýjum þjóðvegi og breytingar á afmörkun lóða sunnan við Árnes.
19. Deiliskipulag fyrir 24,7 ha lögbýli úr landi Hamarsholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íbúðarhús og útihús.
20. Deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Austurhlíðar (lnr. 167196) í Bláskógabyggð. Skotalda
21. Deiliskipulag fjallaselsins Hvítárnes við Hvítárvatn, ásamt umhverfisskýrslu, í Bláskógabyggð.
22. Deiliskipulag fyrir 18 ha spildu úr landi Efra-Apavatns í Bláskógabyggð. Lögbýlið Skógarhlíð.
23. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð. Afmörkun eldri lóða og endurskoðun skilmála.
24. Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Laugar í Haukadal í Bláskógabyggð.
25. Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags tveggja samliggjandi frístundabyggða í Bláskógabyggð sem saman kallast Holtahverfi. Stærðir húsa.
26. Breyting á deiliskipulagi Orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Tjaldsvæði og þjónustumannvirki.
27. Breyting á deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Snorrastaða í Bláskógabyggð. Orlofssvæði félags vélstjóra og málmtæknimanna. Fjölgun orlofshúsa, þjónustuhús og tjaldsvæði.
28. Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Tortu í Bláskógabyggð. Afmörkun byggingarreita og skilmálar varðandi stærð húsa.
29. Breyting á skilmálum tveggja aðliggjandi frístundabyggða úr landi Úteyjar 1 í Bláskógabyggð. Stærðir húsa, þakhalli og byggingarefni.
30. Deiliskipulag lóðar fyrir fjarskiptamastur í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð.
31. Deiliskipulag 10 ha spildu umhverfis bæjartorfu Dalbæjar (landnr. 165468) í Flóahreppi.
32. Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Skálmholts í Flóahreppi. Íbúðarhús, útihús og þjónustuhús.
33. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Mörk í Flóahreppi. Lóð fyrir íbúðarhús og fjögur gistihús í stað lóða fyrir frístundabyggð.
34. Deiliskipulag fyrir 6,8 ha spildu úr landi Neistastaða í Flóahreppi. Íbúðarhús, bílskúr og hesthús.
35. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 60 ha spildu úr landi Þingdals með landnr. 203004 í Flóahreppi. Lögbýli og frístundabyggð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm. Skipulagstillögurnar eru í kynningu frá 13. desember 2012 til 25. janúar 2013. Athugasemdir og ábendingar við tillögurnar þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 25. janúar 2012 og skulu þær vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**


FULLKOMNAÐU STEMNINGUNA
Sírius
MOLAR MEÐ FYLLINGU
PIPP
MOLAR
NÝTT!
fylling með jarðarberjabragði
í ljósu súkkulaði
NÓI SÍRÍUS

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** ómskoðun, **6.** ógrynni, **8.** forsögn, **9.** ástæður, **11.** fyrir hönd, **12.** fáni, **14.** hula, **16.** fæddi, **17.** pípa, **18.** dreift, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** sjúkdómur, **4.** ósigur, **5.** lík, **7.** litur, **10.** óvild, **13.** síðasti dagur, **15.** illgresi, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ómun, 6. of, 8. spá, 9. rök, 11. pr, 12. flagg, 14. blæja, 16. ól, 17. rör, 18. sáð, 20. ff, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. ms, 4. uppgjöf, 5. nár, 7. fölblár, 10. kal, 13. gær, 15. arfi, 16. ósa, 19. áð.


**Ljóð Davíðs Stefánssonar**

Til sölu: Óbirt ljóðabréf Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, frá árinu 1922. 15 erindi, 8 línur hvert. Upplýsingar í síma: 898-9475.

**Ulvik herad**
-Perla i Hardanger-
**NORGE**

Har du lyst å flytte til Norge?
Ledig stilling for
**SJUKEPLEIAR 100%**
Rekrutteringsløn for nyutdanna

**For meir informasjon:** www.ulvik.kommune.no
**Teneste:** Pleie og omsorg. **Søknadsfrist:** 21.12.2012

◆ Ársalir - fasteignamiðlun ◆ Ársalir - fasteignamiðlun ◆

**Réttarháls 2 - Til leigu**



Til leigu alls 451 m² verslunar-skrifstofu og lagerhúsnæði, með góðri lofthæð, aðkomu og bílastæðum. Laust strax.

**Allar nánari upplýsingar hjá Ársölum ehf, 533 4200 eða arsalir@arsalir.is**



Björgvin Björgvinsson Löggiltur fasteignasali.

Ársalir FASTEIGNAMIÐLUN Engjateigi 5, 105 Rvk 533 4200

**Ársalir ehf - fasteignamiðlun**
**533 4200 og 892 0667**
**Engjateig 5, 105- Reykjavík.**
**arsalir@arsalir.is**

Félag Fasteignasala

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna


# Burt með Jesús og jólasveina

**BAKPANKAR**
Friðriku Benónýs



Ég trúi ekki á jólasveina. Ég hef lagt mikla vinnu í að halda þeim frá börnunum mínum og mér finnst forkastanlegt að leikskólar, skólar, verslanir og félagasamtök skuli halda þessum ófögnuði að börnunum. Það hlýtur að vera sanngirniskrafa að börn foreldra sem afneita jólasveinum séu ekki jaðarsett í aðdraganda jóla þegar öll hin börnin skemmta sér á jólaböllum. Hvað hafa þessir feitu rauðklæddu karlar með jólin að gera yfirhöfuð?

**OG JESÚS!** Hverjum dettur í hug að neyða börn til að hlusta á sögur af þessum löngu dauða kalli þegar undirbúningur fæðingarhátíðar hans stendur sem hæst? Það liggur í augum uppi að með því er gróflega brotið á þeim stóra hluta mannkyns sem alls ekki trúir flökkusögunni um þennan svokallaða frelsara. Burt með þennan heilaþvott! Svo ekki sé nú minnst á þau ósköp að bæði Jesús og jólasveinarnir eru karlkyns allir með tölu. Á virkilega að koma þeim hugmyndum inn hjá börnum að jólin séu karllæg hátíð þar sem eina hlutverk kvenna sé að elda einhverjar endemis steikur, baka smákökur og þrífa? Hingað og ekki lengra. Ef endilega þarf að halda þessum fígúrum á lofti í kringum jólin er lágmarkskrafa að helmingnum verði breytt í jólasveinkur svo stúlkur alist ekki upp við þær ranghugmyndir að þær geti aldrei orðið jólasveinar.

**SKAMMDEGISTUÐI** Íslendinga eru lítil takmörk sett, en ég held svei mér þá að það hafi náð nýjum hæðum á þessari aðventu. Þótt dæmin hér að framan séu auðvitað stórlega ýkt er þó í þeim andblær þeirrar umræðu sem geisað hefur í samfélaginu undanfarið. Andblær sem ég, og eflaust margir aðrir, á erfitt með að kyngja. Að fólk skuli halda því fram í fullri alvöru að það sé brot á mannréttindum barna að önnur börn fari í kirkju á aðventunni eða að það séu svik við börn að láta þau halda að jólasveinar séu til er ofvaxið mínum skilningi. Um hvað eru jólin þá? Jú, jú, jólin eru forn hátíð sem snúast um að fagna hækkandi sól, mikil ósköp, en þeim jólum var ekki fagnað með kaupæði, kóklestum og smákökubakstri. Þau voru blót þar sem menn drukku hraustlega, færðu guðum sínum fórnir og vógu gjarnan mann og annan. Eigum við að innleiða það aftur?

**ENGINN** neyðir fólk sem ekki trúir á Jesús og jólasveina til að halda jól, það er alfarið frjálst val. Og að heimta að allir aðrir fórni sínum jólahefðum svo engum verði nú misboðið er dálítið langt gengið í frekjunni. Hvað varð um hátíð friðar, kærleika og umburðarlyndis?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



**SOFT TARGET** Margrét Sara í verki sínu.

## Margrét Sara dansar í Helsinki

### Danshátíðin ICEHOT hófst í Finnlandi í gær. 21 atriði var valið úr yfir 200 umsóknum.

Margrét Sara Guðjónsdóttir sýndi dansverk sitt Soft Target á danshátíðinni ICEHOT sem hófst í Helsinki í Finnlandi í gær. Um 200 norrænir danslistamenn sendu inn umsókn um þátttöku í hátíðinni og var 21 verk valið til sýningar. Nokkrir af þekktustu danshópum Norðurlanda taka þátt en þar á meðal er hinn norski nútímadanshópur Carte Blanche.

Auk þeirra þátttakenda sem sýna munu verk sín í fullri lengd á sviði munu 12 aðrir listahópar fá tækifæri til að kynna verk sín atvinnufólki utan sviðs í hinu svokallaða More, more, more prógrammi. Þar taka meðal annars þátt Íslendingarnir Steinunn & Brian Do Art með verk sitt How to be Original.

Leiklistarsambands Íslands, LSÍ, stendur að ICEHOT fyrir Íslands hönd og eru samstarfsaðilar Danshallerne í Danmörku, Dansens Hus Noregi, Dansens Hus Svíþjóð og Dans Info Finland. ICEHOT var fyrst haldið í Svíþjóð 2010 og markmiðið er að halda ICEHOT annað hvert ár og mun leiðin liggja til Íslands árið 2018. Hátíðina sækja kaupendur danssýninga alls staðar að úr heiminum auk listamannanna. Auk þéttskipaðrar sýningadagskrár eru haldin opin málþing þar sem rætt verður um málefni eins og alþjóðavæðingu dansins andspænis þjóðerni danshópa, fjölmörg samstarfsverkefni í norrænum dansi kynnt og staðið fyrir umræðu um hvernig gæði danslistar eru skilgreind.

## Krakkar úti í Mýri

### Þórdís Gísladóttir hefur sent frá sér sýna fyrstu barnabók, Randalín og Munda. Þar segir frá svaðilförum titilpersónanna, þar á meðal leit þeirra að dáleiðanda á Barnalandi, sem getur hjálpað hinni níu ára Randalín að hætta að reykja.



**Í BÓKINNI** Raunverulegir staðir og persónur koma við sögu í bókinni. Hér eru Randalín og Mundi og fornbókabúð Braga á Klapparstíg, sem Mundi þekkir úr Kiljunni. Þórarinn Baldursson myndskreytir bókina.

➜ „Mér finnst svo gaman að skrifa, það er alveg sama hvort það er skáldskapur eða fundargerðir,“segir Þórdís, sem byrjaði á sögunni um Randalín og Munda um svipað leyti og hún vann að ljóðabókinni.

Mundi er jarðbundinn, tíu ára strákur sem kynnist hinni uppátækjasömu Randalín, sem er nýflutt í hverfið frá Akureyri. Leiðir þeirra liggja saman þegar Randalín reykir sígarettu af miklum móð, sem endar með því að hún selur upp sviðasultunni frá því um morguninn. Mundi býðst til að hjálpa henni að hætta að reykja, saman leita þau að dáleiðenda í hverfinu. Í leiðinni lenda þau í ýmsum uppákomum og sjá framandi gæludýr; Mundi kynnist óvenjulegum lestraraðferðum Randalínar og kemst að því að hún er ekki jafn mikil stórreykingamanneskja og hún vill vera láta.

Á þessa leið er söguþráður Randalínar og Munda, fyrstu barnabókar Þórdísar Gísladóttur, sem Þórarinn Baldursson myndskreytir. Áður hefur Þórdís sent frá sér ljóðabókina Leyndarmál annarra, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2010. Þess má geta að kynnt var í gær að Randalín og Mundi væru tilnefnd til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna.

„Mér finnst svo gaman að skrifa, það er alveg sama hvort það er skáldskapur eða fundargerðir,“ segir Þórdís, sem byrjaði á sögunni um Randalín og Munda um svipað leyti og hún vann að ljóðabókinni. „Ég var hins vegar ekki alveg viss með hana og lagði hana á hilluna í bili.“ Þegar Þórdís skipti um tölvu síðastliðinn vetur tók hún til á harða disknum og rakst þá aftur á söguna.

„Ég sá þá að það var eitthvað í þessu, endurskrifaði nokkra kafla og sendi þeim hjá Bjarti. Þau sögðu mér að halda ótrauð áfram, svo ég vatt mér í að ljúka við bókina og nú er hún komin út.“

Þeim sem fletta fyrstu síðunum í bókinni kann að bregða í brún að lesa um níu ára stelpu sem er stórreykingamanneskja. „Nei nei, en það kemur svo fljótt í ljós að að Randalín er bara að skrökva því,“ segir Þórdís. „Ég gæti að því að þegar ég les upp úr bókinni að lesa kafla þar sem það kemur í ljós. Ég hef tekið eftir að krökkum finnst þetta voða skemmtilegt en sumir hinna fullorðnu eru dálítið skeptískir út í þetta. En það verður bara að hafa það.“



**ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR RITHÖFUNDUR** Hinn jarðbundni Mundi og hin uppátækjasama Randalín eru söguhetjur nýrrar barnabókar hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sagan gerist í Austurbænum og næsta nágrenni en sjálf býr Þórdís í Norðurmýrinni. Hún segir söguhetjurnar í bókinni og nágranna þeirra þó ekki byggða á neinum séstökum fyrirmyndum í hverfinu. „Þessar persónur komu bara til mín. Það er í sjálfu sér bara tilviljun að þetta hverfi varð fyrir valinu, en ég þekki það auðvitað vel og rölti daglega hér um. Það kom mér hins vegar á óvart þegar vinkonur mínar sem lásu handritið yfir fyrir mig höfðu orð á því að þær mundu varla eftir nokkurri bók sem gerðist á þessum slóðum. Þær eru sárafáar og það kom mér dálítið á óvart.“

Auk skáldskaparins fæst Þórdís við þýðingar og var á dögunum tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna fyrir skáldsöguna Allt er ást eftir Kristian Lundberg.

„Mér finnst mjög gaman að þýða. Það er allt öðruvísi en að skrifa sinn eigin texta, sem er sumpart auðveldara því þá getur maður gert það sem manni sýnist. Í þýðingunum er maður bundinn af frumtextanum. Það getur verið dálítið erfitt en jafnframt mjög gefandi og getur nýst manni vel við eigin skriftir.“

Spurð um framtíðina segist Þórdís vera með ýmislegt í pípunum. „Mig langar að skrifa aðra bók um Randalín og Munda. Svo er ég með ljóðabók í hausnum og á eitthvað af efni sem ég er farin að lesa upp öðru hverju. Það er ýmislegt að gerjast.“

bergsteinn@frettabladid.is




## Frumherjar í flutningi stórverka

### Tónleikaupptaka á flutningi Pólýfónkórsins á Jólaóratóríu Bachs gefin út.

Jólaóratória Bachs í flutningi Pólýfónkórsins var nýverið gefin út á diski af Pólýfónfélaginu. Það var stofnað árið 2006 og hefur það að markmiði að varðveita og gefa út tónlist sem Pólýfónkórinn flutti á sínum 30 ára starfsferli, sem hófst 1957 og lauk 1988. „Við höfum gefið út einn disk á ári síðan 2006 en það eru til tugir klukkutíma af efni kórsins hjá Ríkisútvarpinu,“ segir Guðmundur Guðbrandsson, ritari félagsins og einn skipuleggjanda útgáfunnar.

„Jólaóratórían eins og annað efni kórsins er tónleikaupptaka með öllu sem því fylgir, við erum ekkert að pússa og fægja tökurnar.“

Upptökurnar á disknum nýútkomna eru úr Háskólabíói árið 1978 þegar 150 manns fluttu óratóríuna og sömuleiðis eru brot úr flutningi kórsins á verkinu árið 1972. Guðmundur segir metnað Ingólfs Guðbrandssonar, sem stjórnaði kórnum alla tíð, hafa verið mikinn. „Það var alltaf stefnan að gera betur en síðast og mikill tími sem fór í að æfa verkin enda alls ekki allir kórfélagar söngmenntaðir.“

Útgáfa á upptökum með tónleikum Pólýfónkórsins er hugsjónastarf að sögn Guðmundar. „Okkur langar til að halda minningunni um þennan kór á lofti og finnst útgáfan líka merk heimild um tilraunir frumherjanna til að gera flutning sígildra stórverka að árlegum viðburði í tónleikahaldi landans.“




**UPPTÖKUR FRÁ ÁTTUNDA ÁRATUGNUM** Á disknum er að finna upptökur af flutningi kórsins á Jólóratóriu Bachs frá árunum 1972 og 1978.

D3200

Nikon

At the heart of the image

Verð frá 129.995.-



**KAUPAUKI**



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningar-námskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS



**KAUPAUKI**



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**

Verð 22.995.-



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt


ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
Á BETRA VERÐI
ÍSLAND
í aldanna rás
2001 -2010
11.990
UPPHAFIÐ
9.790KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
13.999KR.
GEORGE R.R. MARTIN
GAME OF THRONES
KRÚNULEIKAR
30% afsláttur
2.650KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.790KR.
EINAR KÁRASON
Skáld
30% afsláttur
4.400KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
6.299KR.
30% afsláttur
Pítsur
3.270KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
4.679KR.
FRÁBÆRT HÁR
30% afsláttur
3.280KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
4.699KR.
Eldað og bakað í ofninum heima
Góður matur - gott líf
30% afsláttur
4.190KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
5.999KR.
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
4.350KR.
ÁRNI ÞÓRARINSSON
ÁR KATTARINS
30% afsláttur
4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
6.499KR.
Leitum að Mimi
Katherine Lodge
2.440KR.
Ljósálfarnir og tannálfurinn
30% afsláttur
2.440KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.490KR.
30% afsláttur
Stelpuhandbókin
2.440KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.489KR.
AUKASPYRNA Á AKUREYRI
30% afsláttur
2.790KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.999KR.
30% afsláttur
STEFÁN MÁNI
HÚSIÐ
4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
6.499KR.
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA
Gildir 13. - 16. desember.

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar



## EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




30% afsláttur

4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.490KR.~~




4.490




30% afsláttur

3.430KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.900KR.~~

SUNNUDAGINN 16. DES.
SMÁRALIND KL.16
ÁRITAR LOGI BERGMANN BÓKINA HANDBÓK HREKKJALÓMSINS.




30% afsláttur

4.190KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.999KR.~~

SUNNUDAGINN 16. DES.
SMÁRALIND KL.15
ÁRITAR MARGRÉT BLÖNDAL BÓKINA ELLY. GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR SYNGUR LÖG ELLÝJAR.




30% afsláttur

4.890KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.999KR.~~




30% afsláttur

5.230KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.480KR.~~




3.140KR.




4.890KR.




4.400KR.




30% afsláttur

4.050KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.790KR.~~




30% afsláttur

4.400KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.299KR.~~




30% afsláttur

4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.499KR.~~




4.390KR.




30% afsláttur

4.390KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.280KR.~~

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**VERÐANDI DOKTOR** Kristján Valur er tölvugúrú.

## Doktor í netöryggi

Kristján Valur Jónsson ver doktorsritgerð í dag við Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Verkefnið nefnist „The Security Properties of In-network Aggregation“ og fjallar um netöryggi.

Kristján hefur stundað doktorsnám við tölvunarfræðideildina síðan haustið 2008 en hluti af námi hans hefur einnig farið fram við KTH, konunglega sænska tækniskólann. Á þessum tíma hefur hann birt fjölda greina á alþjóðlegum vettvangi með leiðbeinanda sínum, dr. Ými Vigfússyni, og öðrum og var ein þeirra valin ein af þremur bestu greinum nemenda á ráðstefnunni Sensors Applications Symposium á þessu ári.

Fyrirlestur Kristjáns hefst í stofu V102 í HR klukkan 10 í dag og er öllum opinn. - gun

## Kreppa með og án evru

Aðferðir ítalskra og íslenskra stjórnvalda til þess að takast á við afleiðingar hinnar alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppu eru meginviðfangsefni opins málþings sem Seðlabanki Íslands, Sendiráð Ítalíu á Íslandi og Háskóli Íslands standa saman að í dag á milli klukkan þrjú og fimm. Yfirskrift málþingsins sem fram fer í Hátíðasal Háskólans er „Ítalía og Ísland: fjármálakreppa með og án evru“.

Markmið málþingsins er að varpa skýrara ljósi á hvernig Ítalía, sem aðili að ESB og evrusvæðinu, og Ísland, sem aðili að EES-samningnum og með sinn eigin gjaldmiðil, tókust á við hina alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppu og að setja reynslu þeirra í alþjóðlegt og evrópskt samhengi. Á málþinginu munu fulltrúar beggja landa ásamt fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi fjalla um ólíka nálgun þjóðanna við lausn efnahagserfiðleika sinna.



**ÁHUGASAMIR NEMENDUR** Vélarhlutar hafa verið fluttir inn sérstaklega fyrir námið, með öflugum stuðningi Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flugvirkjun er feykivinsæl

Flugvélaviðgerðir er nýtt nám á Íslandi og í gær var verknámsaðstaða í Skerjafirðinum vígð með viðhöfn. Tækniskólinn stendur að náminu í samvinnu við erlenda aðila. Bóklegt nám í greininni hófst í fyrrahaust.

Stórar flugvélar og litlar, lausir hreyflar og fleiri vélarhlutar eru kennslutæki flugvirkjanemanna sem fást við viðgerðir í nýju kennslurými Tækniskólans. „Þetta er fyrsta önnin í verklegri flugvirkjun á Íslandi,“ segir Baldur Gíslason skólameistari. Hann segir vísi að bóknámi í greininni hafa verið hér fyrir 30-40 árum en nú sé boðið upp á alvöru nám í flugvirkjun, bæði bóklegt og verklegt, í samvinnu við erlenda aðila.

„Við tókum inn fyrsta hópinn í bóklegt nám í september 2011 og annan núna í september 2012, tuttugu og fjóra hvort ár. Það er hámark þess fjölda sem við tökum inn á hverju hausti. En það er gríðarlegur áhugi fyrir þessari iðn. Á kynningarfund sem haldinn var í fyrravor mættu yfir hundrað manns. Þá vorum við að fjalla um möguleikana á þessu námi og þreifa fyrir okkur en mætingin varð til þess að okkur fannst ekki spurning um að fara út í kennslu, enda er gríðarlegur skortur á flugvirkjum hér á landi. Mörg verkefni á því sviði eru unnin erlendis fyrir Íslendinga nú af því að hér er ekki mannskapur í þau. Svo eru íslenskir flugvirkjar eftirsóttir um allan heim.“

Baldur segir flugvirkjun kennda eftir alþjóðareglum. „Þetta nám er mikið reglugerðarbundið og háð leyfum sem þurfa að vera samþykkt af flugmálastjórn og fleirum. Það er langur ferill. Við fórum þá leið að semja við Lufthansa Resource Technical Training. Lufthansa er þýskt fyrirtæki en rekur mjög sterka verknámsaðstöðu í Bretlandi. Við gerðum samning við Bretana um að kenna allt fyrir okkur, þannig að námið fer fram á ensku. Núna eru þrír kennarar hér, tveir í verknáminu og einn í bóknáminu, allir mjög metnaðarfullir.“ Hann segir vélarhluta hafa verið flutta inn sérstaklega fyrir námið, með öflugum stuðningi Icelandair sem afhendi skólanum öll verkfæri í verknámsstöðuna.

Eftir árs nám í bóklegum fræðum fara nemarnir í verklega hlutann á hinu nýja verkstæði og að hluta til á Flugminjasafninu á Akureyri. Þar inni er til dæmis gömul flugvél sem Landhelgisgæslan lagði safninu til og nemarnir fá að nota til æfinga. Þegar því lýkur fara þeir í starfsþjálfun hjá flugvélaverkstæðum flugfélaganna eða annarra sem reka slík verkstæði. Námið er ígildi fimm anna náms en kennt meira samanþjappað því nemendurnir taka styttra sumarfrí en gerist í almennum skólum. Þeir greiða há skólagjöld að sögn Baldurs enda er námið ekki inni í íslenska skólakerfinu. „Það eru alfarið nemendur sem standa undir skólakostnaðinum,“ útskýrir hann. Samt segir hann mun ódýrara fyrir Íslendinga að stunda námið hér en halda sér uppi erlendis. „Við höldum því líka fram að námið sé öflugra og betur skipulagt hjá okkur en víða erlendis.“

gun@frettabladid.is



**SKÓLAMEISTARINN** „Það er gríðarlegur áhugi fyrir þessari iðn,“ segir Baldur Gíslason stoltur um flugvirkjanámið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Mörg verkefni eru unnin erlendis fyrir Íslendinga nú af því að hér er ekki mannskapur í þau. Svo eru íslenskir flugvirkjar eftirsóttir um allan heim.**



„Dægilega skemmtileg bók.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Ég skemmti mér konunglega við að lesa ...
Maður hlær oft upphátt, hann er mjög fyndinn ...
Stórskemmtileg bók.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Bókin er vel skrifuð,
Tangavík athyglisvert sögusvið og
persónurnar áhugaverðar.“

BOGI ÞÓR ARASON / MORGUNBLAÐIÐ






Knudsenarnir eru skrautleg ætt
sem hefur ríkt í Tangavík frá ómunatíð.

Drepfyndin skáldsaga
um íslenska kónga af öllum
stærðum og gerðum.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**VERA OG ERLA SÓLVEIG** Sumarið 1937 sendi Vera Benjamín Eiríkssyni föður Erlu, myndir af þeim mæðgum teknar á ljósmyndastofu í Moskvu.
LJÓSMYND ÚR SAFNI BENJAMÍNS EIRÍKSSONAR.

# AF FYLLSTU HÖRKU

Í bókinni Appelsínur frá Abkasíu segir Jón Ólafsson sögu Veru Hertzsch til enda. Veturinn 1938, þegar hreinsanir Stalíns stóðu sem hæst, var Vera tekin höndum ásamt ársgamalli hálfíslenskri dóttur sinni fyrir augunum á Halldóri Laxness sem var gestkomandi á heimili hennar í Moskvu. Þær áttu aldrei afturkvæmt. Hér er gripið niður í bókina rétt eftir handtöku Veru.

**Appelsínur frá Abkasíu**
Vera Hertzch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu
Höfundur: **Jón Ólafsson**
Útgáfa: **JPV**
Fjöldi síðna: **430 bls.**

Í Moskvu var tekið á móti föngum í fimm rammgerðum öryggisfangelsum, en þrjú þeirra voru aðalmóttökustaður pólitískra fanga í hreinsununum miklu. Butyrka var reist 1879 og hafði frá upphafi verið ætlað pólitískum föngum. Fangelsið var hannað þannig að vista mætti þúsund fanga samtímis en á árum hreinsananna miklu er talið að allt að þrjátíu þúsund fangar hafi verið þar þegar mest var. Í flestum klefunum var klambrað saman kojum hlið við hlið án skilrúma á milli þannig að allir lágu í einni flatsæng. Þar var því stundum svo troðið á rúmunum að þau minntu helst á sardínudósir. Sérstakir klefar voru ætlaðir konum með ungbörn og þar voru þrengslin ekki jafn mikil en talsverð þó. Mæðraklefarnir voru vel þekktir á meðal kvennanna í Butyrka og fangelsisbarnagælur urðu fleygar meðal þeirra.

**Nöfnum barna breytt**

Flestar mæðurnar voru auðvitað fegnar því að hafa börnin sín hjá sér en þar sem fyrirmæli stjórnvalda gerðu ekki ráð fyrir börnum höfðu fangaverðirnir engin fyrirmæli um hvernig fara ætti með þau. Sumir beittu jafnvel kænskubrögðum til að ná þeim af mæðrum sínum og koma þeim burt, þá helst inn á ungbarnaheimili kommissaríats heilbrigðismála. Oft voru börnum gefin ný ættarnöfn sem torveldaði mjög að þau rötuðu til foreldra sinna síðar meir. Þetta var þó yfirleitt ekki gert af illmennsku. Stundum hélt starfsfólk fangelsa og barnaheimila, og jafnvel nákomnir ættingjar líka, að það væri í raun og veru að hjálpa börnunum með því að rjúfa tengsl þeirra við foreldrana eða breyta nöfnum þeirra.

Eins og gefur að skilja höfðu fæstar þessara kvenna verið handteknar áður eða komið inn í fangelsi. Þess vegna vakti þessi reynsla gjarnan upp minningar úr skáldsögum. Öskruð fyrirmæli, skammir og hótanir, skellir járnhliða og járnbentra hurða minntu á lýsingar á meðferð fanga á dögum Ivans grimma. Slík hughrif juku á óraunveruleika og fáránleikatilfinninguna sem flestar kvennanna voru haldnar og sannfærði þær enn frekar um að handtakan væri byggð á hræðilegum misskilningi. Við það eitt að koma inn fyrir dyr fangelsanna leið mörgum eins og þær hefðu farið margar aldir aftur í tímann. Þótt lífsskilyrði væru hvorki auðveld né almenn velmegun í Sovétríkjunum á fjórða áratugnum, hafði eftir byltinguna orðið til miðstétt sem lifði tiltölulega öruggu lífi, þekkti nútímaþægindi og leit svo á að harðstjórn, aftökur án dóms og laga, ómanneskjuleg meðferð fanga, að ekki sé talað um pyntingar, heyrðu sögunni til. Reynslan af innilokun og hinum hryllilegu aðstæðum í fangelsum borgarinnar var ekki síður áfall fyrir þetta fólk en sú staðreynd að það hefði verið handtekið.

**Óvinir eða sjúkar sálir**

Þótt Vera hefði búið sig undir handtöku kom þessi reynsla henni eflaust í opna skjöldu. Fangaverðirnir í Butyrka voru augljóslega ekki í neinum vafa um að konunum þyrfti að sýna fyllstu hörku. Það hvarflaði ekki annað að þeim en að þær væru stórhættulegir glæpamenn og til alls vísar. Á einum veggnum í móttökuherberginu var furðuleg áletrun: „Ekki missa móðinn sem hingað ert kominn. Þú sem ferð, vertu ekki of kátur.“ Háðið sem birtist í þessum orðum var í undarlegu ósamræmi við þunga alvöru fangavarðanna. Sovéska refsikerfið meðhöndlaði einstaklingana ekki sem sjálfstæðar persónur heldur ýmist sem óvini eða sjúkar sálir. Óvinur var um leið óforbetranlegur og honum þurfti að útrýma. Hinum sjúka eða spillta, pólitískt blinda eða þeim sem vegna uppruna síns átti erfitt með að samlagast hugsunarhætti öreiganna, honum mátti hugsanlega bjarga. Með réttri meðhöndlun mátti hugsa sér að hann færi út nýr og betri maður. Háðið, napurt sem það var, beindist að hugsandi einstaklingi frekar en óvini eða sjúklingi.

Það sem gerðist næst fylgdi margreyndri formúlu. Vera var skráð inn og leitað á henni og á barninu og því næst fylgdu kvenfangavörður og tveir einkennisklæddir NKVD-menn henni inn eftir löngum, breiðum, grænmáluðum gangi og upp stiga. Barnið þurfti hún að hafa í fanginu og einnig að bera töskuna sjálf. Ekkert var hróflað við því sem hún hafði sett í töskuna. Fótatakið glumdi í eyðilegum og berum ganginum. Hann var tómur, eins og hún væri eini fanginn í byggingunni. Það var undarlegt að mæta engum á leiðinni upp stigann eða á ganginum. En þetta var með ráðum gert. Fangaverðirnir notuðu sérstakt merkjamál sem gaf til kynna að fangi væri leiddur eftir ganginum. Það var ekki ætlast til þess að fangar hittust af tilviljun á göngum fangelsisins.

Loks staðnæmdust þau við dyr sem merktar voru með tölunni 3. Þetta hafði allt tekið sinn tíma, klukkan var farin að ganga fjögur. Þegar inn var komið blasti við ótrúleg sjón. Herbergið var nokkuð stórt og hátt til lofts en það var troðfullt af konum í tveggja hæða kojum. Á nokkrum stöðum loguðu ljósaperur. Loftið var þungt og þrúgandi enda ekki að sjá aðra loftræstingu en gluggaboru í enda herbergisins. Nokkrar kvennanna risu upp við dogg þegar mæðgunum var vísað inn í herbergið. Hvergi var auðan blett að sjá en engum tíma var eytt í kynningu. NKVD-mennirnir og gæslukonan skelltu aftur hurðunum og létu mæðgurnar sjálfar um að kynna sig fyrir íbúum klefans og finna út úr því hvernig þær gætu komið sér fyrir. Í klefanum reyndust vera 125 konur og sumar með ungbörn eins og Vera. Klefinn var þó augljóslega ekki ætlaður nema 20–30 föngum. Börnin voru flest nokkurra mánaða gömul, á svipuðu róli og Erla Sólveig eða yngri.

Vera gat tyllt sér með barnið á bríkina á fremstu kojunni og setið þar til sex um morguninn þegar allir voru ræstir með hávaða og lyklaglamri. Börnin í klefanum hrinu hvert í kapp við annað og skyndilega var eins og fullkomin óreiða tæki völdin, þrengslin og óloftið varð óbærilegt.

**Viðurstyggilegur óþefur**

Í klefanum var engin þvottaaðstaða en þar var stór stampur með loki til að gera í þarfir sínar. Um leið og hann var opnaður gaus upp viðurstyggilegur óþefur. Til allra þvotta og þrifa þurftu konurnar að nota þann stutta tíma sem þeim var skammtaður í vaskahúsi fangelsisins. Morgunþvotturinn var furðuleg aðgerð. Um leið og konunum var hleypt fram í vaskahúsið þyrptust þær í kringum vaskana. Þær höfðu tuttugu mínútur og á meðan var mikill hamagangur. Þegar inn í fangaklefann var komið aftur veifuðu konurnar blautum flíkum sem þær höfðu skolað það mesta úr fram og til baka svo þær þornuðu fyrr. Við þetta varð loftið í klefanum enn þá þyngra og mollulegra. Sem betur fór var mæðrunum gefinn meiri tími en hinum en fangaverðirnir spöruðu þó ekki hrópin og skammirnar á meðan.

Ekki var auðvelt að sjá um ungbörn við þessar aðstæður. Reyndar urðu börnin brátt hálfsljó og óværðin var því minni en búast hefði mátt við í þrengslunum. Þó vildi svo heppilega til að ein af konunum í klefanum var læknir og hún sá til þess að allir tækju tillit til mæðra og barna.

Margar kvennanna spurðu sig hvað hefði eiginlega gerst. Hvers vegna? Konurnar sem troðfylltu klefana í Butyrka og fleiri öryggisfangelsum Moskvuborgar veturinn 1937–1938 vissu yfirleitt vel að handtakan tengdist eiginmönnum þeirra. Auðvitað kom líka fyrir að konur væru sakaðar um pólitísk afbrot, en það var þó miklu fátíðara. Fyrstu dagana voru þær oft fullar trúnaðartrausts og biðu þess spenntar að vera kallaðar til yfirheyrslu þar sem þær töldu víst að þá fengju þær loks tækifæri til að skýra málstað sinn og eiginmanna sinna ítarlega fyrir þeim sem færi með rannsókn málsins.

Sama gilti um Veru en ekkert gerðist. Það var ekki fyrr en kvöldið eftir að hún var kölluð fram en þá var það til myndatöku. Sagan endurtók sig daginn eftir, 16. mars, en þá voru tekin fingraför af öllum fingrum beggja handa með bleki sem sat á fingrunum í meira en viku. Önnur samskipti átti Vera ekki við fangaverði eða NKVD-menn. Hún var aldrei yfirheyrð.

*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*




➜ Sovéska refsikerfið meðhöndlaði einstaklingana ekki sem sjálfstæðar persónur heldur ýmist sem óvini eða sjúkar sálir. Óvinur var um leið óforbetranlegur og honum þurfti að útrýma.

# Heimsfræg hönnun á **hagstæðu** verði

**Lengri opnunartími um helgina**
**Laugardagur: 11-18**
**Sunnudagur: 13-17**

DSW stóll - Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 49.900,- kr
Verð áður: 64.900,- kr



DSR stóll - Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 36.900,- kr
Verð áður: 44.900,- kr



EAMES HOUSE BIRD - 1910
Jólatilboð: 19.900,- kr
Verð áður: 24.900,- kr



UTEN SILO II - Dorothee Becker, 1969
Jólatilboð: 29.900,- kr
Verð áður: 39.900,- kr
Til í svörtu, rauðu og hvítu.



EYE CLOCK - George Nelson, 1948-60
Verð: 49.900,- kr



SUNBURST - George Nelson, 1948-60
Jólatilboð: 39.900,- kr
Verð áður: 49.900,- kr



HANG IT ALL - Charles & Ray Eames, 1953
Jólatilboð: 29.900,- kr
Verð áður: 44.900,- kr



vitra.

Frábæru jólatilboðin á **VITRA** vörunum gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

## NÝTT KORTATÍMABIL

**VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 6 MÁNAÐA**

CORNICHES - Ronan and Erwan Bouroullec, 2012
Lítil Verð: 9.900,- kr
Mið Verð: 12.900,- kr
Stór Verð: 14.900,- kr
Til svartar og hvítar.



EAMES LOUNGE
Ray og Charles Eames 1956
Verð: 898.500,- kr



COFFEE TABLE - Isamu Noguchi, 1944
Jólatilboð: 238.500,- kr
Verð áður: 278.500,- kr



Penninn Húsgögn | Grensásvegi 11 – Gengið inn frá Skeifunni | sími 540 2330 | www.penninn.is | husgogn@penninn.is






**TILNEFNDAR FYRIR SKÁLDSAGNASKRIF** Þær Auður Jónsdóttir, Eyrún Ingadóttir og Kristín Eiríksdóttir eru allar tilnefndar til fjöruverðlaunanna fyrir skáldsögur sínar. Skáldsaga Auðar er sú þriðja besta í flóðinu að mati bóksala. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

# Bóksalar verðlauna og konur tilnefna

**Tilnefningar til Fjöruverðlauna, bókmenntaverðlauna kvenna, voru kynntar á Borgarbókasafninu síðdegis í gær. Einnig varð ljóst í gær hvaða bækur eru mest að skapi bóksala sem verðlauna að þessu sinni bækur í níu flokkum.**

Fjöruverðlaunin eru bókmenntaverðlaun kvenna sem eiga uppruna sinn í bókmenntahátíð sem haldin var í fyrsta sinn vorið 2007 að frumkvæði hóps kvenna innan Rithöfundasambands Íslands. Verðlaunin hafa verið veitt árlega síðan þá.

Bóksalaverðlaunin hafa hins vegar verið veitt síðan 2000 og tóku að þessu sinni fimmtíu bóksalar þátt í að velja bestu bækurnar.

Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á Borgarbókasafninu, en þau eru veitt í þremur flokkum.

### Fagurbókmenntir

Þrjár skáldsögur voru tilnefndar, Hvítfeld fjölskyldusaga eftir Kristínu Eiríksdóttur sem að mati dómnefndar er „vel heppnuð og sérlega skemmtileg“, Ljósmóðirin eftir Eyrúnu Ingadóttur en um handa sagði dómnefndin að hún væri: „eftirminnileg frásögn sem dregur upp sterka mynd af lífi og kjörum ólíks fólks um aldamótin 1900 og lýsir vel aðstæðum og viðhorfum til einnar fyrstu starfsstéttar kvenna“ og Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur sem er „áhugaverð og óvenjuleg“ að mati dómnefndar.

Dómnefnd í flokki fagurbókmennta var skipuð þeim Sigríði Stefánsdóttur, þjóðfélagsfræðingi og verkefnastjóra hjá Akureyrarbæ, Þóru Sigríði Ingólfsdóttur, bókmenntafræðingi og forstöðumanni Blindrabókasafnsins, og Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur bókmenntafræðingi.

### Barna- og unglingabækur

Í flokki barna- og unglingabóka voru tilnefndar Mitt eigið Harmageddon eftir Önnu Heiðu Pálsdóttur sem að mati dómnefndar er „Bók sem allir unglingar ættu að geta fundið samhljóm í varðandi það að taka ákvarðanir, standa með sjálfum sér og bera ábyrgð á eigin lífi“, Grímsævintýri eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur en að mati dómnefndar var það „frásagnarmáti bókarinnar sem gerir hana eftirminnilega og sérstaklega skemmtilega“. Loks var bók Þórdísar Gísladóttur, Randalín og Mundi, tilnefnd en um hana segir dómnefnd: „Þetta er bráðskemmtileg og lipurlega skrifuð saga með spaugilegum myndum, skemmtilegum persónum og aðstæðum sem vekja kátínu og gleði.“

Dómnefnd skipuðu Helga Margrét Ferdinandsdóttir, ritstjóri tímaritsins Börn og menning, Líf Magneudóttir, B.ed. og meistaranemi í íslensku, og Brynhildur Björnsdóttir blaðamaður.

### Fræðibækur

Í flokki fræðibóka voru tilnefndar Við góða heilsu? Konur og nútímaheilbrigði í nútímasamfélagi í ritstjórn Helgu Gottfreðsdóttur og Herdísar Sveinsdóttur, Sagan af Klaustrinu á Skriðu eftir Steinunni Kristjánsdóttur og Reykholt; Archaeological Investigations at a high status farm in Western Iceland eftir Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur.

Um fyrstnefndu bókina sagði dómnefnd að hún væri „lipur og skýr og til þess fallin að höfða til breiðs hóps lesenda með áhuga á heilsu kvenna“. Um Klaustrið á Skriðu sagði dómnefnd að hún væri „aðgengilegt og læsilegt rit um starf fornleifafræðinga og spennandi rannsókn“, en um Reykholt að meginstyrkur bókarinnar lægi í „ítarlegum lýsingum á hinum víðfeðmu og margþættu rannsóknum sem Reykholtsverkefnið náði yfir“.

Dómnefnd var skipuð Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, Sigríði Guðmarsdóttur, sóknarpresti í Guðríðarkirkju og Þóru Ellen Þórhallsdóttur, prófessor við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

➜ Bóksalaverðlaunin hafa hins vegar verið veitt síðan 2000 og tóku að þessu sinni fimmtíu bóksalar þátt í að velja bestu bækurnar.

## Bóksalaverðlaunin 2012

**Besta íslenska skáldsagan**
1. Illska *Eiríkur Örn Norðdahl*
2. Undantekningin *Auður Ava Ólafsdóttir*
3. Ósjálfrátt *Auður Jónsdóttir*

**Besta þýdda skáldsagan**
1. Nútíminn er trunta *Jennifer Egan*
2. Kortið og landið *Michel Houellebecq*
3. Hin ótrúlega pílagrímsganga Harolds Fry *Rachel Joyce*

**Besta íslenska barnabókin**
1. Randalín og Mundi *Þórdís Gísladóttir*
2. Flóðhesturinn sem vildi sjá rassinn á sér *Kristján Hjálmarsson/ Salbjörg Rita Jónsdóttir*
3. Skrímslaerjur *Áslaug Jónsdóttir o.fl.*

**Besta þýdda barnabókin**
1. Ótrúleg saga um risastóra peru *Jakob Martin Strid*
2. Þytur í laufi *Kenneth Grahame*
3. Grimmsystur *Michael Buckley*

**Besta íslenska táningabókin**
1. Hrafnsauga *Kjartan Yngvi Björnsson/Snæbjörn Brynjarsson*
2. Aþena - að eilífu kúmen! *Margrét Örnólfsdóttir*
3. Spádómurinn *Hildur Knútsdóttir*

**Besta þýdda táningabókin**
1. Hringurinn *Mats Strandberg/Sara Bergmark Elfgren*
2. Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn *Ransom Riggs*
3. Þrettán ástæður *Jay Asher*

**Besta ljóðabókin**
1. Megas - textar 1966-2011 *Megas/Magnús Þór Jónsson*
2. Litlir sopar *Huldar Breiðfjörð*
3. Strandir *Gerður Kristný*

**Besta handbókin / fræðibókin**
1. Stuð vors lands *Dr. Gunni*
2. Hárið *Theodóra Mjöll/ Saga Sig ljósmyndir*
3. Hver er ég - og ef svo er, hve margir? *Richard D. Precht*

**Besta ævisagan**
1. Gísli á Uppsölum *Ingibjörg Reynisdóttir*
2. ð – ævisaga *Stefán Pálsson*
3. Pater Jón Sveinsson, Nonni *Guðmundur F. Guðmundsson*



BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

**Fegurðin býr í bókum**
www.crymogea.is
crymogea@crymogea.is

Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

Crymogea

# Í allri sinni dýrð
## Eggert Pétursson

Blómamyndir Eggerts Péturssonar eru ein dáðustu verk íslenskrar listasögu. Nú birtast þau í allri sinni dýrð.

Öll helstu verk Eggerts frá síðustu tveimur áratugum í einni bók.

Á ensku og íslensku.



**netto**
Kræsingar & kostakjör
*Um jólin!*

# Kalkúnn

ÍSLENSKUR
KALKÚNN

**1.392** KR/KG






ALIGÆS

**2.698** KR/KG



-40%

HUMAR
SKELFLETTUR 500 G
~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR/PK~~

**1.799** KR/PK




**1.788** KR/PK

HUMAR
BLANDAÐ SKELBROT 1 KG
~~VERÐ ÁÐUR 2.980 KR/PK~~



# Flótlegt & þægilegt í desember

NICE'N EASY HÁLFMÁNAR
SKINKA EÐA PEPPERONI
460G



298kr.

NICE'N EASY PIZZA
SKINKA EÐA PEPPERONI
460G



396kr.

NICE'N EASY FRYSTIRÉTTIR
ÝMSAR TEGUNDIR
350G



398kr.

ÄNGLAMARK PIZZA
OSTAR 460 G



495kr.

GALILEO WRAP
SALSA EÐA KJÚKLINGA
360G
~~VERÐ ÁÐUR 549KR~~

-28%



395kr.

GALILEO MINI PIZZUR
SKINKA EÐA PEPPERONI
360G
~~VERÐ ÁÐUR 549KR~~



395kr.

## JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið



**Tilboðin gilda 13. - 16. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Jón eldklerkur á ungversku

Skáldsaga um Jón eftir Ófeig Sigurðsson er komin út á ungversku og nefnist Jón Története. Hún byggir á ævi Jóns eldklerks Steingrímssonar og kom út hér á landi 2010. Ungverska þýðingin var kynnt á myndarlegan hátt í aðalbókabúðinni í Búdapest á þriðjudaginn. Ófeigur var ekki viðstaddur en sendi ungverskum lesendum sínum bréf sem útgefandinn fullyrðir að hafi snortið viðstadda djúpt.

Þýðandinn, Veronika Egyed, talaði um bókina og sagði skemmtisögur af Íslendingum, myndum af söguslóðum var varpað á tjald og hrifnir gestir ætluðu aldrei að sleppa Veroniku af staðnum eftir kynninguna. Henni hefur verið boðið í útvarpsviðtal um bókina eftir helgi.

Skáldsaga um Jón hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins 2011. Auk Ungverjalands hefur sagan verið seld til Tékklands, Slóvakíu, Danmerkur og Búlgaríu. - gun



**HÖFUNDURINN** Ófeigur snart gesti aðalbókabúðarinnar í Búdapest með bréfi sem lesið var upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.







Þú velur á milli 8 ólíkra Óskaskrína, hvert með sínu þema, eftir því hvert tilefnið er eða áhugasvið viðtakandans. Hvert skrín inniheldur upplýsingar um allt að 20 sérvaldar upplifanir í anda þemans og gjafakort sem nýta má til að njóta þeirrar upplifunar sem viðtakandi velur.

PIPAR\TBWA • SÍA

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

Eymundsson Bóksali frá 1872
HAGKAUP Ein ferð betra verð


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 13. DESEMBER 2012**

### Hátíðir

**17.00** Bókaútgáfan Draumsýn stendur fyrir aðventuhátíð í Norræna húsinu. Nokkrar af jólabókum forlagsins verða kynntar og vestfirska hljómsveitin Grjóthrun leikur nokkur lög.

### Söfn

**20.00** Smástundarsafnið verður í Norska Húsinu á Stykkishólmi. Þemað að þessu sinni er hátíðarskapið og rætt verður um hvaða hlutur kemur fólki í hátíðarskap.

### Uppákomur

**10.15** Sóla sögukona skemmtir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hún segir börnunum sögur af sjálfri sér, jólasveininum og jólakettinum. Allir velkomnir. Síðari sýning verður klukkan 13.30.

**11.00** Giljagaur kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**20.00** Hugleikur Dagsson býður til jóladagskrár undir heitinu Jólahlaðborð. Fjölbreytt efni verður á boðstólum og hinn sanni Hugleiks-andi mun svífa yfir vötnum. Dagskráin fer fram að Eyjarslóð 9 og aðgangur er ókeypis.

### Málþing

**15.00** Aðferðir ítalskra og íslenskra stjórnvalda til að takast á við afleiðingar alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppunnar eru meginviðfangsefni opins málþings í Hátíðasal Háskóla Íslands. Seðlabanki Íslands, Sendiráð Ítalíu á Íslandi og Háskóli Íslands standa að þinginu sem ber yfirskriftina Ítalía og Ísland: fjármálakreppa með og án evru.

### Tónlist

**20.00** Eva Þórarinsdóttir fiðluleikari og Ben Powell píanóleikari halda tónleika í Norðurljósasal Hörpu. Aðgangseyrir er kr. 3.500 en kr. 2.500 fyrir nema.

**20.00** Árlegir jólatónleikar Diktu verða haldnir í Vídalínskirkju, Garðabæ. Auk Diktu koma þar fram Ómar Guðjónsson og Pétur Ben. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Jólatónleikar verða á Café Rosenberg. Fram koma Greta Salóme, Unnur Birna Björnsdóttir, Lilja Björk Runólfsdóttir, Gunnar Hrafnsson, Gunnar Hilmarsson og Brynjólfur Snorrason. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Hljómsveitirnar Axe Order og Morgan Kane halda tónleika á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Tónlistarmennirnir og vinirnir Jónas Sigurðsson og Ómar Guðjónsson halda tónleika á KEX Hosteli. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika lög eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Bandaríska hljómsveitin Cairo Pythian spilar á Hressó. Splunkunýja íslenska hljómsveitin Kaleo hitar upp. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**16.00** Piotr Romanowski prófessor við enskudeild Krosno-háskólans í Póllandi flytur fyrirlestur undir yfirskriftinni Intercultural Approach in Foreign Language Teaching. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í stofu 101 í Lögbergi HÍ. Það er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem stendur fyrir fyrirlestrinum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





„ÆSISPENNANDI“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON FRÉTTABLAÐINU
1. SÆTI
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
INNBUNDIN SKÁLDVERK
05.-11.12.12
KULDI
spennusaga
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
„Fléttan er býsna þétt ... mun án efa kæta marga spennufíkla.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON, MORGUNBLAÐINU
„... magnaður draugagangur ...Það er vandasamt að smíða góða draugasögu en hér tekst Yrsu betur upp en í Ég man þig ... Á köflum er sagan æsispennandi og henni tekst að halda lesandanum í kitlandi óvissu. ... Spennandi og áhrifamikil draugasaga.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON, FRÉTTABLAÐINU
„Enn sterkari og áhrifameiri bók en Ég man þig.“
SIGURJÓN SIGHVATSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI SEM TRYGGT HEFUR SÉR RÉTTINN Á ÉG MAN ÞIG OG KULDA
VERÖLD
DYNAMO REYKJAVÍK



**TÓNNINN GEFINN**
Trausti Júlíusson

# Gróskumikið raftónlistarár

Árið sem er er að líða hefur verið öflugt í íslenskri tónlistarútgáfu. Tónlistarárið almennt er samt ekki til umræðu í þessum pistli, heldur raftónlistarútgáfan, en á árinu 2012 komu út margar flottar raftónlistarplötur. Möller er stærsta raftónlistarútgáfan á Íslandi í dag. Frá henni komu nokkrar sterkar plötur. Fyrsta skal nefna LP með Futuregrapher, en hún fékk mjög góðar viðtökur og var m.a. valin á 20 platna úrvalslista Kraums. Auk þess komu frá Möller plötur með Introbeats, Steve Sampling, Subliminal, Bistro Boy og Tanyu og Marlon. Síðastnefnda platan, sem heitir Quillock, var að koma út og verður útgáfuteiti á skemmtistaðnum Dolly í Hafnarstræti í kvöld. Fyrir viku síðan kom svo safnplatan Helga 2 sem hala má niður án endurgjalds á vefsíðu Möllers.



**VAXANDI SVEIT** Samaris sendi frá sér plötuna Stofnar falla í október.

Nokkrar íslenskar raftónlistarplötur komu út erlendis. Þar á meðal má nefna plötu Asonat, Love in the Times of Repetition, sem kom út hjá bandarísku útgáfunni n5MD, plötu Yagya, The Inescapable Decay Of My Heart sem japanska útgáfan Kilk gaf út og EP-plötuna Calia með Pedro Pilatus sem enska útgáfan Cool Kid Music gaf út. Pedro Pilatus er aukasjálf Loga, bassaleikara Retro Stefson.

Á meðal annarra raftónlistarplatna má nefna EP-plöturnar Snapshot Three með Tonik og Wonderings og With You með Viktori Birgiss. B.G. Baarregaard (Björn Gauti Björnsson) var líka öflugur á árinu, en hann gaf m.a. út stuttskífurnar Way Back In May og Love With You á eigin vegum og EP-plötuna Playboy hjá frönsku útgáfunni Whiskey Disco. Þá sendi Reyk Week-hópurinn frá sér efni sem finna má á Gogoyoko.

Þessi upptalning er auðvitað ekki tæmandi, en gefur hugmynd um gróskuna. Loks vil ég nefna plötuna Stofnar falla með Samaris, en þessi sex laga plata sem kom út í október sýnir að hljómsveitin er enn að vaxa.

## Í spilaranum







**adhd** 3 og 4
**Pétur Ben** God's Lonely Man
**Big Boi** Vicious Lies and Dangerous Rumours

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

5 ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI




vísir
- oft á dag



**SIGURVEGARAR** Hljómsveitin Alt-J hlaut Mercury-verðlaunin í síðasta mánuði fyrir plötuna An Awesome Wave.

# Alt-J fyrir breytingar

Hljómsveitin Alt-J hlaut hin virtu Mercury-tónlistarverðlaun í síðasta mánuði.

Hljómsveitin Alt-J hlaut hin virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi á dögunum fyrir plötuna An Awsome Wave og hlaut að launum um fjórar milljónir króna í verðlaunafé.

Verðlaunin eru afhent breskum eða írskum listamönnum og tekur fólk úr tónlistarbransanum, blaðamenn, yfirmenn útgáfufyrirtækja og tónlistarmenn, þátt í valinu. Á meðal fyrri sigurvegara eru Pulp, Klaxons, Arctic Monkeys, Antony and the Johnsons, Dizzee Rascal og P.J. Harvey, sem hlaut verðlaunin í annað sinn í fyrra.

Nafnið Alt-J er tilvísun í aðferðina sem er notuð til að búa til delta táknið (Δ) á Mac-tölvum með því að halda inni alt og j á lyklaborðinu. Í stærðfræði er táknið notað til að sýna breytingar og það þótti hljómsveitarmeðlimunum vel við hæfi.

Alt-J var stofnuð árið 2007 af gítar- og bassaleikaranum Gwil Sainsbury, gítarleikaranum og söngvaranum Joe Newman, Gus Unger-Hamilton hljómborðsleikara og trommaranum Thom Green. Þeir hittust fyrst í háskólanum í Leeds. Gus stundaði nám í enskum bókmenntum en hinir voru í listnámi. Á öðru árinu í skólanum spilaði Joe fyrir Gwil nokkur lög sem hann hafði samið og í framhaldinu byrjuðu þeir að taka upp í herbergjum sínum á heimavistinni. Þegar Thom heyrði lögin gekk hann strax til liðs við bandið. „Þetta var ólíkt öllu öðru sem ég hafði heyrt. Þetta var tónlistin sem ég hafði verið að leita að, án þess að gera mér grein fyrir því. Hún heillaði mig upp úr skónum."

Gus bættist svo í hópinn og æfingar hófust fyrir alvöru. Fyrst hétu þeir Daljit Dhaliwal og svo Films. Á endanum lögðu þeir Films-nafnið til hliðar, aðallega til að koma í veg fyrir rugling við pönksveitina The Films frá Kaliforníu.

Alt-J gerði samning við Infectious Records og gaf út sína fyrstu breiðskífu á þeirra vegum í maí síðastliðnum. Þar kom sérstæður stíll hljómsveitarinnar í ljós, einhvers konar blanda af þjóðlagtónlist, dubstep, poppi og indírokki.

Mercury-verðlaunin hafa vakið mikla athygli á Alt-J og salan á plötunni þeirra hefur tekið mikinn kipp, eins og oftast gerist þegar verðlaunahafarnir eiga í hlut. Hljómsveitin er þessa dagana á risavaxinni tónleikaferð þar sem flakkað verður um Norður-Ameríku, Ástralíu og Bretland og er hún bókuð þangað til í maí á næsta ári.

freyr@frettabladid.is

## Góðir og slæmir dómar

An Awesome Wave hefur yfirhöfuð fengið mjög góða dóma tónlistargagnrýnenda en sumir kunna þótt lítt að meta hana. Tímaritið Q gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og segir greinilegt að eitthvað nýtt og áhugavert sé þarna á ferðinni. Clash gefur henni níu af tíu mögulegum og NME átta af tíu. Tímaritið Mojo og bandaríska vefsíðan Pitchfork eru ekki eins hrifin. Mojo gefur plötunni tvær stjörnur og segir hana stefnulausa og ósannfærandi en Pitchfork gefur henni 48 í einkunn af 100 og segir hana ofhlaðna og klúðurslega unna.

## 6.12.2012 → 12.12.2012





### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▲ | 2 | Blaz Roca / Ásgeir Trausti | Hvítir skór |
| ▼ | 3 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 4 | Rihanna | Diamonds |
| ▲ | 5 | Adele | Skyfall |
| ▲ | 6 | Pink | Try |
| ▼ | 7 | Valdimar | Sýn |
| ▲ | 8 | Labrinth / Emeli Sandé | Beneath You're Beautiful |
| ▼ | 9 | Retro Stefson | Glow |
| ▲ | 10 | Ragnar Bjarna. / Jón Jóns. | Froðan |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 2 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 3 | Ýmsir | Minningart. um Elly Vilhjálms |
| ▼ | 4 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▶ | 5 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▶ | 6 | Valdimar | Um stund |
| * | 7 | Frostrósir | Frostrósir 10 ára |
| ▶ | 8 | Ríó | Eitthvað undarlegt |
| ▼ | 9 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▶ | 10 | Sigurður Guðmundsson & Memfismafían | Okkar menn í Havana |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



Deep Purple
RISATÓNLEIKAR
Í LAUGARDALSHÖLL
föstudagskvöldið 12. júlí
Síðast komust færri að en vildu!
Miðasala hefst í dag kl. 10.00 á www.midi.is
Athugið! Selt er sérstaklega inn í hjólastólasvæði. Þeir sem eru í hjólastjól eru beðnir að kaupa þá miða, en ekki venjulega miða. Aðeins þeim sem eru í hjólastól og einum aðstoðarmanni verður hleypt inn í það svæði.
EB KERFI
HLJÓÐ • LJÓS • MYND
VÍKING
ANDERSENviðburðir

# Gagnrýnendur segja Oblivion lofa góðu

**Stikla fyrir kvikmyndina Oblivion var frumsýnd um síðustu helgi. Myndin skartar Tom Cruise í aðalhlutverki og var hluti myndarinnar tekinn upp á Íslandi.**



**VEL TEKIÐ** Stikla fyrir Oblivion hefur verið frumsýnd. Um hálf milljón manna hafa skoðað hana á Youtube. Tom Cruise fer með aðalhlutverk myndarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Stikla fyrir stórmyndina Oblivion með Tom Cruise í aðalhlutverki hefur verið frumsýnd. Stiklan fór á netið um síðustu helgi og hefur fengið tæplega hálfa milljón heimsókna á Youtube.

Gagnrýnendur hafa lýst yfir hrifningu sinni með stikluna sem er sögð lofa góðu um framhaldið. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi í sumar og er henni leikstýrt af Joseph Kosinski, leikstjóra Tron Legacy. Líkt og Tron Legacy gerist Oblivion í framtíðinni. Jörðin er rústir einar eftir áralangt stríð mannfólksins við óvinveittar geimverur.

Jarðarbúar báru að lokum sigur úr býtum en urðu að yfirgefa sviðna jörð og búa í fljótandi borgum hátt á himnum.

Tom Cruise fer með aðalhlutverk myndarinnar en með önnur hlutverk fara Morgan Freeman, danski leikarinn Nikolaj Coster-Waldau, Andrea Riseborough og Olga Kurylenko. Kvikmyndin verður frumsýnd í Bandaríkjunum þann 12. apríl á næsta ári.

Áhugasamir geta horft á stikluna á Youtube, en í henni spilar íslensk náttúra veigamikið hlutverk.


ÁRATUGUR ÖFGA

*Bókakvissi Iðu á Café Mezzo*




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Í kvöld, fimmtudaginn 13. desember kl. 20, verður útgáfu stórvirkisins *Ísland í aldanna rás 2001–2010* fagnað með bókakvissi á Café Mezzo fyrir ofan Iðu í Lækjargötu.

Bjór fyrir fyrstu (þyrstu) gestina, tveir saman í liði og frábær verðlaun!

Spyrlar: Bergsteinn Sigurðsson og Björn Þór Sigbjörnsson, aðalhöfundar bókarinnar.

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**TIL VARNAR** Hópur unglinga ákveður að berjast gegn tækniværddum her Norður-Kóreumanna og verja heimabæinn gegn innrás í kvikmyndinni Red Dawn.

# Unglingar til varnar

**Kvikmyndin Red Dawn segir frá hópi unglinga sem snýst til varnar og berst gegn her Norður-Kóreumanna sem hefur gert innrás í heimabæ þeirra.**

Spennumyndin Red Dawn verður frumsýnd í kvöld. Myndin er byggð á samnefndri kvikmynd frá árinu 1984 sem skartaði Charlie Sheen og Patrick Swayze í aðalhlutverkum.

Red Dawn segir frá smábænum Spokane í Bandaríkjunum sem einn góðan veðurdag er hertekinn af norðurkóreska hernum. Hópur skólakrakka ásamt fyrrverandi landgönguliða ákveða að taka höndum saman og berjast gegn innrásarhernum og frelsa heimabæinn undan oki hans. Hugmyndin er vægast sagt ótrúleg, enda ólíklegt að fámennur hópur unglinga eigi roð í vel þjálfaðan og tæknivæddan her. Hér er því komin enn ein myndin sem fjallar um föðurlandsástina og hvers hún er megnug þegar Bandaríkin standa frammi fyrir utanaðkomandi ógn.

Chris Hemsworth og Josh Peck fara með hlutverk bræðranna Jeds og Matts Eckhert sem leiða skæruliðahópinn The Wolverines (nafnið er dregið af fótboltaliði skólans í bænum). Með önnur hlutverk fara Isabel Lucas, Josh Hutcherson, Adrianne Palicki og Connor Cruise, en sá síðastnefndi er sonur leikarans Tom Cruise og stígur hér sín fyrstu skref í kvikmyndaleik. Leikstjóri myndarinnar er Dan Bradley og er Red Dawn frumraun hans sem leikstjóra. Bradley starfaði áður við að samstilla áhættuatriði fyrir kvikmyndir á borð við Independence Day, Spider-Man, The Bourne Supremacy, Where The Wild Things Are, Quantum of Solace og Mission: Impossible – Ghost Protocol.

Hasaratriðin og tæknibrellurnar fá mikið vægi í Red Dawn og að mati margra er það gert á kostnað persónusköpunarinnar. Nokkrir gagnrýnendur segja myndina eiga margt sameiginlegt með verkum Michaels Bay, sem leikstýrði meðal annars Transformers myndunum. Mikið er um hasar, hlaup, sprengingar og átök, en minna um góð samtöl eða persónusköpun. Myndin fær hroðalega dóma frá gagnrýnendum sem gefa henni ekki nema 11 prósent á Rottentomatoes.com. Áhorfendur eru ekki jafn dómharðir og gefa henni sextíu prósent.

# Skemmtilegt að geta grett sig og geiflað

**Isla Fisher segir draumavinnuna vera að talsetja teiknimyndir. Þótti betra að vera ekki í mynd.**

Ástralska leikkonan Isla Fisher ljáir Tannálfinum rödd sína í kvikmyndinni Rise of the Guardians. Hún segir vinnuna við talsetningar stórskemmtilega.

Fisher viðurkennir að það hafi verið freistandi að mæta til vinnu í náttfötunum á meðan á talsetningu stóð. „Það var virkilega freistandi, enda sér mann enginn. Maður fær líka að geifla sig og gretta eins og mann lystir og það var stórskemmtilegt,“ sagði Fisher í viðtali við Empireonline.com.

Tannálfurinn í myndinni er töluvert ólíkur því sem fólk hefur gert sér í hugarlund, en þessi er blanda af álfi og kólibrífugli. „Ég vissi hvernig Tooth átti að líta út allt frá upphafi. Útlit hennar þróaðist þó nokkuð á þessum þremur árum sem tók að gera myndina.“

Leikkonan segist einnig vilja vinna meira og oftar við talsetningar. „Ég mundi elska það, þetta er draumastarfið. Mér finnst miklu þægilegra að vera ekki í mynd heldur geta falið mig á bak við aðra veru.“



**GAMAN AÐ TALSETJA** Isla Fisher finnst gaman að talsetja teiknimyndir. Hún leikur tannálfinn í nýrri jólamynd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tilnefningar birtar

Kvikmyndaverðlaunin Critics‘ Choice fara fram í átjánda sinn þann 10. janúar. Tilnefningarnar voru kynntar á þriðjudaginn.

Meðal þeirra kvikmynda sem keppa í flokki bestu mynda ársins eru Argo, Beasts of the Southern Wild, Django Unchained, Les Miserables, Life of Pi og Silver Linings, en alls voru tíu myndir tilnefndar í flokknum. Leikararnir Bradley Cooper og Daniel Day-Lewis voru í hópi bestu leikara ársins og Jessica Chastain og Jennifer Lawrence þóttu á meðal bestu leikkvenna ársins.

Keppt er til verðlauna í fjölda flokka, þar á meðal um bestu förðunina, besta handritið og bestu hasarmyndina.



**MEÐ ÞEIM BESTU** Jennifer Lawrence hefur átt gott ár. Hún er tilnefnd sem besta leikkona ársins. NORDICPHO-

Tilboðin gilda **13. - 16.** desember

# Jólabókin leynist í nettó




UNG
Á ÖLLUM ALDRI
**3.493** KR




ÍSLAND Á
UMBROTATÍMUM
**3.325** KR




MYNDLIST Í ÞRJÁTÍU
ÞÚSUND ÁR
**2.793** KR




MEI MÍ BEIBÍSITT
**2.989** KR




MANNVIST
SÝNISBÓK ÍSL. FORNLEIFA
**5.779** KR




GRIMMSYSTUR
ÆVINTÝRASPÆJARAR
**2.673** KR




KAMILLA VINDMYLLA
**2.713** KR




ELDAÐ
UM VERÖLD VÍÐA
**999** KR




LJÚFMETI ÚR
LÆKNINGAJURTUM
**3.397** KR




NONNI
**4.479** KR

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri


markhonnun.is
Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

## Fyrirsætustarf er líkt og að vinna í lottói

Cameron Russell hvetur ungar stúlkur til þess að velja sér annan starfsferil en fyrirsætustarfið.

Fyrirsætan Cameron Russell var ræðumaður á TED talk-ráðstefnu sem fram fór í Washington í október. Hún ræddi meðal annars staðalímyndir og fyrirsætustarfið. Russell hefur starfað sem fyrirsæta í átta ár og sýnt fatnað fyrir Chanel, Louis Vuitton, Prada og Victoria's Secret.



**ENGINN FERILL** Fyrirsætan Cameron Russell segir ómögulegt að ákveða að gerast fyrirsæta.

Fjöldi ungra stúlkna spyr hana daglega hvort þær geti einnig orðið fyrirsætur þegar þær vaxa úr grasi og velti Russell því fyrir sér af hverju þær kjósa þann starfsferil. „Fyrsta svar mitt er: Ég veit það ekki, ég ræð því ekki. Næsta svar mitt, og það mikilvæga, er: Af hverju? Þú getur orðið hvað sem er. Þú gætir orðið forseti Bandaríkjanna, vísindamaður eða hjartaskurðlæknir og ljóðskáld. Ef þær, þrátt fyrir þetta, vilja enn gerast fyrirsætur segir ég: Vertu yfirmaður minn. Ég ræð engu. Þú gætir orðið ritstjóri, framkvæmdastjóri H&M eða næsti Steven Meisel. Að vilja verða fyrirsæta er eins og að segjast vilja vinna í lottói þegar þú verður eldri. Það er ekki á þínu valdi og er ekki ferill," sagði Russell. Hún sagði samfélagið hafa skapað staðlaða ímynd yfir fegurð og að heppnin ein hafi orðið til þess að hún féll inn í þá ímynd. „Heppnin ein varð til þess að ég hlaut alla þessa kosti í vöggugjöf."

# Notast við trommukjuða til að prjóna úr mokkabandi

Hönnuðurinn Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir með nýja smávörulínu úr garni sem er búið til úr mokkaleðri.

„Þetta er endalaus handavinna enda er nostrað við hverja flík til að gera hana sem fallegasta," segir hönnuðurinn Sunneva.

Sunneva hefur hafið framleiðslu á vörum sem eru prjónaðar úr mokkaskinni og er komin með smávörulínu í sölu í verslunum Epals og Kraum. „Ég hef verið að þróa þetta í tvö ár. Ég er fatahönnuður, sérhæfð í mokkaskinni og eins og vill gerast þegar maður er orðinn sérfræðingur á ákveðnu sviði þá fór ég að leita út fyrir rammann og upphugsa nýjar hliðarpælingar," segir hún. Sunneva hóf því framleiðslu á mokkabandi þar sem mokki er klipptur niður í ræmur, vafinn í hnykla og síðan prjónaðar úr honum skinnflíkur.

„Í gegnum árin hef ég aldrei hent afgöngum, enda mokkinn svo frábært hráefni og algjör synd að fleygja honum. Ég hef verið að nota afganga í alls kyns smávörur og get núna notað þá í þetta. Það er því um fullkomna nýtingu á hráefni að ræða, sem er alveg frábær og umhverfisvæn tilfinning," bætir hún við.

Aðspurð segir Sunneva mokkann vera mun léttari í sér og teygjanlegri þegar prjónað er úr honum en flíkurnar séu afar hlýjar þrátt fyrir að vera gróft prjónaðar. „Það er alveg geggjað að vinna með þetta hráefni," segir hún. Sunneva er þó ekki ein í þessu verkefni því hópur kvenna stendur að framleiðslunni með henni. Þar fer Kristín Ingunnardóttir fremst í flokki en hún fer fyrir prjónahópnum. Engir venjulegir prjónar duga þó til verksins heldur þarf að notast við trommukjuða þar sem að prjónið þarf að vera svo gróft.

Sunneva segir mikil tækifæri í útflutningi á þessu sviði og telur að meiri áhersla eigi að vera lögð á að flytja út íslenskt skinn þar sem mikill markaður sé fyrir því erlendis. „Ég bjó og vann á Ítalíu um nokkurra ára skeið og þá var mikið talað um íslenska lambsskinnið sem eitt alflottasta skinnið til að vinna með. Ég hef mikinn áhuga á að reyna að koma þessari hugmynd minni í útflutning en þetta er auðvitað langhlaup og allt þarf að gerast á sínum hraða," segir hún.

Afurðin er að öllu leyti íslensk þar sem hráefnið og öll vinnan fer fram hér á landi. „Svo er hún líka svo íslensk í útliti. Það er á sama tíma eitthvað mjög elegant og norrænt við þessar flíkur," bætir Sunneva við. tinnaros@frettabladid.is



**TVEGGJA ÁRA ÞRÓUN** Hönnuðurinn Sunneva og prjónakonan Kristín eru búnar að vera í tvö ár að þróa hugmyndina og nú komnar með smávörulínu úr mokkagarni í sölu. Kristín notar trommukjuða til að prjóna úr efninu, til að ná því nægilega grófu. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR



**MOKKAGARN Í HNYKLUM** Mokkaskinn er klippt niður og vafið upp í hnykla sem síðan er prjónað úr. Sunneva segir þetta vera geggjað hráefni að vinna með.



**SMÁVÖRUR** Sunneva hefur lengi vel nýtt afganga í smávörugerð og gerði til að mynda þessa inniskó úr afgöngum.

## Skolaðu glösin fyrir notkun



Nú þegar hátíðarnar eru á næsta leyti leyfa margir sér loksins að nota sparistellið og fínu vínglösin. Huga ber að stellinu í tíma, sérstaklega ef það hefur verið geymt í viðarskáp. Þó að glösin virðist hrein við fyrstu sýn getur geymslulykt hafa sest á þau og skilið eftir sig bæði lykt og bragð. Hið sama á við um postulínið. Því ber að skola glösin áður til að losna við geymslulyktina. Þeir sem ekki hafa tíma til að þvo glösin fyrir hverja notkun ættu að setja edik í skál og hafa í skápnum.

**EDIK** Geymslulykt getur sest á postulín sem er geymt í tréskápum en edik kemur í veg fyrir það.




# Ég vissi það ekki þá, en ég veit það núna, veit meira í dag en í gær

Ég er komin á nýja áratug, hinn svokallaða fertugsaldur. Fyrir mörgum er nýtt aldursár merki um að nú sé farið að slá aðeins í skrokkinn, æskuljóminn dvínar sem og orkan. Ég rýndi í spegilmynd mína og skoðaði nýjar hrukkur í kringum augun sem hafa myndast við mikinn hlátur og ofdýrkun á sólarljósi í fjarlægum löndum. Eitt grátt hár hér og þar má skrifast á hasar og spennu. Rassinn hangir aðeins neðar og hristist aðeins meira. Hann er kominn með sitt eigið vatteraða munstur en það má samt klípa í hann og flengja. Ég ætti nú kannski ekki að tjá mig neitt sérstaklega um brjóstin enda frekar nýhætt með barn á brjósti eftir þó nokkuð marga mánuði en þau hljóta að jafna sig á þessu einhvern tímann. Gott ef píkan hafi ekki líka breyst, allavega í huga mér er hún önnur í dag en í gær.

Ekkert af þessum líkamlegu ummerkjum aldurs hryggir mig neitt sérstaklega því ég er með munninn fyrir neðan nefið og hjartað á sínum stað. Fyrir áratug þá var ég ráðvillt ung dama sem dillaði sér uppi á barborðum með of hraðan hjartslátt og ráðvilltan hug. Ég sagði ekki það sem ég meinti, og oftar en ekki meinti ég ekki það sem ég sagði. Það að segja bólfélaganum til, eða jafnvel sýna honum hvað mér þætti gott, var fjarlægur draumur. Samfarirnar einhvern veginn gengu sinn vanagang, svo lengi sem félaginn var sá sami. Ég vissi ekki



**FAGNAR ALDRINUM** Sigga Dögg fagnar fertugsaldrinum og finnst hún gáfaðri í dag en í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

hvernig minn líkami starfaði eða hvað honum fannst gott. Ég vissi ekki að maður ætti að tala saman í kynlífi og skiptast á að spyrja og biðja. Ég vissi ekki að maður mætti segja nei við kynlífi ef á annað borð var komið að kúri. Ég vissi ekki að útlitið skipti litlu máli, ef hjarta og hugur fylgja ekki með, því jafnvel fallegustu stóðhestarnir geta verið óttalegar bikkjur í bólinu. Ég vissi ekki að það mættu alveg vera krullur á píkunni, fæstir strákar myndu láta slíkt standa í vegi fyrir unaði. Ég vissi ekki að ást myndi ekki blossa upp úr góðu kynlífi, ég vanmat hrifninguna og taldi kynlífstækni fleyta flestum ansi langt. Ég vissi ekki að strákar eiga líka að bera ábyrgð á verjum, pillan var ekki verndarskjöldur gegn heimsins sýkingum. Þá vissi ég heldur ekki hvernig ástin breytir upplifun af kynlífi og hvað það getur verið yndislegt, fallegt, fyndið og skemmtilegt þegar stundað með þeim sem maður elskar heitt.

Nú er ég þrítug og ofsalega finnst mér ég gáfuð og lukkuleg að vita meira í dag en í gær. Ég tek næstu árum fagnandi með þeim fróðleik, visku og góða kynlífi sem þau búa yfir.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**



Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

# JÓLABÚÐIN ÞÍN

NÝTT KORTATÍMABIL

# MAGNAÐ

## HELGARTILBOÐ

OPIÐ TIL 10 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

NÝ VEFVERSLUN

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

40%
**TRISTAR VÖFFLUJÁRN**
BELGÍSKAR VÖFFLUR
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 5.999
Þú sparar ........ 4.000
# 65002141

30%
**ESPRESSOKANNA**
9 BOLLA
Verð áður ........ 4.999
Tilboðsverð ........ 3.499
Þú sparar ........ 1.500
# 15700626

**ARIETE PIZZAOFN**
Verð áður ........ 14.999
Tilboðsverð ........ 12.749
Þú sparar ........ 2.250
# 68000904

2 STK
**SALT&PIPARKVÖRN**
Verð áður ........ 5.990
Tilboðsverð ........ 4.990
Þú sparar ........ 1.000
# 65004005

25%
**C3 MUFFINSJÁRN**
Verð áður ........ 7.999
Tilboðsverð ........ 5.999
Þú sparar ........ 2.000
# 65000802

**GEORGE FOREMAN**
HEILSUGRILLIN LOKSINS KOMIN AFTUR

24%
Verð áður ........ 16.999
Tilboðsverð ........ 12.999
Þú sparar ........ 4.000
# 65085056

REMOVES UP TO 42% OF FAT

HEILSUGRILL fjölskyldustærð
Verð áður ........ 22.999
Tilboðsverð ........ 18.999
Þú sparar ........ 4.000
# 65087056

**KitchenAid** + áhaldasett + matreiðslubók

HVÍT
Verð áður ........ 102.870
Tilboðsverð ........ 82.990
Þú sparar ........ 19.880

LITUÐ
Verð áður ........ 105.870
Tilboðsverð ........ 85.990
Þú sparar ........ 19.880

44%
**SUSHI SETT**
Verð áður ........ 8.999
Tilboðsverð ........ 4.999
Þú sparar ........ 4.000
# 22110940

ÞÚ SPARAR 15.000
**iROBOT 581**
RYKSUGUVÉLMENNI
Verð áður ........ 99.900
Tilboðsverð ........ 84.900
Þú sparar ........ 15.000
# 65742581

KAUPTU TVÆR 50% AFSLÁTTUR Á ÓDÝRARI
**Seríutilboð**

50%
**ELDVARNARTEPPI 1m²**
Verð áður ........ 3.499
Tilboðsverð ........ 1.749
Þú sparar ........ 1.750
# 16851397

**ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR**
15%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
HURÐASKELLIR

21%
**KJÖTHITAMÆLIR**
FRÁ WEBER - ÞRÁÐLAUS
Verð áður ........ 9.499
Tilboðsverð ........ 7.499
Þú sparar ........ 2.000
# 67016438

20%
**ÖLL SLÉTTUJÁRN**

**ALLIR TÖFRASPROTAR**
20%

20%
**SCHOU BLANDARI**
500W - GLERKANNA
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 7.999
Þú sparar ........ 2.000
# 41724801

33%
**NAFNAKÖNNUR**
Verð áður ........ 1.499
Tilboðsverð ........ 999
# 60000001

## tékkÚps listinn

- ☐ AÐVENTULJÓSAPERUR
- ☐ DRAGBÖND
- ☐ KRÓKAR
- ☑ HVÍT JÓL
- ☐ PIPARKÖKUMÓT
- ☐ GRENILENGJUR
- ☐ MERKIMIÐAR
- ☐ GIRNI
- ☐ BORÐAR
- ☐ LITAÐAR LJÓSAPERUR
- ☐ SOGSKÁLAR
- ☐ LÍMBAND
- ☐ KJÖTTVINNI
- ☐ KJÖTHITAMÆLAR
- ☐ KARTAFLA
- ☐ SKÓ Í GLUGGA
- ☐ SÉRRÍSTAUP
- ☐ PIPARKÖKUMÓT
- ☐ FRAMLENGINGAR
- ☐ JÓLA HVAÐ?
- ☐ REYKSKYNJARAR
- ☐ SKÆRI
- ☐ FJÖLTENGI
- ☑ FRIÐUR Á JÖRÐ

## TOPP 10 GJAFIRNAR

1. KITCHENAID JÓLATILBOÐIÐ
2. FISSLER POTTASETT 5STK
3. GEORGE FOREMAN HEILSUGRILL
4. STEKKJASTAUR
5. EVA SOLO KARAFLA
6. NUDDSESSA SHIATSU
7. GRANÍT MORTÉL
8. ÍSLENSKA PÖNNUKÖKUPANNAN
9. GARMIN GOLFTÆKI
10. SALTKRISTALSLAMPI



**DIKTA** Hljómsveitin spilar í Vídalínskirkju í kvöld.

## Fjórðu jólatónleikar Diktu

Hinir árlegu jólatónleikar Diktu í Vídalínskirkju í Garðabæ verða haldnir í kvöld klukkan 20. Auk Diktu koma fram Ómar Guðjónsson og Pétur Ben sem munu flytja tónlist af nýútkomnum plötum sínum.

Dikta hefur nýlokið við tónleikaferð um Þýskaland og Sviss sem heppnaðist einkar vel, enda á hljómsveitin dygga aðdáendur í þessum löndum.

Þetta verður fjórða árið í röð sem Dikta heldur jólatónleika í Vídalínskirkju. Í fyrra gerðist það óhapp að bassaleikarinn Skúli Z. Gestsson braut píanóið í kirkjunni í laginu Hátíð í bæ en vonandi endurtekur það sig ekki í kvöld.

## Glæpasaga ársins í Japan

Skáldsagan Mýrin eftir Arnald Indriðason hefur verið valin glæpasaga ársins 2012 hjá bókavefsíðunni Hayakawa Publishing í Japan. Á listanum yfir tíu bestu glæpasögurnar hefur Arnaldur betur en virtir höfundar eins og Jeffery Deaver, Scott Turow og Michael Connery sem eru afar vinsælir í Japan. - fb



**HÓPMYND** Hann er glæsilegur hópurinn sem var saman kominn í gær á fyrstu dansæfingunni fyrir stórsýninguna Mary Poppins í Borgarleikhúsinu.



**Í TAKT** Halldór Gylfason, Leifur Eiríksson, Guðjón Davíð Karlsson, Sigurður Þór Óskarsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir voru vel í takt á fyrstu æfingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mary Poppins komin á skrið

### Fyrsti samlestur og dansæfing voru haldnar í gær.

„Ég er afar stoltur af því hvað ég hef skipað vel í hlutverk," sagði Bergur Þór Ingólfsson, leikstjóri Mary Poppins, kátur í bragði eftir fyrstu æfingu hópsins í Borgarleikhúsinu í gær.

„Því miður slasaðist enginn," sagði hann hlæjandi aðspurður hvort óvæntar uppákomur hefðu orðið á æfingunni. „Það kom helst á óvart hvað þetta leit rosalega vel út. Við erum komin ansi vel á veg miðað við að þetta var fyrsta æfingin en fólk er greinilega búið að vera að æfa sig heima," sagði hann. Stífar æfingar verða nú fram að jólum en leikararnir fá kærkomið frí yfir hátíðarnar. „Nokkrir af þátttakendunum eru líka í uppfærslu leikhússins á leikritinu Mýs og menn sem verður frumsýnt 29. desember. Þeir eiga því sérstaklega erfiðar vikur í vændum," segir Bergur Þór glettinn.

Um níutíu aðstandendur Mary Poppins-sýningarinnar voru viðstaddir fyrsta samlesturinn og dansæfinguna í gær. Voru þau Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Guðjón Davíð Karlsson að sjálfsögðu þar á meðal en þau fara með hlutverk barnfóstrunnar og sótarans Berts. Verkið verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 22. febrúar næstkomandi. - trs



**GÓI Í STUÐI** Guðjón Davíð var greinilega í miklu stuði á æfingunni og á líklegast ekki í miklum erfiðleikum með að tileinka sér hugsunarhátt sótarans hressa, Berts.



**MEÐ HANDAHREYFINGARNAR** Leikarinn Jóhann Sigurðarson lagði sig allan fram við að ná handahreyfingunum á æfingunni í gær. Hann lét þó staðar numið við þær.



**FLOTTIR DANSARAR** Fjöldi dansara tekur þátt í sýningunni, sem verður sú viðamesta sem Borgarleikhúsið hefur sett á svið hingað til.



**GLÆSILEGUR** Margir velta því eflaust fyrir sér hvort leikarinn Halldór Gylfason hafi mikla ballettreynslu að baki.






**RISE OF THE GUARDIANS** „Þrátt fyrir að vera hin ágætasta afþreying er dramatískur slagkraftur myndarinnar lítill."

# Fjör og fimbulkuldi

BÍÓ ★★★☆☆

**Rise of the Guardians**

Leikstjórn: Peter Ramsey. Leikarar: Chris Pine, Alec Baldwin, Hugh Jackman, Isla Fisher, Jude Law.

Bestu vinir barnanna þurfa að standa saman í nýjustu teiknimynd Dreamworks, Rise of the Guardians, en þar fylgjumst við með hinum unga Jack Frost rísa upp frá dauðum og uppgötva hæfileika sína.

Hann getur framkallað fimbulkulda og snjó með kræklóttum téstaf, og fyrr en varir er Jack kominn í slagtog með sjálfum jólasveininum, páskahéranum og fleiri fígúrum úr bandarískum barnakúltúr. Saman berjast þær gegn hinum illskeytta Pitch Black, en markmið hans er að tortíma trú barna á þessar vinalegu verur.

Hugmyndin er skemmtileg og minnir um margt á samsuðu vöðvabúntanna í Expendables-myndunum tveimur. Jack litli Frost er óáhugaverður til að byrja með en vinnur vel á. Það eru aukapersónurnar sem halda fjörinu gangandi, en skemmtilegastur er Alec Baldwin sem jólasveinninn. Hér talar hann með þykkum, rússneskum hreim, og lætur verkin tala.

Þrátt fyrir að vera hin ágætasta afþreying er dramatískur slagkraftur myndarinnar lítill og hún skilur ekki mikið eftir sig, en þó eru örfáar senur sem standa upp úr.

Þá er hún mikið augnakonfekt, og nostrað hefur verið við hvert einasta sjónræna smáatriði. Dreamworks eru með mikla listamenn á sínum snærum, og það eru þeir, teiknararnir og tölvuteymið, sem eru raunverulegar stjörnur Rise of the Guardians.

Haukur Viðar Alfreðsson

**NIÐURSTAÐA:** Hress og skemmtileg, en mögulega einnota.

Láttu sjá þig!

# Aðventukvöld

## í Lyfju Lágmúla frá kl. 19.00

Komdu og fáðu ráðgjöf um jólaförðunina, snyrtivörur, ilmi og margt fleira. Þú færð afslátt af förðunarvörum, ilmum og jólagjafakössum.
Söngur, vínkynning og góð stemmning.

**Ráðgjöf og afsláttur fyrir þig!**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ILMUM OG JÓLAGJAFAKÖSSUM**

**ALLAR SOKKABUXUR Á 20% AFSLÆTTI Í KVÖLD!**

**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÖRÐUNARVÖRUM**

Sérfræðingar frá **Lancome**, **Clinique** og **Estee Lauder** sýna það nýjasta í jólaförðununni.

Sérfræðingar frá **L´Oréal** og **Maybelline** bjóða upp á förðun með nýju **BB kremunum** sínum og að prófa nýju hárolíuna frá **L'Oréal, Extraordinary Oil**.



**Vínkynning** frá **Ölgerðinni** – hvítt og rautt frá **Piccini.**






**Þórunn Lárusdóttir**
kemur og syngur ljúf lög af nýju plötunni sinni.




**Guðrún Bermann**
gefur góð ráð og áritar bókina sína „Ung á öllum aldri“

GOSH LANCÔME CLINIQUE CLARINS ESTĒE LAUDER BOSS

LYFJA
Lifið heil um jólin!

## Sjö þúsund tegundir til

Meira en sjö þúsund tegundir af eplum eru til um heim allan og við hér á Íslandi fáum aldrei að smakka nema örlítið brot allra þeirra tegunda. Epli eru einstaklega holl, bæði trefjarík og full af andoxunarefnum. Svo má ekki gleyma því hvað þau eru góð.

Hýðið á eplinu er ekki alltaf góð vísbending um gæði þess svo það borgar sig að kaupa epli eftir tilfinningu frekar en útliti. Forðist epli sem eru krumpuð eða lin. Hafið í huga við innkaupin til hvers á að nota eplið. Er það ætlað til baksturs eða í nestispakkann?

Epli geymast í ísskáp í allt að þrjá mánuði. Best er að hafa þau í plastpoka með götum svo þau fái súrefni. Fylgist með þeim reglulega og fjarlægið epli sem eru blettótt og skemmd. Eitt skemmt epli getur eyðilagt öll hin. Ekki geyma eplin nálægt lyktsterkum mat því þau draga í sig lyktina.

Ef þú tekur eplin út úr ísskápnum skaltu geyma þau á þurrum og svölum stað og borða innan nokkurra vikna. Þvoið epli alltaf vel en ekki skera þau niður fyrr en rétt áður en á að borða þau.

Ef ekki verður hjá því komist er hægt að dýfa eplabitunum í skál með blöndu af sítrónusafa og vatni.



# Eplauppskriftir æskuvinkvenna

Hildur Petersen og Anna Bjarnadóttir hafa haft gaman af matreiðslu frá unga aldri. Þær tóku sig nýverið saman og gáfu út Eplakver, uppskriftabók þar sem epli koma mjög við sögu.

„Þessi bók kom þannig til að við Anna, sem erum æskuvinkonur, vorum að ræða um að gaman væri að gera eitthvert verkefni saman. Ég er mikil áhugamanneskja um mat og hún hefur unnið við skriftir þannig að sáum leið til að sameina krafta okkar í uppskriftabók. Úr varð að við ákváðum að einblína á uppskriftir sem innihalda epli. Við ólumst upp á heimilum þar sem danskra áhrifa gætti í matargerð og epli voru mikið notuð. Við vildum gjarnan halda þeim góða sið að Íslendingum," segir Hildur sem nýverið gaf út Eplakver Hildar og Önnu ásamt Önnu Bjarnadóttur. „Epli tengjast líka jólahaldi í huga Íslendinga og viðeigandi að gefa út þetta kver á þessum árstíma."

Auk Eplakversins hafa þær Hildur og Anna látið útbúa svuntu sem er með sams konar eplateikningu og prýðir kverið, en höfundurinn er Fanney Sizemore. „Við hugsuðum kverið sem sniðuga smágjöf og svo er hún aðeins veglegri ef svuntan fylgir með."

Ekki er hefðbundið efnisyfirlit í kverinu, heldur eplayfirlit en þar eru uppskriftir flokkaðar eftir því hvort eitt, tvö, þrjú eða fjögur epli eru í uppskriftinni. Réttirnir sjálfir eru svo af fjölbreyttu tagi; kökur, bökur, ofnréttir. Í kverinu eru bæði þekktir réttir eins og eplakaka með raspi og minna þekktir eins og steikt epli með gráðosti og sítrussúkkulaðikaka. En það er einmitt uppskrift að henni sem Hildur deilir hér með lesendum Fréttablaðsins.



### Sítrussúkkulaðikaka

- 4 dl hveiti
- 1 dl sykur
- 1 dl hunang
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. matarsódi
- 1 tsk. vanillusykur
- 1 tsk. kanill
- 2 tsk. múskat
- 2 dl olía
- 3 egg
- 2 dl fínrifnar hráar rauðrófur
- 1 rifið gult epli
- 100 g suðusúkkulaði

**Sítrónukrem**

- 200 g rjómaostur
- 1 sítróna, safi og börkur
- 1 appelsína, börkur
- 1 dl flórsykur
- 50 g smjör

Hitið ofninn í 175°C. Blandið þurrefnunum saman í skál. Hrærið eggjum og olíu saman og hrærið rauðrófum, eplum og súkkulaði saman við. Að lokum er þurrefnunum blandað við og hrærunni hellt t.d. í hringlaga mót og kakan bökuð í 55 mínútur. Á meðan kakan bakast er upplagt að búa til kremið. Hrærið saman rjómaostinn og brætt smjörið sem hefur verið kælt. Rífið börkinn af sítrónunni og appelsínunni og geymið til að skreyta með. Pressið safann úr sítrónunni og hellið út í rjómaostsblönduna ásamt flórsykrinum. Þegar kakan er orðin köld er sítrónukreminu smurt fallega yfir og skreytt með berkinum og e.t.v. rósmaríngrein.



-30% **GEFÐU HEIMSREISU Í JÓLAGJÖF**

HEILL HEIMUR AF GJÖFUM!



## Hnattlíkan 30sm á breidd

Vnr.: ATMB2

**3.632**

Verð áður 5.189,-

-32%

Frábært verð!




**Jóakim Aðalönd Borðspil**

Núna er Hexía De Trix búin að margfalda Jóakim Aðalönd og það er komið að þér að berjast fyrir þeim eina sanna.

Vnr.: MYS9995

**5.490**

Verð áður 7.990 ,-




**Latabæjardúkka 40sm á hæð**

Vnr.: SAU1235

**2.490,-**




**Orðabelgur - spil**

Spilið býður upp á heilabrot, vangaveltur, orðaleiki og gáska og þátttakendur leika sér með íslenskt mál á nýstárlegan hátt.

Vnr.: OBE120928

**7.990,-**

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

A4





TEIKNINGAR/SÆVAR JÓHANNESSON

# Allir elska vinnustaðagrínarann

Í bókinni Handbók hrekkjalómsins leiðir höfundurinn Logi Bergmann Eiðsson lesendur í allan sannleika um hrekki, gefur hugmyndir um hrekki og segir sögur af eftirminnilegum hrekkjum. Hér er gripið niður í kafla um vinnustaðahrekki.

**Handbók Hrekkjalómsins**
Höfundur: **Logi Bergmann Eiðsson**
Útgáfa: **Sena**
Fjöldi síðna: **216**

Allir elska vinnustaðagrínarann. Eða þannig. Hrekkir eru nauðsynlegir á vinnustöðum. Það hljómar kannski undarlega en þeir gera lífið skemmtilegra, auka hugmyndaflugið og geta átt stóran þátt í því að þrýsta fólki saman og bæta starfsandann.

Það er því ekki að ástæðulausu að nokkur fyrirtæki hafa tekið upp hrekkjavikur, sem eru nokkurs konar leynivinaleikir og ganga út á það að hrekkja vinnufélagana. Íslandsbanki hefur til dæmis haldið slíka viku og hún heppnaðist afar vel. Allir hrekktu alla en á fremur græskulausum nótum.

Hápunkti náði vikan þó þegar starfsmaður var kallaður inn til bankastjóra og honum boðin umtalsverð stöðuhækkun. Hann sat rólegur en hugsaði með sér: „Andskotinn sjálfur. Nú er þetta hrekkjadæmi of langt gengið.“ Það tók bankastjórann dágóða stund að sannfæra manninn um að hann hefði í raun fengið þessa stöðu en hann varð samt ekki alveg viss fyrr en hann hafði fengið að skrifa undir.

Blaðið Fréttatíminn sagði frá skemmtilegum hrekk á auglýsingastofunni Fíton. Þegar menn mættu þar eftir sumarfrí fann Jón Oddur Guðmundsson nýja útgáfu af skrifborðinu sínu, hundrað sinnum minni en það gamla! „Hrærður, skynvilltur og lítill inni í mér,“ sagði hann í viðtali við blaðið. Arnór Skúli Arnarsson, Sigrún Björg Aradóttir og Karl Nossinyer stóðu á bak við hrekkinn sem var glæsilega útfærður. Þau höfðu sem sagt búið til nákvæma eftirmynd af borðinu með öllu tilheyrandi.

Það er líka skemmtilegt að lesa það sem þau sögðu, og er einmitt meginstefið í þessari bók, að hrekkir séu í rauninni leið til að sýna náunganum að manni þyki vænt um hann. „Sýnir vinskap og þeim mun grófari, eða öllu heldur metnaðarfyllri sem hrekkurinn er, þeim mun betur líkar manni við þann sem verið er að hrekkja.“ Akkúrat!



En þetta rifjar upp mjög skemmtilegt atvik sem tengist Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins. Þá var hann fréttamaður á Ríkissjónvarpinu og Ari Sigvaldason, vinnufélagi hans, hafði borðað Prins Póló sem Sigmundur átti. Og það þrátt fyrir að Sigmundur hefði með afar skýrum hætti bannað það.

Þegar Ari mætti daginn eftir var hann ekki lengur með neitt skrifborð. Það var bara horfið með öllu sem á því var. Hann ráfaði um fréttastofuna í leit að því og fann það loks inni í fundarherbergi undir skilti sem á stóð „Skammarkrókur“. Þar var allt nákvæmlega eins og Ari hafði skilið við það – bara á allt öðrum stað í húsinu.

**Sölvi Tryggva skreppur á salernið**



Ef menn fara í frí setja þeir gjarnan á móttökutilkynningu í tölvupóstinn sem lætur vita að viðkomandi sé ekki í vinnunni þessa stundina og hvaða dag hann snúi aftur til vinnu. Klassískt snið á þessu væri:

*Ég verð við störf erlendis til mánudagsins 3. mars. Ef erindið er áríðandi þá geturðu náð í mig í síma.*

*I'll be out of office until next Monday, March 3rd.*

Þetta prófaði ég á Sölva Tryggvasyni, sem þá var í Íslandi í dag. Hann var svo vitlaus að fara frá tölvunni sinni, vitandi af mér í húsinu. Og getur því sjálfum sér um kennt.

Í sólarhring sendi hann öllum þeim sem sendu honum tölvupóst svohljóðandi skilaboð:

*Er að kúka. Kem bráðum.*

Nú er ég þannig gerður að mér finnst þetta ótrúlega fyndið. Sérstaklega í ljósi þess að Sölvi er afskaplega penn náungi og manna ólíklegastur til að segja öðrum af sínum persónulegu málum. Sem betur fer lesa fæstir þessi skilaboð og þeir sem það gerðu höfðu alveg húmor fyrir því.

Þessu lauk með því að Jóhann Hlíðar Harðarson, þá upplýsingafulltrúi Háskólans í Reykjavík, sendi Sölva tölvupóst og spurði hvort hann vissi hvað hann væri að senda frá sér.

Þó að Sölvi sé penn þá hafði hann alveg húmor fyrir þessu.

**Elín Hirst verður veðurstofustjóri**



Tölvan býður að sjálfsögðu upp á fleiri möguleika. Einu sinni var til forrit á netinu sem hét Manic mail. Ég notaði það óspart en með því var hægt að senda póst og láta líta út fyrir að hann væri frá einhverjum allt öðrum. Í raun þurftu menn að vera býsna vel að sér í tölvufræðum til að sjá muninn.

Ég man sérstaklega eftir bréfum sem ég sendi Elínu Hirst sem þá var að sækja um fréttastjórastöðu og átti í baráttu við Sigríði Árnadóttur, fréttamann á Ríkisútvarpinu. Hún fékk nokkuð ítarlegt bréf frá Halldóri Ásgrímssyni. Þar stóð meðal annars:

„Vissulega hefur þú alla burði til að gegna stöðu fréttastjóra hjá Ríkissjónvarpinu. Staðan er hins vegar sú að nú er röðin komin að Framsóknarflokknum að fá að skipa í þessa stöðu samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna. Við höfum ákveðið að ráða Sigríði Árnadóttur og hefur þegar verið gengið frá því við útvarpsráð.

Ég geri ráð fyrir að þú kunnir illa við þessa ráðstöfun og við erum tilbúin að bjóða leið til sátta. Svo háttar til núna að staða forstjóra Veðurstofu Íslands er laus. Ég gæti séð til þess að þú fengir hana.“

Og svo hélt þetta áfram á þessum nótum. Nokkuð ítarlegt bréf og í fúlustu alvöru.

Það skemmtilega var að Elín trúði þessi eitt augnablik, enda hafa ráðningamál hjá ríkinu oft verið undarleg og fólki hættir til að trúa því sem það sér í tölvunni sinni.

Helgi H. Jónsson fréttamaður átti býsna athyglisvert samtal við starfsmannastjórann skömmu eftir að hann hafði fengið tölvupóst frá starfsmannahaldi um að því miður fengi hann ekkert sumarfrí því að hann væri búinn að taka það allt út. Hann hafði næstum því húmor fyrir því.

Besti tölvuhrekkurinn sem ég man eftir er kannski sá sem ég skellti á Geir Magnússon íþróttafréttamann. Hann hafði eins og margir starfsmenn Ríkisútvarpsins á þessum tíma staðið í stappi við skattstjórann. Ég komst að því hvaða starfsmaður væri að senda honum bréf og sendi póst í nafni hans. Í honum kom fram að búið væri að ljúka máli Geirs og hann ætti að borga þrettán hundruð þúsund auk himinhárra vaxta. Svipurinn á honum var óborganlegur og réttlætti fullkomlega alla fyrirhöfnina. Seinna sagði hann mér að hann hefði sennilega aldrei verið jafn glaður og þegar hann komst að því að þetta var bara grín.

➜ „Vissulega hefur þú alla burði til að gegna stöðu fréttastjóra hjá Ríkissjónvarpinu. Staðan er hins vegar sú að nú er röðin komin að Framsóknarflokknum að fá skipa í þessa stöðu samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna.“

➜ Þegar Ari mætti daginn eftir var hann ekki lengur með neitt skrifborð. Það var bara horfið með öllu sem á því var.

➜ Hann sat rólegur en hugsaði með sér: „Andskotinn sjálfur. Nú er þetta hrekkjadæmi of langt gengið.“


Timberland
OUR BOOTS
WORK
GLEÐILEG JÓL
TIMBERLAND KRINGLUNNI
Kringlunni 8-12 · 103 Reykjavík · Sími 533 2290
TIMBERLAND LAUGAVEGI
Laugavegi 6 · 101 Reykjavík · Sími 533 2291
www.timberland.is and facebook.com/TimberlandIceland



**BASTARDS** „Á Bastards eru ný nöfn, en líka gamlir kunningjar sem hafa unnið með söngkonunni áður.“

# Fínn skammtur fyrir þá hörðustu

Tónlist ★★★★☆

**Björk**
Bastards
**SMEKKLEYSA/ONE LITTLE INDIAN**

Allt frá því að Björk hóf sólóferilinn sinn með Debut árið 1993 hefur hún verið dugleg við að fá aðra listamenn til þess að endurvinna („remixa“) tónlistina hennar. Björk er sjálf tilraunaglöð og mjög opin fyrir nýjum straumum, eins og heyrist á plötunum hennar. Með remixunum setur hún lögin sín í hendurnar á öðrum listamönnum sem gera við þau það sem þeim sýnist. Út úr þessu ferli hefur oft komið mjög flott tónlist og nægir að nefna sem dæmi Skunk Anansie-útgáfuna af Army of Me, Dillinja-mixið af Cover Me og Funkstörung-mixið af All Is Full Of Love.

Í kjölfar útkomu Biophiliu í fyrra komu út endurgerðir á smáskífum eins og oftast er raunin, en líka sérstök útgáfuröð, Biophilia Remix Series, átta plötur í allt. Á stóru plötunni Bastards, sem hér er til umfjöllunar, eru bæði áður útgefin mix af þessum plötum og ný.



Björk kann að velja sér samstarfsmenn. Á Bastards eru ný nöfn, en líka gamlir kunningjar sem hafa unnið með söngkonunni áður. Í fyrri hópnum eru sýrlenski tónlistarmaðurinn Omar Souleyman sem á algerlega frábæra endurgerð af laginu Crystalline (og annað mix til), Skotinn Hudson Mohawke sem endurgerir Virus og kaliforníska hipphopppönksveitin Death Grips sem spreytir sig bæði á Sacrifice og Thunderbolt. Í seinni hópnum eru Matthew Herbert sem á þrjú mix og 16bit sem á eitt.

Biophilia sjálf var svolítið þung plata. Á Bastards eru léttpoppaðir hlutir, eins og fyrrnefnt Souleyman-mix, en líka mjög tilraunakenndar og harðar endurgerðir eins og Alva Noto-mixið af Dark Matter. Vel heppnuð endurgerð breytir upprunalega laginu nógu mikið til þess að úr verði eitthvað nýtt, en samt ekki það mikið að maður kannist ekkert við það. Endurgerðirnar þrettán á Bastards uppfylla það skilyrði og eru að auki fjölbreyttar og spennandi. Þær eru ekki allar jafn góðar, mér finnst Virus í meðförum Hudsons Mohawke t.d. frekar slappt, en flestar eru flottar. Ein af þeim skemmtilegustu er These New Puritans-endurgerðin af Mutual Core, en í henni blandar hljómsveitin upptökum af söngvum frá Salómonseyjum í Kyrrahafi saman við lagið.

Bastards er flott remix-plata, fínn skammtur fyrir hörðustu aðdáendur Bjarkar til að stytta biðina eftir næstu alvöru plötu.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Þrettán ólíkar en áhrifamiklar endurgerðir af lögum af Biophiliu.

# Ást og gleði dreift til ókunnugra

## Gjafir handa ókunnugum-dagurinn haldinn í fyrsta skipti á Íslandi í ár.

„Ég vona að sem flestir taki þátt með því að gefa ókunnugum litlar gjafir,“ segir Maflor Blanchefleur sem stendur að baki deginum Gjafir handa ókunnugum næstkomandi sunnudag.

Um er að ræða alþjóðlegan dag sem fyrst var haldinn hátíðlegur í Toronto í Kanada 18. desember 2010. Hann gengur út á að gleðja ókunnuga með því að gefa þeim litlar gjafir. „Allir þátttakendur búa til eins margar gjafir og þeir vilja, pakka þeim inn og láta fylgja með miða sem á stendur „Frá einum ókunnugum til annars. Gleðilega hátíð.“ Gjafirnar eiga alls ekki að vera dýrar heldur er til dæmis algengt að fólk skrifi lög á geisladisk, semji ljóð eða kaupi lítinn bangsa eða létta bók. Þetta snýst um að kalla fram bros meðal ókunnugra, vera frumlegur og gefa frá hjartanu,“ segir Maflor. Á sunnudaginn klukkan 16 safnast svo allir þeir sem vilja taka þátt saman fyrir framan Landsbankann á Laugarvegi og dreifa gjöfunum á meðal ókunnugra. „Dagurinn takmarkast samt ekki bara við Laugarveginn heldur hvet ég fólk til að fara líka um sitt hverfi eða hvar sem er og gleðja ókunnugt fólk með litlum gjöfum,“ segir hún.

Maflor er búsett á Íslandi en hún kemur frá Filippseyjum. „Íslendingar hafa verið svo góðir við mig og fjölskylduna mína og ég veit að hér er hellingur af góðu fólki sem er fullt af væntumþykju. Hugmyndin á bak við þennan dag er að dreifa ást og gleði og ég er viss um að margir hérlendis vilja taka þátt. Eins og segir á heimasíðu dagsins þá getur eitt lítið góðverk jafnvel breytt því hvernig aðrir sjá heiminn,“ segir Maflor.

**- trs**



**ÞEKKT HUGSUN** Hugsunin að gefa ókunnugum gjafir til að gleðja og kæta á sér nærtæka fyrirmynd, en það er einmitt það sem jólasveinarnir eru hvað þekktastir fyrir að gera. Ekki er þó þörf á að vera í jólasveinabúning til að taka þátt í deginum Gjafir handa ókunnugum.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| RED DAWN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RED DAWN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTAL | KL. 10:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:30 | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL | KL. 5:50 | L |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTAL | KL. 8 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 6 - 8 | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 10:10 | 12 |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 5:30 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL | KL. 5:40 | L |
| ALEX CROSS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| TWILIGHT BREAKING DAWN PART 2 | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| HERE COMES BOOM | KL. 8 - 10:30 | 7 |
| ARGO | KL. 10:20 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| RED DAWN | KL. 10:20 - 11 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTAL | KL. 8 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SKYFALL | KL. 9 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 3D | KL. 3.40 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 6 - 10.20 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.40 - 8 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HNOTBRJÓTURINN | KL. 7.15 UPPSELT | |
| JACKPOT | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 5.20 - 9 - 10 | |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 | 10 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | KL. 8 - 10 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 8 - 10 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.50 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5.20 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%







**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | 6, 8 | 7 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 6 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | 10 | 16 |
| SKYFALL | 6, 9 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ SÉRSÝNING: ON THE FOOTSTEPS OF MARIE SKŁODOWSKA CURIE (FRÍTT INN) (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ VÍDEÓVERK 14-18 FRÍTT INN.

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



PIPAR\TBWA · SÍA · 123151

# SPORT



# Hundleiðinlegt ef ég fæ ekkert að gera

Guðjón Þórðarson er í atvinnuleit. Engar lausar stöður á Íslandi þannig að hann horfir til útlanda.

**FÓTBOLTI** Framtíð Guðjóns Þórðarsonar knattspyrnuþjálfara er óráðin. Starfskrafta hans er ekki lengur óskað hjá Grindavík en reyndar sér ekki fyrir endann á því máli.

Grindavík gat ekki sagt Guðjóni upp störfum eftir tímabilið heldur gat félagið aðeins sagt upp launalið samningsins. Einhver átök hafa verið í kjölfarið á milli Guðjóns og Grindavíkur og er málið nú hjá lögfræðingum.

Hvorki Guðjón né Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, vildu tjá sig um málið. Þeir sögðu það báðir vera í ferli.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins líta Grindvíkingar svo á að Guðjóni hafi verið sagt upp störfum og að uppsagnarfrestur hans renni út um áramótin.

Þar af leiðandi hafa Grindvíkingar ekki ráðið Milan Stefán Jankovic formlega sem næsta aðalþjálfara karlaliðsins þó svo búið sé að gefa það út að hann muni taka við liðinu af Guðjóni.

„Það tekur ekki mikið við í augnablikinu. Það er smá biðtími. Það er búið að ráða í allar stöður á markaðnum hér heima. Hann er lítill og ég hafði ekki áform um að hætta í þeirri vinnu sem ég var í og var því ekki að blanda mér í það sem hugsanlega gat boðist,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær.

„Ég er að skoða möguleika erlendis þessa dagana þar sem það er ekkert að fá hér heima. Það eru bara vangaveltur og spjall sem stendur. Það er ekkert sem er á, eins og maður segir. Þessi heimur er eins og hann er. Það eina sem maður veit er að maður veit ekki neitt. Maður verður samt að reyna og ég þekki víða til.“

Þjálfarinn hefur engan sérstakan áhuga á því að fara í frí.

„Það er hundleiðinlegt til þess að hugsa að svo gæti farið að ég hafi ekkert að gera. Maður er vanur því að vinna og hefur ekkert dregið af sér í þeim efnum. Nema menn hafi gefist upp á lífinu og nenni ekki að vinna. Ég er ekki í þeim hópi. Ég trúi að það komi alltaf möguleikar og bara spurning um hvar þeir koma,“ sagði Guðjón Þórðarson. **- hbg**



**ÚTI Í KULDANUM** Guðjón er án vinnu og bíður eftir næsta tækifæri.

# Keflavíkurkonur enn ósigraðar í deildinni



**ÁTTI FÍNAN LEIK** Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 17 stig fyrir Keflavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur gefur ekkert eftir í Domino's-deildinni en liðið vann góðan útisigur á Fjölni, 92-103, í Grafarvogi í gærkvöldi. Fjölnir, sem er í botnsæti deildarinnar, gafst aldrei upp þrátt fyrir slæma byrjun en tókst ekki að jafna metin. Keflavík hefur nú unnið alla fjórtán leiki sína í deildinni og virðist óstöðvandi.

Keflavík hefur fjögurra stiga forskot á Snæfell sem styrkti stöðu sína í öðru sæti deildarinnar með heimasigri á KR, 72-61, í stórleik 14. umferðar. Leikurinn var jafn fram í lokafjórðunginn þegar Snæfell sigldi fram úr og tryggði sér sigurinn. KR hefði getað náð Snæfelli að stigum með sigrinum en þess í stað munar fjórum stigum á liðunum.

Í Hafnarfirði unnu Haukar nokkuð öruggan sigur á Grindavík, 73-64, í leik liðanna í 5. og 6. sæti deildarinnar. Heimakonur höfðu frumkvæðið frá fyrstu mínútu þótt munurinn yrði aldrei mikill. Valur og Njarðvík mætast í lokaleik umferðarinnar á laugardag. Næst verður leikið í deildinni í byrjun janúar. **- ktd**



**GENGUR Á ÝMSU** Það hefur mikið gerst hjá Óskari Bjarna í Danmörku í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# REYNUM AÐ BROSA

Búið er að kippa fótunum undan rekstri karlaliðsins Viborg sem Óskar Bjarni Óskarsson þjálfar og Orri Freyr Gíslason leikur með. Liðið ætlar sér í neðri deildirnar næsta vetur. Óskar er orðaður sterklega við kvennalið félagsins.

**HANDBOLTI** Gærdagurinn var skrautlegur hjá Óskari Bjarna Óskarssyni, þjálfara Viborg, og lærisveinum hans. Illa gengur að fá styrktaraðila fyrir karlalið félagsins en allt snýst um kvennalið félagsins sem hefur verið eitt sterkasta lið Evrópu undanfarin ár.

Það hefur því verið ákveðið að taka liðið úr efstu deild á næsta ári. Leikmönnum er frjálst að semja við önnur félög en samningar þeirra sem vilja vera áfram verða virtir. Ekki verður þó samið við nýja leikmenn.

„Mig hefur grunað þetta í ákveðinn tíma. Þetta er kvennaklúbbur og mér fannst aðeins of lítil pressa á okkur. Svo var búið að gefa út að það væru ákveðin vandamál. Svo kemur þetta í ljós,“ sagði Óskar Bjarni en félagið hefur komið hreint fram við alla leikmenn. Þeir vita hvar þeir standa og að sama skapi verður haldið áfram að standa við greiðslur til þeirra.

Einn Íslendingur er í liði félagsins, Orri Freyr Gíslason, en hann kom með Óskari frá Val til Danmerkur.

„Eins og staðan er núna mun liðið klára tímabilið en ef við missum leikmenn þá hrynur þetta. Það er því spurning hvort það hefði verið betra að slaufa þessu bara. Það verður að koma í ljós hvað verður hjá okkur.“

Niðurskurðurinn hjá Viborg kemur ekki bara við karlalið félagsins heldur er líka búið að segja upp fólki á skrifstofu félagsins.

Danskir fjölmiðlar héldu því fram í gær að Óskar Bjarni myndi taka við kvennaliði félagsins en það er þjálfaralaust um þessar mundir. Þjálfari liðsins var rekinn þó svo liðið væri efst í dönsku deildinni. Gengið í Evrópukeppninni varð þó þjálfaranum að falli en miklar væntingar eru gerðar til liðsins.

„Það eru allir að spyrja um þetta núna. Það er ekki útilokað að karlaliðið spili í allan vetur og ég vil helst ekki vera fyrsti maðurinn sem stekkur af skútunni. Það er ekkert ákveðið í þessum málum enn þá. Fjölmiðlar virðast halda að þetta sé allt klárt en það er það alls ekki. Þetta hefur samt verið rætt við mig,“ sagði Óskar en hann er með samning við félagið út leiktíðina.

Viborg hefur gefið það út að væntanlega verði tilkynnt um nýjan þjálfara kvennaliðsins í dag. Þegar Fréttablaðið ræddi við Óskar um miðjan dag í gær gerði hann ráð fyrir að það yrðu mikil fundahöld hjá félaginu fram eftir kvöldi.

> **Ég reyni að taka þetta á húmornum. Ég hef trú á sjálfum mér og veit að ég fæ eitthvað að gera.**
>
> *Óskar Bjarni Óskarsson*

Óskar Bjarni er með stóra fjölskyldu, konu og fjögur börn. Fjölskyldan reif sig upp og flutti til Danmerkur og nú er óvissustaða. Sér hann eftir því að hafa hoppað á þetta verkefni?

„Ég sé alls ekki eftir þessu. Þetta er búinn að vera góður tími þó svo hann sé líka búinn að vera erfiður og lærdómsríkur. Það er gott að vera hérna og gaman að fá að glíma við allan pakkann. Ég vissi að við gætum lent í öllu og við erum búin að prófa ýmislegt á þremur mánuðum. Ég reyni að taka þetta á húmornum. Það þýðir ekkert annað. Okkur líður vel og við reynum að brosa. Ég hef trú á sjálfum mér og veit að ég fæ eitthvað að gera. Ég er hvergi smeykur,“ sagði þjálfarinn afar ákveðinn þó svo hann sé í ölgusjó.

henry@frettabladid.is

# ÚRSLIT

## DOMINO'S DEILD KVENNA

**FJÖLNIR** 92
**KEFLAVÍK** 103

**Fjölnir:** Britney Jones 40/12 stoðsendingar, Bergdís Ragnarsdóttir 25/13 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 14/8 fráköst, Hrund Jóhannsdóttir 4/5 fráköst, Birna Eiríksdóttir 3, Dagbjört Helga Eiríksdóttir 3, Erna María Sveinsdóttir 2, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 1, Sigrún Anna Ragnarsdóttir 0, Margrét Loftsdóttir 0, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 0/5 fráköst.

**Keflavík:** Bryndís Guðmundsdóttir 25/9 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 20/8 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 17/6 fráköst/6 stoðsendingar, Sara Rún Hinriksdóttir 13/6 fráköst, Jessica Ann Jenkins 10/4 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 9/4 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 4, Aníta Eva Viðarsdóttir 3, Bríet Sif Hinriksdóttir 2.

**HAUKAR** 73
**GRINDAVÍK** 64

**Haukar:** Dagbjört Samúelsdóttir 19, Lovísa Björt Henningsdóttir 18/7 fráköst, Siarre Evans 15/20 fráköst/10 stoðsendingar/5 stolnir, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 8/6 fráköst/5 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 7/5 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 2/4 fráköst, Ína Salome Sturludóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2/5 fráköst.

**Grindavík:** Crystal Smith 32/4 fráköst/5 stolnir, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 7/4 fráköst, Helga Rut Hallgrímsdóttir 7/8 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 6/8 fráköst, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Mary Jean Lerry F. Sicat 4, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 2.

**SNÆFELL** 72
**KR** 61

**Snæfell:** Helga Hjördís Björgvinsdóttir 18/7 fráköst, Kieraah Marlow 18/8 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 15/11 fráköst/6 stoðsendingar, Ellen Alfa Högnadóttir 9, Hildur Björg Kjartansdóttir 7/13 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 5/6 fráköst/10 stoðsendingar, Aníta Sæþórsdóttir.

**KR:** Patechia Hartman 25/11 fráköst/6 stoðsendingar/5 stolnir, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11/9 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 10/7 fráköst, Rannveig Ólafsdóttir 5, Björg Guðrún Einarsdóttir 4, Anna María Ævarsdóttir 2, Hafrún Hálfdánardóttir 2, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2/4 fráköst.



**HÖFUNDURINN** Víðir Sigurðsson fylgist vel með fótboltanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Árbók fótboltans komin út

**FÓTBOLTI** Bókaútgáfan Tindur hefur gefið út bókina Íslensk knattspyrna 2012 en þetta er 32. árið í röð sem bókin kemur út. Í bókinni er fjallað ítarlega um Íslandsmótið í öllum deildum og öllum flokkum. Fyrirferðamest er umfjöllun um efstu deildir karla og kvenna og má í bókinni finna viðtöl við Frey Bjarnason og Örnu Sif Ásgrímsdóttur, lykilmenn úr Íslandsmeistaraliðum FH og Þórs/KA.

Bikarkeppni karla og kvenna er gerð ítarleg skil sem og landsleikjum Íslands í öllum aldursflokkum og leikjum íslensku liðanna í Evrópukeppnum.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1359 KR.KG

BÓNUS: NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR




1398 KR.KG

FRÁ KJARNAFÆÐI
NÝREYKTUR **HAMBORGARHRYGGUR**




VÍKING HÁTÍÐARBLANDA
MALT & APPELSÍN 500 ML

Coke-kippa 6x1.5 ltr. og fjórar dósir
Víking-Hátíðarblanda í kaupbæti

BÓNUS SKAGFIRSKT **ÚRBEINAÐ HANGILÆRI**




2598 KR.KG




1598 KR. 650 GR

**NÓA** KONFEKT ALLIR BESTU MOLARNIR




HANGIFRAMP. ÚRB.
1785 KR.KG

HANGILÆRI ÚRB.
2675 KR.KG

FRÁ KJARNAFÆÐI:
**KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT**

froosh
fruit: bottled

**fljótleg og holl næring**




298 KR. 250 ML




## Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá Bónus gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar

**Greiðslumöguleikar**
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofu Bónus.

**Skrifstofa Bónus:**
Opin alla virka daga frá kl. 9-16
Skútuvogur 13 sími 527-9000

FERSKAR BÓNUS
**KJÚKLINGABRINGUR**




1998 KR. KG




TILBÚINN
**Gríms**
PLOKKFISKUR

**Tilbúinn plokkfiskur** sem aðeins þarf að hita í örbylgjuofni, potti eða í eldföstu fati í ofni.
**Innihald;** Ýsa, kartöflur, laukur, hveiti, smjör, ostur, krydd og mjólkurduft.
**400 gr**

459 KR.




398 KR.DS

SÆNSKAR GILLE **PIPARKÖKUR** 425gr

FLJÓTLEGT, **ÓDÝRT** OG ÞÆGILEGT Í ***DESEMBER***

GÓÐUR TILBÚINN MATUR
**FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA**

**1098 KR. BAKKINN**

***ÞARF AÐEINS AÐ HITA!***






2998 KR. 940gr

NÓA **KONFEKT** 940gr **GJAFAKASSI**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Stjörnuhrap í Los Angeles-borg

**Kobe Bryant getur ekki bjargað Lakers-liðinu upp á sitt einsdæmi sem sést kannski best á skelfilegu gengi liðsins á þessu tímabili þegar hann skorar 30 stig eða meira. Lakers-liðið tapaði í fimmta sinn í sex leikjum í fyrrinótt og það fyrir einu lélegasta liði deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Mike D'Antoni gat ekki leynt pirringi sínum í viðtölum við blaðamenn eftir enn eitt tapið hjá stjörnum prýddu NBA-liði Los Angeles Lakers í fyrrinótt. Liðið var að tapa í áttunda sinn í tólf leikjum undir stjórn D'Antoni og gagnrýnisraddirnar verða háværari með hverjum degi.

Kobe Bryant vantar „bara" einn titil til að jafna við átrúnaðargoðið sitt Michael Jordan og það er óhætt að segja að hann sé að reyna í þessum leikjum. Tölfræðin sýnir þó svart á hvítu að það eru liðsfélagar hans í Lakers sem koma til með að ráða mestu um það hversu langt félagið fer í vetur. Magic Johnson, ein mesta goðsögnin í sögu Lakers, hefur ekki hikað við að gagnrýna ráðninguna á Mike D'Antoni og nú síðast rakkaði hann niður leikstíl liðsins undir stjórn D'Antoni.

### Bara einn sem getur hlaupið

„Það er ekki hægt að hlaupa með þennan mannskap. Það er bara einn leikmaður sem kemst almennilega upp og niður völlinn og það er Kobe (Bryant). Þeir verða að fara með boltann inn í teig. Þannig mun liðið vinna leikina," sagði Magic Johnson. Lakers tapaði í fimmta sinn í sex leikjum í desember í fyrrinótt þegar liðið mætti Cleveland Cavaliers, einu af lélegustu liðum deildarinnar.

Kobe Bryant náði persónulegu stigameti á tímabilinu þegar hann skoraði 42 stig í umræddum leik á móti Cavaliers en það dugði ekki til eins og alltof oft í vetur. Lakers-liðið hefur nú tapað átta leikjum í röð þar sem Bryant brýtur 30 stiga múrinn og alls 10 af 11 leikjum þar sem Kobe hefur skorað 30 stig eða meira á þessu tímabili.

### Mesta mótlætið á ferlinum

„Þetta er eitt mesta mótlætið sem ég hef lent í á 17 ára ferli mínum og eitt það óskiljanlegasta líka. Við höfum hæfileikana og mannskapinn en það gengur ekkert. Þetta er sérstaklega pirrandi og það er ekkert vit í þessu. Við erum enn að finna leiðir til þess að tapa leikjum," sagði Kobe. Hann er „aðeins" með 22,4 stig að meðaltali í sigurleikjum liðsins og liðið hefur unnið 8 af 11 leikjum þar sem hann nær ekki að brjóta 30 stiga múrinn. Bryant er búinn að taka sjö færri skot í leik og gefa þremur fleiri stoðsendingar í leik í leikjunum sem Lakers hefur unnið í vetur.

Dwight Howard, einum besta miðherja deildarinnar síðustu árin og besta varnarmanninum í þrígang á síðustu fjórum leiktíðum, hefur gengið illa að aðlagast lífinu í LA.

„Við verðum að stoppa blæðinguna með einhverjum hætti. Við viljum allir vinna og erum orðnir afar leiðir á því að tapa. Við vitum samt að þetta mun ekki halda svona áfram endalaust," sagði Howard.

Kastljósið beinist alltaf að Kobe og hann þarf að ganga í gegnum spurningaflóð eftir hvern einasta leik.

„Ég er mjög ósáttur. Þegar gengur illa þá eiga menn að vera enn ákveðnari en ekki hrista bara hausinn. Það er eins og það hellirigni alltaf þegar það rignir hjá okkur og þetta regnský eltir okkur út um allt. Ég er einn af fljótustu mönnunum í liðinu og er að verða fimmtugur. Hvað segir það ykkur?," sagði Kobe við blaðamenn eftir leikinn við Cleveland og skaut þar fínt á liðsfélaga sína.

Dwight Howard er samt ekki af baki dottinn. „Fólk á eftir að segja það sem það vill um liðið en við megum ekki gefast upp. Við erum ekki að spila okkar besta bolta núna en það mun koma sá tími þegar við komust yfir byssuna. Núna erum við kanínur en um leið og við náum byssunni þá verður þetta ekki skemmtilegt fyrir hin liðin," sagði Dwight Howard.

Lakers mætir næst New York Knicks í Madison Square Garden í nótt og ekki er líklegt að Kobe haldi aftur að sér í þeim leik ekki frekar en goðið hans Michael Jordan. Þeir hafa oft sett upp sýningu á stóra sviðinu á Manhattan.

ooj@frettbladid.is




**KOBE BRYANT GETUR ÞETTA EKKI EINN** Lakers bætti við sig miklu í sumar en ekkert gengur. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það er bara einn leikmaður sem kemst almennilega upp og niður völlinn og það er Kobe Bryant.**
>
> *Magic Johnson, goðsögn LA Lakers*




Fissler

Fissler. Perfect every time.

*Kynslóðir elda með okkur*

*Fissler pottar, pönnur og önnur búsáhöld í miklu úrvali. Einnig vandaðir hraðsuðupottar sem gera matseldina hraðari og hollari. Þýsk hágæðavara.*

MADE IN GERMANY

*Fissler hefur framleitt hágæða potta og pönnur í Þýskalandi í 167 ár.*

ÚTSÖLUSTAÐIR

Tékk Kristall
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

Líf & List
SMÁRALIND

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki ht.is
Umboðsmenn um land allt
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

markhonnun.is

TILBOÐIÐ GILDIR **FRÁ MIÐNÆTTI Í KVÖLD TIL KL. 02, 14. DES** AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD!
EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

nettó mjódd
lágt verð dag & nótt




**MIÐNÆTURVERÐSPRENGJA**

# 3.174 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd



**FIMM SIGRAR Í FIMM LEIKJUM Á EM 2012** Þórir Hergeirsson fagnar hér einu marka norska liðsins á Evrópumótinu í Serbíu ásamt nokkrum leikmönnum liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gullin stjórnartíð Þóris

Norska kvennalandsliðið í handbolta hefur verið á nánast stanslausri sigurgöngu síðan Íslendingurinn Þórir Hergeirsson tók við liðinu fyrir þremur árum og norsku stelpurnar eiga möguleika á því að vinna fjórða stórmótið í röð um næstu helgi.

**HANDBOLTI** Norska kvennalandsliðið er komið í undanúrslitin á Evrópumótinu í Serbíu og það þrátt fyrir að það eigi eftir að spila síðustu umferðina í milliriðlinum. Þórir Hergeirsson tók við liðinu fyrir HM 2009 og norsku stelpurnar eru nú handhafar allra aðaltitlanna sem keppt er um í kvennahandboltanum.

Noregur mætir annaðhvort Ungverjalandi eða Svartfjallalandi í undanúrslitunum í Belgrad á morgun. Fari svo að liðið lendi á móti Ungverjum geta norsku stelpurnar slegið tíundu þjóðina út úr útsláttarkeppni stórmóta frá og með EM 2010 því svo skemmtilega vill til að þær hafa aldrei lent á móti sömu þjóð í útsláttarleikjum frá og með EM 2010.

Það hefur tínst úr norska liðinu undanfarin ár og oft vantað lykilmenn í lokakeppnirnar en Þórir byggir á sterkum kjarna, mikilli sigurhefð og hefur tekist að láta liðið toppa á réttum tíma.

Norska landsliðið hefur ekki tapað leik sem skipti máli síðan í undanúrslitunum á HM í Kína 2009 sem jafnframt var fyrsti „upp á líf og dauða“ leikur liðsins eftir að Þórir tók við af Marit Breivik. Frá þeim leik hafa töp liðsins á stórmótum komið í leikjum sem skiptu minna máli og oft í upphafi mótanna þegar liðið hefur hikstað aðeins.

Liðið tapaði fyrsta leik í milliriðli á EM 2010 en tryggði sig inn í undanúrslitum með öruggum sigrum í næstu tveimur leikjum.

Liðið tapaði fyrsta leik sínum á HM í Brasilíu 2011 en vann síðan átta næstu leiki og tryggði sér gullið.

Liðið tapaði 2 af 5 leikjum sínum í riðlakeppni Ólympíuleikanna í London en tryggði sér síðan ólympíugullið með því að vinna þrjá síðustu leiki sína.

Þóri hefur í öll skiptin tekist að setja saman lið og búa til lið sem vex og dafnar eftir því sem líður á mótið og spilar aldrei betur en þegar allt er undir í lok mótanna. Norsku stelpurnar hafa nú unnið níu leiki í röð í útsláttarkeppni stórmóta og sá tíundi í röð er í boði á laugardaginn.

Liðið hefur aldrei náð að vinna alla leiki sína á stórmóti undir stjórn Þóris en hefur lagt grunninn að því að ná því á EM í Serbíu. Eins og oft áður var þó leikur liðsins í riðlinum ekkert alltof sannfærandi þar sem norsku stelpurnar unnu nauma sigra á andstæðingum sínum, þar af tvo þá síðustu eftir að hafa verið mikið undir.

Þórir er óhræddur við að nota liðið sitt og tekst því að halda stelpunum ferskum út mótið. Hann gefur um leið minni spámönnum dýrmæta reynslu sem undirbýr þær um leið fyrir stærri hlutverk í framtíðinni. Það má alveg eins búast við því að hann hvíli sína lykilmenn á móti Dönum á morgun og fórni jafnvel hundrað prósent sigurhlutfalli fyrir ferskari fætur í undanúrslitunum.

Norsku stelpurnar voru sigursælastar fyrir hans tíð og þegar hann aðstoðaði Marit Breivik í átta ár en nú er að sjá hvort að þær verði áfram ósigrandi undir stjórn íslenska þjálfarans sem hefur þegar endurskrifað þjálfarasögu alþjóðakvennaboltans.

ooj@frettabladid.is

## STÓRMÓT NOREGS UNDIR STJÓRN ÞÓRIS

| HM 2009 í Kína | EM 2010 í Danmörku og Noregi | HM 2011 í Brasilíu | ÓL 2012 í London | EM 2012 í Serbíu | Árangur Þóris samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 leikir | 8 leikir | 9 leikir | 9 leikir | 5 leikir | 40 leikir |
| 8 sigrar | 7 sigrar | 8 sigrar | 5 sigrar | 5 sigrar | 33 sigrar |
| 2 töp | 1 tap | 1 tap | 2 töp | 0 töp | 8 töp |
| 80% Sigurhlutfall | 88% Sigurhlutfall | 89% Sigurhlutfall | 61% Sigurhlutfall | 100% Sigurhlutfall | 84% Sigurhlutfall |
| **Undanúrslit** 20-28 tap fyrir Rússlandi | **Undanúrslit** 29-19 sigur á Danmörku | **Sextán liða úrslit** 34-22 sigur á Hollandi | **Átta liða úrslit** 21-19 sigur á Brasilíu | **Undanúrslit** á laugardag | |
| **Leikur um 3. sæti** 31-26 sigur á Spáni | **Úrslitaleikur** 25-20 sigur á Svíþjóð | **Átta liða úrslit** 30-25 sigur á Króatíu | **Undanúrslit** 31-25 sigur á Suður-Kóreu | **Úrslitaleikur** á sunnudagskvöld | |
| | | **Undanúrslit** 30-22 sigur á Spáni | **Úrslitaleikur** 26-23 sigur á Svartfjallalandi | | |
| | | **Úrslitaleikur** 33-24 sigur á Frakklandi | | | |

# Matti sér vel um strákana sína

Guðmundur Kristjánsson verður í röðum Start í Noregi næstu tvö árin.

**FÓTBOLTI** Breiðablik komst í gær að samkomulagi við norska úrvalsdeildarfélagið Start um kaupverðið á knattspyrnukappanum Guðmundi Kristjánssyni. Guðmundur, sem var á láni hjá Start frá Kópavogsliðinu á nýliðnu tímabili, hafði gengið frá kaupum og kjörum við norska félagið fyrir um mánuði. Félögin áttu þó enn eftir að semja sín á milli.

„Ég er mjög ánægður með að þetta sé frágengið,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið. „Ég var búinn að ganga frá mínum málum og heyrði frá báðum hliðum að þetta væri mjög nálægt því að klárast,“ sagði Guðmundur, sem var ekki farinn að örvænta þótt viðræður Blika við Start hefðu dregist á langinn.

Guðmundur verður á landinu út árið en heldur 2. janúar til æfinga á nýjan leik hjá Start. Hann hefur æft stíft samkvæmt æfingaáætlun frá norska félaginu undanfarið og segir ekki vandamál að æfa einn síns liðs um tíma.

„Það getur reyndar verið erfitt að hlaupa á hlaupabrettinu. Það er djöfull leiðinlegt en maður þraukar með góðri tónlist,“ segir Guðmundur og hlær.

Guðmundur var ekki einmana hjá Start því Matthías Vilhjálmsson var einnig í láni frá FH. Matthías, sem skrifaði einnig undir tveggja ára samning á dögunum, á rætur sínar að rekja til Vestfjarða líkt og Guðmundur sem er uppalinn í Bolungarvík. Guðmundur grínast með að hann hafi verið undir verndarvæng Matthíasar sem er frá Ísafirði og tveimur árum eldri en Guðmundur sem er 23 ára.

„Matti er auðvitað með konu og barn og þau hafa boðið mér reglulega í mat. Séð um litla strákinn frá litla staðnum. Það er mjög gott og þau eiga mikið hrós skilið fyrir það,“ segir Guðmundur og tekur vel í spurningu undirritaðs hvort Matthías sjái upp uppeldi tveggja ungra drengja í Kristiansand.

„Já og ég er hugsanlega meiri krakki af okkur tveimur. Þegar ég er að fíflast með honum þá dettur maður aftur í barnæskuna og gaman að því,“ segir Guðmundur. Bolvíkingnum líkar lífið vel á suðurströnd Noregs.

„Þetta er 85 þúsund manna bær, ekki of stór og ekki of lítill. Hentugur fyrir mig og mér leið mjög vel. Þetta er sumarbær þannig að það er nóg af tónleikum og uppákomum, alltaf eitthvað um að vera. Þetta er flottur staður,“ sagði Guðmundur sem ætlar að æfa með félögum sínum í Breiðabliki fram að brottför í ársbyrjun 2013.

- ktd




**ÞRÍR GÓÐIR** Guðmundur (fyrir miðju) fagnar sigri Start í b-deild norska boltans ásamt Matthíasi og Vilhjálmi Atla, fjögurra ára syni Matthíasar. MYND/AÐSEND

# Beoplay 8

Beoplay 8 er hljómflutningstæki fyrir iPhone,
iPod eða iPad tækið þitt með innbyggðu earplay.
Einnig er hægt að nota Beoplay 8 sem hátalara
fyrir tölvuna þína.
Kristaltær hljómur og tímalaus hönnun.
Veggfesting og fjarstýring fylgir.
Verð 239.000 kr.




BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík Sími 581 1100



Hvort sem þú ert að leita að
hljómflutningstæki, sjónvarpi
eða síma, þá erum við með
lausnina fyrir þig.
Komdu til okkar og láttu
drauminn rætast.

www.bang-olufsen.is



**Stöð 2 kl. 20.50**
**NCIS**
Í kvöld hefur ný þáttaröð af NCIS göngu sína á Stöð 2. Þar er fylgst með Jethro Gibbs og félögum hans í lögreglusveit innan bandaríska hersins. Í fyrsta þættinum reyna glæpasamtök að koma höggi á Gibbs með því að ráðast á þá sem honum standa næst og hann þarf að grípa til örþrifaráða til að vernda sína nánustu.

## Í KVÖLD



**James Bond: GoldenEye**
**SKJÁR 1 KL. 22.00** Töffarinn Pierce Brosnan fer með hlutverk njósnara hennar hátignar í fyrsta skipti í þessari mynd sem er frá árinu 1995. Hann leitast nú við að ná hættulegum kjarnorkuvopnum úr höndum hættulegs manns, sem í ljós kemur að er fyrrum félagi 007. Örlög heimsins liggja því í höndum Bonds sem fyrri daginn.
Rotten Tomatoes 82% IMDb 7,2



**Outnumbered**
**RÚV KL. 20.00** Fyrsti þátturinn í nýrri gamanþáttaröð um bresku hjónin Sue og Pete. Hjónin eiga saman þrjú börn og eiga í mesta basli með að ala þau upp. Við fylgjumst með þeim reyna sitt allra besta, með spaugilegum afleiðingum. Claire Skinner og Hugh Dennis fara með hlutverk hjónanna.
TV.COM 8,9 IMDb 8,2



**A Fish Called Wanda**
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15** Mynd frá árinu 1988 sem skartar meðal annars John Cleese, Jamie Lee Curtis og Kevin Kline í aðalhlutverkum. Fjórir ólíkir einstaklingar taka höndum saman og ræna banka. Þau snúast þó hvert gegn öðru þegar fengurinn er í höfn því öll vilja þau sitja ein að honum.
Rotten Tomatoes 96% IMDb 7,7

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan. Úr minningablöðum *(8:8)* **15.25** Guð reykir Havana vindla: Serge Gainsbourg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Sir Georg Solti - aldarminning **21.30** Smásaga: Svikarar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Sigurður Gísli Sigurðsson landlæknir **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Kiljan** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.36 Jól í Snædal**
**18.00 Turnverðirnir** *(2:10)*
**18.15 Hrúturinn Hreinn**
**18.25 Dýraspítalinn**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Enginn má við mörgum** *(1:7)*
**20.45 Hljómskálinn** *(4:4)* Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason.
**21.15 Sönnunargögn** *(13:16) (Body of Proof II)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Aðalhlutverkið leikur Dana Delany. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(1:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* Bandarísk þáttaröð um rannsóknarsveit innan Alríkislögreglunnar og glímu hennar við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Downton Abbey** *(4:8) (Downton Abbey) (e)*
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**11.40 Time Traveler's Wife**
**13.25 Astro boy**
**15.00 A Fish Called Wanda**
**16.50 Time Traveler's Wife**
**18.40 Astro boy**
**20.15 A Fish Called Wanda**
**22.00 Balls of Fury**
**23.30 Precious**
**01.25 Traitor**
**03.20 Balls of Fury**
**04.50 Precious**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(11:22)*
**08.30 Ellen** *(60:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(43:175)*
**10.20 White Collar** *(11:16)*
**11.05 Harry's Law** *(11:12)*
**11.50 Who Do You Think You Are?** *(3:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(7:22)*
**13.25 Material Girl** *(6:6)*
**14.15 Azur og Asmar** Ævintýraleg teiknimynd um tvo ólíka vini sem alast upp eins og bræður. Dag einn breytist þó líf þeirra og þegar þeim er stíað í sundur.
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(61:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(13:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory** *(11:23)*
**19.55 The Middle** *(2:24)*
**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** Sérstakir hátíðarþættir þar sem sjónvarpskokkurinn Jói Fel hjálpar til við undirbúning jólanna.
**20.50 NCIS** *(1:24)*
**21.40 Person of Interest** *(8:23)* Fyrrum leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.30 Breaking Bad** *(2:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann sem ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.
**23.20 The Mentalist** *(3:22)*
**00.05 Homeland** *(10:12)*
**01.00 Boardwalk Empire** *(5:12)*
**02.00 Stoned**
**03.40 The Invisible**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Swansea - Middlesbrough** Útsending frá leik í 8-liða úrslitum.
**18.00 Evrópudeildarmörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Evrópudeildinni.
**18.50 Þýski handboltinn: Kiel - Melsungen**
**20.15 Enski deildarbikarinn: Swansea - Middlesbrough** Útsending frá leik í 8-liða úrslitum.
**21.55 Spænski boltinn: Betis - Barcelona**
**23.35 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Man. City - Man. Utd.**
**18.20 Arsenal - WBA**
**20.00 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Sunderland - Chelsea**
**23.35 Southampton - Reading**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Strumparnir**
**09.05 Brunabílarnir**
**09.25 Ofurhundurinn Krypto**
**09.50 Ævintýri Tinna**
**10.10 Histeria!**
**10.35 Búbbarnir** *(21:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(16:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(10:22)* Hroturnar í Homer eru alveg að ganga frá Marge og hún ákveður að flytja til Patty og Selmu í smá tíma í von um smá svefn.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(2:25)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(10:24)* Chandler er heldur betur ósáttur við Monicu þegar hún eyðir stórfé í svört stígvél.
**19.25 The Simpsons** *(21:23)*
**19.50 How I Met Your Mother** *(11:20)*
**20.15 Game Tíví**
**20.40 Suburgatory** *(18:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.05 Pretty Little Liars** *(18:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.50 Gossip Girl** *(9:10)*
**22.30 Game Tíví**
**23.00 Suburgatory** *(18:22)*
**23.25 Pretty Little Liars** *(18:25)*
**00.10 Gossip Girl** *(9:10)*
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.05 Doctors** *(90:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(13:24)*
**19.00 Ellen** *(61:170)*
**19.45 Strákarnir**
**20.20 Stelpurnar** *(8:20)*
**20.45 Ríkið** *(8:10)*
**21.10 Fóstbræður**
**21.45 Það var lagið**
**22.40 Friends** *(19:24)*
**23.05 Strákarnir**
**23.35 Stelpurnar** *(8:20)*
**00.00 Ríkið** *(8:10)*
**00.25 Fóstbræður**
**00.55 Það var lagið**
**01.50 Friends** *(19:24)*
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**14.15 The Voice** *(13:15) (e)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Necessary Roughness** *(3:16) (e)*
**19.05 The Office** *(6:27) (e)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(16:26) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(19:24) (e)*
**20.20 Happy Endings** *(7:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp. Gömul kærasta er flutt til borgarinnar og deilur eru uppi um hvort hún megi fara á stefnumót með öðrum úr vinahópnum.
**20.45 30 Rock** *(17:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Jenna reynir að stela meðlim úr áströlsku strákabandi í stíl við Yoko Ono og The Beatles.
**21.10 House** *(13:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. Læknateymið með House í broddi fylkingar reynir að komast að því hvað er angra hjónabandsráðgjafa sem ekki getur sinnt starfi sínu.
**22.00 James Bond: GoldenEye**
**00.10 Excused** Nýstárlegur stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**00.35 Parks & Recreation** *(7:22) (e)*
**01.00 CSI: Miami** *(12:19) (e)*
**01.50 Combat Hospital** *(1:13) (e)*
**02.40 Happy Endings** *(7:22) (e)*
**03.05 Everybody Loves Raymond** *(16:26) (e)*
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.25** Solheim Cup **2011** *(1:3)* **13.25** Golfing World **14.15** The Memorial Tournament **2012** *(4:4)* **17.05** Opna breska meistaramótið **2010** *(4:4)* **01.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





MEISTARINN EFTIR HJORTH OG ROSENFELDT

EFTIR HÖFUND BRÚARINNAR



Hörkuspennandi saga, þar sem réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman – sem lesendur elska að hata – fær tækifæri til að koma lífi sínu á réttan kjöl. En greiðir það dýru verði. Ekta sænskur eðalkrimmi!

ÞÝÐANDI: HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

DEVOLD



# SETTU **DEVOLD** Á **JÓLAGJA**FALISTANN

TAKTU ÞÁTT Í **LEIKNUM** Á FACEBOOK!

**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| LAUGARD. 15. DES. | 10.00–18.00 |
| SUNNUD. 16. DES. | 12.00–18.00 |
| MÁNUD. 17. DES. | 10.00–22.00 |
| ÞRIÐJUD. 18. DES. | 10.00–22.00 |
| MIÐVIKUD. 19. DES. | 10.00–22.00 |
| FIMMTUD. 20. DES. | 10.00–22.00 |
| FÖSTUD. 21. DES. | 10.00–22.00 |
| LAUGARD. 22. DES. | 10.00–22.00 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 12.00–23.00 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10.00–12.00 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |

**Ellingsen** býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Börn og annað útivistarfólk elskar Devold og við spáum hlýjum vetri, sama hvernig veðrið verður.

**15% AFSLÁTTUR** þegar þú kaupir Devold sett.



**DEVOLD ACTIVE**
Svartur, kk, stærðir: S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartar, kk, stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE POLO**
Fjólublár, kvk, stærð: S–XL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Bleikar, kvk, stærðir: XS–XL
**10.990 KR.**



**DEVOLD EXPEDITION M. HETTU**
Kvk, svartur, stærð: S–XL
Kk, svartur, stærðir: S–XL
**14.990 KR.**



EINNIG TIL Í SVÖRTU

**DEVOLD EXPEDITION POLO**
Kvk, rauður, stærðir: S–XL
Kk, rauður, stærðir: S–XXL
**12.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk, svartur, stærð: S
Kk, svartur, stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BOLUR**
Bláir og bleikir, stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BARNABUXUR**
Bláar og bleikar, stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD BREEZE BABY**
Bleikar, stærð: 74–98
Bláar, stærð: 74–98
**5.490 KR.**



**DEVOLD BREEZE BABY**
Bleikur, stærð: 74
Blár, stærð: 62
**6.490 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 122939

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## DRYKKURINN



**„Undir venjulegum kringumstæðum er uppáhaldssvaladrykkurinn minn hvers kyns engiferöl, en þessa stundina er það að sjálfsögðu malt og appelsín.“**

Einar Lövdahl tónlistarmaður.

# Hélt hann gæti aldrei rappað aftur

Ívar Schram gerir upp afdrifaríkt atvik á nýju plötu sinni Barcelona.

„Ég man að eitt af því fyrsta sem ég hugsaði þegar ég fattaði hvað hafði gerst var hvort ég gæti einhvern tímann rappað aftur,“ segir rapparinn Ívar Schram sem gefur út fyrstu sólóplötu sína, Barcelona, á morgun.

Á plötunni rifjar Ívar, sem rappar undir listamannsnafninu Immo, upp afdrifaríkt atvik sumarið 2011 í Barcelona. Þá réðst ókunnugur maður á hann og beit af honum neðri vörina. Tveimur aðgerðum og einu og hálfu ári síðar er enn þá langt í land að vörin verði sú sama en framfarirnar hafa þó verið miklar. „Ég man ekkert eftir sjálfu atvikinu, það er eins og líkaminn verndi mann fyrir svona lífsreynslu. Ég man allt fyrir og eftir, en sem betur fer fann ég engan sársauka. Ég fór beint í bráðabirgðaaðgerð í Barcelona áður en ég flaug heim og var bannað að líta í spegil á leiðinni.“

Plötuna Barcelona samdi Ívar mestmegnis í bataferlinu en hann segist skyndilega hafa fyllst innblæstri. Vinnuferlið hefur staðið yfir síðastliðið ár og ýmsir listamenn leggja honum lið á plötunni. Bræðurnir úr Retro Stefson, Unnsteinn og Logi, taka hvor sitt lagið með Ívari sem og tónlistarmaðurinn Friðrik Dór og söngkonan Valborg Ólafsdóttir. „Platan er ekkert þunglynd heldur létt og skemmtileg. Ég hef tæklað þetta áfall með húmorinn að vopni og það endurspeglast vonandi í plötunni.“

Barcelona kemur í verslanir á morgun en útgáfutónleikar verða þann 20. desember á Faktorý. - áp



**MISSTI NEÐRI VÖRINA** Rapparinn Ívar Schram gefur út fyrstu sólóplötu sína á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR








**VELUR ÚR TILBOÐUM** Baltasar Kormákur getur valið úr tilboðum um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fékk risatilboð frá Sherlock Holmes-fólki

Baltasar Kormákur velur úr tilboðum eftir gott gengi Contraband og Djúpsins.

Baltasar Kormákur getur valið úr tilboðum eftir frábært gengi Hollywood-myndarinnar Contraband með Mark Wahlberg í aðalhlutverki og vel heppnaðar sýningar á Djúpinu erlendis.

„Ég er búinn að fá nokkur tilboð eftir sýningar á henni [Djúpinu]. Risatilboð frá Warner Brothers og fleirum, þannig að hún mælist rosalega vel fyrir. Ég er búinn að gera Contraband og menn þekkja mig dálítið. Svo sjá þeir þessa mynd og sjá einhvern annan vinkil,“ segir leikstjórinn. „Þetta er eitthvað sem ég er að skoða, m.a. tilboð frá framleiðandanum að Sherlock Holmes-seríunni um að gera stóra mynd, hugsanlega byrjunina á myndaflokki í svipuðum stíl og Sherlock Holmes-dæmið.“

Djúpið er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna á næsta ári. Baltasar kveðst renna blint í sjóinn varðandi möguleika myndarinnar á að fá tilnefningu. „Ég hef ekki séð hinar myndirnar. Þetta er eins og að hlaupa í kapp við einhvern sem maður veit ekki hvað hleypur hratt. En ég held í vonina. Það verður gaman ef það tekst.“

Leikstjórinn er staddur í Los Angeles að ljúka við svokallað „director's cut“ á spennumyndinni Two Guns með Denzel Washington og Wahlberg í aðalhlutverkum. Um tíu vikna ferli er að ræða þar sem Baltasar púslar myndinni saman og lýkur því núna rétt fyrir jólin. Næsta skref verður að fá viðbrögð fólks við útkomunni. Two Guns er dýrasta myndin sem hann hefur gert í kvikmyndaborginni og kostar um sjö milljarða króna eftir skattaafslátt. Frumsýning er fyrirhuguð 16. ágúst á næsta ári.

Áframhaldandi vinna við Two Guns heldur áfram eftir áramót en að henni lokinni, eða í apríl, ferðast Baltasar til Ungverjalands og Berlínar þar sem hann leikstýrir prufuþætti fyrir nýja sjónvarpsþáttaröð, The Missionary, á vegum sjónvarpsrisans HBO. Benjamin Walker, virtur sviðsleikari í New York, leikur aðalhlutverkið. „Þetta verður spennandi. Það er mjög eftirsótt að komast í þennan þátt og mikið af leikurum að reyna það,“ segir hann.

Að þessu verkefni loknu mun Baltasar líklega leikstýra myndinni Everest sem er sannsöguleg og fjallar um óveður sem klifurmenn lentu í í hlíðum Everest, hæsta fjalli jarðar, árið 1996. Stefnan er að taka hana upp að mestum hluta á Íslandi. Einhverjar tökur verða líka á Everest í Nepal. Baltasar til halds og trausts verður bandaríski fjallagarpurinn David Breashears sem hefur oft farið á topp Everest og unnið sem ráðgjafi við myndirnar Cliffhanger og Seven Years in Tibet. „Hann þekkir þetta eins og lófann á sér.“

Framleiðendur verða Working Title og Universal og stefnir allt í að myndin verði sú dýrasta sem Baltasar hefur tekið sér fyrir hendur. Með skattaafslætti er reiknað með um 7,6 milljarða króna kostnaði.

Núna styttist óðfluga í jólin og aðspurður segist Baltasar ætla að reyna að vera með fjölskyldunni heima á Íslandi yfir hátíðirnar. „Ég er ekkert búinn að vera heima síðan í febrúar, nema nokkrar vikur í kringum frumsýninguna á Djúpinu,“ segir leikstjórinn upptekni.

freyr@frettabladid.is

## Vinnur áfram með Mark Wahlberg



Spurður hvort hann ætli að vinna áfram með Mark Wahlberg, játar Baltasar því. „Það eru nokkrir hlutir sem við erum að tala um sem eru verulega spennandi.“ Að halda áfram samstarfinu veit á gott fyrir Baltasar því allt sem Wahlberg snertir virðist verða að gulli. Þar má nefna Contraband sem var um tíma tekjuhæsta mynd Bandaríkjanna, gamanmyndina Ted sem er orðin tekjuhæsta bannaða grínmynd allra tíma vestanhafs á undan Hangover, og sjónvarpsþáttaraðirnar vinsælu Boardwalk Empire og Entourage sem hann framleiðir. Stutt er síðan Wahlberg hélt kvikmyndasýningu fyrir vini og vandamenn á Djúpinu í Hollywood. „Hann var rosalega hrifinn af myndinni, annars hefði hann ekki gert þetta. Þetta er flottur strákur sem stendur með sínum mönnum.“


Verslun
Ármúla 26
522 3000
hataekni.is
Opið í des.:
virka daga
9.30–18
helgar
12–17
GLÆSILEGT
SJÓNVARP
Á FRÁBÆRU JÓLATILBOÐI
2000Hz Sub-field
Drive myndvinnsla og
0,001 ms svartími
VIERA
3D
DivX HD
full HD 1080P
HDMI
Panasonic
Panasonic
42" Panasonic 3D
Plasma full HD
159.995
Flott 3D plasmatæki frá Panasonic
með 2000Hz Sub-field Drive mynd-
vinnsla. Einungis 0,001 ms svartími.
Innbyggður margmiðlunarspilari
ásamt V-Audio Surround hljóm-
gæðum. Flott tæki á frábæru verði.
20% jóla-
afsláttur
Verð:
199.995
Sjáðu öll
frábæru
jólatilboðin
á heimasíðunni
okkar!
hataekni.is
Hátækni
PIPAR\TBWA • SÍA • 123718

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ásgeir nálgast Bubba

Plata **Ásgeirs Trausta,** Dýrð í dauðaþögn, hefur selst í um 14 þúsund eintökum í heildina, samkvæmt útgefandanum Senu. Allt stefnir í að Dýrð í dauðaþögn rjúfi 20 þúsund eintaka múrinn fyrir jólin sem yrði sannarlega frábær árangur, sérstaklega þegar um fyrstu plötu tónlistarmannsins er að ræða. Hvort hún taki fram úr Dögun með Bubba Morthens á eftir að koma í ljós en sú plata seldist í um 20 þúsund eintökum fyrir jólin 1987. Hún hefur núna selst í um 26 þúsund eintökum. Aftur á móti er ólíklegt að Ásgeir Trausti nái í skottið á Mugison því Haglél hans seldist í um þrjátíu þúsundum fyrir jólin í fyrra, sem er met.



### Bræðurnir með jólatónleika á ný

Bræðurnir og tónlistarmennirnir **Friðrik Dór** og **Jón Ragnar Jónssynir** ætla að halda jólatónleika í heimabænum Hafnarfirði fimmtudaginn 20. desember, annað árið í röð. Jólatónleikar þeirra í fyrra voru fyrstu alvöru tónleikarnir þar sem þeir bræður spiluðu saman samkvæmt því sem þeir sögðu í Fréttablaðinu þá. Mikil eftirspurn var greinilega eftir því að sjá þá saman á sviðinu, þar sem að fljótt seldist upp á tvenna tónleika. Í ár er engin breyting á vinsældunum, en nú þegar er uppselt á fyrri tónleika þeirra í Bæjarbíói, og sagt er að lítið sé eftir af miðum á þá seinni. - fb, þeb



### Mest lesið vísir

1 Eyðni kom krabbameinssjúkri stúlku til bjargar
2 Segir skýringu Bjarna bónda vera tómt rugl
3 Tóku Of Monsters and Men í vinsælum söngvaþætti
4 Brenndist illa sem barn – er nú fyrirsæta fyrir Next




